**SONJA BENT**

*Féll algerlega fyrir fallhlífarkjólnum*

tíska heilsa heimili

**allt** í MIÐJU BLAÐSINS



**HAFNARFJÖRÐUR**

*Hátíð í bæ*

Sérblað um Hafnarfjörð

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

22. nóvember 2007 — 318. tölublað — 7. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000


## FIMMTUDAGUR

### Vitavörður á Stórhöfða



Óskar J. Sigurðsson byrjaði veðurathugun fimmtán ára.

TÍMAMÓT 42

### Leiðarvísir piparsveinsins



Í matreiðslubók Söru Karlsdóttur verður að finna allt það sem piparsveinar þurfa á að halda, svo sem uppskriftir að þynnkumat.

FÓLK 60

### Hljóðblandar Lay Low



Hinn fjórtán ára gamli Þorsteinn Sindri Baldvinsson hljóðblandaði nýlega vinsælt lag eftir Lay Low og birti á myspace-síðu sinni.

FÓLK 62

### Eiður ekki í Dubai



Danska sjónvarpsstöðin TV2 fór með rangt mál er hún hélt því fram að ástæðan fyrir fjarveru Eiðs Smára í leiknum í gær væri sú að hann væri í fríi í Dubai.

ÍÞRÓTTIR 64

## VEÐRIÐ Í DAG




**ÞYKKNAR** Í dag verður norðuðvestan 3-10 m/s en sums staðar hvassara, en það þykknar upp vestan til í dag. Frost 0-8 stig en hlýnar smám saman vestanlands

VEÐUR 4




# Borga fasteignir í Flórída með reiðufé

**Íslendingar fjárfesta í vaxandi mæli í fasteignum erlendis. Gengi dollarans ýtir undir áhuga á íbúðakaupum í Bandaríkjunum, sem og dýfa á hlutabréfamarkaði. Proxima ætlar að reisa allt að fimm hundruð íbúðir í Búlgaríu á þrem árum.**

**VIÐSKIPTI** Það er ekki bara hér á landi sem Íslendingar hafa áhuga á að fjárfesta í fasteignum. Umsvifamiklir fjárfestar eru að hasla sér völl erlendis, og einnig hefur áhugi einstaklinga á að kaupa sér íbúðir erlendis, til eigin nota og útleigu, aukist verulega.

„Við finnum fyrir vaxandi áhuga fólks á að taka þátt í fasteignaþróunarverkefnum,“ segir Aðalheiður Karlsdóttir, einn af eigendum Eignaumboðsins. Hún segir að einstaklingar sýni einnig íbúðum erlendis verulegan áhuga og sjái þær sem raunhæfan valkost við það að kaupa sumarhús á Íslandi. Íbúð erlendis hækki meira en sumarhús hér á landi, en einnig séu endursölumöguleikarnir betri ytra.

Eiríkur Hilmarsson, markaðsstjóri hjá Proxima, hefur selt um 70 fasteignir í Búlgaríu á rúmu ári. Hann segir stefnt að því að reisa þar þrjú til fimm hundruð íbúðir á næstu þremur árum.

„Því meira sem dollarinn lækkar, þeim mun fleiri stökkva í bátinn og taka þátt,“ segir Tryggvi Ingólfsson, fasteignasali í Bandaríkjunum, sem segist verða var við mikinn áhuga Íslendinga á að fjárfesta í Flórída. Sérstaklega sé mikill áhugi á Orlando, þar sem stutt sé í strendur. Hann segir að flestir greiði í reiðufé núna, því búist sé við að dollarinn muni hækka eftir næstu forsetakosningar.

Askar Capital er eitt stórtækasta íslenska félagið í erlendum fasteignaviðskiptum. Það er nú með um 144 milljarða í slíkum verkefnum. „Þetta er allt frá því að vera lúxusíbúðir í London, höfuðstöðvar banka í Þýskalandi, yfir það að vera heilu borgarhlutarnir í Indlandi og skýjakljúfur í Makaó,“ segir Tryggvi Þór Herbertsson, forstjóri Askars Capital. - ghs/- ss sjá síðu 18



**HEIMSÓKN Í KARMELKLAUSTUR** Jólaundirbúningur er víða hafinn og þar er karmelklaustrið í Hafnarfirði engin undantekning. Þar gera systir Klara, Agnes, Melkorka og aðrar nunnur sig nú klárar fyrir þátttöku í Jólaþorpinu í Hafnarfirði. Systurnar kvarta þó ekki undan jólastressinu sem plagar marga enda segja þær starf sitt einkennast af ró og stillingu. Allt sé unnið í kristilegum anda. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Meindýravarnir Reykjavíkur segja rottur leita upp úr holræsum í vætutíðinni:

# Rigningin rekur rotturnar upp

**HEILBRIGÐISMÁL** „Þær geta komið upp úti í garði eða hvar sem er,“ segir Guðmundur Björnsson, rekstrarstjóri Meindýravarna Reykjavíkur sem nú fást við aukinn rottugang í borginni.

„Það er búið að vera afskaplega gott ástand undanfarin ár en í þessum rigningum sem hafa verið í haust hefur það versnað. Rotturnar búa náttúrlega í holræsakerfinu og þangað leitar allt vatnið þegar mikið rignir. Það þrengir að rottunum og hafi þær einhverjar uppgönguleiðir þá leita þær þeirra og þá ber stundum meira á þeim,“ útskýrir Guðmundur sem segir rotturnar helst komast út þar sem lagnir séu bilaðar eða niðurföll opin.



**ROTTA** Reykvískar rottur haldast illa við í holræsum yfirfullum af vatni.

Að sögn Guðmundar ber mest á rottunum frá því vestast í borginni og austur að Elliðaám en mun síður í nýrri hverfum. Aðstæður á hverjum stað ráði því hvað gert er til að uppræta rotturnar. „Við erum með virkt eftirlit og forvarnastarf, sér í lagi yfir sumartímann þegar við höfum fleiri starfsmenn,“ segir Guðmundur og tekur fram að þrátt fyrir allt séu útköll vegna rottugangs ekki svo mörg. „Að minnsta kosti ekki miðað við víða í nágrannalöndum þar sem menn eru bara í vondum málum.“ - gar



**SKÚTAN ELY** Skútan kom til landsins fyrir rúmum mánuði, en henni var siglt til Hornafjarðar frá Þýskalandi. MYND/EYSTRAHORN

Stolin skúta á Hornafirði:

## Á landinu í rúman mánuð

**LÖGREGLUMÁL** Stolin skúta frá Þýskalandi hefur legið við bryggju í Hornafjarðarhöfn í rúman mánuð. Skútan fannst eftir að alþjóðadeild Ríkislögreglustjóra óskaði eftir að litast yrði um eftir henni í höfnum landsins að beiðni Interpol.

Skútunni var siglt hingað til lands og hún boðin til kaups, en það voru vanir sjófarendur frá Hollandi sem sigldu henni hingað.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu er ekki talið að skútan hafi verið notuð til að smygla fíkniefnum. Alþjóðadeild Ríkislögreglustjóra rannsakar málið í samvinnu við Interpol. - æþe

Vélarvana bátur í vanda:

## Rak stjórnlaust að Geldinganesi

**BJÖRGUN** Neyðarlínunni barst neyðarkall frá vélarvana skemmtibáti á fjórða tímanum í gær, sem rak stjórnlaust skammt norðan við Geldinganes. Um borð voru þrír menn. Veður var nokkuð gott en vindur stóð að landi.

Skólaskipið Dröfn kom skemmtibátnum til aðstoðar skömmu síðar og dró til hafnar, en þá var báturinn á reki um tvö hundruð metra frá ströndinni.

Þá hafði Landhelgisgæslan sent tvö björgunarskip til aðstoðar og lögregla og björgunarsveitarmenn kannað aðstæður í fjöru á Geldinganesi og voru í viðbragðsstöðu. - æþe




## SPURNING DAGSINS



*Stefán, hafa leiðsögumenn geysilegar áhyggjur af þessu?*

„Já, það hefur kraumað í okkur lengi og við erum um það bil að fara að gjósa."

Leiðsögumönnum blöskrar bágt ástand á Geysis-svæðinu. Stefán Helgi Valsson er kynningarfulltrúi Félags leiðsögumanna.

Kaupmaðurinn í Sunnubúð reynir að koma vitinu fyrir sextán ára ræningja sinn:

# Hittir einn ræningjanna í dag

**LÖGREGLUMÁL** Þórður Björnsson, kaupmaður í Sunnubúð, hyggst í dag hitta að máli einn piltanna þriggja sem rændu verslun hans á sunnudagsmorgun. Piltarnir þrír, sem eru fimmtán og sextán ára, ruddust inn í búðina vopnaðir öxi og kylfu, réðust að Þórði og höfðu á brott með sér tóbak og tugi þúsunda í reiðufé.

„Ég vil bara hitta hann, taka í höndina á honum og reyna að fá hann til að snúa við blaðinu," segir Þórður. Pilturinn er væntanlegur í dag ásamt móður sinni. „Ég hef ekki talað við hann og veit ekki einu sinni hvað hann heitir," segir Þórður. „En mér skilst að hann sofi varla á nóttunni og sé gjörsamlega miður sín, hann sjái svo eftir þessu öllu saman."



**VIÐ VINNU** Þórður segist hafa haldið að ræningjarnir væru eldri, einkum vegna þess hve fagmannlega þeir báru sig að. FRÉTTABLAÐIÐ / VILHELM

Fjórir piltar voru handteknir nokkrum klukkustundum eftir ránið. Einn þeirra hafði beðið úti í bíl eftir ræningjunum þremur. Þórður segir að ungur aldur piltanna hafi komið sér á óvart. „Eins og ég sagði við lögregluna hélt ég að þeir væru svona átján til 23 ára. Ég var hissa á að þeir væru svona rosalega ungir, sérstaklega af því að þeir voru svo kaldir. Þeir virtust ekkert æstir."

Þórður segir vænlegra að reyna að fá piltana til að koma reglu á líf sitt með þessum hætti en hegningum. „Það er betra fyrir þá og betra fyrir þjóðfélagið." - sh

Hlutafjárútboð Kaupþings:

# Engin tilkynning verið send

**VIÐSKIPTI Jónas Sigurgeirsson, framkvæmdastjóri samskiptasviðs Kaupþings, játar hvorki né neitar að gerður hafi verið samningur við erlenda banka um að sölutryggja hlutafjárútboð Kaupþings. „Við tilkynnum ávallt Kauphöllinni fyrst þegar mikilvægir samningar eru undirritaðir. Það hefur engin tilkynning um þetta efni verið send."**

**Spurður hvort unnið sé að því að sölutryggja hlutafjárútboð Kaupþings segist Jónas ekki vilja tjá sig um orðróm á markaði.**

**Forstjóri Kaupþings hefur boðað útgáfu nýs hlutafjár til kaupa á hollenskum banka.** - bg





## Rúmlega 56.000 fleiri lesa Fréttablaðið en 24 stundir

Allt sem þú þarft...




...alla daga



Miðað við meðallestur á tölublað, þriðjudag til laugardags, 12–80 ára fyrir allt landið.




**ORKUSAMSTARF UNDIRBÚIÐ** Guðmundur Þóroddsson, forstjóri REI (til vinstri), Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra, Purnomo Yusgiantoro, orkumálaráðherra Indónesíu, og Bambang Kustono, forstjóri Petramina Gethermal Energy, skrifuðu undir viljayfirlýsingar um samstarf í orkumálum í Indónesíu í október. MYND/HAFLIÐI HELGASON

# REI og Geysir Green geta komið inn síðar

**Reykjavík Energy Invest og Geysir Grereen Energy hættu við að gera tilboð í orkuveitu Filippseyja, því verðhugmynd þeirra var tugum milljarða lægri en samstarfsaðila þeirra á Filippseyjum. Aðkoma REI og GGE ekki útilokuð síðar.**

**ORKUMÁL** Reykjavík Energy Invest og Geysir Green Energy tóku ekki þátt í tilboði í orkuveitu Filippseyja eins og ráðgert var. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var mat forráðamanna REI og GGE að fjárfestingin væri ekki arðbær á því verði sem samstarfsaðili fyrirtækjanna vildi bjóða. Stærsta orkufyrirtæki Filippseyja í einkaeigu og samstarfsaðili REI og GGE í undirbúningi tilboðsins, First Gen. Corp., bauð rúmlega 84 milljarða króna í hlutinn.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var verðhugmynd REI og GGE á 60 prósenta hlut í orkuveitunni tugum milljarða lægra en samstarfsfyrirtækisins First Gen Corp. Var verðmat REI og GGE ekki fjarri tilboði fyrirtækisins Panasia Energy sem var 56 milljarðar, og var þriðja hæsta tilboðið. Verðhugmyndir REI og GGE, voru áþekkar þó að fyrirtækin gerðu sjálfstætt mat á fyrirtækinu.

Í samningum á milli Íslendinganna og First Gen Corp. er kveðið á um að sá aðili sem ætti hæsta verðmatið gæti tekið yfir tilboðið. Það gerði First Gen Corp. og setti fram tilboð í nafni eignarhaldsfélagsins Red Vulcan Holdings Corp.

Í samkomulagi REI og GGE við First Gen Corp. er einnig ákvæði um að íslensku fyrirtækin geti innan ákveðins tíma komið að fyrirtækinu með einhverjum hætti telji þau það eftirsóknarvert. Ákvörðunin um að draga sig út úr tilboðinu útilokar því ekki fjárfestingar REI og GGE í orkuveitu Filippseyja í framtíðinni. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins þýðir þessi niðurstaða að kostnaður REI og GGE við undirbúning tilboðsins er takmarkaður því þar sem First Gen Corp. gerði tilboð bera þeir kostnaðinn af undirbúningsvinnunni að stærstum hluta.

Orkuveita Filippseyja, PNOC-EDC., er dótturfyrirtæki ríkisolíufyrirtækisins PNOC á sviði jarðvarmavinnslu. Fyrirtækið er annað stærsta jarðvarmafyrirtæki heims á eftir bandaríska fyrirtækinu Chevron. Orkuver PNOC-EDC framleiða 1.150 megavött og er það rúmlega helminguinn af unnslugetu eyjanna með jarðvarma.

Einkavæðingarnefnd Filippseyja metur tilboðin. Nær öruggt er talið að tilboði First Gen. Corp. verði tekið. svavar@frettabladid.is

Þrjár nýjar köngulóartegundir hafa numið land á Íslandi síðustu árin:

# Saklaus dýr sem valda skelfingu

**UMHVERFISMÁL** Þrjár tegundir af köngulóm hafa numið land hér á landi á síðustu árum. Erling Ólafsson skordýrafræðingur segist stöðugt fá frekari staðfestingar um að tvær tegundir, sem eru náskyldar húsaköngulónni, og leggjakönguló hafi fest hér rætur. Þessar tegundir haldi sig fyrst og fremst inni, á lagerum og þvílíku húsnæði, en ekki í híbýlum manna enn sem komið er.

„Þær eru enn sem komið er innanhúss því að utanhúss eru aðstæðurnar ekki nógu góðar," segir Erling og telur að alltaf falli eitthvað til innanhúss fyrir þær að éta. „Svona dýr eins og köngulær þola líka að svelta vikum saman. Þó að þær fái ekki að éta allan desember þá er það allt í lagi. Þær þola það alveg," segir hann.

Erling segir að tegundirnar þrjár séu „alvöru köngulær, mun stærri en við eigum að venjast," eins og hann orðar það, en meinlausar. „Húsakönguló var líka algengari hér áður fyrr. Þegar menn voru að færa til skápa sem höfðu staðið upp við vegg þá hljóp oft út könguló. Tegundirnar tvær eru náskyldar henni en tvöfalt stærri, lappalangar og frekar skelfingu valdandi fyrir marga þó að þetta séu saklaus dýr. Þessar tegundir eru búkminni en lappameiri og hraðskreiðari en köngulær sem eru úti," segir hann.

Þriðja tegundin, leggjakönguló, er með lítinn búk en afar langa og granna fætur. Hún er algeng í vöruskemmum og vöruhúsum erlendis. „Það fer lítið fyrir þessum köngulóm því þær eru svo grannar og ég hef grun um að þessi könguló sé ekki bara að guða á dyrnar heldur sé hún komin inn fyrir." - ghs



**LAPPALANGAR INNIKÖNGULÆR** „Lappalangar og frekar skelfingu valdandi," segir Erling Ólafsson skordýrafræðingur um nýju tegundirnar sem halda sig innanhúss.



**ALVÖRU KÖNGULÆR** Tvær nýjar tegundir eru náskyldar húsaköngulóm en leggjaköngulóin er ekki skyld neinum tegundum sem fyrir eru. Hér má sjá úti-könguló á Íslandi.




| Mán. til mið. | Fimmtudagur | Föstudagur | Laugardagur | Sunnudagur |
|---|---|---|---|---|
| 10.00–18.30 | 10.00–21.00 | 10.00–19.00 | 10.00–18.00 | 13.00–17.00 |

www.kringlan.is / upplýsingasími 588 7788 / skrifstofa 568 9200

Kringlan

## GENGIÐ 21.11.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 62,28 | 62,58 |
| Sterlingspund | 127,94 | 128,56 |
| Evra | 92,1 | 92,62 |
| Dönsk króna | 12,355 | 12,427 |
| Norsk króna | 11,473 | 11,541 |
| Sænsk króna | 9,87 | 9,928 |
| Japanskt jen | 0,574 | 0,5774 |
| SDR | 99,2 | 99,8 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

121,7467

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Vladimír Pútín Rússlandsforseti kominn á fullan skrið í kosningabaráttunni:

# Sakar Vesturlönd um afskipti

**RÚSSLAND, AP** Vladimir Pútín Rússlandsforseti líkir gagnrýnendum sínum við blóðhunda sem hafi þegið fé frá útlöndum. Einnig sakar hann Vesturlönd um að skipta sér af rússneskum stjórnmálum.

Á kosningafundi í gær sagði Pútín að andstæðingarnir, innlendir jafnt sem erlendir, reyndu nú hvað þeir gætu til þess að grafa undan og veikja Rússland.

Pútín stundar kosningabaráttuna af kappi og reynir að tryggja flokki sínum, Sameinað Rússland, sem mest fylgi í þingkosningunum, sem haldnar verða 2. desember.

Sjálfur hefur Pútín sagt að góð útkoma flokksins tryggi það að hann geti með góðri samvisku leyft sér að halda áfram afskiptum af rússneskum stjórnvöldum eftir að hann lætur af embætti forseta á næsta ári.

Án þess að nefna andstæðinga sína á nafn, þá fór ekki á milli mála að hann skaut jafnt á frjálslynda flokka sem aðhyllast viðskiptafrelsi og gamla kommúnistaflokkinn.

„Ef þessir herramenn komast aftur til valda þá munu þeir aftur svíkja alþýðuna og fylla vasa sína af peningum,“ sagði hann. „Þeir vilja endurreisa völd óligarkanna, sem byggð verði á spillingu og lygum.“ **- gb**



**PÚTÍN Á KOSNINGAFUNDI** Forsetinn nýtur mikilla vinsælda í Rússlandi þar sem fólk hræðist enn glundroðann sem fylgdi í kjölfar hruns Sovétríkjanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Dæmdur ofbeldismaður:

## Ákærður fyrir líkamsárásir

**DÓMSMÁL** Rúmlega þrítugur karlmaður hefur verið ákærður fyrir Héraðsdómi Reykjaness fyrir tvær líkamsárásir. Maðurinn var dæmdur í 18 mánaða fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur í sumar fyrir hrottalega líkamsárás í félagi við annan mann.

Að þessu sinni er maðurinn ákærður fyrir að hafa ráðist á mann og konu á skemmtistað í Reykjanesbæ. Honum er gefið að sök að hafa skallað manninn svo hann nefbrotnaði og féll niður stiga. Jafnframt að hafa hent konunni í gólf skemmtistaðarins og sparkað ítrekað í hana svo hún hlaut meðal annars skurði á höfði.



**Í SÚÐARVOGI** Íbúar í Súðarvogi geta ekki vænst þess að fá kyrrð og ró. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fyrirvari vegna íbúða:

## Lofa ekki kyrrð í Súðarvogi

**SKIPULAGSMÁL** Íbúar í Súðarvogi 50 munu ekki fá þjónustu borgaryfirvalda og eiga hvorki heimtingu á að njóta kyrrðar eða umhverfis sem veitt er á íbúðasvæðum. Þetta er meðal skilmála byggingarfulltrúans í Reykjavík fyrir heimild til að innrétta íbúðir á 2. og 3. hæð atvinnuhússins í Súðarvogi 50.

Talsvert barst af athugasemdum frá eigendum nálægra bygginga en byggingarfulltrúinn segir samþykki sitt ekki fela í sér nokkra breytingu á skipulagi svæðisins sem atvinnusvæði og þar séu hagsmunir atvinnustarfseminnar í fyrirrúmi. **- gar**

Fór 1.300 kílómetra upp á:

## Hrefnan í Amazon-ánni dauð

**BRASILÍA, AP Hrefna sem villtist og synti 1.300 kílómetra upp Amazon-ána í Suður-Afríku drapst eftir að tilraunir til að bjarga hana og flytja aftur til sjávar mistókust að því er umhverfisráðuneyti Brasilíu tilkynnti í gær.**

**Hrefnan, sem er 5,5 metrar að lengd, festist á sandrifi að minnsta kosti tvisvar eftir að fyrst varð vart við hana í síðustu viku. Hópur líffræðinga og dýralækna rannsakaði hrefnuna á sunnudag en hún slapp síðan frá þeim og fannst dauð á þriðjudag. Talið er að hún hafi verið fimmtán daga í ánni.** **- sdg**

# Sjálfsákvörðunarréttur viðurkenndur

**Í drögum að frumvarpi að nýjum heimastjórnarlögum Grænlands er viðurkennt, að Grænlendingar séu þjóð sem þar með geti í krafti sjálfsákvörðunarréttar lýst yfir sjálfstæði. Þetta staðfestir Jonathan Motzfeldt sem stýrir frumvarpsgerðinni.**

**GRÆNLAND** Dansk-grænlenska heimastjórnarnefndin, sem skipuð er þingmönnum bæði af grænlenska landsþinginu og af danska þjóðþinginu, hefur í þrjú ár unnið að gerð nýrra heimastjórnarlaga fyrir Grænland. Formaður nefndarinnar er Jonathan Motzfeldt, sem jafnframt er forseti grænlenska landsþingsins. Í samtali við Fréttablaðið staðfestir hann, að í frumvarpsdrögunum sé því slegið föstu, að Grænlendingar séu þjóð í skilningi þjóðaréttar, sem þýðir að þeir geti í krafti sjálfsákvörðunarréttarins lýst að eigin frumkvæði yfir sjálfstæði frá Danmörku.



**JONATHAN MOTZFELDT**

Í því fælist að sjálfsögðu að Grænlendingar yrðu að treysta sér til að standa alfarið á eigin fótum, en enn sem komið er þiggja þeir árlega stóran fjárstyrk frá Dönum til rekstrar grænlenska landssjóðsins.

„Við Grænlendingar höfum haft því láni að fagna að standa saman þvert á alla flokka um afstöðuna í þessum samningum við Dani,“ segir Motzfeldt. Færeyingar, sem eins og sakir standa eru lengra komnir í sjálfstjórnarátt en Grænlendingar, hafa aftur á móti verið mjög klofnir í afstöðunni til þess hversu langt skuli ganga í þessu efni. Á færeyska Lögþinginu eru nú flokkar í meirihluta sem vilja fara sér hægt í að draga frekar en orðið er úr tengslunum við Danmörku.

Lykilatriði í samningum Grænlendinga og Dana er hvernig tekjum af auðlindum á borð við olíu sem finnast kunna í grænlenskri lögsögu skuli ráðstafað. Í nýja heimastjórnarlagafrumvarpinu kvað verða kveðið á um óskorað tilkall Grænlendinga til þessara auðlinda. Hvernig útfærslan á því verður kemur þó ekki í ljós fyrr en endanlega hefur verið gengið frá frumvarpinu. Til stóð að það yrði gert nú í byrjun desember, en þingkosningarnar í Danmörku settu strik í reikninginn. Motzfeldt segist nú vera að bíða þess að fá staðfestingu á því frá nýrri ríkisstjórn Anders Fogh Rasmussen, hvort dönsku fulltrúarnir í nefndinni verði þeir sömu eða hvort nýir menn komi í þeirra stað. „Ég var að vona að okkur auðnaðist að ganga frá þessu fyrir jól, en úr þessu verður það sjálfsagt ekki fyrr en í janúar,“ segir nefndarformaðurinn. **audunn@frettabladid.is**



**FRÁ NUUK** Verði Grænland sjálfstætt tekur grænlenska höfuðborgin titilinn „nyrsta höfuðborg heims“ af Reykjavík. Nuuk er tveimur mínútum norðar.

Minnihlutinn á Álftanesi:

## Ósáttur við skoðanakönnun

**SVEITARSTJÓRNIR „Ég harma þessi ótrúlegu vinnubrögð bæjarstjóra,“ segir í bókun Guðmundar G. Gunnarssonar, oddvita minnihluta sjálfstæðismanna í bæjarráði Álftaness, um skoðanakönnun bæjaryfirvalda vegna nýs skipulags miðsvæðis. Guðmundur segir að daginn sem könnunin hófst hafi bæklingi verið dreift í hús með áherslum meirihluta Álftaneslistans en án sjónarmiða sjálfstæðismanna.**



**GUÐMUNDUR G. GUNNARSSON**

**Fulltrúar meirihlutans sögðu vel staðið að gerð tillögu um skipulag miðsvæðisins. „Með þessari skoðanakönnun mun bæjarstjórn fá mynd af viðhorfum íbúanna til tillögunnar áður en hún fær afgreiðslu í bæjarstjórn,“ bókaði Á-listinn.** **- gar**

Guðmundur Bjarnason:

## Þjóðskrá hefur enn ekki svarað

**FÉLAGSMÁL** Guðmundur Bjarnason hefur ekki enn fengið svar frá Þjóðskrá vegna endurskoðunar á þeirri ákvörðun að færa lögheimili hans til Kína.

Fréttablaðið sagði frá því í síðustu viku að Guðmundur fær ekki greiddar bætur og er ekki sjúkratryggður hér á landi. Hann hefur því verið tekjulaus frá því í febrúar, en fjórir mánuðir eru frá því Þjóðskrá var upphaflega beðin um að endurskoða ákvörðun sína.

Í samtali við Vísi.is í síðustu viku sagði Skúli Guðmundsson, skrifstofustjóri Þjóðskrár, að Guðmundi yrði svarað fyrir 16. nóvember. Það svar hefur enn ekki borist. **- þeb**




Kristín Gísladóttir sjúkraþjálfari aðstoðar við val á réttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18.

LYSTADÚN Marco

Opið virka daga: 10–18

Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**LÆGÐ NÁLGAST LANDIÐ**

Eftir því sem líður á morguninn þykknar upp á landinu vestanverðu. Í kvöld en þó einkum seint í nótt hvessir töluvert vestanlands af suðri og má búast við allhvössum og sumstaðar hvössum vindi í fyrramálið, þ.e. á landinu vestanverðu. Heldur dregur svo úr vindstyrknum um og eftir hádegi á morgun. Samfara þessum vindi hlýnar en síðan kólnar töluvert á laugardag.

**REYKJAVÍK Í DAG**

Hæg suðvestlæg átt. Bjart veður en þykknar upp í dag. Hlýnandi.

um hádegi »




» á morgun




8-18 m/s hvassast sunnan og vestan til.

» laugardagur




8-18 m7s, hvassast austan til.

um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 8°C skýjað | London | 10°C skúrir | Friedrichshafen | 12°C léttskýjað |
| Billund | 8°C skýjað | París | 12°C skúrir | Lúxemborg | 11°C skúrir |
| Osló | 5°C smáskúrir | Amsterdam | 12°C skýjað | Alicante | 19°C skýjað |
| Stokkhólmur | 6°C skúrir | Frankfurt | 10°C skúrir | Róm | 19°C skýjað |
| Gautaborg | 9°C skýjað | Berlín | 8°C skúrir | Las Palmas | 23°C skúrir |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.




# Jólin í einni ferð

Debenhams býður upp á úrval sem aldrei fyrr af fallegri gjafa- og merkjavöru. Fyrir dömur, herra, börnin og heimilið á verði sem kemur öllum í ekta jólaskap. Nú getur þú klárað jólainnkaupin á einum stað og eytt tímanum í það sem skiptir mestu máli.

DEBENHAMS

-FER ÞÉR VEL!

ÍSLENSKA/SIA.IS/DEB 39727 11/07

## KJÖRKASSINN



*Var rétt að loka torrent.is?*

| | |
|---|---|
| Já | 35,1% |
| Nei | 64,9% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Fannst þér landslið Íslands spila betur undir stjórn nýja landsliðsþjálfarans?*

Segðu skoðun þína á visir.is

vísir

Skýrsla um framþróun og stöðu íslenska fjármálakerfisins kynnt í London í gær:

# Fjármálafyrirtækin standa vel

**VIÐSKIPTI** Í nýrri skýrslu um framþróun og stöðu íslenska fjármálakerfisins kemur fram að fjármálafyrirtæki séu vel í stakk búin til að mæta erfiðleikum sem nú steðjar að á alþjóðlegum mörkuðum. Ástæðan sé meðal annars sú að fjármálafyrirtækin brugðust vel við gagnrýni sem sett var fram á þau snemma árs 2006.

Skýrslan var unnin af Richard Portes, prófessor við London Business School, og Friðriki Má Baldurssyni, prófessor við Háskólann í Reykjavík, í samstarfi við Frosta Ólafsson, hagfræðing Viðskiptaráðs. Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, sem



FINNUR ODDSSON

kostaði skýrsluna, segir að þeir Portes hafi fengið frjálsar hendur. Niðurstaðan sé ekki pöntuð enda mikilvægt að fá raunsanna greiningu á stöðu efnahagslífsins og fjármálafyrirtækja.

Skýrslan var kynnt í London í gær þar sem starfsmenn erlendra fjármálafyrirtækja og greiningaraðilar lánshæfismatsfyrirtækja mættu. Geir H. Haarde forsætisráðherra lýsti stöðu íslensks efnahagslífs. Í skýrslunni kemur fram að þrátt fyrir góða stöðu bankanna beri þeir áhættulag í fjármögnun sinni sem virðist fremur hafa með þjóðerni þeirra að gera en styrkleika og rekstrarhorfur.

„Þrátt fyrir að viðkomandi hagvísar gefi fulla ástæðu til að vera á verði gagnvart samkeppnishæfni hagkerfisins virðist fjármálakerfið vel í stakk búið til að mæta ytri áföllum í íslensku hagkerfi. Þar vegur þungt sú dreifing áhættu sem alþjóðavæðing þess hefur haft í för með sér og enn fremur hafa stærstu markaðsaðilarnir varið sig gagnvart flestum veigamestu áhrifaþáttum íslensks hagkerfis,“ segir í samantekt. **- bg**

Landbúnaðarstefna ESB:

## Umbætur á styrkjakerfi

**BRUSSEL, AP** Framkvæmdastjórn ESB kynnti á þriðjudag fyrirhugaðar umbætur á landbúnaðarstefnu sambandsins þar sem markmiðið er að lagfæra styrkjakerfið og gera landbúnað umhverfisvænni.

Lagt er til að beinir fjárstyrkir til landeigenda verði minnkaðir og sparnaðurinn nýttur til þróunarverkefna í dreifbýli.

Landbúnaðarráðherrar ESB-ríkja, fulltrúar bænda og fleiri munu ræða áætlunina næstu mánuði. Sem hlutfall af heildartekjum bænda í ESB eru landbúnaðarstyrkir að meðaltali um þriðjungur en sama hlutfall á Íslandi er um tvöfalt hærra. **- sdg**

Bæjarráð um almannavarnir:

## Forræðið sé hjá sveitarfélögum

**SVEITARSTJÓRNIR** Bæjarráð Álftaness átelur að ekki skuli hafa verið haft meira samráð við sveitarfélögin í landinu og samtök þeirra um gerð frumvarps til laga um almannavarnir.

„Það er eitt af verkefnum sveitarfélaganna að vernda líf, heilsu fólks, umhverfi og eignir og því eiga almannavarnir að vera í órjúfanlegu ferli á vettvangi þeirra,“ segir samhljóða bæjarráð. „Í samræmi við þetta á forræði almannavarna á friðartímum að vera í héraði og varast ber þá stefnumörkun sem sett er í frumvarpinu að gera hlutverk ríkisvaldsins enn víðtækara en er í gildandi lögum.“ Bæjarráðið lýsir vonbrigðum með áherslur í frumvarpinu. **- gar**



**STEFNDI Í ÓEFNI** Mejlan-sjúkrahúsið í Helsinki.

Sjúkrahúsin í Finnlandi:

## Í eðlilegt horf á þremur dögum

**FINNLAND Umönnunarstarfsmenn í Finnlandi hafa hætt við að ganga út af stærstu sjúkrahúsunum í landinu. Þeir fengu tilboð frá vinnuveitendum sem samþykkt var á mánudag. Að sögn Helsingin Sanomat hljóðar tilboðið meðal annars upp á 22-28 prósenta launahækkun og jólabónus.**

**Stærstu sjúkrahúsin höfðu dregið saman starfsemi sína vegna verkfallsins og tekur það hátt í þrjá daga að koma starfseminni aftur í eðlilegt horf. - ghs**

# Innheimtuþjónustan var ekki boðin út

**Samið var beint við einkafyrirtæki um nýtt fyrirkomulag við innheimtu vangoldinna fasteignagjalda. Ekki fást upplýsingar um hvers vegna ekki var leitað til annarra eftir tilboði í verkefnið. Borgarráð tók ákvörðun um viðskiptin.**

**REYKJAVÍK** Samningur Reykjavíkur og innheimtuþjónustunnar Momentum og Gjaldheimtunnar ehf., um innheimtu vangoldinna fasteignagjalda, var gerður án útboðs á sínum tíma.

Í svari frá fjármálaskrifstofu Reykjavíkur kemur fram að þetta sé „í reynd þróunarverkefni“ og þau séu, almennt séð, ekki útboðsskyld. Ekki fylgir svarinu hvaða rök voru fyrir því að bjóða verkið ekki út, þótt leitað hafi verið eftir þeim sérstaklega.

Um ræðir innheimtu sem áður var á vegum Tollstjóra. Skuldarar greiddu þá einungis dráttarvexti, þegar þeir gerðu upp. Fréttablaðið hefur greint frá dæmi um að kostnaður þeirra hafi aukist um allt að 43 prósent, vegna innheimtukostnaðar og ítrekunargjalda Momentum. Þá eru sjálfir dráttarvextirnir ekki taldir með.

Fjármálaskrifstofan tilgreinir ekki nákvæmlega hvaða fyrirtæki hafi komið til greina, þegar ákveðið var að semja við Momentum, en segir „þau fyrirtæki“ sem bjóði þjónustu milli-innheimtu krafna og lögfræði-innheimtu hafa komið til álita.

Það hafi verið borgarráð sem tók ákvörðun um að skipta við Momentum „á grundvelli verðlagningar.“ Spurð hvort gerð hafi verið verðkönnun hjá öllum viðlíka fyrirtækjum, svarar skrifstofan að gerð hafi verið „óformleg könnun á verði og starfsemi helstu fyrirtækja“.

Þegar skrifstofan var spurð hvort sjónarmið um neytendavernd hefðu verið höfð til hliðsjónar við þessa ákvörðun, svaraði hún að með breyttu fyrirkomulagi væri verið „að færa innheimtukostnað yfir á gjaldendur sem eru í vanskilum, í stað þess að deila þessum kostnaði á alla greiðendur.“ Þannig eigi breytingin að vera „ívilnandi“ fyrir greiðendur fasteignagjalda.

Skrifstofan fullyrðir að kostnaður vegna innheimtunnar hafi lækkað um 37 prósent að raunvirði milli ára, eftir að farið var að skipta við Momentum og Gjaldheimtuna. Ekki er greint frá því hversu há sú upphæð er né hvernig hún er reiknuð út.

klemens@frettabladid.is



**RÁÐHÚSIÐ** Eftir því sem næst verður komist var skuldurum ekki tilkynnt um breytt fyrirkomulag innheimtu, nema í smáa letrinu neðst á fylgiseðli álagningaseðils.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Sautján ára piltur ákærður fyrir hylmingu og fjögur innbrot í Reykjavík:

# Þýfi fyrir rúma milljón króna

**DÓMSMÁL** Rétt liðlega sautján ára piltur er ákærður fyrir hylmingu þýfis og fjögur innbrot í íbúðarhúsnæði í Reykjavík á fjögurra mánaða tímabili á þessu ári.

Brotin framdi piltурinn ýmist einsamall eða í félagi við aðra, en málið gegn honum var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Pilturinn beitti ávallt sömu aðferð við innbrotin og spennti upp opnanlega glugga með kúbeini og skreið inn um þá inn í húsin og lét þar greipar sópa.

Fyrsta innbrotið átti sér stað í janúar, en þá hafði pilturinn á brott með sér fartölvur, stafrænar myndavélar og annað verðmæti að andvirði um sex hundruð þúsund króna.

Í öðru innbrotinu hafði pilturinn ekki jafn mikið upp úr krafsinu, því þar stal hann einungis tyggjópakka og sparibauk sem innhélt um tíu þúsund krónur.

Verðmæti þýfisins úr innbrotunum fjórum er rúmlega ein milljón króna, en það samanstóð aðallega af tæknibúnaði og raftækjum. Þá er pilturinn ákærður fyrir hylmingu, en á heimili hans fannst þýfi í janúar.

Pilturinn játaði sök fyrir dómi í gær og var málið tekið til dóms, en dómur verður upp kveðinn síðar í þessari viku. **- æþe**







# Flott leikföng á góðu verði

GERIÐ VERÐ-SAMANBURÐ




























Gildir til 25. nóvember eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## VEISTU SVARIÐ?



1. *Hvaða grunnskóli vann hæfileikakeppnina Skrekk í ár?*
2. *Hvert er nýjasta vopn Indverja gegn óðum fílum?*
3. *Hver hlaut heiðursverðlaun Emmy-verðlaunahátíðarinnar?*

Starfsmennirnir hjá Alcoa Fjarðaáli orðnir langþreyttir á samlokum og 1944:

# Fengu kjúklinga með flugi

**REYÐARFJÖRÐUR** Sómasamlokur og 1944-réttir hafa verið aðalfæða starfsmanna Alcoa Fjarðaáls í Reyðarfirði undanfarna mánuði þar sem dregist hefur að opna mötuneytið. Starfsmennirnir eru orðnir mjög þreyttir á einhæfu fæði en slá því þó upp í grín.

Guðmundur Bjarnason, starfsmaður í skautsmiðju, tók sig til fyrir nokkru og pantaði kjúklinga og franskar frá Kentucky Fried Chicken fyrir 30-35 manns og lét fljúga með frá Reykjavík. „Ég tók þá ákvörðun að gera þetta sem smá djók,“ segir hann og bætir við að þetta hafi verið mikill léttir. „Við þurftum ekki að borða samlokur og 1944 í tvo daga á eftir.“

Guðmundur staðfestir að starfsmennirnir séu orðnir virkilega þreyttir á fæðinu og það sé „vægt til orða tekið. Ég var í vikufríi í Reykjavík um daginn. Þegar ég gekk fram hjá rekkum með samlokum og réttum frá 1944 í verslunum fékk ég gæsahúð og það er ekki gott,“ segir hann og neitar að gefa upp hvað kjúklingarnir kostuðu.



**MEÐ VEITINGAR FRÁ KFC** Guðmundur Bjarnason, starfsmaður í skautsmiðju í Reyðarfirði, með kjúkling og franskar frá KFC í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/ALCOA FJARÐAÁL

„Ég sagði um daginn að næst myndum við panta frá Jensens Buff House í Kaupmannahöfn, það sé kannski í leiðinni, það er bara ekki beint flug núna,“ segir hann og bætir við að lífið sé of stutt til að hafa leiðinlegt.

Erna Indriðadóttir upplýsingafulltrúi segir að vonir standi til að mötuneytið verði opnað fyrir jól þannig að jólahangikjötið verði soðið á staðnum. **- ghs**

Bílvelta í Ísafjarðardjúpi:

# Tveir voru fluttir á slysadeild

**SLYS Bílvelta varð í Seyðisfirði í Ísafjarðardjúpi, norðan við Eyri, á fimmta tímanum í fyrradag.**

**Ökumaður missti stjórn á bíl og ók utan í grjót við hliðina á veginum með þeim afleiðingum að bíllinn valt og hafnaði utan vegar. Þrír farþegar voru í bílnum auk ökumanns og voru allir í belti. Ökumaður og farþegi voru fluttir á sjúkrahúsið á Ísafirði með minni háttar meiðsli, en þeir kvörtuðu undan eymslum í hálsi og baki. Þeir voru síðan fluttir með sjúkraflugi frá Ísafirði til Reykjavíkur til frekari skoðunar.**

**Bíllinn er mikið skemmdur, ef ekki ónýtur.** **- æþe**






**FRÁ ÖLKELDUHÁLSI** Bæjarstjórinn hefur krafist fundar með meirihlutanum í borginni til að fá skýringar á ummælum Svandísar Svavarsdóttur. MYND/RAFN HAFNFJÖRÐ

# Framkvæmdaleyfi verður skoðað vel

**Bæjarstjóri Ölfuss segir að þótt ákveðið hafi verið að veita framkvæmdaleyfi fyrir Bitruvirkjun verði farið vel yfir aðsendar athugasemdir. Ummæli Svandísar Svavarsdóttur séu alvarleg og hann hafi því krafist fundar með borgarstjórn.**

**ORKA** „Við veitum framkvæmdaleyfi, það er alveg skýrt, en ekki fyrir hverju sem er. Mörgu, sem hefur komið hingað inn á borð, hefur verið hafnað og það verður farið vandlega yfir þetta með óháðum aðilum sem eru í vinnu hjá okkur,“ segir Ólafur Áki Ragnarsson, bæjarstjóri Ölfuss.

Þótt samningur Ölfuss og Orkuveitunnar (OR) um ýmis mál sem tengjast Hellisheiðarvirkjun kveði á um framkvæmdaleyfi verði farið ýtarlega yfir erindi almennings og annarra. Vel megi vera að sveitarstjórn og framkvæmdaaðila hafi yfirsést eitthvað. Ólafur vill þó ekki svara því að hve miklu leyti komi til greina að breyta framkvæmdum.

Breytingar á skipulagi verði unnar í nánu samstarfi við OR. „Það er mjög mikil vinna að baki þessu. Áður en skipulagsbreytingar eru auglýstar förum við ofan í saumana á þessu með þeim [OR]. Málin eru unnin í sátt og samlyndi áður en þau eru sett fram og þá er það ákveðin niðurstaða sem við erum sátt með að kynna og auglýsa,“ segir hann.

Ólafur mótmælir gagnrýni Svandísar Svavarsdóttur borgarfulltrúa en hún hefur sagt að samningurinn, sem bæjarstjórnin hefur metið á hálfan milljarð, sé „verulega á mörkunum“ og orki tvímælis.

„Það er mjög alvarlegur hlutur hjá Svandísi að lýsa svona tortryggni. Þetta eru leiðinlegar glósur og maður ætlast til meira af fólki í þessari stöðu,“ segir hann. Því hafi verið óskað eftir fundi með meirihlutanum í borginni til að fá skýringar á yfirlýsingum hennar.

**klemens@frettabladid.is**




Bæjarstjóri Ölfuss svarar nágrönnum sínum í Hveragerði:

# Virkjun eykur ferðamennsku

**ÖLFUS** Um gagnrýni fulltrúa Hvergerðinga, sem eru mótfallnir Bitruvirkjun, segir Ólafur Áki Ragnarsson bæjarstjóri meðal annars að ferðaþjónusta muni tvíeflast með virkjuninni: „Það er verið að auka ferðamennsku stórkostlega fyrir Hvergerðinga með Bitruvirkjun.“



**ÓLAFUR ÁKI RAGNARSSON**

Orkuveitan áætli að allt að 200.000 manns muni sækja Hellisheiðarvirkjun heim. „Og það er vegna virkjananna að ferðaþjónustan blómstrar á mörgum stöðum. Hún mun gera það í Hveragerði eins og annars staðar.“

Spurður um staðhæfingu bæjarstjórans í Hveragerði um að lyktarmengun verði í bænum sjötíu daga á ári, segir hann hana „orðum aukna“. Mengunin verði óveruleg.

„Menn ættu að kynna sér og fara yfir þetta öfgalaust,“ segir hann.

Jafnt og þétt sígi undan stoðum atvinnulífs Ölfusinga og eitthvað verði að koma á móti skerðingum aflaheimilda. Þótt ekkert atvinnuleysi sé sem stendur, sjáist ýmsar blikur á lofti.

Sextíu manns hafi nýlega verið sagt upp störfum og um 150 manns missi vinnuna fyrir lok ársins 2008. Aukin atvinnusköpun gagnist Hvergerðingum sem öðrum. **- kóþ**




# Frelsi til athafna
## er stærsta lánið

**Stuttar boðleiðir**
Þú færð svar innan þriggja virkra daga frá því að þú skilar gögnum.

**Við gerum þér tilboð í fjármögnun á atvinnuhúsnæði**

– hvort sem er til kaupa eða endurfjármögnunar. Þú velur um íslenska og/eða erlenda mynt allt eftir því hvað hentar þér best.

**Veldu frelsi**

– fáðu ráðgjöf hjá viðskiptastjórum SPRON

*75 ára* | spron

**Nánari upplýsingar fást í næsta útibúi SPRON, í þjónustuveri í síma 550 1400 eða á spron.is**

ARGUS 07-0373





## Paul Nikolov ræddi málefni innflytjenda á Alþingi:

# Vill bæta réttarstöðu

**ALÞINGI** Paul Nikolov, varaþingmaður Vinstri grænna, flutti jómfrúarræðu sína á Alþingi í gær og mælti fyrir bættri réttarstöðu útlendinga.

Hann vill að útlendingar, frá löndum utan EES-svæðisins, sæki um atvinnuleyfi sjálfir en ekki fyrirtækin sem ráða þau.

Einnig verði sett í lög að dvalarleyfi maka verði ekki afturkölluð þótt til skilnaðar komi. Sérstaklega sé þetta mikilvægt ef ofbeldi hefur verið á heimilinu.

Þá vill hann láta afnema reglu um að erlendir makar undir 24 ára aldri fái ekki dvalarleyfi.

**- kóþ**



**PAUL NIKOLOV** Varaþingmaður Vinstri grænna flutti jómfrúarræðu sína í gær á Alþingi. Hann flutti hingað árið 1999.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Verstu tilvik gagnatapa í heiminum

**Um 25 milljónir Breta hafa verið beðnar um að vera á verði gagnvart því að reynt verði að misnota upplýsingar um þá eftir að stjórnvöld viðurkenndu að hafa tapað banka- og tryggingaupplýsingum þeirra. Gagnatapið er það fimmta versta í sögunni og það þriðja versta sem er á ábyrgð stjórnvalda.**




Picture: Getty Images © GRAPHIC NEWS

# Upplýsingar um helming Breta týndar

**Bresk stjórnvöld biðjast afsökunar á að viðkvæmar upplýsingar um 25 milljónir Breta týndust í pósti.**

**LONDON, AP** Mistök opinbers starfsmanns í Bretlandi urðu til þess að viðkvæmar upplýsingar um næstum helming bresku þjóðarinnar kunna að hafa komist í hendur óviðkomandi.

Tveir tölvudiskar með heimilisföngum, bankareikningum og fleiri upplýsingum um 25 milljónir Breta voru settir í almennan póst en bárust aldrei á áfangastað.

„Ég biðst innilegrar afsökunar á þeim óþægindum og áhyggjum sem þetta hefur valdið milljónum fjölskyldna,“ sagði Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, í neðri deild þingsins í gær. „Við höfum skyldu til að að gera allt sem í okkar valdi stendur til að vernda almenning.“

Stjórnvöld segja engin merki um að tölvudiskarnir hafi fallið í hendur glæpamanna en þrjár vikur eru síðan í ljós kom að þeir væru týndir að því er Alistair Darling, fjármálaráðherra Bretlands, hefur greint frá. Darling sagði diskana innihalda upplýsingar um 7,25 milljónir fjölskyldna sem þiggja barnabætur.

Tæknisérfræðingar og talsmenn hópa um borgaraleg réttindi segja þetta tilvik varpa ljósi á þá áhættu sem fólk tekur þegar það treystir stjórnvöldum og stofnunum fyrir persónulegum upplýsingum. Er þetta tilvik sagt sýna grundvallargalla í úrræðum stjórnvalda til að geyma sífellt meiri upplýsingar um borgarana í miðlægum gagnagrunnum.

Leiðtogi íhaldsflokksins, David Cameron, sagði þetta sýna nauðsyn þess að stjórnvöld endurskoði fyrirætlanir sínar um persónuskilríki allra borgara. „Fólk er virkilega áhyggjufullt yfir öryggi bankaupplýsinga og persónulegra uppýsinga um sig. Því á eftir að finnast mjög undarlegt, því á eftir að finnast það skrítið að þú viljir hreinlega ekki stoppa við og hugsa um hætturnar við skráningu persónuupplýsinga.“ Brown svaraði að áfram yrði haldið með áætlunina.

**sdg@frettabladid.is**

> Ég biðst innilegrar afsökunar á þeim óþægindum og áhyggjum sem þetta hefur valdið milljónum fjölskyldna
>
> **GORDON BROWN, FORSÆTISRÁÐHERRA BRETLANDS**


VERKFRÆÐISTOFNUN



ÁRSFUNDUR

Fimmtudaginn 22. nóvember kl. 16–18
í Hátíðarsal, Aðalbyggingu HÍ



Dagskrá:

16:00 Setning
Ebba Þóra Hvannberg, forseti verkfræðideildar HÍ

16:10 Arðsköpun með þekkingu
Lárus Elíasson, forstjóri Enex

16:30 Auðlindagarðar
Albert Albertsson, forstöðumaður þróunar-, umhverfis- og tæknisviðs Hitaveitu Suðurnesja

16:50 Fjárfestingar og útrás
Bjarni Ármannsson, stjórnarformaður REI

17:05 Viðurkenning Verkfræðistofnunar fyrir framúrskarandi rannsóknarframlag
Magnús Þór Jónsson, formaður stjórnar

17:10 Viðurkenningar til framhaldsnema í verkfræði
Ebba Þóra Hvannberg, forseti verkfræðideildar HÍ

17:15 Söngur: Félagar úr sönghópnum Hljómeyki

17:20 Ársskýrsla Verkfræðistofnunar HÍ
Magnús Þór Jónsson, formaður stjórnar

17:40 Léttar veitingar og spjall

Fundarstjóri er Guðrún Sævarsdóttir, dósent í verkfræðideild HÍ

Allir velkomnir
Stjórn VHÍ

HÁSKÓLI ÍSLANDS
www.hi.is

Rauði kross Íslands:

# Þrjár milljónir í neyðaraðstoð

**HAMFARIR** Rauði kross Íslands hefur sent þriggja milljóna króna framlag til neyðaraðstoðar vegna fellibylsins Sidr, sem gekk yfir Bangladess í síðustu viku. Alls var kallað eftir rúmlega 200 milljónum króna til aðstoðar fólki á hamfarasvæðunum.

Staðfest hefur verið að rúmlega þrjú þúsund manns hafi látist vegna hamfaranna. Óttast er að sú tala muni hækka mjög þar sem aðstoð hefur enn ekki borist á afskekkt svæði landsins.

Hægt er að leggja fram framlög vegna hamfaranna í söfnunarsíma Rauða krossins, 907-2020. - þeb

Sjálfstæðismenn í Hafnarfirði segja meirihluta Samfylkingar þröngsýnan:

# Hverfisskóli ekki einkarekinn

**SVEITARSTJÓRNIR** „Það eru vonbrigði að verða vitni að neikvæðni og þröngsýni vinstrimanna í garð einkaframtaksins varðandi fyrirhugaðan Hamranesskóla,“ segir Skarphéðinn Orri Björnsson, fulltrúi sjálfstæðismanna í framkvæmdaráði Hafnarfjarðar.

Meirihluti Samfylkingar í framkvæmdaráðinu felldi tillögu Skarphéðins um að grunn- og tónlistarskóli í Hamranesi yrði boðinn út í einkaframkvæmd. „Kostnaður og óhagkvæmni einkaframkvæmdarsamninga vegna byggingarþáttar skólabygginga í Hafnarfjarðarbæ liggur fyrir með skýrum og ótvíræðum hætti,“ segja fulltrúar Samfylkingar í bókun.



**SKARPHÉÐINN ORRI BJÖRNSSON** Fulltrúi sjálfstæðismanna í framkvæmdaráði Hafnarfjarðar segir vinstrimenn ekki treysta einkaframtakinu fyrir rekstri mannvirkja.

Skarphéðinn segist hafa talið að Samfylkingin væri á réttri leið eftir að hún samdi við einkaaðila um rekstur skólastarfsemi á Bjarkarvöllum. „Öðru máli virðist gegna um rekstur mannvirkja, þar er einkaaðilum greinilega ekki treyst og enginn vilji til að fá úr því skorið hvort að þeir geti boðið hagkvæmar lausnir á rekstri húsnæðis væntanlegs skóla,“ bókaði hann.

Samfylkingarfólk segist hafa skýra stefnu um að eignarhald og rekstur hverfisskóla sé í höndum sveitarfélagsins. „Tillögur að samningum við Hjallastefnuna vegna skólastarfs við Bjarkarvelli snúa að rekstrarþætti en ekki fasteignum enda er þar ekki um hverfisskóla að ræða,“ segir í bókun Samfylkingarinnar. - gar





Auglýsingasími 512 50 50
Mest lesið




**KRISTINN JÓNASSON** Bæjarstjóri í Snæfellsbæ.

Aðgerðir gegn niðurskurði:

# Hafrannsóknir til Snæfellsness

**SVEITARSTJÓRNIR Bæjarstjórn Snæfellsbæjar segir að vegna niðurskurðar aflaheimilda þurfi fleiri opinber störf til sveitarfélagsins og vill fá Hafrannsóknastofnun til bæjarins.**

**„Bæjarstjórn Snæfellsbæjar fer fram á það að ríkisstjórn Íslands tjái sig um það hvaða annmarka þeir sjái á því að færa Hafrannsóknastofnun til Snæfellsbæjar, ef einhverjir eru, í stað þess að mæta bara þögn þegar tillögur um aðgerðir eru bornar fram,“ segir í bókun bæjarstjórnarinnar sem skorar á „forráðamenn þjóðarinnar“ að flytja opinber störf til sveitarfélaga sem verst verði úti vegna kvótaniðurskurðar.** - gar

Musharraf Pakistansforseti:

# Segist segja af sér í vikunni

**PAKISTAN, AP** Pervez Musharraf Pakistansforseti segir að hann muni segja af sér sem yfirmaður hersins nú í vikunni og geti þá tekið við forsetaembættinu á laugardaginn sem óbreyttur borgari.

Þúsundir manna hafa verið látnir lausir úr fangelsi í vikunni. Allir voru þeir handteknir í tengslum við mótmæli gegn Pervez Musharraf forseta síðan hann lýsti yfir neyðarástandi í landinu fyrir hálfri annarri viku.

Búist er við því að hæstiréttur landsins gefi í dag út úrskurð í síðasta álitamálinu sem tengjast hinum umdeildu forsetakosningum þingsins í byrjun október. - gb

Deilt um kosningaeftirlit:

# Rússar gruna ÖSE um græsku

**RÚSSLAND, AP Yfirmaður landskjörstjórnar Rússlands sakar Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE), sem hefur sérhæft sig í kosningaeftirliti, um að hafa látið pólitískar ástæður stjórna því að stofnunin ákvað að sinna ekki eftirliti með framkvæmd rússnesku þingkosninganna.**

**Að sögn kjörstjórnarformannsins, Vladimírs Churov, mun fjarvera fulltrúa ÖSE ekki hafa áhrif á lögmæti kosninganna.**

**Talsmenn ÖSE hafa sagt að rússnesk yfirvöld hafi ætlað að setja þvílíkar hömlur á starf eftirlitsfulltrúanna að ekki hafi verið hægt að una því. Fulltrúarnir hafi aukinheldur ekki fengið vegabréfsáritun.** - aa






**HÁLOFTALISTIR** Herþotur breska flughersins, Rauðu örvarnar, sýna listir sínar á síðasta degi flugsýningarinnar í Dubai. Var þetta í tíunda skipti sem Dubai-flugsýningin er haldin og voru yfir 140 flugvélar frá 50 löndum til sýnis. NORDICPHOTOS/AFP

Harður árekstur á gatnamótum Breiðholtsbrautar og Skógarsels í gær:

# Bíll valt eftir harðan árekstur

**SLYS** Tveir bílar skullu harkalega saman á gatnamótum Breiðholtsbrautar og Skógarsels um tvöleytið í gærdag, með þeim afleiðingum að annar þeirra kastaðist til og valt.

Svo virðist sem annarri bifreiðinni hafi verið ekið gegn rauðu ljósi með fyrrgreindum afleiðingum.

Tveir sjúkrabílar voru sendir á vettvang ástamt dælubíl frá Slökkviliði höfuðborgarinnar, sem notaður var til að hreinsa upp olíu og eldsneyti sem lekið hafði úr bílunum.

Ökumaður og farþegi úr bílnum sem valt voru fluttir á slysadeild til aðhlynningar en meiðsli þeirra voru minni háttar og voru þeir útskrifaðir af slysadeild Landspítalans í gær. - æþe



**VALT EFTIR HARÐAN ÁREKSTUR** Betur fór en á horfðist eftir að bíll valt eftir harðan árekstur. Tveir voru fluttir á slysadeild með minni háttar meiðsli, en þeir voru útskrifaðir af slysadeild samdægurs. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Fjárlaganefnd Alþingis:

## Óskar eftir upplýsingum

**ALÞINGI** Fjárlaganefnd Alþingis hefur óskað eftir upplýsingum frá Þróunarfélagi Keflavíkurflugvallar hvernig tillögur um breytingar á tekjum og gjöldum félagsins eru tilkomnar. Magnús Gunnarsson, stjórnarformaður Þróunarfélagsins, sagði á Vísi.is í gær að eignir Þróunarfélagsins hefðu verið margauglýstar.

Atli Gíslason, þingmaður Vinstri grænna, gagnrýndi sölu á eignum á Keflavíkurflugvelli harðlega á Alþingi í fyrradag. Hann taldi að um heimildarlausa sölu hefði verið að ræða og að eignirnar hefði borið að auglýsa. - ghs

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

### Hraðakstur innanbæjar

Lögreglan á Akureyri hafði afskipti af fjórtán ökumönnum vegna hraðaksturs innanbæjar á Akureyri í gær. Sá sem hraðast ók mældist á 97 kílómetra hraða þar sem leyfilegur hámarkshraði er fimmtíu kílómetrar á klukkustund.

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

### Ekið á hross

Hross hljóp í veg fyrir bíl á veginum í Blönduhlíð, skammt frá Flugumýrarhvammi, um ellefuleytið í fyrrakvöld. Ökumaður var einn á ferð og sakaði ekki en bifreiðin skemmdist töluvert eftir höggið en var þó ökufær. Hrossið fannst dautt nokkrum metrum frá árekstrarstaðnum.

Vill kirkjumálaráðuneytið burt:

## Fríkirkjuprestur sammála Birni

**STJÓRNMÁL Hjörtur Magni Jóhannsson, prestur í Fríkirkjunni í Reykjavík, er sammála hugmynd Björns Bjarnasonar dóms- og kirkjumálaráðherra um að leggja kirkjumálaráðuneytið niður. Þetta sagði hann í predikun á sunnudag.**



**HJÖRTUR MAGNI JÓHANNSSON**

**„Ráðherra dóms og kirkjumála hefur sjálfur komið fram með þá hugmynd að leggja niður sitt eigið ráðuneyti," sagði Hjörtur Magni. „Því ber að fagna því að í raun er það ráðuneyti einkamála. Trúmál og kirkjumál hvers og eins eru auðvitað einkamál hvers og eins."**

**Hjörtur bætti því við að ekki þyrfti ráðuneyti sem sinnir bara málum eins trúfélags.** - sgj

**DÓMSMÁL**

### Stal húfum og vettlingum

Kona um þrítugt hefur verið ákærð fyrir að stela átta húfum og slatta af vettlingum í apóteki. Fenginn setti hún í barnavagn og í vasa sína. Hún fór síðan út án þess að greiða fyrir varninginn.



**LINDORA HOWARD-DIAWARE** Segir önnur Afríkuríki horfa til Líberíu vegna fyrsta lýðkjörna kvenforseta álfunnar og hinnar sterku kvennahreyfingar í landinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Konur sköpuðu þrýsting

**Friðarsamtök kvenna í Líberíu stuðluðu að lokum borgarastyrjaldar og beittu sér fyrir viðvarandi friði. Framkvæmdastýra samtakanna er stödd á Íslandi.**

**LÍBERÍA** Með samtakamætti kvenna urðu til öflug samtök í Líberíu sem höfðu áhrif á að friður komst á í landinu og að honum er viðhaldið enn í dag. Lindora Howard-Diaware hefur verið framkvæmdastýra friðarsamtaka kvenna, „Women in Peacebuilding Network" (WIPNET), í Líberíu síðan árið 2006. Markmið WIPNET er að virkja konur í aðkomu að friðaruppbyggingu.

Howard-Diawere heldur erindi á árlegum morgunverðarfundi UNIFEM í dag klukkan 8.15 á Hótel Loftleiðum. Fundurinn er öllum opinn og aðgangseyrir 2.500 krónur.

WIPNET hóf starfsemi í Líberíu árið 2002 meðan enn ríkti borgarastyrjöld í landinu. Ári síðar lauk borgarastyrjöldinni og segir Howard-Diaware samtökin hafa þar haft umtalsvert að segja. „Við einbeittum okkur að því að finna út hvernig við gætum haft áhrif. Við vorum bara tuttugu en fengum fleiri konur til liðs við okkur og hrintum af stað friðarherferð árin 2003 til 2005. Herferðin gekk út á það að konur mótmæltu stríði, sögðu hingað og ekki lengra, víða um land og sköpuðu þannig þrýsting daglega."

Samtökin settu niður þrjú grundvallarbaráttumál: Að stríðandi fylkingar myndu koma saman til friðarviðræðna, vopnahlé boðað í kjölfarið og að utanaðkomandi herlið myndi tryggja að vopnahlé yrði virt. „Við fórum með þessi baráttumál okkar til stjórnvalda og stríðsherra og í gegnum okkar þrýsting urðu þau að veruleika." Howard-Diaware segir WIPNET fylgjast vel með að friður sé virtur í landinu og ef út af bregði fari fulltrúar frá þeim á fund viðkomandi aðila. Spurð um hvort borgarastyrjöld gæti skollið á að nýju í Líberíu segir Howard-Diaware það vel geta gerst ef ekki er aðgát höfð og passað að láta ekki átök milli hópa óáreitt.

Árið 2005 voru forsetakosningar í Líberíu og varð Ellen Johnson-Sirleaf fyrsta konan til að vera lýðræðislega kosin þjóðhöfðingi í Afríku. Howard-Diaware segir önnur Afríkuríki horfa til Líberíu vegna þess og hinnar sterku kvennahreyfingar sem er þar en að langt sé í land að hægt verði að tala um kynjajafnrétti í Líberíu.

Í Íslandsheimsókninni fundar Lindora Howard-Diaware meðal annars með utanríkisráðherra og utanríkismálanefnd. Segir hún mikilvægt að hitta konur í valdastöðum erlendis til að geta lært af reynslu þeirra og miðlað til kvenna í Líberíu. „Og hver veit, kannski verður þessi reynsla seinna til þess að bæta aðstæður kvenna í Líberíu."

sdg@frettabladid.is







# Kynbundinn launamunur
# Aðferðir til úrbóta

## Ráðstefna 23. nóvember 2007

Jafnréttisstofa í samstarfi við Ár jafnra tækifæra og félagsmálaráðuneytið efnir til ráðstefnunnar *Kynbundinn launamunur - Aðferðir til úrbóta* þann 23. nóvember kl. 13-16 í Sunnusal Hótel Sögu. Kynntar verða niðurstöður rannsóknar á kynbundnum launamun sem unnin var upp úr gögnum Hagstofu Íslands um atvinnutekjur þjóðarinnar. Í rannsókninni voru skoðaðar atvinnutekjur og heildartekjur kynjanna, eftir hjúskaparstöðu, aldri og búsetu. Einnig verða ræddar ólíkar aðferðir sem notaðar hafa verið til að vinna bug á þeim vanda sem kynbundinn launamunur er.

**Dagskrá:**

| | |
|---|---|
| 13:00 | Jóhanna Sigurðardóttir, félagsmálaráðherra, setur fundinn |
| 13:10 | **Tekjumunur karla og kvenna: Upplýsingar úr skattframtölum** Ingólfur V. Gíslason, sviðsstjóri rannsóknarsviðs Jafnréttisstofu. |
| 13:45 | **Kynjavöktun í aðdraganda kjarasamninga** Maríanna Traustadóttir, jafnréttisfulltrúi ASÍ |
| 14:05 | **Áform og aðgerðir - til að greina og eyða kynbundnum launamun** Sigríður Lillý Baldursdóttir, starfandi forstjóri Tryggingarstofnunnar |
| 14:25 | **Kaffihlé** |
| 14:45 | **Tala minna – gera meira** Ingibjörg Óðinsdóttir, forstöðumaður mannauðssviðs Skýrr |
| 15:05 | **Markvissar aðgerðir skila árangri** Anna Jörgensdóttir, starfsmannastjóri Hafnarfjarðarbæjar |
| 15:25 | **Pallborðsumræður** |

Jafnréttisstofa

Evrópuár jafnra tækifæra 2007

Félagsmálaráðuneytið

**Fundarstjóri:** Mörður Árnason

***Ráðstefnan er öllum opin og aðgangur er ókeypis***


Mengun á höfuðborgarsvæðinu um síðustu helgi:

## Svifryk fór yfir mörk í borginni

**UMHVERFISMÁL** Svifryk í höfuðborginni fór yfir heilsuverndarmörk á sunnudag og laugardag. Nú hefur svifryk farið fjórtán sinnum yfir mörkin það sem af er ári.

Umhverfissvið Reykjavíkurborgar mælir svifryksmengun við Grensásveg. Á laugardag reyndist magn þess vera 91 míkrógramm á rúmmetra og á sunnudag 52,4 míkrógrömm. Viðmiðunarmörkin eru 50 míkrógrömm á rúmmetra.

Færanleg mælistöð Umhverfissviðs hefur verið staðsett við Ártúnsbrekku en þar hefur svifryksmengunin farið yfir mörk fjórum sinnum síðan um miðjan október. - sgj



# „Hvert" færðu í jólagjöf?

## Jólagjafabréf Iceland Express er komið í sölu

Langar þig að gleðja einhvern sérstaklega mikið um jólin? Jólagjafabréf Iceland Express gefur þeim sem þér þykir vænt um spennandi fyrirheit á nýju ári, hvert sem hugurinn leitar.

Bókaðu vel heppnaða jólagjöf á **www.icelandexpress.is**

**Verð:**

**22.900 kr.**

Innifaldar í gjafabréfinu eru flugferðir báðar leiðir með sköttum til eins af 15 áfangastöðum Iceland Express í Evrópu. Bókunartímabil jólagjafabréfsins er frá 26. desember til 31. janúar 2008 og eftir það gildir gjafabréfið sem inneign í 2 ár. Jólagjafabréfið gildir í flug á tímabilinu 15. janúar til 30. júní 2008. Sætaframboð er takmarkað.

**Iceland Express**

**með ánægju**

**www.icelandexpress.is**

Fíton/SÍA FI023616



Frábært verð
499

**Aðventuljós**
Rautt, hvítt og viður
5899631-33





999
~~1.999~~

**Jólatré**
Með 10 ljósa seríu
2701800



2.399
~~4.899~~

**Jólagata**
2701809

blómaval

# Jólaljósa



Sýpris - veisla
verð frá
299



Jólastjarna
799
kr/stk

Afslátturinn gildir ekki af öðrum tilboðum eða stjörnumerktum vörum.




**Útisería hágæða, Starlight**
20 ljósa
10233129
**4.999**

**Útisería hágæða, Starlight**
40 ljósa
10232901
**8.999**



**Jólatré stál**
2700059
**1.899** ~~2.999~~



**Jólahreindýr**
45 sm
2713155
**1.499** ~~1.999~~

**Útisería**
40 ljósa marglit
m/straumbreyti
5899242
**999**

**Útisería**
80 ljósa marglit
m/straumbreyti
5899264
**1.399**





**2.799**

**Jólaljósakróna**
M/30 ljósa seríu, margir litir
2702359-63

# dagar 22. - 25. nóvember



## Ferskir grenikransar mikið úrval

HÚSASMIÐJAN

## 50% afsláttur



**Kertastjaki**
Fyrir 4 kerti eða teljós.
2713175
**999** ~~1.999~~



**TÓNLISTARHÚSIÐ** Ljóst er að nýja byggingin verður gríðarsterkt kennileiti í höfuðborg Íslands.
MYND/EIGNARHALDSFÉALGIÐ PORTUS



**ÓLAFUR ELÍASSON**



**ÞÓRHALLUR VIHJÁLMSSON**



**AÐALSALURINN** Veggir stóra tónleikasalarins verða klæddir rauðlökkuðum viði svo stemningin mun minna á glóandi hraunhelli.



**ÆVINTÝRAHEIMUR** Það verður engu líkt að dvelja innandyra í nýju tónlistar- og ráðstefnuhöllinni.
MYND/EIGNARHALDSFÉALGIÐ PORTUS

# Glerhjúpur á tvo milljarða

**Endanlegt útlit er komið á Tónlistar- og ráðstefnuhúsið í Reykjavíkurhöfn. Glerhjúpur listamannsins Ólafs Elíassonar mun kosta tvo milljarða króna.**

**HÖNNUN** „Þessi glerhjúpur sem umlykur húsið er ekki arkitektúr heldur listaverk,“ segir Þórhallur Vilhjálmsson, markaðs- og kynningarstjóri Eignarhaldsfélagsisns Portus hf. sem reisir tónlistar- og ráðstefnuhús við Reykjavíkurhöfn.

Hönnun á glerhjúpi Ólafs Elíassonar listamanns er lokið. Áætlað er að hann muni kosti tvo milljarða króna. Að sögn Þórhalls er það í samræmi við upphaflegar áætlanir og inn í þeim fjórtán milljörðum króna sem húsið allt kostar.

Eins og kom fram í Fréttablaðinu í gær verður stór hluti hússins klæddur mislitum stuðlaglerskubbum. Þeir verða úr stáli og einangrunargleri. Ríflega 830 glerstuðlar fara í suðurhliðina eina þar sem stuðlarnir verða allsráðandi.

„Það er mjög óvenjulegt að arkitektúr sé í raun pakkað inn í listaverk,“ bendir Þórhallur á. „Kannski verður engin önnur bygging sem fyrir okkar kynslóð mun jafnast á við þessa í arkitektúr í Reykjavík.“

Á heimasíðu Eignarhaldsfélagsins Portus segir að hönnun hússins mótist af áhrifum frá „stórbrotinni og yfirbragðsmikilli náttúru Íslands sem er endalaus uppspretta lita, allt frá gullrauðum til himinblámans, með litbrigðum sem geta breyst úr hvítfyssandi öldum í glansandi spegilsléttan sjó“.

Byggingin er sögð munu endurspegla breytingar í himinblámanum, bæði hvað varðar þéttleika og litbrigði, eftir veðri, árstíma og mismunandi tímum sólarhringsins. Sólskinið muni auka á áhrif minnstu einkenna í ljósi og skuggum. „Byggingin mun endurspegla glóandi hraunbreiður þegar hún lýsir gullrauðum loga en jökla þegar hún verður ísblá.“

Hafist verður handa við glerhjúpinn um mitt næsta ár. Áætlað er að tónlistar- og ráðstefnuhúsið verði tekið í notkun eftir tvö ár.

gar@frettabladid.is


Opinn stjórnmálafundur

með Guðna Ágústssyni

Morgunverðarfundur verður haldinn
að Digranesvegi 12, Kópavogi
laugardaginn 24. nóvember
og hefst kl. 11:00



Framsókn

1 Skoppulopa

Kr. 66

2 Skopparabolti

Kr. 54

3 Disney-sápukúlur

Kr. 99

4 Yddari

Kr. 36

5 Armband úr eðalsteinum

Kr. 89

6 Eðalsteinar

Kr. 89

7 Armband

Kr. 88

8 Vatnsbyssa

Kr. 74

9 21 glerkúla

Kr. 62

10 Þrykkimyndir

Kr. 109

# 24 dagar

Á aðventunni bíða allir eftir jólunum og sú bið er ljúf vegna þess að hún er verðlaunuð í 24 daga í röð.

*Kær kveðja Anna & Clara*

11 Þrívíddarpúsluspil


Kr. 162

12 Teningur

Kr. 16

13 Sandmynd

Kr. 109

14 Steinamálunarsett


Kr. 184

15 Dúkkuhúsgögn til samsetningar

Kr. 184

16 Límbandsrúlla

Kr. 59

17 Gúmmídýr

Kr. 69

18 Teiknisett

Kr. 109

19 Vasaljós

Kr. 99

20 Sjóræningjafáni

Kr. 74

21 Lyklakippuhringur

Kr. 18

22 Sjálflýsandi lyklakippuhringur

Kr. 146

23 Súkkulaðimynt

Kr. 9

24 Vatnslitir

Kr. 68

SØSTRENE GRENES
ALL OVER THE WORLD
HANDELSKOMPAGNIE

# Fjárfest í fasteignum í 19 löndum

**Íslendingar eiga í fasteignaviðskiptum í minnst nítján löndum og hafa meðal annars keypt lóðir og byggt hundruð fasteigna í Búlgaríu og Tyrklandi. Askar Capital reisir borgarhluta í Indlandi og skýjakljúf í Makaó. Gengi dollarans ýtir undir áhuga á íbúðakaupum í Bandaríkjunum.**




*Costa Brava og Costa Calida **Tamuda Bay, gegnt Marbella á Spáni. Kortið er ekki tæmandi

**VIÐSKIPTI** Íslendingar eiga í verulegum í fasteignaviðskiptum í minnst nítján löndum. Þar er Askar Capital kannski stórtækasta félagið, en það er nú með fé í verkefnum að heildarverðmæti um 144 milljarðar króna. Fjárfestingaverkefni Askars Capital eru um alla Austur-Evrópu, Mið-Austurlönd og í Evrópulöndunum Bretlandi, Belgíu, Þýskalandi og Frakklandi.

Það eru ekki bara stórir aðilar sem fjárfesta í fasteignum erlendis. Þær eru einnig í vaxandi mæli keyptar til einkanota og útleigu, fyrst og fremst á Spáni, í Búlgaríu og Danmörku. En einnig í Bandaríkjunum, Mexíkó, Panama og á Indlandi.

Nokkrar fasteignasölur hér á landi selja eignir erlendis. Eitt þeirra er Proxima, en þar er Eiríkur Hilmarsson markaðsstjóri. Hann hefur selt um 70 fasteignir í Búlgaríu á rúmu ári. „Það er mikill áhugi á eignum erlendis og fjöldinn sem kaupir sér fasteign fer stækkandi. Þetta er ekki bundið við Búlgaríu. Íslendingar kaupa víða. Þetta er eins og að kaupa sér sumarhús og kannski vilja einhverjir frekar kaupa sér hús erlendis en sumarhús á Íslandi,“ segir hann.

Proxima er um þessar mundir að ganga frá kaupum á lóðum í Búlgaríu og ætlar að byggja þar þrjú til fimmhundruð íbúðir á næstu þremur árum. Eiríkur segir að þær íbúðir verði jafnt til sölu fyrir heimamenn sem Íslendinga.

Þá selur Eignaumboðið hús á Spáni og í Marokkó auk þess að taka þátt í uppbyggingu fyrir heimamarkað í Slóvakíu. „Við finnum fyrir vaxandi áhuga fólks á að taka þátt í fasteignaþróunarverkefnum,“ segir Aðalheiður Karlsdóttir, einn af eigendum Eignaumboðsins. „Sérstaklega fundum við kipp eftir að hlutabréfamarkaðurinn tók dýfu niður á við. Hún segir að fasteignaverð hafi haldið sér betur til lengri tíma litið og hækkunin sé stöðug. Fólk horfi til þess að hlutabréfamarkaðurinn sé sveiflukenndari og vildi dreifa áhættunni.

Aðalheiður segir að horft sé til þess að íbúð erlendis sé raunhæfur möguleiki, sé miðað við fjárfestingu í sumarhúsum. Íbúð erlendis hækki meira í verði og endursölumöguleikar séu betri en sumarhús á Íslandi. Þá fjárfesti sumir í fleiri íbúðum og skapi sér tekjur með því að leigja þær út.

Í Flórída finnur Tryggvi Ingólfsson fasteignasali fyrir miklum áhuga Íslendinga á eignum. Sérstaklega í Orlando þar sem stutt er í strendurnar. „Markaðurinn er frosinn í Bandaríkjunum núna. Salan hefur sums staðar dregist saman um tuttugu til fjörtíu prósent,“ segir Tryggvi.

Tryggvi segir að aldrei hafi verið eins mikið að gera og að flestir greiði fyrir fasteignina í reiðufé því búist sé við að dollarinn hækki eftir næstu forsetakosningar. Hann telur að gengi dollarans gagnvart krónunni nú ýti undir áhuga Íslendinga.

„Fólk flytur gjaldeyri töluvert á milli landa til að fá ávöxtun á gjaldeyrinn og freista þess að njóta gengismunar síðar,“ segir Guðrún Hulda Ólafsdóttir, lögmaður og fasteignasali. Hún aðstoðar við kaup á lóðum og við byggingaframkvæmdir í Tyrklandi, í samstarfi við tyrkneskan fasteignasala. Hún segir að það séu einkum Bretar sem kaupi íbúðir í byggingu í Tyrklandi. Fyrir þær sé verið að borga um sex milljónir króna.

Hún segir að í Tyrklandi viðgangist enn að fasteignamat sé í ósamræmi við raunvirði eigna og skattbyrðin því minni. „Í Tyrklandi eru nokkur góð ár eftir til að fjárfesta en þó horfir það til breytinga þar sem aukin eftirspurn kallar jú á hækkandi fasteignaverð auk þess sem Tyrkland hefur sótt um aðild að Evrópusambandinu. Í dag greiða íbúðaeigendur sáralítil gjöld af eignum sínum í Tyrklandi.“

ghs@frettabladid.is



**VILL DREIFA ÁHÆTTUNNI** Hlutabréfamarkaðurinn sveiflast meira. Fólk er farið að horfa á þetta og vill dreifa áhættunni,“ segir Aðalheiður Karlsdóttir fasteignasali.



**NOKKUÐ GÓÐ ÁR EFTIR** „Í Tyrklandi eru nokkur góð ár eftir til að fjárfesta,“ segir Guðrún Hulda Ólafsdóttir fasteignasali.



## SKÝJAKLJÚFUR OG BORGARHLUTI

íslenska félagið Askar Capital er sennilega einna stórtækast í fasteignauppbyggingu erlendis. Sem dæmi um þróunarverkefni má nefna einn skýjakljúf af átta í byggingu í Makaó. Í skýjakljúfnum verður spilavíti, hótel og verslunarmiðstöð. Askar tekur einnig þátt í uppbyggingu borgarhluta í Navi Mumbai, eða nýju Bombay, á Indlandi. Um lokað hverfi er að ræða með 3.500 einbýlishúsum, golfvelli, heilsugæslustöð og slíku.

Eignaumboðið selur Íslendingum fasteignir á ströndinni á Spáni og í Marokkó. Í Bratislava í Slóvakíu er eingöngu stílað inn á heimamarkað. Smáir og stórir fjárfestar taka þátt í þessari uppbyggingu.



## LEIGIR EKKI ÚT SUMARBÚSTAÐINA

Fasteignaverð erlendis er misjafnt eftir löndum. Ódýrustu fasteignirnar er hægt að fá fyrir 4-7 milljónir, fínt raðhús má fá fyrir 15-16 milljónir króna. Lúxusíbúð í Panama fæst fyrir 18 milljónir króna.

Fasteignina er hægt að leigja út og fá af því leigutekjur. Hús eða íbúð erlendis er því að vissu leyti talin betri fjárfestingakostur því að fólk leigi yfirleitt ekki út sumarbústaðina sína auk þess sem endursölumöguleikar sumarbústaða geta verið óvissir hér á landi.

## OFTAST Í EVRUM

Einstaklingar sem kaupa íbúð í byggingu þurfa ekki að fjármagna nema hluta af kaupverðinu sjálfir, eða tíu til þrjátíu prósent. Meðan íbúðin er í byggingu hækkar hún í verði og kemur verðhækkunin sem hagnaður í hlut kaupandans.

Fasteignakaupin eiga sér oftast stað í evrum nema náttúrulega í Bandaríkjunum. Þar er greitt í dollurum.

Fjárfestar, sem vilja taka bankalán, taka þau oftast í íslenskum bönkum. Það er þó ekki algilt og misjafnt eftir löndum hvað hentar.

## 3-12 MILLJÓNIR FYRIR ÍBÚÐ

Fasteignaverð erlendis er oft á bilinu 3,5 milljónir króna upp í 12 milljónir á íbúð eða hús og jafnvel upp í 18 milljónir fyrir lúxusíbúð í Panama. Fasteignaviðskiptin fara yfirleitt fram í evrum eða öðrum evrópskum gjaldeyri og fjármögnunin gjarnan í gegnum íslenska banka. Hagnaðurinn getur orðið verulegur.

Bandarískur fasteignamarkaður er frosinn um þessar mundir og verðið því óvenjulágt, ekki síst vegna gengisins.

Fasteignaþróunarverkefni á vegum Askars Capital um allan heim:

# Skýjakljúfur og lúxusíbúðir

**VIÐSKIPTI** Askar Capital tekur þátt í fasteignaþróunarverkefnum úti um allan heim og er sennilega í hópi stærstu félaganna á þessu sviði.

„Þetta er allt frá því að vera lúxusíbúðir í London, höfuðstöðvar banka í Þýskalandi yfir í það að vera heilu borgarhlutarnir á Indlandi og skýjakljúfur í Makaó,“ segir Tryggvi Þór Herbertsson forstjóri Askars Capital.

Félagið hefur um 600 milljónir dollara í eiginfé, eða 2.400 milljónir dollara að heildarverðmæti, í fasteignaþróunarverkefnum erlendis. Tryggvi Þór segir eignirnar vera úti um allan heim, í Bandaríkjunum, Makaó, Hong Kong, Singapúr, Indlandi, Dubai, bæði í Vestur- og Austur-Evrópulöndum sem og í Miðausturlöndunum. Á Indlandi einu saman er verið að byggja heilt borgarhverfi með 3.500 einbýlishúsum, golfvelli, heilsugæslustöð og öðrum þjónustubyggingum.



**TRYGGVI ÞÓR HERBERTSSON** „Við ráðleggjum svo fjárfestinum hvenær hann á að fara út,“ segir Tryggvi Þór Herbertsson, forstjóri Aska Capital.

Tryggvi Þór segir stílað inn á 25-30 prósenta ávöxtun. Hugmynd að fasteignaþróunarverkefnum sé kynnt félaginu, það leiti eftir fjármögnun í hugmyndina og reki síðan verkefnið meðan verið er að byggja fasteignina. „Við ráðleggjum svo fjárfestinum hvenær hann á að fara út úr verkefninu til að hagnast sem mest,“ segir Tryggvi Þór.

Askar er í samstarfi við ýmis félög, til dæmis Landsbankann, Kaupþing, Glitni, Icebank og Saga Capital. - ghs

**Hrífandi reynslusaga Aline Feuvrier-Boulanger,**
**ungrar konu sem gekkst undir hjartaígræðslu,**
og stórmerkur vitnisburður um mátt nútíma læknavísinda.

# ÉG FÉKK NÝTT HJARTA

*„**Ég upplifði nótt án hjarta,** tengd rafknúinni dælu. Þessi bið var hræðileg. **Hjartslátturinn var hljóðnaður,** líkaminn blýþungur. Ég var heppin að komast á sjúkrahús í tæka tíð ... og vera á lista yfir líffæraþega. Ég var svo lánsöm að einhver var með hjarta sem passaði mér. Ég hef mikið velt þessu fyrir mér: hvers vegna ég?“*

**Alina er aðeins átján ára**, en mjög veil fyrir hjarta og þarf að bíða lengi eftir nýtt líffæri úr einhverjum öðrum, hjarta sem passar henni. Eftir langa og erfiða aðgerð og endurhæfingu er áralöng þrautaganga á enda. Hún getur hafið nýtt líf og lifað eðlilegu lífi eins og hver önnur ung kona. **Aline er nú yfir sig ástfangin og finnst lífið dásamlegt.**




ÚTKALL
Sími 562 2600

LANGERFIÐASTA ÚTKALL ÁHAFNAR TF-LÍF VAR RÉTT SUNNAN VIÐ SANDGERÐI FYRIR SÍÐUSTU JÓL.

**Sjö aðframkomnum Dönum af varðskipinu Triton var bjargað með ævintýralegum hætti** úr öldum sem voru á við þriggja hæða hús í svartamyrkri.

# ÍSLENDINGAR BJARGA DÖNUM

**Í þessari bók lýsir áhöfn TF-LÍF og Danirnir sjálfir í fyrsta skipti opinberlega því sem gerðist.** Björgunin var flókin og menn hugleiddu hvort verkefnið væri yfirleitt framkvæmanlegt. **Um tíma héldu sumir um borð að þyrlan færi í sjóinn.** Við fylgjumst með þyrluáhöfninni, ástandinu um borð í Triton, ótrúlegri leið gúmbátsins og því sem **raunverulega gerðist um borð í Wilson Muga.**

**Einstök spenna og dramatík**



**Hörkuspennandi metsölubækur Óttars Sveinssonar um sanna atburði eru sívinsælt efni sem lesandinn leggur ekki frá sér fyrr en að lestri loknum. Hér fjallar hann um Dani í sjávarháska og Íslendinga sem komu þeim til bjargar á ögurstundu.**

ÚTKALL
Sími 562 2600





**TROÐNINGUR Á LESTARSTÖÐ** Verkfallið hefur bitnað á almenningssamgöngum. Þær liggja þó ekki alveg niðri, því hluti starfsmanna hefur mætt til vinnu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**Á MÓTMÆLAFUNDI Í PARÍS** Nicolas Sarkozy forseti hefur lagt mikla áherslu á að draga úr umfangi og útgjöldum ríkisins, en óvíst er hve lengi hann heldur út gegn verkfallsaðgerðum sem lama allt þjóðlífið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**MEÐ SLEGGJUNA Á LOFTI** Hann var vígalegur þessi lestarstarfsmaður sem tók þátt í mótmælagöngu í Nice á þriðjudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP


## Hausthappdrætti Blindrafélagsins

Útdráttur 16. nóvember 2007

BLINDRAFÉLAGIÐ

### Vinningaskrá

**Skoda Octavia Combi 4x4 1.9 TDI frá Heklu hf. Verðmæti kr. 2.990.000**
86220

**Skoda Octavia Sedan 1.9 TDI, frá Heklu hf. Verðmæti kr. 2.610.000**
12140

**Skoda Fabia 1.4 l., frá Heklu hf. Verðmæti kr. 1.690.000**
17058

**Ferðavinningur með Heimsferðum. Verðmæti kr. 350.000**

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8718 | 27145 | 47399 | 48750 | 62381 | 66001 | 66091 | 90520 | 111082 | 125526 |

**Ferðavinningur með Heimsferðum. Verðmæti kr. 200.000**

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1147 | 19417 | 30729 | 40094 | 54856 | 73001 | 91164 | 103315 | 110302 | 120353 |
| 2742 | 19517 | 30959 | 40342 | 57398 | 73024 | 92270 | 104468 | 111855 | 121596 |
| 3332 | 21311 | 33374 | 41439 | 57407 | 76245 | 94478 | 105331 | 111955 | 123558 |
| 6641 | 21728 | 34887 | 42046 | 57753 | 77670 | 97841 | 106920 | 112569 | 124474 |
| 7837 | 22530 | 35357 | 42904 | 61326 | 78641 | 98710 | 107046 | 114673 | 126092 |
| 12706 | 23976 | 36364 | 44808 | 64632 | 81353 | 98768 | 107724 | 115991 | 126287 |
| 12902 | 24529 | 36408 | 50630 | 66866 | 83142 | 98938 | 108996 | 117155 | 128367 |
| 15030 | 24954 | 37168 | 51173 | 67172 | 84344 | 101600 | 109151 | 117489 | 129073 |
| 15884 | 27130 | 38156 | 51313 | 72636 | 87114 | 101853 | 109629 | 119232 | 129172 |
| 18956 | 27732 | 39188 | 53559 | 72972 | 90913 | 102919 | 109956 | 120203 | 129778 |

**Kvöldverður á veitingastaðnum Siggi Hall á Óðinsvéum. Verðmæti kr 20.000**

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 491 | 14099 | 31183 | 43000 | 48682 | 62993 | 78227 | 95129 | 115610 | 124997 |
| 2916 | 14483 | 33468 | 43128 | 49470 | 63723 | 79311 | 96645 | 116368 | 127325 |
| 3938 | 15063 | 34570 | 44214 | 51637 | 64653 | 82172 | 97638 | 117588 | 127616 |
| 8237 | 16388 | 35612 | 45136 | 53087 | 64708 | 82355 | 97837 | 117745 | 127645 |
| 9190 | 16416 | 36141 | 45175 | 55387 | 66308 | 82589 | 103249 | 119029 | 128506 |
| 10300 | 17009 | 36184 | 45212 | 57258 | 68270 | 84107 | 105070 | 120108 | 128541 |
| 10921 | 23950 | 37199 | 45296 | 57666 | 71890 | 84621 | 106738 | 121203 | 129698 |
| 12585 | 24703 | 39427 | 46584 | 58249 | 75231 | 90917 | 110477 | 122026 | 129835 |
| 13673 | 24826 | 41784 | 47804 | 61146 | 77490 | 94143 | 115265 | 124368 | 129984 |

*Alls 203 skattfrjálsir vinningar að verðmæti kr. 32.590.000*
Vinninga ber að vitja innan árs – Upplýsingasími 525 0000 – Vinningaskrá birt í textavarpi sjónvarpsins á síðu 290 og á heimasíðu Blindrafélagsins www.blind.is

Birt án ábyrgðar


# Efiðasta þolraun Sarkozys

**Verkalýðshreyfingin í Frakklandi á í stríði við Nicolas Sarkozy forseta, sem enn virðist staðráðinn í að hafa meira úthald í þeirri rimmu.**

**FRAKKLAND, AP** Skemmdarverk töfðu enn frekar fyrir samgöngum í Frakklandi í gær, þegar samningaviðræður voru loks að hefjast eftir átta daga verkfall járnbrautarstarfsmanna og strætisvagnastjóra.

Í skjóli nætur voru rafmagnsleiðslur brenndar og skemmdir unnar á merkjakerfi frönsku járnbrautanna. Yfirstjórn frönsku járnbrautanna forðaðist að saka verkfallsfólk um verknaðinn, þótt grunur margra hefði strax beinst að þeim. Verkalýðsfélögin, sem standa að verkföllunum, báru sömuleiðis strax af sér allar sakir.

Verkföllin hófust 14. nóvember síðastliðinn. Þjóðlífið hefur verið hálflamað síðan, og ekki bætti úr skák þegar kennarar og póstmenn fóru einnig í dagsverkfall á þriðjudaginn. Í gær bættust svo skemmdarverkin ofan á allt saman.

Markmið verkfallsmanna er að mótmæla áformum ríkisstjórnarinnar um að fella niður sérstök eftirlaunaréttindi, sem starfsmenn hins opinbera njóta umfram annað launafólk í landinu.

Nicolas Sarkozy forseti, sem sigraði í kosningum í maí, hefur í embætti sínu lagt mikla áherslu á að draga úr umsvifum og útgjöldum ríkisins. Hann segist staðráðinn í að láta ekki undan kröfum verkfallsmanna, heldur halda sínu striki.

Verkalýðsfélögin eru hins vegar ekki síður ákveðin í að ná fram kröfum sínum. Spurningin er hvor hefur meira úthald, verkfallsmenn eða forsetinn. Viðræður milli verkalýðsfélaga og vinnuveitenda hófust fyrst í gær, en verkalýðsfélög hafa ekkert gefið uppi um það hve lengi aðgerðirnar eiga að standa. Verkfallsaðgerðir í Frakklandi hafa áður orðið til þess að stjórnvöld hafa hætt við sparnaðaráform og umbætur í ríkisgeiranum. Skemmst er að minnast þess þegar Dominique de Villepin, þáverandi forsætisráðherra, dró til baka áform sín um breytingar á atvinnulöggjöfinni á síðasta ári eftir harðar mótmælaaðgerðir námsmanna og verkalýðsfélaga. **- gb**

# Fjöldamorð í framhaldsskóla




Peter Houghton er 17 ára og hefur mátt þola grimmilegt einelti frá jafnöldrum sínum frá sex ára aldri. Öll þessi ár hafa kvalarar hans fundið upp á nýjum aðferðum til að niðurlægja hann þar til hann grípur loks til örþrifaráða. Hann fyllir bakpokann sinn af byssum, fer í skólann og drepur níu skólafélaga sína og einn kennara.

Hvað fær ungan mann til að fremja slíkan glæp? Getur eitthvað réttlætt verknað sem þennan? Hvaða leið á einstaklingurinn út úr óbærilegum kringumstæðum? Er í lagi að svara fyrir sig? Má maður vera öðru vísi en allir hinir? Í þessari æsispennandi sögu veltir Jodi Picoult m.a. upp þessum spurningum um sekt, samvisku og baráttu við ofurefli.

Ingunn Ásdísardóttir
þýddi bókina.

## Enn ein metsölubókin frá höfundi
## *Á ég að gæta systur minnar?*

[Nítján mínútur] er heillandi og ákaflega vel gerð saga. Að einu leyti er hún glæpasaga með öllu tilheyrandi, hræðilegu blóðbaði, óvæntum uppgötvunum og uppljóstrunum á elleftu stundu, en einnig spyr hún alvarlegra grundvallarspurninga um samskipti og samspil hinna sterku og veiku, spurninga sem vekja til umhugsunar. Ef hægt er að kenna fólki samúð með öðrum, gæti Picoult verið rétti kennarinn.

– *Washington Post*

SKRUDDA
Eyjarslóð 9 – 101 Reykjavík
s. 552 8866 – skrudda@skrudda.is
www.skrudda.is

## „ORÐRÉTT“

### *Lítil prýði*

**„Nú er staðan orðin þannig að þarna er kominn myndarhaugur af alls konar drasli, en þar er meðal annars að finna klósett, rúm, borðplötur og ruslapoka.“**

GÍSLI J. EYSTEINSSON ER ORÐINN LANGÞREYTTUR Á RUSLI SEM SAFNAST UPP VIÐ HÚS HANS.

**Fréttablaðið 21. nóvember.**

### *Óheppinn*

**„Ég fór til lögreglunnar og spurði hvort hún gæti ekki hjálpað mér en þar var mér bara sagt að ég væri óheppinn að vera nafni hans.“**

SNÆBJÖRN SIGURÐUR STEINGRÍMSSON HEFUR ORÐIÐ FYRIR BARÐINU Á REIÐUM NETVERJUM SEM HALDA AÐ HANN SÉ NAFNI HANS HJÁ SMÁÍS.

**Fréttablaðið 21. nóvember.**

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** ALMA JOENSEN, FRAMKVÆMDASTÝRA STÚDENTARÁÐS HÍ

## *Greiðir aftur úr greiningarsjóði*

„Ég er að kafna úr kvefi og get varla andað, er búin að hella í mig vítamíni og sólhatti,“ segir Alma Joensen, framkvæmdastýra Stúdentaráðs Háskóla Íslands. Hún lætur veikindin þó ekki aftra sér frá því að mæta til vinnu. „Ég var rétt í þessu að greiða úr greiningarsjóði Stúdentaráðs fyrir stúdenta með sértæka námsörðugleika. Þetta er í annað sinn sem greitt er úr sjóðnum. Þetta er gert að frumkvæði Stúdentaráðs enda leggur ríkið engan pening í þennan málaflokk. Við viljum breyta því og erum þessa dagana að safna styrkjum til að fjármagna sjóðinn, svo að við getum komið til móts við þá stúdenta sem þurfa á slíkri greiningu að halda.“

Alma sækir fjölda ráðstefna og vinnufunda erlendis í starfi sínu. Ekki er langt síðan hún kom heim frá Spáni af einum slíkum. „Svo er ég að fara til Litháen um helgina á aðalfund Evrópusamtaka stúdenta. Þemað að þessu sinni er jafnrétti kynjanna en á fundinum sjálfum eru líka rædd almenn málefni, kosið um lagabreytingartillögur, ný stefnumál lögð fram og svo framvegis. Ég mun stýra þarna vinnuhópi sem ber heitið „kyn og uppeldi“.“



„Annars er ég bara að stressast upp fyrir Stúdentaráðskosningarnar í febrúar. Ég sef varla á næturnar, en það er nú líka af því að ég er svo kvefuð.“ En hvernig er andinn á skrifstofu SHÍ? „Það er rosa góður andi þessa dagana. Enda hausthátíðin nýyfirstaðin og starfsmenn skrifstofunnar að farast úr spenningi yfir væntanlegu jólaglöggi.“

## RÁÐ VIÐ ÁFENGISSÝKI:

### STEIKT EÐA SOÐIN LUNGU

■ Margir trúðu því fyrr á öldum að lækna mætti áfengissýki með því að borða steikt eða soðin lungu á tóman maga. Sú trú er þó væntanlega á algjöru undanhaldi nú á dögum. Áður fyrr var nær allt nýtt af kindinni og þóttu til dæmis garnir og milta nauðsynleg hverjum þeim sem vita vildi veðurfar næstu daga en síðan þá hefur veðurfræðinni farið mikið fram.



## SJÓNARHÓLL
### EFNAFÓLK RÍFUR GÖMUL HÚS

## *Ættu að fá sitt eigið fjall*

„Bæjarskipulag ætti auðvitað að taka mið af því að sem flestir geti haft það sem best. Almennt séð fer það illa með lífið í hverfunum þegar auðmenn leggja stóran hluta þeirra undir sig,“ segir Valur Gunnarsson rithöfundur. „Þetta hefur verið mjög óheppileg þróun víða erlendis, til dæmis í Camden í London, Greenwich Village í New York og Kallio í Helsinki. Það sama virðist vera að gerast í 101 og kannski á Seltjarnarnesi líka, örfáir auðmenn kaupa upp lóðir og hækka verð í hverfinu upp úr öllu valdi,“ segir hann.



**VALUR GUNNARSSON RITHÖFUNDUR**

„Það ætti kannski frekar að búa til sérstakt friðland fyrir auðmenn, gefa þeim eins og eitt fjall, sem við getum horft upp til með aðdáun eða fyrirlitningu. Þar geta þeir svo byggt sér það sem þeim sýnist. Þetta friðland gæti til dæmis verið á Kárahnjúkum. Í eitthvað verða þeir jú að nota þessa jeppa sína!“

# Gamlárskvöld á Jónasarári

**Þótt tímatal Dana sé hið sama og hér á landi þá er nýafstaðið fjörlegt gamlárskvöld hjá samfélagi Íslendinga í Jónshúsi í Kaupmannahöfn. Svavar Gestsson sendiherra segir frá því viðburðaríka ári sem það kvöld leið í aldanna skaut og markatölunni 14-2 sem veldur honum tvöföldum hrolli.**

„Þegar afmælisár Jónasar Hallgrímssonar hófst í fyrra þá hugsuðum við með okkur „þetta verður flókið, það eru ekki margir Danir sem þekkja þennan karl,““ segir Svavar þegar hann rifjar upp afmælisár Jónasar Hallgrímssonar sem lauk formlega 16. nóvember síðastliðinn. „En okkur tókst vel að ná til Íslendinga hér og síðan hefur komið í ljós að félagsmenn Dansk-íslenska félagsins hér voru geysilega ánægðir með hvernig til tókst og þar að auki hafa viðbrögð við menningarviðburðum sem við höfum haldið fært okkur í sanninn um að okkur hafi tekist að breiða út fagnaðarerindið.“

Menntamálaráðuneytið á Íslandi og sendiráð Íslands höfðu veg og vanda af þeim fjölmörgu viðburðum sem haldnir voru 200 ára afmælisbarninu til heiðurs. Meðal þeirra ótal mörgu sem tóku þátt í verkefninu eru Íslenski kvennakórinn í Kaupmannahöfn og kórinn Staka sem sungu lög við ljóð Jónasar, Erik Skyum Nielsen Garðsprófastur sem leiddi fróðleiksfúsa um stúdentagarðinn Regensen þar sem Jónas dvaldi ásamt fleiri frægum Íslendingum og Fífilbrekkuhópurinn sem flutti lög Atla Heimis Sveinssonar við ljóð afmælisbarnsins. Einnig voru haldin menningarkvöld á Fjóni og í Horsens þar sem Kristján Hjartarson og Kristjana Arngrímsdóttir fluttu söngva með textum skáldsins. Einnig var gefin út ljóðabókin Landet var fagert en hún inniheldur 20 ljóð skáldsins sem þýdd hafa verið á dönsku.



**LJÓÐ SKÁLDSINS SUNGIN** Regína Unnur Ólafsdóttir hefur upp orð skáldsins við undirleik Steens Lindholm sem er Íslenskum tónlistarmönnum oft innan handar. MYND/ODDUR BENEDIKTSSON

„Böðvar Guðmundsson var framkvæmdastjóri verkefnisins og það var alveg ómetanlegt að njóta krafta jafn ötuls manns og hann er. Hann stýrði samkomunni á afmælisdegi Jónasar sem er eins konar gamlárskvöld á þessu Jónasarári og lét hann ekki undir höfuð leggjast að þýða ævintýri skáldsins á dönsku í tilefni dagsins.“



**BÖÐVAR GUÐMUNDSSON** Sendiherrann er þakklátur fyrir störf Böðvars á Jónasarárinu. Hér er hann að stýra samkomu sem efnt var til á gamlárskvöldi Jónasarársins. MYND/ODDUR BENEDIKTSSON

Sendiherrann var að búa sig undir að fylgjast með landsleik Dana og Íslendinga þegar blaðamaður náði tali af honum. Segja má að hann fái tvöfaldan hroll þegar minnst er á markatöluna 14-2. „Á mínum stutta knattspyrnuferli lenti ég í því að tapa fyrir KR-ingum 14-2 þegar ég lék með Þrótti. Og þótt Danir séu nú flestir búnir að gleyma leiknum fræga þegar þeir unnu okkur með sömu markatölu þá eru þeir reyndar svo vinsamlegir að minna jafnan á hana þegar liðin mætast.“



**HALLDÓR BLÖNDAL OG SVAVAR GESTSSON** Það er ráðlegt að fara sér hægt í þessum tröppum eins og tvímenningarnir gera. Þetta eru nefnilega tröppurnar þar sem Jónas fór sér að voða endur fyrir löngu. Halldór kom að skipulagningu Jónasarárs fyrir hönd menntamálaráðuneytisins. MYND/SIGURÐUR BOGI

Fleiri viðburðir eru á döfinni þótt Jónasarár sé liðið í aldanna skaut og ef allt fer á besta veg mun krónprinsinn fara með spúsu sína til Íslands á næsta ári. Einnig er nóg um daglegt amstur í sendiráðinu. „Hér búa um 10 þúsund Íslendingar,“ segir Svavar. „Það eru gefin út um 700 vegabréf árlega og hingað liggur gríðarleg umferð Íslendinga. Til dæmis voru 53 áætlunarferðir á viku síðastliðið sumar. Enda er það nú einu sinni þannig að allir þeir sem ætla að frelsa heiminn byrja hér.“

**jse@frettabladid.is**






Leikskólabörn á Selfossi urðu dálítið skelkuð vegna jarðskjálfta:

# Kunna að krjúpa, skýla og halda

Börnin á leikskólunum Álfheimum og Árbæ á Selfossi voru nokkuð skelkuð eftir jarðskjálftahrinu á svæðinu í fyrrinótt. Þau kviðu gærdeginum dálítið en það reyndist ekki ástæða til þess.

„Þau eru ótrúlega sniðug og vita alveg hvernig þau eiga að bregðast við. Þau vita vel að þau eiga að fara undir borð ef eitthvað gerist,“ segir Rannveig Guðjónsdóttir, leikskólastjóri á Árbæ. Hún segir eina stúlku hafa hrokkið í kút við óvæntan hávaða í gær og rokið beint undir borð.

Ingbjörg Stefánsdóttir, leikskólastjóri á Álfheimum, segir foreldra og kennara hafa mætt heldur illa sofna í morgun.

Haldinn var fundur um málið og farið yfir viðbrögðin ef stór skjálfti kæmi.

„Sum börnin urðu hrædd og önnur ekki. Þau tala gjarnan um eldri systkini sín sem urðu hrædd því þau gera sér betur grein fyrir því sem gerðist. Ein stúlka sagði frá bróður sínum sem datt fram úr rúminu,“ segir Ingibjörg og segir eldri börnin kunna að krjúpa, skýla og halda sér þegar kemur jarðskjálfti.



**SUMIR URÐU HRÆDDIR EN AÐRIR EKKI** Börnin á Selfossi urðu sum hrædd þegar jarðskjálftar riðu yfir svæðið og foreldrum og kennurum var ekki svefnsamt.

Á Álfheimum var börnunum sagt að þau væru jarðskjálftaverðir og ættu því að vera í inniskónum sínum í dag og næstu daga, ef þau þyrftu skyndilega að rjúka út. **- eb**


Ferrari
Nýir
tveggja hraða*
Ferrari
smá bílar
1 2 NEW 2 SPEED
1:38
Aðeins 250 krónur ef keyptir eru 20 lítrar af Shell eldsneyti eða
100 krónur ef keyptir eru 20 lítrar af Shell V-Power
Byrjaðu strax að safna!
*Athugið að Formula 1 smábíllinn er með eins hraða, stiglausan mótor
Vörumerki Shell eru notuð af Skeljungi með leyfi Shell Brands International AG.
POWERED BY
Shell
V-Power
Made to move



**HVÍLA LÚIN BEIN** Unglingarnir í sveitarfélaginu þurfa nú ekki að láta skutla sér á skíði eftir að skíðasvæðið opnar.



**SPRETTURINN TEKINN** Bæði strákar og stelpur nota frístundarútuna til að æfa frjálsar íþróttir.



**BOLTINN SMASSAÐUR** Fyrir utan hefðbundnari íþróttir er líka hægt að spila borðtennis eða billjarð, eða bara spjalla.

## KLÚBBASTARF SKAGAFJARÐAR

- Klifur
- Fótbolti
- Körfubolti
- Frjálsar íþróttir
- Sund
- Skíði
- Lyftingar
- Box
- Jóga
- Freestyle-dans
- Stuttmyndagerð
- Fréttaklúbbur
- Hljómsveitaræfingar
- Kaffihúsastemning
- Billjard
- Borðtennis
- Píla
- Þythokkí
- Spjall
- Dansleikir



**KÁTT Í RÚTUNNI** Það getur líka verið gaman í rútunni á leið í frístundir, eins og unglingar í Skagafirði hafa kynnst í vetur.




# Brúað bil með frístundastrætó

**Unglingar í Skagafirði fá í vetur afnot af svokölluðum frístundastrætó. Strætóinn er í raun rúta, sem keyrir þá í félagsmiðstöðina á Sauðárkróki á hverjum föstudegi. Þar geta unglingarnir stundað íþróttir og verið í tómstundum á vegum frístundadeildar Skagafjarðar.**

„Það er sameiginleg félagsmiðstöð fyrir allan Skagafjörð - Varmahlíð, Hofsós, Hóla og Sauðárkrók,“ segir Sigurlaug Vordís Eysteinsdóttir, deildarstjóri tómstunda í Skagafirði. „Þetta er svo dreifbýlt svæði. Við höfum verið að vinna í því að brjóta niður múrana á milli sveitarfélaganna, það hefur verið svolítill rígur á milli krakkanna.“ Sigurlaug segir að sá rígur sem hafi verið sé horfinn eftir að krakkarnir fóru að eyða tíma saman.

Tilgangurinn með frístundastrætónum er að auka tækifæri allra barnanna til þess að mynda tengsl og stunda íþróttir og tómstundir. „Það fer rúta á Hofsós og í Varmahlíð og sækir krakkana. Svo er dagskrá hér frá tvö til hálfsjö. Það eru fótbolta-, körfubolta- og frjálsíþróttaæfingar. Svo eru öðruvísi íþróttir af ýmsu tagi og frítt í sund. Í félagsmiðstöðinni er hægt að stunda ýmsar tómstundir en þar eru líka þrír klúbbar, stuttmynda- og fréttaklúbbar og freestylenámskeið. Að lokum er svo hljómsveitaræfing í tónlistarskólanum,“ segir Sigurlaug. Þetta er þó aðeins dagskráin að þessu sinni, en það er mismunandi dagskrá hvern föstudag. Hún segir að bráðlega opni skíðasvæðið og þá fari flestir unglingarnir á skíði eða snjóbretti þar. Þá er frístundastrætóinn einnig notaður til að ferja unglingana frá Varmahlíð, Hofsós, Hólum, Fljótum og Steinstöðum á sameiginlega dansleiki á föstudagskvöldum.

> Við höfum verið að vinna í því að brjóta niður múrana á milli sveitarfélaganna, það hefur verið svolítill rígur á milli krakkanna.
>
> **SIGURLAUG VORDÍS EYSTEINSDÓTTIR**
> DEILDARSTJÓRI TÓMSTUNDA Í SKAGAFIRÐI

Reglur frístundastrætósins eru þær að hver og einn unglingur þarf að skrá sig í eitt námskeið hverju sinni. Námskeiðið er skráð á þar til gert frístundastrætókort, sem er afhent bílstjóra við komuna í bílinn. „Þannig er þetta aðhald fyrir krakkana.“

Að sögn Sigurlaugar hefur þessari tilraun verið vel tekið, en það var starfsfólkið hjá frístundadeild Skagafjarðar sem átti hugmyndina að frístundastrætónum.

thorunn@frettabladid.is



**SKYLDI HANN HITTA?** Körfubolti er vinsæl íþrótt í Skagafirði eins og sést á því að Tindastóll hefur lengi spilað í efstu deild.

# HÁTÍÐ ER Í BÆ

## SAMSUNG ÞÝÐIR SNILLD!



EISA AWARD Best Product 2007-2008
HD-READY LCD-TV
Samsung LE40R81B/86BD

## *Frábær upplifun*

**40" LCD sjónvarpstæki**
Samsung LE40R86WDX

- Digital sjónvarpsmóttakari
- Upplausn: 1366 x 768
- 10 bita litvinnsla
- Skjáform: 16:9 (breiðtjald)
- Svartími: 8 millisekúndur
- Contrast: 8000:1
- Sjónsvið: 178°/178°
- Mynd í mynd (1 tuner)
- 3 HDMI, Component, SCARTx2

HD ready



HD ready

### SAMSUNG YFIRLIT:

| SKJÁSTÆRÐ: | HEITI / NÚMER | LITUR | VERÐ: |
|---|---|---|---|
| 19" | LE19R86WDX | HVÍTT OG SVART | 69.900.- kr |
| 23" | LE23R86WDX | HVÍTT OG SVART | 89.900.- kr |
| 26" | LE26R87BDX | SVART | 114.900.- kr |
| 32" | LE32R86WDX | HVÍTT OG SVART | 139.900.- kr |
| 37" | LE32R87BDX | SVART | 189.900.- kr |
| 40" | LE40R86WDX | HVÍTT OG SVART | 229.900.- kr |

## TOPP GÆÐI Á FRÁBÆRU VERÐI

Leitið nánari upplýsinga hjá sölumönnum.

## ORMSSON

| ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| SÍÐUMÚLA 9 | SMÁRALIND | KEFLAVÍK | MODEL-AKRANESI | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | AKUREYRI | VÍK-EGILSSTÖÐUM | VÍK-NESKAUPSTAÐ | VÍK-REYÐARFIRÐI | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | HÚSAVÍK |
| SÍMI 530 2800 | SÍMI 530 2900 | SÍMI 421 1535 | SÍMI 431 3333 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 471 2038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 474 1477 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 464 1515 |

## Svona erum við

> Siðanefnd blaðamannafélags Ísland




**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

FBL-GREINING: FALL BANDARÍKJADALS

# Fjarar undan heimsgjaldmiðlinum

Gengi Bandaríkjadals gagnvart öðrum gjaldmiðlum, þar á meðal íslensku krónunni, hefur farið lækkandi að undanförnu. Gengi hans hefur aldrei verið eins lágt gagnvart evrunni. Á fundi OPEC, samtaka olíuframleiðsluríkja, í Sádi-Arabíu á dögunum kallaði Mahmoud Ahmadinejad Íransforseti dollarann „verðlausan pappír“, en þar sem olíuviðskipti í heiminum fara að mestu fram í dollurum kemur rýrnandi verðgildi hans illa við olíuframleiðsluríkin. Það kemur reyndar illa við öll þau fjölmörgu ríki heims, sem hafa megnið af gjaldeyrisforða sínum í dollurum.

**Hvað veldur þessum veikleika dollarans?**

Gengi dollarans hefur reyndar verið að falla allt frá því snemma á árinu 2002. Síðan þá hefur það fallið um fjórðung gagnvart öðrum helstu gjaldmiðlum heims. Nú er vandinn sá að gengið hefur fallið hraðar frá því síðla sumars í ár.

Kreppan á húsnæðislánamarkaði í Bandaríkjunum, sem skall á í ágúst, hrelldi erlenda fjárfesta og ýtti þeim til að færa fjárfestingar frá Bandaríkjamarkaði. Því dró úr eftirspurn eftir dollaranum og gengið féll. Stýrivaxtahækkun bandaríska seðlabankans ýtti enn undir flótta erlendra fjárfesta frá dollaranum, þar sem þeir færðu fjárfestingar sínar til landa með hærra vaxtastig.



**Hver er hættan ef þetta heldur áfram?**

Svo lengi sem gengisfallið er hægt og sígandi telja hagfræðingar það ekki mikið áhyggjuefni, þar sem það ýtir undir útflutning frá Bandaríkjunum og dregur úr viðskiptahallanum vestra, sem hefur náð methæðum á síðustu árum. En falli gengið meira en góðu hófi gegnir gæti það ýtt stjórnvöldum í löndum með stóra gjaldeyrisforða í dollurum til að skipta úr dollaranum í aðra og stöðugri „harða“ gjaldmiðla svo sem evruna. Nefna má að Kína á dollaraforða upp á 1.430 milljarða. Slíkur stórflótti frá dollaranum gæti valdið hruni á bandaríska verðbréfamarkaðinum og keyrt vaxtastig þar upp, þegar eftirspurn eftir bandarískum skuldabréfum hrynur. Slík atburðarás gæti valdið efnahagskreppu vestra, með ófyrirséðum afleiðingum fyrir efnahagskerfi heimsins.

## SPURT & SVARAÐ

**KÖNGULÓATEGUNDUM FJÖLGAR Í EVRÓPU**

### *Áberandi innan tíu ára*

Hlýnandi loftslag hefur haft þau áhrif í öðrum löndum Evrópu að nýjum köngulóategundum snarfjölgar þar. Erling Ólafsson er skordýrafræðingur.



**ERLING ÓLAFSSON** Skordýrafræðingur.

**Hversu raunverulegar líkur eru á að þessi þróun verði hér á landi?**
Við þurfum að bíða eftir mun hlýnandi loftslagi og það dálítið mikið lengur. Við erum að tala um að þetta sé að gerast suður við Miðjarðarhaf. Það er heldur ekki mikið þótt tegundum fjölgi um tvær til fjórar á ári.

**Hvar gerist þetta helst?**
Auðvitað gerist þetta fyrst þar sem hlýjast er. Hættulegu tegundir eru langflestar hitabeltistegundir af suðlægari slóðum. Hins vegar erum við að fá nýjar tegundir en þær eru ekki hættulegar.

**Hversu hratt nema þær land?**
Þegar kvikindin ná að berast og aðstæðurnar henta þá geta þær verið ansi fljótar að hreiðra um sig. Innan tíu ára geta þær verið orðnar virkilega áberandi.


Hringdu í síma
512 50 60


ef blaðið berst ekki


# HIV-smituðum fer fækkandi

**Fjöldi þess fólks sem talið er smitað af HIV-veirunni í heiminum féll úr nærri 40 milljónum í fyrra í 33,2 milljónir á þessu ári, að því er fulltrúar Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar, WHO, greina frá.**




**HLAUPIÐ GEGN HIV** Starfsmenn Rauða krossins hlaupa í þágu baráttunnar gegn HIV í Beirút-maraþoninu í Líbanon á sunnudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þetta hljómar eins og mikill árangur hafi náðst í baráttunni gegn frekari útbreiðslu sjúkdómsins, en þegar nánar er að gáð eru framfarirnar nær einvörðungu á pappírnum.

**Fyrri tölur ýktar**

Fyrra mat á fjölda smitaðra var að mestu ýkt frá þeim tölum sem hægt var að fá staðfestar. Hinar nýju tölur Eyðnideildar WHO byggjast á nýrri aðferðafræði. Þær sýna þó að hægt hefur á útbreiðslu sjúkdómsins.

„Í fyrsta sinn sjáum við fækkun eyðnidauðsfalla í heiminum,“ hefur AP eftir Kevin De Cock, yfirmanni Eyðnideildar WHO.

Árleg skýrsla WHO og eyðnistofnunar SÞ, UNAIDS, var birt í gær, miðvikudag, í kjölfar þess að hafa stefnt saman sérfræðingum frá öllum heimshornum á ráðstefnu í Genf til að leggja mat á þær aðferðir sem beitt er til að finna út úr því hve margir eru smitaðir.

Stærsti hluti samdráttarins í heildarfjölda smitaðra er vegna endurskoðaðra talna frá Indlandi. Fyrr á þessu ári var áætlaður fjöldi smitaðra Indverja lækkaður um helming, úr um sex milljónum í um þrjár. Afganginn af samdrættinum er að rekja til nýrra talna frá ýmsum löndum Afríku sunnan Sahara.

Fulltrúar SÞ gátu ekki útilokað að áætlaður fjöldi HIV-smitaðra yrði lækkaður enn frekar. Í nýju skýrslunni segja þeir að á þessu ári hafi um tvær og hálf milljón manna smitast af HIV. Fyrir fáeinum árum var sjá fjöldi áætlaður um fimm milljónir.

**Gallaðar viðmiðunarupplýsingar**

Fyrri áætlunartölur voru að miklu leyti byggðar á upplýsingum um fjölda smitaðra barnshafandi kvenna og frá fæðingardeildum sjúkrahúsa, svo og á hlutfalli vissra áhættuhópa svo sem fíkniefnaneytenda af heildaríbúafjölda í hverju landi. Nú segja fulltrúar WHO að þessar tölur hafi verið gallaðar og nú séu fleiri viðmiðunartölur teknar inn í útreikningana, svo sem úr landskönnunum á samsetningu heimila. Fulltrúar WHO benda jafnframt á að þótt heildarfjöldi smitaðra í heiminum sé að dragast saman sé gríðarlegur munur á milli heimshluta. Löndin sunnan Sahara eru eftir sem áður það svæði þar sem eyðnifaraldurinn veldur mestu tjóni. Eyðni er þar algengasta dánarorsökin, bæði meðal karla, kvenna og barna. Annars staðar í heiminum takmarkast smit að mestu við samkynhneigða karlmenn, sprautufíkla og fólk sem stundar vændi.

**Hámarki náð fyrir áratug**

Að sögn fulltrúa SÞ-stofnananna er framfara þó farið að gæta. Heimsútbreiðsla sjúkdómsins hafi náð hámarki seint á tíunda áratugnum. „Það eru nokkur atriði í nýju tölunum sem gefa ástæðu til bjartsýni,“ segir De Cock. Hinar fallandi tölur yfir heildarfjölda smitaðra og fjölda nýsmitaðra bæru því vitni að sumar af aðgerðum SÞ í baráttunni við sjúkdóminn séu að skila árangri.

Þessu eru ekki allir sammála. Sumir gagnrýnendur hafa sakað SÞ-stofnanirnar um að blása upp tölur sínar um fjölda smitaðra og að hinar endurskoðuðu tölur hefðu löngu átt að vera komnar fram. „Þeir voru loks staðnir að verki með buxurnar á hælunum,“ segir Jim Chin, prófessor í faraldursfræði við Kaliforníuháskóla í Berkeley. Chin er fyrrverandi embættismaður hjá WHO og höfundur bókarinnar „Alnæmisfaraldurinn: Árekstur faraldursfræðinnar og pólitískrar rétthugsunar“. Chin segir að erfitt sé að meta hvort hinar fallandi tölur yfir smitaða væru vitnisburður um að meðferð við sjúkdómnum og forvarnir væru að skila árangri, eða hvort lækkunina væri eingöngu að rekja til eðlilegrar leiðréttingar á áður uppblásnum tölum.

**Spurning um fjárveitingar**

Diane Halperin, alnæmis-faraldursfræðingur við Harvard School of Public Health, segir að jafnvel hinar endurskoðuðu tölur séu sennilega „í hærri kantinum“. Hún tók þátt í sérfræðingaráðstefnu WHO/UNAIDS í Genf í síðustu viku þar sem farið var yfir matsaðferðirnar og segir að nýja matið sé að færast mun nær sannanlega réttum tölum.

En þar sem háar tölur í lýðheilsumálum þýða meiri fjárveitingar kunna fulltrúar SÞ-stofnananna að vera hikandi við að viðurkenna að vandinn hafi verið ofmetinn, þar sem það myndi þýða að minna fé yrði varið til starfa þeirra.

Aðrir sérfræðingar segja að jafnvel með hinu lækkaða mati sé alnæmisvandinn gríðarlegur og hann kalli á mun meiri aðgerðir til að unnt verði að ráða niðurlögum hans. „Við erum enn að bregðast í viðbrögðum okkar við vandanum,“ segir Paul Zeitz, framkvæmdastjóri Global AIDS Alliance, óháðum hjálparsamtökum sem helga sig baráttunni gegn alnæmisvandanum. „Heildarútbreiðsla HIV-smits kann að hafa náð jafnvægi, en við horfum upp á milljónir nýrra smittilfella og það er ekki kominn tími til að slá slöku við í þessari baráttu.“

### Áætlaður fjöldi HIV-smitaðra lækkar í 33 milljónir

**Sameinuðu þjóðirnar hafa lækkað mat sitt á fjölda þeirra sem smitaðir eru af HIV-veirunni úr nærri 40 milljónum niður í 33 milljónir. En minnst 6.800 ný smittilfelli greinast á degi hverjum og 5.700 manns deyja úr eyðni daglega.**

| | | |
|---|---|---|
| ▲ Fólk smitað af HIV 2007 | 33,2 millj. | (30,6-36,1 millj.) |
| ■ Ný HIV-smittilfelli 2007 | 2,5 millj. | (1,8-4,1 millj.) |
| ● Dauðsföll úr eyðni 2007 | 2,1 millj. | (1,9-2,4 millj.) |




Heimildir: UNAIDS, WHO (Tölur í svigum eru vikmörk mats SÞ) © GRAPHIC NEWS




FRÉTTASKÝRING
AUÐUNN ARNÓRSSON
audunn@frettabladid.is

# DRAUMATÆKIÐ




PIXEL PLUS 2 HD

## TRYGGIR YFIRBURÐA MYNDGÆÐI

PIXEL PLUS MYNDTÆKNIN EYKUR LÍNUFJÖLDA OG SKERPU

**TÆKIÐ FÆST Í TVEIMUR ÚTFÆRSLUM**

**32" LCD**
**PHILIPS 32PFL7762D**

**TILBOÐ**
**139.995**
FULLT VERÐ **169.995**

**42" LCD**
**PHILIPS 42PFL7762D**

**TILBOÐ**
**239.995**
FULLT VERÐ **269.995**

Incredible Surround

## PHILIPS 7762D

PIXEL PLUS 2 HD

**HÁGÆÐA MYNDGÆÐI**
**Pixel Plus 2 HD** myndleiðréttingarbúnaður sem bætir myndina og gerir hana framúrskarandi skýra hvort sem um er að ræða hefðbundndar útsendingar eða myndir í háskerpugæðum.

Digital Natural Motion

**Digital Natural Motion** sem tryggir að hröðustu hreyfingar verða mjúkar og fínar.

BBE Digital

**SPENNANDI HLJÓMGÆÐI**
**BBE Digital** hljóðkerfi með 7 banda tónjafnara, innbyggðum bassahátalara og incredible surround.

HDMI

**NOTALEG ÞÆGINDI**
Snúningsstandur, innbyggður stafrænn móttakari og miklir tengimöguleikar, m.a. 3x HDMI tengi tryggja fullkomin þægindi.

VIÐ SUÐURLANDSBRAUT 26




**REYKJAVÍK**
SUÐURLANDSBRAUT 26
SÍMI 569 1500

**AKUREYRI**
GLERÁRGÖTU 36
460 3380

**HÚSAVÍK**
GARÐARSBRAUT 18A
464 1600

**SELFOSS**
EYRARVEGI 21
480 3700

**Heimilistæki**

ht.is

**Kjarni málsins**

>Skólasókn eftir kyni og aldri árið 2006.




# menntun

*nám, fróðleikur og vísindi*

**FRÆÐIMAÐURINN:** HALLA HELGADÓTTIR SÁLFRÆÐINGUR

## *Lengi verið með heilann á heilanum*



Halla Helgadóttir er sálfræðingur hjá Mentis Cura og vinnur að rannsóknum tengdum heilanum, þar sem rannsóknirnar beinast að ofvirkni og athyglisbresti annars vegar og Alzheimers hins vegar.

„Það sem við höfum áhuga á að skoða hér hjá Mentis Cura eru sjúkdómar sem eru greindir með sálfræðilegu mati en hafa lífeðlisfræðilegan bakgrunn. Við erum semsagt að þróa greiningaraðferðir sem byggja á lífeðlisfræði,“ segir Halla. Ég hef aðallega verið að rannsaka heilarit barna sem greind hafa verið með ofvirkni og athyglisbrest og borið þau saman við heilarit heilbrigðra barna.“

Halla segir að það hafi verið fyrir tilstuðlan föður hennar, sem var læknir, að hún fékk heilann á heilann, ef svo má að orði komast.

„Pabbi sagði mér frá heilanum þegar ég var lítil, til dæmis hvernig slæmt höfuðhögg getur haft í för með sér persónuleikabreytingar og þess háttar. Síðan þá hef ég alltaf verið heilluð af líffræðilegu hlið sálfræðinnar og lagði áherslu á líffræði og taugasálfræði í náminu.“

Halla útskrifaðist með meistaragráðu í sálfræði frá háskólanum í Trier í Þýskalandi árið 2006. „Lokaritgerðin fjallaði um áhrif svefns á minni. Ég hef lengi haft áhuga á svefnrannsóknum því við þekkjum ekki tilgang svefns til fulls enn þá. Niðurstöðurnar í þeirri rannsókn voru einmitt að svefn hefur áhrif á ákveðnar tegundir af minni, þá sérstaklega djúpsvefn.“ Góður svefn er því væntanlega gulls ígildi fyrir þá sem vilja halda minninu í góðu lagi.

**Háskóli Íslands**

## Háskólatorg opnað

Haldið verður upp á opnun Háskólatorgs 1. desember næstkomandi milli klukkan 17 og 19 með hátíð á Háskólatorgi, við hliðina á aðalbyggingu Háskóla Íslands. Háskólatorg Háskóla Íslands er samheiti tveggja bygginga á háskólasvæðinu sem verða alls um 8.500 fermetrar að stærð með tengibyggingum. Ætlað er að Háskólatorg hýsi á þriðja hundrað starfsmenn og um 1.500 stúdenta á hverjum tíma, auk gesta. Byggingaframkvæmdir hófust vorið 2006.



**Fyrirlestur**

## Konur, heimspeki og þrá

„Konur, heimspeki og þrá. Hugleiðingar um kennslufræði heimspekinnar“, er heiti fyrirlesturs sem Ulrika Björk heldur á morgun klukkan 12.05 í stofu 111 í aðalbyggingu Háskóla Íslands. Fyrirlesturinn er á vegum Heimspekistofnunar og verður hann fluttur á ensku.

Viðfangsefnið er samband kvenna við heimspeki og merkingu hins erótíska í kennslufræði heimspekinnar að því er kemur fram í tilkynningu um fyrirlesturinn. Ulrika Björk er að ljúka við doktorsritgerðina „Poetics of subjectivity. The meaning and function of literature in the philosophy of Simone de Beauvoir“ við Helsinkiháskóla í Finnlandi.

**Kennaraháskóli Íslands**

## Samstarf við leikskóla

Leikskólinn Mánabrekka á Seltjarnarnesi hefur verið valinn heimaskóli Kennaraháskóla Íslands og var samningur þess efnis til þriggja ára undirritaður 8. nóvember. Samningurinn felur meðal annars í sér að Mánabrekka veitir allt að tveimur nemum Kennaraháskóla Íslands aðgang að leikskólanum til að vinna þar verkefni sem tengjast vettvangi. Er vonast til að hægt verði að þróa samstarfið frekar til dæmis um kennslu faggreina, samstarf um þróunarverkefni eða rannsóknir. Er þetta samstarf sagt fyrsta skrefið í að þróa frekari tengsl Kennaraháskólans og grunn- og leikskóla hér á landi.



# Öðruvísi grunnskólanám í fjölnámsdeildum

**Í Lækjarskóla í Hafnarfirði er starfrækt svokölluð fjölnámsdeild. Þar er námsframboð frábrugðið því sem venja er í grunnskólum, en þar er meiri áhersla á verklegt nám og aðstoð í bóklegu námi meiri en gengur og gerist.**

„Í fjölnáminu eru níundu og tíundu bekkingar og svo er líka framhaldsbraut í samvinnu við Flensborgarskólann og Iðnskólann í Hafnarfirði,“ segir Kristín María Indriðadóttir, deildarstjóri fjölnámsdeildarinnar. „Þetta er önnur nálgun á aðalnámskrána heldur en í venjulegum grunnskóla. Við erum meira með verklegt nám og minna með bóklegt nám, en nemendur fá mikla aðstoð í bóklega náminu.“

Nemendurnir sem stunda nám í fjölnámsdeildinni eru flestir lesblindir eða eiga við aðra námsörðugleika að stríða. „Þau sem hér eru þurfa mikla aðstoð og meiri athygli og skilning en hægt er að veita þeim í venjulegu grunnskólunum.“



**KÁTIR HAFNFIRSKIR KRAKKAR** Nemendur úr öllum grunnskólum Hafnarfjarðar geta stundað nám í fjölnámsdeildinni í Lækjarskóla.

Fjölgreinanámið hófst í Lækjarskóla fyrir rúmum þremur árum. Þá stunduðu þrír nemendur nám þar, en nú eru nemendurnir tæplega fjörutíu. „Við getum tekið mun færri inn en sækja um,“ segir Kristín. Námið er eins einstaklingsmiðað og hægt er, enda nemendurnir á mjög misjöfnum stað í náminu. Til þess að geta sinnt þörfum hvers og eins fara nemendurnir í könnun í íslensku, ensku og stærðfræði á haustin. Þá fara allir nemendur í viðtöl með kennurum þar sem farið er yfir styrkleika þeirra, hvar þau þurfa aðstoð, hvernig þeim finnst best að læra og hver áhugasvið þeirra eru. Út frá þessu eru búnar til einstaklingsnámskrár fyrir hvern og einn nemanda.

„Svo reynum við að hafa námið þematengt. Núna er þemað til dæmis tónlist, þá er hægt að búa til hljóðfæri í smíði og svo er tónlistin tengd við allt sem við gerum.“ Auk þess er reynt að fara oft í ferðir með nemendur. „Við umbunum þeim fyrir vinnuna, þau velja sér ferðir og svo reynum við að tengja þær náminu líka.

Þetta er þjónustan sem þau þurfa. Það skiptir máli að hlusta á það sem þau vilja og þurfa. Hér eru kennarar og starfsfólk, enda gengi þetta ekki öðruvísi. Svo er það auðvitað Hafnarfjarðarbær sem gerir okkur kleift að halda þessu úti.“

Nemendur úr öllum grunnskólum Hafnarfjarðar stunda nám í fjölnámsdeildinni. „Það er ekkert auðvelt fyrir unglinga að fara úr sínu félagslega umhverfi og hingað inn, þó að þjónustan hér henti þeim betur. Þau eiga heiður skilinn fyrir það og standa sig ofsalega vel hérna,“ segir Kristín. Sumir nemendurnir halda þó áfram í sínum gömlu skólum að einhverju leyti.

Framhaldsnámið í deildinni er fjögurra ára tilraunaverkefni sem hófst í fyrra. Kristín segir það strax hafa gefist vel. „Þau eru skráð í Flensborg eða Iðnskólann og félagslega geta þau verið þar. Svo fá þau námið hérna hjá okkur. Þau fá þá aðstoð sem þau þurfa til að komast upp í einingabært nám og fara út í framhaldsskólana.“

Fjölnámsdeildin í Lækjarskóla var sú fyrsta sinnar tegundar en í haust var tekin í notkun svipuð deild við Nesskóla í Neskaupstað.

thorunn@frettabladid.is

„Ég svaf hjá í Central Park.“

Þannig byrjar Elísabet Jökulsdóttir frásögnina af sambandi sínu við Algea, mann sem hún kynntist á ferðalagi í New York. Hann er bandarískur, hún íslensk; hann er hattagerðarmaður og trommuleikari, hún er skáld; hann er stórborgarbúi, hún er náttúrubarn; hann er svartur og hún hvít.

HEILRÆÐI LÁSASMIÐSINS er einstök bók, skrifuð af einlægni og stílsnilld, brennandi löngun til að segja sögu – og ást.






JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

# STÓR ÚTSALA Á UPPÍTÖKUBÍLUM

**Frábær afsláttur! Frábært verð!**

**ATH! Fyrsta afborgun 5. mars. 2008**

**ATH!**

**Kr. 50.000 til 100.000 gjafakort frá Smáralind fylgir öllum bílum.**

**100% lán í allt að 84 mánuði**

**Gott úrval á staðnum - Dæmi um bíla á útsölu:**

Verð áður kr. 2.800 þús.

**Útsöluverð kr. 2.150 þús.**




**Hyundai SantaFe, árg 2006 ek. 60 þús - sjsk.**

**Ekkert út og 31.500 á mánuði. Fyrsta afborgun 5. mars 2008.***




Verð áður kr. 1.680 þús.

**Útsöluverð kr. 1.370 þús.**




**Hyundai Trajet, árg 2004 ek. 57 þús - sjsk.**

**Ekkert út og 19.980 á mánuði. Fyrsta afborgun 5. mars 2008.***




Verð áður kr. 2.450 þús.

**Útsöluverð kr. 2.070 þús.**




**Renault Laguna II, árg 2006 ek. 15 þús - sjsk.**

**Ekkert út og 29.900 á mánuði. Fyrsta afborgun 5. mars 2008.***




Verð áður kr. 1.280 þús.

**Útsöluverð kr. 1.060 þús.**




**Renault Megane II, árg 2003 ek. 57 þús - bsk.**

**Ekkert út og 17.600 á mánuði. Fyrsta afborgun 5. mars 2008.***




*Bílasamningur m.v. 100% lán og mánaðarlegar greiðslur í allt að 84 mánuði, sem eru háðar breytilegum vöxtum og gengi erlendra mynta. Gengiskarfa 50% JPY / 50% CHF.

**Með hverjum útsölubíl fylgir gjafakort í Smáralind.**
**Bílar yfir 1 milljón = 100.000 kr. gjafakort**
**Bílar undir 1 milljón = 50.000 kr. gjafakort**

Smáralind




**Opið virka daga frá kl. 09 til 18 og á laugardögum frá kl. 12 til 16.**

bílaland B&L notaðir bílar

**bilaland.is**

**Grjóthálsi 1 - 575 1200**

## Útgjöldin

> Hlutfallslegt verðlag árið 2006




Vísitalan sýnir hve margar evrur þarf til að kaupa sömu vöru í ólíkum löndum. Meðaltal Evrópulanda er 100. Þannig er brauð 88 prósentum dýrara hér en að meðaltali í Evrópu.

HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

**neytendur**
*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** GERÐUR KRISTNÝ GUÐJÓNSDÓTTIR RITHÖFUNDUR

## *Eitruð epli og kvöldstund í Síam*



Mér koma fyrst í hug tvær Apple-tölvur sem ég átti og voru alltaf að bila," segir Gerður Kristný rithöfundur, innt eftir hennar verstu kaupum. „Þetta reyndust vera eitruð epli. Sú fyrri var fartölva sem ég keypti árið 1996. Langlundargeð mitt hefur greinilega verið öflugt á þessum tíma því ég þurfti iðulega að fara með hana í viðgerð. Eftir að fartölvan gafst endanlega upp keypti ég borðtölvu af gerðinni Apple Indigo. Sú dugði í eitt ár. Ég man að þeim í tölvubúðinni þótti það býsna góð ráðgjöf þegar þeir lögðu til að ég henti tölvunni og keypti nýja hjá þeim í staðinn. Síðustu þrjú ár hef ég átt PC-tölvu og það hefur gengið stóráfallalaust fyrir sig."

Sem bestu kaupin segir Gerður Kristný ýmislegt koma til greina. „Ég á það til að vera afskaplega nýtin og get sem dæmi nefnt að ég nota enn ullarsokka sem ég keypti mér þegar ég var 16 ára! En ætli ég hafi ekki gert bestu kaupin þegar ég var að sverma fyrir honum Kristjáni mínum. Á þeim tíma var Kristján fátækur háskólanemi og ég bauð honum stundum út að borða. Þetta var áður en ég vandist á að nota VISA-kort og gekk því um með seðla í rassvasanum. Eitt kvöldið bauð ég honum á veitingahúsið Síam sem var við Skólavörðustíg. Ég held að það hafi gert útslagið þegar reikningurinn kom og ég dró seðlabúntið úr rassvasanum. Eftir þá máltíð varð ekki aftur snúið. Ég geymi enn reikninginn til minningar um þetta dýrðarinnar kvöld."

## GÓÐ HÚSRÁÐ

### FELLUR Á SILFUR

■ *Guðrún Katrín Bryndísardóttir, útgáfu- og kynningarstjóri VM, gefur ráð hvernig bregðast megi við þegar fallið hefur á silfur.*



„Þegar fellur á silfur þá veit ég um eitt gott húsráð. Gripina má setja í pott með köldu vatni, einni teskeið af matarsóda og bút af álpappír og svo er vatnið hitað að suðu," segir Guðrún Katrín Bryndísardóttir. „Þegar vatnið er orðið nógu heitt slekkur maður undir pottinum og bíður eftir að það kólni. Þegar það er búið þá er allt þetta svarta komið á álpappírinn," segir Guðrún Katrín og kveðst hafa prófað þetta. Hún hafi sett góðan ferning af álpappír í vatnið og ráðið hafi virkað!

■ **Forvarnir**

## Forvarnadagurinn í gær

Forvarnadagur var haldinn í öllum grunnskólum landsins í gær að því er fram kemur á vef umboðsmanns barna. Börnum og unglingum voru kynnt nokkur heillaráð til að forða þeim frá fíkniefnum. Heillaráðin byggjast á niðurstöðum íslenskra vísindamanna sem hafa um árabil rannsakað áhættuhegðun ungmenna og hafa vakið alþjóðlega eftirtekt. Benda niðurstöðurnar til að unglingar sem verja í það minnsta klukkustund á dag með fjölskyldum sínum séu síður líklegir til að hefja neyslu fíkniefna. Einnig að ungmenni sem stunda íþróttir og annað skipulagt æskulýðsstarf falla mun síður fyrir fíkniefnum. Og því lengur sem ungmenni bíða með að hefja áfengisneyslu, þeim mun ólíklegra er að þau verði fíkniefnum að bráð.

■ **Eldsneytisverð**

## Verðhækkun á olíu og bensíni

Stóru olíufélögin þrjú hækkuðu bensín um eina krónu og dísilolíu um tvær krónur á þriðjudaginn. Kostar dísilolíulítrinn með þjónustu nú 139,9 krónur og bensínlítrinn með þjónustu 136,7 krónur að því er kemur fram á vef Félags íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB). Dísilolían hefur aldrei verið jafn dýr á Íslandi og er fyrir ein sú aldýrasta í heiminum. Telur FÍB fréttir af verðþróun á erlendum mörkuðum ekki auka á bjartsýni um verðlækkun á næstunni heldur sé frekar von á verðhækkun. FÍB hefur áður óskað eftir því að stjórnvöld dragi úr skattheimtu á bensín og dísilolíu til notkunar á bifreiðar þegar heimsmarkaðsverð á eldsneyti rýkur upp og kallar nú eftir viðbrögðum stjórnvalda.



■ **Vottun**

## Sala og vinnsla á grænmetisafurðum

Vottunarstofan Tún hefur veitt Hagkaupum vottun hvað varðar sölu og vinnslu á grænmetisafurðum samkvæmt alþjóðlegum reglum um meðferð lífrænna vara samkvæmt fréttatilkynningu frá Hagkaupum. Vottunin nær til pasta- og tómatafurða og munu þær tegundir framvegis bera vottunarmerki Túns.



■ **Markaðssetning**

## Mörk við markaðssókn beint að börnum

Umboðsmaður barna og talsmaður neytenda vinna að því að ná samkomulagi við hagsmunasamtök atvinnurekenda og fleiri um frekari mörk við markaðssókn sem beinist að börnum. Óholl matvara er meðal þess sem samkomulagið mun snúast um. Meðal þeirra sem rætt hefur verið við eru Samband íslenskra auglýsingastofa (SÍA), Samtök fjármálafyrirtækja (SFF), Samtök iðnaðarins (SI), Samtök verslunar og þjónustu (SVÞ), Viðskiptaráð Íslands (VÍ), Ríkisútvarpið ohf., 365 og Skjár Einn.

■ **Internetið**

## Hjálparvefur um netnotkun opnaður

Hjálparvefur um netnotkun, www.netsvar.is, verður opnaður í dag. Er hlutverk hans að efla vitund almennings um öryggi í netnotkun og stuðla að jákvæðri og ánægjulegri netnotkun að því er kemur fram í fréttatilkynningu. Almenningi gefst kostur á að senda inn fyrirspurnir um hvað eina sem tengist öryggi í netnotkun og fá svör frá sérfræðingum. Efnisflokkun er á vefnum og eru þar miklar og aðgengilegar upplýsingar sem stöðugt verður bætt við. Vefurinn er samstarfsverkefni Saft verkefnisins hjá Heimili og skóla, Póst- og fjarskiptastofnunar og Barnaheilla.



■ **Verslun**

## Kauptu ekkert-dagurinn

Víða um heim verður haldið upp á „Kauptu ekkert-daginn" á morgun eða „Buy nothing day". Er um að ræða dag óformlegra mótmæla gegn neyslumenningu sem listamaðurinn Ted Dave átti upptökin að árið 1992 í Vancouver í Kanada að því er kemur fram á wikipedia.org. Í september það ár skipulagði Dave dag fyrir fólk til að velta fyrir sér ofurneyslunni sem einkenndi samfélagið. Árið 1997 var dagurinn síðan færður til föstudagsins eftir þakkargjörðarhátíðina í Bandaríkjunum sem er einn af tíu annasömustu verslunardögum í landinu. Í öðrum löndum er „Kauptu ekkert-dagurinn" haldinn degi síðar, á laugardegi. Haldið er upp á daginn í yfir 65 löndum.

# Dýrasta pillan fjórðungi dýrari en sú ódýrasta

**Allt að 25 prósent verðmunur er á þriggja mánaða skammti af getnaðarvarnarpillunni Microgyn, eftir því við hvaða lyfjabúð á höfuðborgarsvæðinu er skipt. Verðið var lægst í Rimaapóteki við Langarima í Reykjavík, en dýrastur var skammturinn í Árbæjarapóteki við Hraunbæ í Reykjavík.**



**Í APÓTEKINU** Árskammtur af Microgyn getur kostað allt frá 4.516 krónum upp í 5.648 krónur eftir því við hvaða lyfjabúð er skipt.

Microgyn er nokkuð algeng getnaðarvarnapilla fyrir konur. Hver pakkning af Microgyn endist í þrjá mánuði og þarf því að fara fjórum sinnum á ári í apótek til þess að birgðir endist út árið.

Meðalverð á Microgyn í ellefu apótekum á höfuðborgarsvæðinu í gær reyndist vera 1.286 krónur. Árskostnaður að meðaltali er samkvæmt því 5.143 krónur.

Munurinn á hæsta og lægsta verðinu var 283 krónur, og er Microgyn í Árbæjarapóteki því 25,1 prósenti dýrara en í Rimaapóteki. Í fjórum apótekum reyndist þriggja mánaða skammtur að minnsta kosti 20 prósentum dýrari en í Rimaapóteki. Þau apótek voru auk Árbæjarapóteks; Laugarnesapótek í Kirkjuteigi, Lyf og heilsa á Hringbraut og Lyfjaval í Hæðasmára í Kópavogi. Þá var lyfið um sextán til átján prósentum dýrara í Lyfju á Laugavegi og í Apótekaranum í Nóatúni.

Þau fimm apótek sem reyndust ódýrust voru, auk Rimaapóteks; Skipholtsapótek í Skipholti, Garðsapótek á Sogavegi, Lyfjaver á Suðurlandsbraut og Apótekið í Skeifunni.

Ekki er um tæmandi upptalningu á apótekum að ræða, en hringt var í apótekin í gær og spurt um verð, miðað við að kaupandi væri ekki öryrki eða með önnur afsláttarkort. Í öllum tilfellum er því um fullt verð að ræða. svanborg@frettabladid.is

**MICROGYN, ÞRIGGJA MÁNAÐA SKAMMTUR**

| Apótek | Verð | Árskostnaður | Dýrara en lægsta verð |
|---|---|---|---|
| Rima Apótek, Langarima | 1.129 kr. | 4.516 kr. | 0,0% |
| Skipholtsapótek | 1.149 kr. | 4.596 kr. | 1,8% |
| Garðsapótek, Sogavegi | 1.213 kr. | 4.852 kr. | 7,7% |
| Lyfjaver, Suðurlandsbraut | 1.243 kr. | 4.972 kr. | 10,1% |
| Apótekið, Skeifunni | 1.270 kr. | 5.080 kr. | 12,5% |
| Apótekarinn, Nóatúni | 1.304 kr. | 5.216 kr. | 15,5% |
| Lyfja, Laugavegi | 1.327 kr. | 5.308 kr. | 17,5% |
| Lyfjaval, Hæðasmára Kóp. | 1.363 kr. | 5.452 kr. | 20,7% |
| Lyf og heilsa, Hringbraut | 1.364 kr. | 5.456 kr. | 20,8% |
| Laugarnesapótek, Kirkjuteigi | 1.369 kr. | 5.476 kr. | 21,3% |
| Árbæjarapótek, Hraunbæ | 1.412 kr. | 5.648 kr. | 25,1% |
| Meðalverð | 1.286 kr. | 5.143 kr. | 13,9% |

**MATUR & NÆRING** BALDUR VALGARÐSSON MATVÆLAFRÆÐINGUR

## Jólahlaðborð – örugg matvæli



Hvert mannsbarn þekkir þjóðvísuna *Það á að gefa börnum brauð*. Ósjálfrátt kemur hún upp í hugann nú þegar árstíð jólahlaðborða er gengin í garð og full ástæða er til að minna á rétta meðhöndlun matvæla.

Við undirbúning jólahlaðborða, eins og við alla matvælaframleiðslu, er að mörgu að hyggja. Maturinn þarf ekki aðeins að bera öll sín einkenni; bragð, lykt, áferð og útlit, heldur líka að vera öruggur til neyslu. Bragð og lykt af mat eru oft nátengd jólunum í huga fólks. Áferð og útlit matar hafa í þessu tilliti ef til vill minni tengsl við jólin hjá fólki. En svo er þetta með öryggið. Hvað er eiginlega átt við með öruggum matvælum? Jú, við erum að tala um það að fullkomið jólahlaðborð, hamingja og gleði gesta endi ekki með magaverk eða einhverju enn verra. Það þarf nefnilega ekki nema ein mistök í eldhúsinu til að valda matarsýkingu. Þess vegna er svo mikilvægt fyrir stjórnendur matvælafyrirtækja að leggja áherslu á þjálfun og fræðslu starfsfólks um rétta meðhöndlun matvæla og hafa starfsumhverfið þannig að öryggið sé í fyrirrúmi. Eftirtalin atriði eru þau sem skipta mestu máli við að tryggja örugg matvæli:



**Krossmengun** er ein algengasta orsök matarsýkinga. Hún verður þegar hættulegar örverur „fá far" frá matvælum á önnur matvæli, yfirborðsfleti, hendur eða búnað. Þessar hættulegu örverur koma oft af hráu kjöti, fiski og grænmeti. Það er því sérstaklega mikilvægt að vanda meðhöndlun þessara matvæla. Örverur geta líka komið frá starfsfólki, meindýrum, búnaði, áhöldum og fatnaði. Ekki má heldur gleyma að verja eða hylja matvæli til að koma í veg fyrir mengun vegna aðskotahluta, svo sem glerbrota eða vegna efnavöru eins og hreinsiefna.

**Hreinlæti** er mikilvægt, bæði persónulegt hreinlæti starfsfólks og hreinlæti í starfsumhverfi matvælafyrirtækja. Gott hreinlæti er algjörlega nauðsynlegt til að losna við hættulegar örverur og til að leyfa þeim ekki að „fá far".

**Kæling** matvæla hjálpar til við að halda örverum í skefjum, þannig að þær fjölgi sér ekki. Hráum og fullelduðum matvælum, eftirréttum og matvælum sem merkt eru „Kælivara, 0-4°C," þarf að halda köldum svo þau séu örugg.

**Hitun** getur drepið hættulegar örverur. Matvæli þurfa að ná meira en 75°C hita við eldun til að vera örugg. Ef þarf að halda þeim heitum þarf hitinn að haldast yfir 60°C. Mjög mikilvægt er að vanda meðhöndlun tilbúinna matvæla, þar sem þau verða ekki hituð eða elduð áður en þeirra er neytt. mni.is

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
6.783 **+2,46%**

**Fjöldi viðskipta:** 693
**Velta:** 7.305 milljónir

MESTA HÆKKUN

MESTA LÆKKUN

| | |
|---|---|
| **CENTURY ALUMINUM** | 5,3% |
| **SPRON** | 5,0% |
| **EXISTA** | 5,9% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 10,12 -0,2% ... Bakkavör 56,50 -2,59% ... Eimskipafélagið 36,25 -0,96% ... Exista 26,00 -4,59% ... FL Group 21,10 -4,53% ... Glitnir 24,50 -1,8% ... Icelandair 25,60 0,00% ... Kaupþing 899,00 -1,64% ... Landsbankinn 36,55 -3,56% ... Straumur-Burðarás 15,65 -2,19% ... Össur 97,50 0,00% ... Teymi 6,21 -1,27%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*

### Óheppileg tengsl

Stýrihópur vegna málefna Orkuveitu Reykjavíkur ákvað fyrir tveimur vikum samfara ógildingu samruna Geysis Green Energy og Reykjavík Energy Invest að gerð yrði stjórnsýsluúttekt á Orkuveitunni. Samþykkt var að Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar tæki það verkefni að sér. Það vill til að Björn Ingi Hrafnsson og Hallur Símonarson, sviðsstjóri Innri endurskoðunar, eru náfrændur. Svo tengdir eru þeir að Björn Ingi vék af fundi borgarráðs á sínum tíma þegar Hallur var ráðinn. En nú á Hallur að taka út stjórnsýslu Orkuveitunnar í ljósi REI-málsins og þar á meðal þátt Björns Inga Hrafnssonar frænda síns. Finnst mörgum það vera óheppilegt í ljósi tengslanna þó ekki sé hallað á heiðarleika Halls.



### Lokað í hádeginu

Icelandic Group hefur átt undir högg að sækja á hlutabréfamarkaði, en félagið er skráð í Kauphöll Íslands. Stjórnendur eru þó að taka til í rekstrinum og straumlínulaga markmiðin. Hins vegar virðast allir taka sér gott hádegishlé. Þegar hringt er í Icelandic Group milli klukkan tólf og eitt á daginn svarar símsvari sem segir skiptiborð lokað í hádeginu. Margir héldu að það væri liðin tíð að fyrirtæki lokuðu í hádeginu og minnast gamals tíma. Að því er best er vitað er þetta eina skráða félagið á Íslandi sem enn heldur í heiðri þennan góða sið.

## MARKAÐSPUNKTAR

Sigurður Einarsson, starfandi stjórnarformaður Kaupþings, hyggst taka sæti í stjórn norska tryggingafélagsins Storebrand um næstu áramót. Kaupþing á fimmtungshlut í félaginu.

Spölur, sem rekur Hvalfjarðargöngin, hagnaðist um 282 milljónir króna á síðasta rekstrarári, sem lauk í enda þriðja ársfjórðungs, samanborið við einungis átta milljónir árið á undan.

Bandarísk ríkisskuldabréf hafa hækkað í verði að undanförnu í kjölfar flótta fjárfesta þar í landi úr hlutabréfum um þessar mundir. Greiningardeild Kaupþings bendir á að ávöxtunarkrafa á tíu ára ríkisskuldabréfum hafi farið niður fyrir fjögur prósent og hafi hún ekki verið lægri síðan haustið 2005.

# Dýfa á markaðnum

## Gengi hlutabréfavísitalna lækkaði í gær vegna verri væntinga í bandarísku efnahagslífi fram á næsta ár.

Gengi helstu hlutabréfavísitalna tók snarpa dýfu strax við opnun á fjármálamörkaða víða um heim í gær. Miklar verðhækkanir á olíu undanfarið og snörp lækkun á gengi Bandaríkjadals gagnvart helstu myntum samhliða horfum á hægari hagvexti í Bandaríkjunum í kjölfar þrenginga á fasteignalánamarkaði spilar þar stórt hlutverk.

Olíuverð fór í hæstu hæðir á fjármálamörkuðum í Asíu í fyrrinótt, í rúma 99 dali á tunnu og hefur ekki verið hærra að raunvirði síðan árið 1980. Hækkunin skýrist að hluta af ótta manna við að olíuframleiðendur nái ekki að sinna eftirspurn eftir olíu á næstunni. Í ofanálag hafa OPEC-ríkin, samtök olíuútflutningsríkja, þráast við að auka framboðið í samræmi við eftirspurnina, að sögn fréttastofu Associated Press.

Stærsti þátturinn í lækkanahrinunni í gær eru væntingar bandaríska seðlabankans um að hagvöxtur verði á bilinu 1,8 til 2,5 prósent á næsta ári. Tíðindin, sem komu fram í minnispunktum frá síðasta vaxtaákvörðunarfundi bankastjórnarinnar og voru birtir í fyrradag, þykja í daprara lagi.



**HAMAGANGUR Á HLUTABRÉFAMARKAÐI** Gengi helstu hlutabréfavísitalna tók dýfu á fjármálamörkuðum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fjármálaskýrendur eru hins vegar ekki á einu máli um spána en þeim þykir hún öllu hagstæðari en reikna megi með miðað við ástand efnahagsmála. Í spánni nú er engu að síður gert ráð fyrir að eftirspurn eftir húsnæði muni áfram verða með minna móti vestanhafs auk þess sem reiknað er með að atvinnuleysi eigi eftir að aukast nokkuð.

Seðlabankinn hafði fram til þess að hann hann lækkaði stýrivexti í september verið uggandi um horfur í verðbólgumálum og óttaðist bankastjórnin að verðbólga gæti aukist færu vextir niður. Raunin hefur verið þvert á ótta manna og er reiknað með að draga muni úr verðbólgu á næstunni án frekari aðgerða, sem þykja jákvæðar fréttir.

Neikvæða hliðin er hins vegar sú að gengi Bandaríkjadals hefur lækkað ört gagnvart öðrum gjaldmiðlum, svo sem evru, sterlingspundi og japanska jeninu. Horfur eru á að það muni svo aftur draga úr útflutningi frá Evrópu og Asíu til Bandaríkjanna. **- jab**

### NOKKRAR VÍSITÖLUR

| Vísitala | Breyting í gær |
|---|---|
| Dow Jones (Bandaríkin)* | -0,71% |
| Nasdaq (Bandaríkin)* | -0,81% |
| FTSE (Bretlandi) | -2,50% |
| Dax (Þýskaland) | -1,47% |
| Cac40 (Frakkland) | -2,28% |
| ICEX15 (Ísland) | -2,46% |
| C20 (Danmörk) | -3,29% |
| Nikkei (Japan) | -2,46% |

* Um miðjan dag í gær


# 15%
vaxtaauki!

Nýttu þér þetta **TILBOÐ**
og stofnaðu reikning á spron.is



75 ára | spron


## Krónan á opnu alþjóðahafi

„Við erum úti á alþjóðlegum ólgusjó," segir Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans, um flökt á gengi íslensku krónunnar síðastliðna tvo daga en hún veiktist um rúm 1,25 prósent í gær. Flökt hefur verið á öðrum hávaxtamyntum.

Krónan veiktist strax á þriðjudag í kjölfar þess að matsfyrirtækið Standard & Poor's breytti horfum á lánshæfismati ríkissjóðs úr stöðugum í neikvæðar auk þess sem flökt á alþjóðlegum gjaldeyrismörkuðum í gær spilar inn í.

Edda Rós bendir á að gengi Bandaríkjadals hafi veikst mjög gagnvart japönsku jeni í gær en að miklar sveiflur á hlutabréfamörkuðum eigi einnig þátt í flöktinu. „Þetta smitar frá sér í krónuna. Ef dalur veikist meira gagnvart jeni getum við átt von á frekara flökti," segir hún. **- jab**

# Fasteignagullæðið búið

**Fasteignaverð á Íslandi mun ekki hækka jafn hratt á næsta ári eins og síðustu ár. Fasteignamarkaðurinn fer ekki undir frostmark heldur verður við ísskápshita. Verðhækkanir verða sem sagt undir fimm prósentum.**



**ÁSGEIR JÓNSSON OG SÖLVI H. BLÖNDAL** „Við erum ekki að spá verðlækkun, en verðhækkunin verður minni," sagði Sölvi á fasteignaráðstefnu Kaupþings í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Gullæðið er búið," segir Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greiningardeildar Kaupþings, um íbúðamarkaðinn. „Það er ekki hægt að búast við þessum miklu almennu hækkunum á fasteignamarkaði áfram. Með því er ég ekki að segja að markaðurinn sé daufur. Það verður kannski ísskápsvöxtur en ekkert frost."

Greiningardeildin gerir ráð fyrir því að verðið geti lækkað að raunvirði, en ekki að nafnvirði á næstu árum. Gera megi ráð fyrir þriggja til sex prósenta hækkun á næstu tveimur árum.

### HÆSTA VERÐIÐ 2006

**Hæsta meðalfermetraverð á verslunar- og skrifstofuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu eftir hverfum**

| | (þúsundir króna): |
|---|---|
| Miðbær | 299.700 |
| Austurbær | 273.400 |
| Teigar | 258.400 |
| Hlemmur | 206.900 |
| Háaleiti+Kringlan | 199.000 |
| Ártúnsholt | 178.900 |
| Vesturbær | 172.900 |

Ásgeir fór yfir horfur á íbúðamarkaði á fasteignaráðstefnu Kaupþings í gær sem um 400 manns sóttu.

Ásgeir segir að markaðurinn sé að þroskast. „Til framtíðar verður hugsað meira um staðsetningu, umhverfi, gæði og slíkt."

Ásgeir bendir einnig á að þunginn í byggingum hafi færst frá íbúðarhúsnæði og menn reisi nú frekar verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

„Verð á verslunar- og skrifstofuhúsnæði náði hámarki í fyrra," segir Sölvi H. Blöndal, hjá greiningardeildinni, sem gerir ráð fyrir því að ró eigi eftir að færast yfir þann markað á næsta ári.

„Við erum ekki að spá verðlækkun, en verðhækkunin verður minni. Það eru gríðarleg umsvif í svona byggingum."

Sölvi bendir á að leiguverðið hafi ekki fylgt öðrum verðhækkunum. „Ég held að þeir sem leigja geti vel unnt sínum hag. Það varð reyndar verðsprengja í fyrra. En það er í sjálfu sér leiðrétting."

Sölvi bendir á að verð á verslunar- og skrifstofuhúsnæði sé mjög mismunandi eftir staðsetningu. Verðið sé hæst í miðborg Reykjavíkur. „Þetta byggist líka upp í kring um miðstöðvar. Við Smáralind, Kringluna og víðar."

ingimar@markadurinn.is

# Horft til fortíðar

„Ég held að það þurfi að horfa til þess hvað við sjálf höfum gert í fortíðinni og hvað aðrar þjóðir eru að gera," segir Dagur B. Eggertsson borgarstjóri. Hann segir vel á annað þúsund manns nú bíða eftir félagslegu húsnæði. Stærstur hluti hópsins sé með innan við 150 þúsund króna mánaðartekjur.

„Við getum ekki horft upp á það að það séu stórir hópar í þessu samfélagi sem eigi ekki þak yfir höfuðið. Það er ekki samfélag sem við viljum búa í og við ætlum að leggja okkur öll fram í því efni."

Hann segir að hækkun fasteignaverðs hafi skilið stóra hópa eftir, en vill ekki kenna bönkunum um. „Ég held að orsakanna sé ekkert síður að leita í því að félagslega húsnæðiskerfinu var lokað."



**DAGUR B. EGGERTSSON**

Borgin ætlar að verja 270 milljónum króna samkvæmt fjárhagsáætlun næsta árs til að fjölga félagslegum leiguíbúðum. Við þá upphæð eiga að bætast húsaleigubætur og sérstakar húsaleigubætur. „Síðan eru líka lóðir sem við ætlum að úthluta til félagslegra leigusamtaka á gatnagerðargjöldum," segir Dagur.

„Við viljum líka ná samstöðu við ríkisvaldið í þessu efni til að bjóða leiguhúsnæði á lægra verði," segir Dagur sem einnig vill samstarf við félagsleg leigusamtök, eins og byggingafélag stúdenta. **- ikh**

# Jákvæð tíðindi

„Ég held að það sé jákvætt að borg og ríki einbeiti sér að félagslega þættinum," segir Ingólfur Helgason, forstjóri Kaupþings á Íslandi, um átak Reykjavíkurborgar. „Það hefur verið skoðun okkar í fjármálageiranum um langa hríð að ríkið eða opinberir aðilar eigi ekki að keppa við fjármálafyrirtæki á samkeppnismarkaði. Hins vegar er það bara mjög gott mál að það sé settur aukinn þungi í félagslega þáttinn." **- ikh**



**INGÓLFUR HELGASON** Ríki og borg einblíni á félagslega þáttinn.






KS lambasúpukjöt 1. flokkur 399 kr/kg.
20% afsláttur. Merkt verð 499 kr/kg.




KF lambalærisneiðar í raspi 1399 kr/kg. 30% afsláttur Merkt verð 1998 kr/kg.




KS lambahryggur frosinn 1169 kr/kg. 10% afsláttur
Merkt verð 1298 kr/kg.




KS lambasvið frosin 299 kr/kg.
25% afsláttur Merkt verð 399 kr/kg.




Ferskt íslenskt nautahakk aðeins 799 kr/kg.




Bónus kryddaðir kjúklingabitar í álbakka
40% afsláttur 479 kr/kg. Merkt verð 799 kr/kg.




Íslandsgrís helgarsteik úrbeinaður hnakki 999 kr/kg.




Íslandsgrís svínarifjasteik 499 kr/kg.

**BÓNUS**

**BÓNUS BÝÐUR BETUR**

AFGREIÐSLUTÍMI MÁNUD-FIMMTUD. 12.00 TIL 18.30.

# Verðbólga í 5,7 prósent fyrir jól

Verðbólga verður hálft prósent í desember samkvæmt nýrri spá greiningardeildar Landsbankans. Gangi spáin eftir verður 12 mánaða verðbólga þá 5,7 prósent, sú mesta á níu mánaða tímabili.

„Enn sem fyrr er húsnæðisliður verðbólgunnar að hækka en þar kemur til hvort tveggja hækkandi húsnæðisverð og hærri vextir af húsnæðislánum.

Greiningardeild reiknar með að húsnæðisliðurinn lækki þegar líða tekur á næsta ár," segir í spánni. Jafnframt er gert ráð fyrir að verð matvöru hækki í desember þegar erlendar verðhækkanir verði komnar að fullu inn í verðlag hérlendis. **- óká**

# Óbreytt lánshæfi en í endurskoðun

Lánshæfismat Kaupþings er óbreytt hjá alþjóðlega matsfyrirtækinu Moody's samkvæmt nýrri greiningu. Matið er engu síður (og hefur verið síðan í ágúst) á endurskoðunarlista vegna kaupa bankans á hollenska bankanum NIBC Bank N.V.

Moody's segir að kaupin kunni að verða til þess að einkunn bankans verði lækkuð úr núverandi Aa3/C gildi. Samhliða hefur NIBC verið sett á enduskoðunarlista með möguleika á að hækka Baa1 langtímaeinkunn bankans.

Síðast varð breyting á lánshæfismati bankans í apríl á þessu ári þegar Moody's Investors Service lækkaði einkunn bankans um þrjú stig, í Aa3. Í febrúar hafði einkunn hins vegar verið hækkuð um fjögur stig, í efsta flokk Aaa. Þá var einkunn fjölda banka endurskoðuð og hækkuð eftir að Moody's tók upp nýja aðferðafræði (JDA) í matinu. Sú endurskoðun var gagnrýnd harðlega og talið að fyrirtækið ofmæti fjölda banka og því kom til lækkunarinnar í apríl og náði hún til fjölda annarra banka líka.




Í lánshæfismati Moody's er sagður endurspeglast kröftugur vöxtur bankans inn á nýja markaði, sem styðji við þau svæði þar sem bankinn hefur þegar komið sér vel fyrir. Um leið er Kaupþingi hrósað fyrir gæði eigna og getuna til að auka fjárfestingarbankastarfsemi um leið og viðhaldið sé áhættustýringu.

Aukinheldur er bankanum hampað fyrir vel heppnaðar yfirtökur og viðvarandi vöxt, sem ekki sé einvörðungu til kominn vegna öflugs hlutabréfamarkaðar hér heima. **- óká**




**Í HOLLANDI** Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri Kaupþings, kynnti kaupin á NIBC í júlí. Í ágúst setti Moody's mat bankans á endurskoðunarlista. MYND/KAUPÞING

# Hneyksli hjá Ericsson

Gengi hlutabréfa í sænska símaframleiðandanum Ericsson féll um rúm fimm prósent í sænsku kauphöllinni í Stokkhólmi í Svíþjóð gær í kjölfar afkomuviðvörunar og hneykslismáls sem fjallað er um í sænskum fjölmiðlum.

Fram kom í frétt sænska ríkisútvarpsins að fyrirtækið hafi greitt alsírskum auðmanni 20 milljónir sænskra króna, jafnvirði rúmrar 191 milljónar íslenskra króna, undir borðið til að tryggja sér samning og að 12 milljónir sænskra króna hafi runnið til fyrrverandi ráðherra í Óman fyrir nokkrum árum.

Féð hafi verið greitt inn á bankareikninga í Sviss. Ericsson hefur ekki átt góðu gengi að fagna upp á síðkastið en gengi fyrirtækisins hrundi um þrjátíu prósent um miðjan október í kjölfar afkomuviðvörunar. **- ikh/jab**

# Kaupréttur í Eimskip

Eimskip gerði í gær kaupréttarsamning við Guðmund Davíðsson, forstjóra Eimskips á Íslandi, og fleiri starfsmenn um kauprétt í félaginu. Kaupréttur Guðmundar hljóðar upp á eina milljón hluti í Eimskipi á ári til næstu þriggja ára.

Samningur kveður á um að Guðmundur og aðrir starfsmenn geti keypt bréf í Eimskipi á genginu 38,3 krónur á hlut frá upphafi næsta árs fram til 2010. Einu skilyrðin fyrir innlausn eru að viðkomandi sé í starfi hjá Eimskipi þegar til þess kemur. **- jab**






**BJÖRN VIGGÓSSON** Fyrirtækið Kerfisþróun, sem Björn Viggósson hefur stýrt í 23 ár og þróað viðskiptahugbúnaðinn Stólpa, skipti um hendur á dögunum. Fyrirtækið er eitt af elstu hugbúnaðarfyrirtækjum landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Eigendaskipti á Stólpa

**Stólpi, eitt af elstu hugbúnaðarfyrirtækjum landsins, skipti um hendur á dögunum. Stefnt er á mikla markaðssókn, sem vart hefur verið fyrir hendi hjá fyrirtækinu.**

„Það eru miklir möguleikar í þessu. Ég held að það verði hægt að margfalda veltu fyrirtækisins," segir Magnús Antonsson, eigandi eignarhaldsfélagsins Arnarhyls, sem á dögunum keypti hugbúnaðarfyrirtækið Kerfisþróun, eitt af elstu hugbúnaðarfyrirtækjum landsins en það hefur verið rekið á sömu kennitölunni í 23 ár, eða frá því leyti sem tölvur voru að verða almenningseign í kringum 1984. Það hefur frá upphafi þróað bókhalds- og upplýsingakerfið Stólpa fyrir fyrirtæki í atvinnurekstri. Viðskiptavinir fyrirtækisins eru fjölmörg íslensk fyrirtæki og ríkisstofnanir, svo sem Ríkisskattstjóri og Fasteignamat ríkisins.

Samkomulag er á milli seljanda og kaupanda að gefa ekki upp kaupverðið. Björn Viggósson, framkvæmdastjóri og stofnandi fyrirtækisins, segir það vel ásættanlegt enda hafi Kerfisþróun ekki verið til sölu þegar Magnús lagði tilboð í það á borðið.

Rekstrarhagnaður fyrirtækisins (EBITDA) Kerfisþróunar er 40 milljónir króna á þessu ári og er algengt að kaupverð sé sjö- til nífalt margfeldi af EBITDU. Því má ætla að kaupverðið hafi hlaupið á allt frá 280 til 360 milljónum króna.

Samið hefur verið um að halda rekstrinum í óbreyttri mynd. Sex fastir starfsmenn eru hjá Kerfisþróun og verða þeir áfram hjá fyrirtækinu auk þess sem Björn mun verða áfram í starfi framkvæmdastjóra. Lögð verður mun meiri vinna í markaðssetningu nú en áður, að sögn Magnúsar. „Fyrirtækinu hefur gengið mjög vel fram til þessa án markaðssetningar. Við erum með spennandi samninga í gangi nú þegar," segir hann auk þess sem stefnt er að því að stækka kúnnahópinn til muna og höfða í auknum mæli til smærri fyrirtækja.

Magnús starfar sem flugstjóri hjá Icelandair og var staddur á Spáni þegar náðist í hann. „Ætli maður fari ekki að minnka við sig í fluginu eða taka frí," segir hann. **jonab@frettabladid.is**

# Gengi AMR við lægstu mörk

Gengi hlutabréfa í bandarísku flugrekstrarsamstæðunni AMR, móðurfélagi American Airlines, einu stærsta flugfélagi Bandaríkjanna, hefur fallið um sjö prósent það sem af er vikunnar og er nálægt sínu lægsta gengi á árinu.

Hæst fór gengið í 41 dal á hlut í byrjun árs en hefur hríðlækkað síðan, um rúman helming það sem af er ári. Þetta er reyndar ekki einsdæmi á bandarískum hlutabréfamarkaði um þessar mundir sem einkennst hefur af gríðarlegum sveiflum.

FL Group, sem tilkynnti um kaup í AMR seint á síðasta ári, á rúman níu prósenta hlut í samstæðunni. Félagið þrýsti opinberlega á stjórn AMR fyrir nokkru um að auka virði félagsins, svo sem með sölu á vildarklúbbi þess. Þrýstingurinn hefur vakið mikla athygli vestanhafs og hafa önnur flugfélög fylgt fordæminu og skoðað hugsanlegar hreyfingar á eigninu sínu.

Hátt olíuverð upp á síðkastið spilar stóra rullu í lækkanahrinu á gengi flugfélaga almennt í Bandaríkjunum en það keyrir upp rekstrarkostnað þeirra, að sögn fréttastofu Reuters. **- jab**

**GENGISÞRÓUN AMR**

| | Verð í dölum |
|---|---|
| Hæsta verð á árinu | 41,0 |
| Lægsta verð | 19,20 |
| Dagslokagengi* | 19,96 |
| Meðalspá greinenda | 30,65 |

** Á þriðjudag*




**VIÐ INNRITUN Í FLUG** Gengi bréfa í bandarísku flugrekstrarsamstæðunni AMR hefur fallið um fimmtíu prósent á árinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP




**975** kr/kg. áður 1.393 kr/kg.
Goða grísarif




**319** kr/kg. áður 524 kr/kg.
Ísfugl BBQ kjúklingaleggir

**Þú sparar 750 kr/kg**




**994** kr/kg. áður 1.744 kr/kg.
Goða london lamb




**1.235** kr/kg. áður 1.764 kr/kg.
Borgarnes frönsk sveitaskinka




**989** kr/kg. áður 1.799 kr/kg.
Borgarnes hamborgarhryggur með beini



**159** kr/kg.
Ananas 1. flokkur




**299** kr/ks.
Klementínur 2.3 kg í kassa

H:N markaðssamskipti / SIA Hönnun: Víkurfréttir

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda 22. nóvember til 25. nóvember eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Umræðan um nauðganir er á villigötum.

## Ofbeldi, útlendingar og kynhvöt

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Tíðar nauðganir síðustu vikur hafa vakið mikinn óhug í samfélaginu. Svo virðist sem nauðganir á götum úti veki upp enn meiri ótta og óhug en nauðganir sem eiga sér stað í heimahúsum, sem einmitt er tilvikið um mikinn meirihluta nauðgana. Í umræðunni er tekist á við ýmsar staðlaðar hugmyndir og einnig fordóma.

Tvær nauðganir voru kærðar eftir fyrri helgi, en báðar áttu sér stað úti á götu og gerendur voru útlendingar.

Í hita þeirrar umræðu vill gleymast að flestar nauðganir eiga sér stað á heimilum og það sem meira er, að gerandi og fórnarlamb eru iðulega kunnug. Í þeim tilvikum eru gerendur langoftast Íslendingar enda sýna tölur að erlendum gerendum í kærðum kynferðisbrotamálum hefur ekki fjölgað jafnmikið og útlendingum hefur fjölgað í landinu. Útlendingum hefur því fækkað hlutfallslega sem gerendum í kynferðisbrotamálum.

Önnur stöðluð hugmynd sem er uppi á borðinu í umræðunni um nauðganir snýr að tengslum nauðgunar og kynhvatar.

Nauðgun er hreint og klárt ofbeldi og á ekkert skylt við kynhvöt eða kynlíf yfirleitt. Nauðgun er hins vegar skyld öllu mögulegu öðru ofbeldi, svo sem barsmíðum og manndrápum.

Sem betur fer virðist orðræðan um konuna sem býður heim nauðgun með klæðaburði eða einhvers konar meintri áhættuhegðun vera á undanhaldi. Fólk gerir sér grein fyrir því að fórnarlamb nauðgunar getur aldrei kallað yfir sig þann verknað. Hver einstaklingur á rétt á að vera klæddur eins og honum sýnist og vera þar sem honum sýnist þegar honum sýnist. Þetta á jafnt við um konur og karla.

Hvað verður til þess að ungur maður tekur sig til og nauðgar vinkonu sinni eða kunningjakonu? Hver er virðing þess unga manns fyrir vinum sínum? Hvernig kennir maður fólki að bera virðingu fyrir öðrum? Það er jú ljóst að sá sem ber virðingu fyrir náunga sínum fer ekki út og nauðgar honum eða lemur.

Nauðgun er samfélagsmein sem ekki verður upprætt nema með þeirri hugarfarsbreytingu að samskipti manna á milli fari ekki fram með því að neyta aflsmunar. Menn eru vitsmunaverur og á mörgum sviðum tekst þeim mjög vel upp að nota vit sitt og samskiptahæfileika, einnig til að leysa úr ágreiningi og fá útrás fyrir vanlíðan. Þessa hæfileika mannskepnunnar þarf að rækta enn betur en nú er gert.

Þarna liggur rót vandans. Það verður að hætta að eyða orkunni í að tala um einmana útlenska karla og skort á tækifærum til að fá útrás fyrir kynhvötina. Þessar hugmyndir verða að fara sömu leið og hugmyndirnar um áhættuhegðun kvenna, sem eru óðum að hverfa.

Það verður að skoða hvað gerist frá því að lítill og saklaus drengur heldur af stað út í lífið þar til hann er orðinn að ofbeldismanni sem fær útrás fyrir vanlíðan sína með því að nauðga konu. Sem betur fer lendir aðeins örlítill hluti karlmanna á þessum stað en við látum ekki staðar numið fyrr en enginn er eftir í þeim hópi.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365
RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björn Þór Sigbjörnsson, Kristján Hjálmarsson og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
issn 1670-3871

BERGLIND GUNNARSDÓTTIR
Tímavillt



Áróru líður best einni með bókunum sínum og hún forðast karlmenn. En maður á aldrei að segja aldrei!

„Þetta er ljúflega skrifuð Reykjavíkursaga sem óneitanlega vekur hughrif liðinna tíma.

Berglind setur hér fram ljóðrænan og rómantískan texta án þess að vera nokkurn tíma væmin.“

Elísabet Brekkan – *Fréttablaðið*, 18. nóv. 2007

ORMSTUNGA
Vandaðar bækur fyrir vandláta lesendur
sími 561 0055 • www.ormstunga.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Frú ráðherra

Steinunn Valdís Óskarsdóttir hefur lagt til við þingheim að önnur orð en ráðherra verði tekin upp, þar sem konur geti ekki orðið herrar og ráðherraembætti eigi ekki að vera eyrnamerkt körlum. Í greinargerð sem fylgir þingsályktuninni kemur einnig fram gagnrýni á orðið sendiherra, en ekki er lagt til í ályktuninni að breyting verði þar gerð á. Það væri kannski hægt að kalla þá alla erindreka, en eins og frægt er úr sögunum um Jón Odd og Jón Bjarna geta konur vel verið erindrekar. Þessi breyting myndi verulega fjölga „drekum“ á landinu.



Steinunn bendir á að kvenkynsorðum eins og fóstra og hjúkrunarkona hafi verið breytt, því ekki hafi verið boðlegt að kvenkenna karlmenn. Því ætti það ekki að vera neitt mál að breyta karlkenndum orðum. „Það er óvirðing að karlkenna konu á sama hátt og það er óvirðing að kvenkenna karl,“ segir Steinunn Valdís í greinargerðinni. Orðinu ljósmóðir hefur þó enn ekki verið breytt í fæðingarhjúkrunarfræðing.

### Ráðgjafar eða ráðsverur

Guðmundur Magnússon leggur það til á dv.is að heitið ráðgjafi verði tekið upp í stað ráðherra. Bendir hann á að orðið hafi verið notað í stjórnarskránni frá 1874 og þrátt fyrir að ráðgjafi sé karlkynsorð, „en heil kvennastétt notar það kinnroðalaust í samsetningunni félagsráðgjafi. Hefur engum þótt karlabragur af þessu starfsheiti, nema síður sé.“ Jafnfram bætir hann því við að ráðgjafi sé bersýnilegra auðmjúkara og bljúgara starfsheiti en ráðherra, þar sem ráðgjafi vísar til þjónustu en ráðherra vísar til valds og stjórnar. Gallinn við ráðgjafaheitið er að það er enginn lengur til að veita ráðgjöf, enda heyra Íslendingar ekki lengur undir dönsku krúnuna. Ekki nema einnig sé tekið það stökk að koma á fót konungsríkinu Íslandi. Ráðgjafaheitið er líka aðeins of mikið Capacent.



Annað orð sem hugsanlega væri hægt að taka upp er orðið ráðsverur. Eða þá bara að fara að kalla kvenkyns ráðherra ráðsynjur.

svanborg@frettabladid.is

## Framsókn bankanna



ÞORVALDUR GYLFASON

**Í DAG** | Viðskiptabankarnir

Bankar eiga að vera gróðafyrirtæki, ekki félagsmálastofnanir. Þess vegna voru ríkisbankarnir og fjárfestingarsjóðir ríkisins færðir í einkaeigu eins og gert hafði verið víða annars staðar, svo sem í Austur-Evrópu. Rök og reynsla að utan höfðu sýnt, að einkaframtak gefst yfirleitt betur en ríkisrekstur á fjármálamarkaði líkt og annars staðar að því tilskildu, að samkeppni sé næg.

Þetta sjónarmið vó svo þungt, að andstæðingar einkavæðingar urðu að endingu að leggja upp laupana. Landsbankinn, Útvegsbankinn og Búnaðarbankinn hlutu því annaðhvort að loka búðinni líkt og Viðtækjaverzlun ríkisins hafði áður gert eða skipta um eigendur. Einkavæðing bankanna dróst þó lengi, því að viðnám gegn einkavæðingu stendur jafnan í réttu hlutfalli við veldi þeirra, sem óttast að missa spón úr aski sínum. Það tók mörg ár að koma bönkunum í einkaeigu og þá ekki upp á önnur býti en þau, að báðir þáverandi stjórnarflokkar tryggðu sér áfram fótfestu – talsamband eins og það heitir – í bönkunum.

**Bergmál sögunnar**

Ríkisbankarnir áttu skrautlega fortíð, svo sem ráða má af eftirfarandi spurningu, sem Pétur Benediktsson, síðar sendiherra, bankastjóri og alþingismaður, lagði fyrir Bjarna bróður sinn, síðar forsætisráðherra, í bréfi 12. marz 1934 og átti við Landsbankann og Útvegsbankann:

„Fer ekki að koma að því, að tímabært sé að breyta þeim báðum í fangelsi og hleypa engum út, nema hann geti með skýrum rökum fært sönnur á sakleysi sitt?“

Bjarni svarar 22. marz: „Hætt er við að enn séu ekki öll kurl komin til grafar um þá fjármálaóreiðu og hreina glæpastarfsemi, sem nú tíðkast í bönkunum ... Er þó það, sem þegar er vitað, ærið nóg. Bersýnilegt er, að þjóðlífið er sjúkt. Kemur það ekki einungis fram í svikunum sjálfum, heldur einnig því, að raunverulega „indignation“ er hvergi að finna hjá ráðandi mönnum, persónuleg vild eða óvild og stjórnmálahagsmunir ráða öllu, á báða bóga, um hver afstaða er tekin. Slíkt fær ekki staðizt til lengdar. Dagar linkindarinnar og svika samábyrgðarinnar hljóta að fara að styttast.“ Tilefnið var, að upp komst um endurnýtingu máðra peningaseðla, sem teknir höfðu verið úr umferð. Kveldúlfsmálið logaði á síðum blaðanna þessi misseri. Verðfall á fiski og heimskreppan höfðu komið illa við sjávarútveginn. Skuldir útgerðarfélagsins Kveldúlfs höfðu hlaðizt svo upp í Landsbankanum, að sumir töldu fyrirtækið ekki lengur eiga fyrir skuldum. Allur útvegurinn var á hvínandi kúpunni, skuldir Sambands íslenskra samvinnufélaga (SÍS) voru sambærilegar við skuldir Kveldúlfs, og engin veð voru heldur fyrir þeim. Málið var leyst með því, að Ólafur Thors, forstjóri Kveldúlfs og formaður Sjálfstæðisflokksins, og Jónas frá Hriflu, formaður Framsóknarflokksins, tóku sér sæti hlið við hlið í bankaráði Landsbankans 1936, og hélt Ólafur sæti sínu þar nær samfleytt til dauðadags 1964 og var þó forsætisráðherra í fimm ríkisstjórnum.

Jakob F. Ásgeirsson sagnfræðingur rekur þessi bréfaskipti Péturs og Bjarna í bók sinni Pétur Ben. Ævisaga (1998). Mikið vantar þó enn á það, að saga ríkisbankanna – og stjórnmálaflokkanna! – hafi verið fullsögð svo sem vert væri.

**Ferskir vindar með fyrirvara**

Bankarnir hafa í höndum nýrra eigenda tekið stakkaskiptum á örfáum árum. Íslenzk bankaþjónusta er orðin að gróandi útflutningsatvinnuvegi, og bankarnir græða á tá og fingri með því auk annars að taka háa vexti af útlánum hér heima og greiða lága vexti af innlánum. Þetta geta þeir gert í skjóli lítillar samkeppni á innlendum fjármálamarkaði. Að vísu er fákeppni einnig reglan í bankarekstri annarra landa. Samanlögð markaðshlutdeild fimm stærstu banka Noregs 2005 var 79 prósent, Finnlands 85 prósent og Svíþjóðar 88 prósent, og eru þessar hlutfallstölur hafðar til marks um fákeppni þar. Á Íslandi eru fjórir viðskiptabankar um hituna, sé litið á sparisjóðina sem eina heild, allir innlendir. Fjarvist erlendra banka er óheppileg, því að erlend samkeppni bætir vaxtakjörin úti í heimi. Bönkunum ber skylda gagnvart hluthöfum sínum til að hagnast sem mest og hafa vaxtamuninn eins mikinn og þeir geta. Og þá bregður svo við, að bankarnir leggjast í vörn, þegar bent er á, að þeir græða á miklum vaxtamun. Þeir þræta fyrir vaxtamuninn, sem blasir við flestum innlendum viðskiptavinum bankanna, miklu meiri vaxtamun en sömu bankar bjóða í útlöndum, þar sem samkeppnin er meiri.

En bankarnir eru ekki félagsmálastofnanir, það er liðin tíð. Bankar með fullu viðskiptaviti ganga eins langt og þeir geta. Ríkisvaldið þarf að veita þeim aðhald með því að tryggja næga samkeppni. Vandinn liggur þar.

## Staðan í REI-málinu

**UMRÆÐAN**
Orkumál



GÍSLI MARTEINN BALDURSSON

Fá mál hafa verið jafn afdrifarík í stjórnmálum undanfarinna ára eins og málefni Reykjavík Energy Invest. Nú þegar borgarráð hefur samþykkt einróma að vilji þess standi ekki til þess að standa við þá ákvörðun að REI renni saman við Geysi Green Energy hafa margir spurt hvort það séu endalok þessa máls. Svarið er nei. Ákvörðun borgarráðs er ekki upphafið að endinum á þessu máli, í mesta lagi endirinn á upphafinu.

Ég á sæti í þeim stýrihópi sem hefur á undanförnum vikum farið yfir allt málið og kallað fjölmarga til viðtals. Trúnaður hefur ríkt um innihald umræðnanna, en sjálfsagt er að upplýsa að fyrst núna hillir undir skýra tímalínu í þessu máli. Erfitt hefur reynst að fá á hreint hverjir báru ábyrgð og hverjir tóku ákvarðanir, en hvort tveggja er lykilatriði. Því ákvarðanir taka sig ekki sjálfar, og þótt ýmsum í Orkuveituhúsinu uppi á Hálsum fyndist þægilegast núna að líta svo á að hlutirnir hafi bara gerst einhvern veginn, verðum við að komast til botns í málinu til að geta dregið af því lærdóm.

Þegar tímalínan liggur fyrir, geta lögfræðingar farið yfir ýmsa þætti málsins sem lítið hafa verið til umfjöllunar. Til dæmis hugsanleg brot á lögum og eðlilegum stjórnsýslureglum. Mörgum finnst til dæmis blasa við að jafnræðisreglan hafi verið þverbrotin. Hverjir tóku þær ákvarðanir í opinberu fyrirtæki sem gengu gegn jafnræðisreglunni? Ætla þeir að halda því fram að þeir þurfi ekki að fylgja þeirri sjálfsögðu reglu af því REI hafi verið hlutafélag? Niðurstaða þarf að fást í þessi mál sem fyrst, fyrr getum við ekki tekið ákvarðanir um næstu skref.

Fréttir af einhvers konar bakdyrasamruna REI og GGE hafa komið eins og skrattinn úr sauðarleggnum fyrir okkur sem störfum í stýrihópnum, og var honum þó falið að marka stefnuna í þessum málum. Það er vont fyrir bæði borgina og þá ágætu fjárfesta sem vilja vinna með REI. Það getur ekki verið afstaða nýs meirihluta að slíkar ákvarðanir eigi að taka í bakherbergjum, án samþykkis stýrihópsins, stjórnar OR eða borgarstjórnar. Ekkert slíkt samþykki liggur fyrir. Allir borgarfulltrúar sem hafa á undanförnum vikum lagst gegn ólýðræðislegum vinnubrögðum og óvönduðum ákvörðunum um áhætturekstur með almannafé hljóta að mótmæla.

*Höfundur er borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins.*



# KALKÚNN

## AÐ HÆTTI LANDSLIÐS MATREIÐSLUMEISTARA

1 stk. kalkúnn, 4 kg
300 g smjör
salt og svartur pipar
viskastykki

Bræðið smjör í potti og leggið viskastykkið í smjörið. Setjið fyllinguna í kalkúnann, kryddið með salti og svörtum pipar og hyljið með viskastykkinu. Eldið kalkúnann í 3 ½ klst. við 130°C með stykkinu og síðan í 25 mín. við 220°C án þess. Uppskriftin miðast við sex manns.



## Heldur þú upp á þakkargjörðardaginn?

**Ferskur kalkúnn**

**TILBOÐ 899 kr/kg**
Verð áður 999,-




## Kalkúnafylling

tvær nýjar tegundir
– frábærar í kalkúninn



**Sætar kartöflur**

**TILBOÐ 249 kr/kg**
Verð áður 339,-




**Merchant Gourmet**
– fyllingar í kalkúninn

Fersk með flugi



**Trönuber**

**TILBOÐ 249 kr/pk**
Verð áður 319,-

Gildir til 25. nóvember eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla

# Hroki og hræðsluáróður

**UMRÆÐAN**
Orkumál


LÁRA HANNA EINARSDÓTTIR

Mér var gróflega misboðið þegar ég las viðtal við Eirík Hjálmarsson, upplýsingafulltrúa OR, í Fréttablaðinu sl. sunnudag. Þar segir Eiríkur: „Aðrir kunna að virkja ef OR hættir við.“ Eiríkur minnir einnig á „...að hver sem er geti byggt virkjun, til dæmis stórkaupendur raforku“. Hvað meinar maðurinn? Getur hver sem er byggt virkjun á Íslandi? Á hann við að erlendu álrisarnir geti byggt eigin virkjun ef þeim mislíkar við íslenskar orkuveitur?

Þarna reynir Eiríkur blygðunarlaust að blekkja almenning með hótuninni um að „ef við gerum það ekki þá gerir það bara einhver annar“. Eins og hvaða fyrirtæki sem er geti byggt virkjun ef því þóknast. Slíkur málflutningur er fyrir neðan virðingu Eiríks – hann veit betur.

Annað sem ég hnaut um var af hvílíkum hroka Eiríkur talaði niður til þeirra fjölmörgu sem sendu inn athugasemdir við fyrirhugaða Bitruvirkjun. Aldrei í Íslandssögunni hafa borist eins margar athugasemdir við nokkurri framkvæmd á landinu, eða 660.

Eiríkur segir að „því miður“ hafi 540 athugasemdir verið efnislega samhljóða. Af hverju „því miður“? Eru þær ekki jafngildar öðrum af því þær voru samhljóða? Segir það ekki mikla sögu að þessir 540 höfðu fyrir því að kynna sér málið, taka afstöðu, afrita athugasemdina og senda í eigin nafni? Var með sömu rökum ekkert að marka undirskriftir þúsunda Suðurnesjabúa fyrir skömmu af því að þeir skrifuðu allir undir sömu yfirlýsinguna?

Ég mótmæli slíkum málflutningi. Fólki er alvara og það krefst þess að tekið verði fullt tillit til athugasemdanna, þótt þær séu samhljóða. Vægi þeirra er síst minna fyrir það. Fólk ætlast einnig til að forsvarsmenn OR sýni þá sjálfsögðu kurteisi að tala ekki niður til þess eins og kjána.

Reynslan sýnir að þar sem reist er virkjun er náttúran nánast dauðadæmd og að jarðvarma- og jarðgufuvirkjanir eru ekki eins sjálfbærar og umhverfisvænar og af er látið. Virkjun getur aldrei verið „í sátt við náttúruna“ eins og talsmenn Bitruvirkjunar klifa á. Virkjun krefst fórna og í tilfelli Bitruvirkjunar er fórnin einfaldlega of mikil. Íslendingar eru að átta sig á og hafna yfirgangi orkufreks iðnaðar og orkurisanna. Þeir eru að vakna til vitundar um að afleiðingar virkjanaæðisins eru óafturkræf náttúruspjöll og mengun sem þjóðin samþykkir ekki. Svo ekki sé minnst á efnahagsáhrifin, metþenslu, verðbólgu og himinháa vexti sem bitna á almenningi.

Það er ekkert grín að setja sig inn í frummatsskýrslu OR og vísast geta fáir lagt mat á allt sem í henni stendur – hvað þá faldar upplýsingar sem koma hvergi fram eins og prófessor við HÍ benti á nýverið. Skýrslan er löng, fræðileg og tæknileg svo almenningi er ókleift að meta hana efnislega nema að takmörkuðu leyti.

Skýrslan er flokkuð í fjóra hluta: Frummatsskýrslu, Samantekt, Kort og myndir og Viðauka. Lesningin er 717 blaðsíður auk korta og mynda.

Frummatsskýrslan er mat á umhverfisáhrifum Bitruvirkjunar og unnin af OR, aðalhagsmuna- og framkvæmdaaðilanum, í samvinnu við VSÓ. Síðan á að dæma í málinu, vega og meta athugasemdirnar og semja lokamatsskýrslu. Hver gerir það? Jú, aðalhagsmuna- og framkvæmdaaðilinn, Orkuveita Reykjavíkur, í samvinnu við VSÓ. OR og VSÓ eiga að dæma í eigin máli og meta athugasemdir við eigin frummatsskýrslu sem fyrirfram er búið að dæma með þeim orðum að þær séu „því miður“ flestar samhljóða.

Dettur fólki í hug að dómur fyrirtækjanna yfir sjálfum sér og eigin vinnubrögðum verði marktækur? Varla verður hann hlutlaus. Þá kemur til kasta Skipulagsstofnunar, umhverfisráðherra og nýrrar stjórnar OR að stöðva þennan gjörning og Alþingis að breyta lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Fleiri upplýsingar má nálgast www.larahanna.blog.is og á www.hengill.nu.

*Höfundur er þýðandi, leiðsögumaður og hluthafi í Orkuveitu Reykjavíkur.*




# Boltar og bábiljur

**UMRÆÐAN**
Þróunarmál


SKAFTI JÓNSSON

Bábiljur um mannlífið í Afríkulöndum geta verið ótrúlega lífseigar. Ein er sú, að ekki þýði að gefa börnum í afrískum þorpum fótbolta því um leið og loftið leki úr þeim skorti verksvit til að nota einfalda fótboltapumpu. Það útskýri meira og minna vindlausar leðurtuðrur, sem krakkar sparki á milli sín milli strákofanna.Við nánari athugun kemur í ljós, að tuðran er sprungin. Hún er eins og nálapúði eftir flugbeittar gróðurnálar, sem eru í iðandi gróðrinum allt um kring. Svona nálar þykja fín verkfæri við saumaskap. Gegn þeim duga engar pumpur.

Önnur bábilja tengist líka fótbolta. Hún er sú, að ekki stoði að dreifa smokkum í dreifðum byggðum Afríku því krakkarnir blási þá upp og noti í blöðrur í fótbolta. Rétt er, að ungviðið í þorpunum býr sér afar hugvitsamlega til fína bolta úr smokkum. Þau nota tuskur og plastpoka til að þyngja smokkinn og girni eða snæri, sem oft er hnýtt svo vel, að úr verður fullkomlega hnöttóttur knöttur – fínn bolti. Kosturinn er sá, að þegar boltinn springur er einfaldega skipt um smokk. Smokknum var að vísu ætlað annað hlutverk en ég er viss um, að ekki sjái högg á vatni, þó að örlítið brot af smokkunum sem dreift er um álfuna sé notað í þessum tilgangi.

*Það er þekkt meðal fátæks fólks um allan heim, að ungar stúlkur, sem þurfa að borga nám sitt dýrum dómum, eiga í slagtogi við karla, sem taka að sér að fjármagna skólagöngu þeirra. Þessir menn eru oft tregir til að nota þekktar varnir gegn smiti.*

Alvarlegri bábiljur tengjast útbreiðslu alnæmis. Fáfræði og framandlegum helgisiðum er stundum kennt um. Hvort tveggja er eflaust til en hvorugt er meginástæða þess, að ekki tekst að koma böndum á vágestinn. Athuganir, sem gerðar hafa verið hér í Malaví, benda til þess að langflestir – næstum allir – viti hvernig HIV-veiran smitast. Athuganir benda líka til að grimmdarlegir helgisiðir, sem kannski voru einhvern tíma stundaðir, heyri fortíðinni til.

### Heiðrík nótt og landlæg örbirgð

Malavar eru að jafnaði hrifnæmt og glaðlynt fólk, sem flest býr við þröngan kost í óraflýstum strákofum. Afstaðan til lífsins hefur yfirleitt verið talin þeim til ágætis. Þeir eru sagðir fólk augnabliksins – gestrisnir og frjálslyndir. Ég ímynda mér að svipað frjálslyndi hafi ríkt á Íslandi fyrir tíma raflýsingar – myrkur og raki híbýlanna hafi leitt besta fólk í freistni, sem ekki var talað um. Heiðrík og stjörnubjört nótt í afrísku þorpi er frjór jarðvegur fyrir slíkar freistingar. En lyndiseinkunnir fá á sig aðra mynd á tímum alnæmis, sem heggur stór skörð í heilu þjóðirnar.

Og svo er það neyðin sem rekja má beint til landlægrar örbirgðar. Það er þekkt meðal fátæks fólks um allan heim, að ungar stúlkur, sem þurfa að borga nám sitt dýrum dómum, eru í slagtogi við karla, sem taka að sér að fjármagna skólagöngu þeirra. Þessir menn eru oft tregir til að nota þekktar varnir gegn smiti. Stúlkurnar eiga sumar hverjar sína kærasta og mannsefni í skólanum. Ekki þarf mikið ímyndunarafl til að sjá fyrir sér sársaukafullar afleiðingarnar. Það bætir gráu ofan á svart, að svona smitast efnilegasta fólkið sem að öðru jöfnu hefði mesta möguleika á að rétta samfélagið við þegar fram líða stundir – ungt fólk á stúdentagörðum.

### Sú lífseigasta dauð og ómerk?

Nú hafa nokkur bláfátæk Afríkuríki hrundið bábiljum um hagstjórn og fengið viðurkenningu frá alþjóðlegum fjármálastofnunum fyrir framfarir á efnahagssviðinu. Þar á meðal er Malaví, sem hefur þó um árabil skrapað botninn eða því sem næst, þegar opinberar hagtölur þjóða eru yfirfarnar. Viðurkenningin felst í því að skuldir ríkisins hafa verið afskrifaðar að hluta. Það gefur sóknarfæri, sem þjóðin ætlar að nýta. Peningunum sem losna á að verja til skóla- og heilbrigðismála. Íslensk stjórnvöld ætla að styðja við bakið á Malövum í þessari viðleitni, einmitt á þeim sviðum sem ríkjasamstarf hentar best, í heilbrigðis- og menntamálum.

En heilbrigðismál og menntun duga ekki ein og sér. Það er tilefni til bjartsýni að stór fyrirtæki um allan heim eru farin að beina sjónum að Afríku og leita leiða til að byggja upp atvinnulíf í samstarfi við heimamenn. Æ oftar koma fram nýjar hugmyndir um hvernig best sé að haga samstarfinu og forðast pytti fortíðarinnar, sem ólu af sér gallsúra tortryggni sem ekki hefur tekist að uppræta. Í hópi þessara fyrirtækja eru Baugur og Samskip sem meira að segja hafa heimsótt Malaví, eitt fátækasta ríki í heimi, til að kanna jarðveginn. Actavis hefur líka sýnt Malaví áhuga. Þetta er til marks um gerbreytta tíma. Þar sem forkólfar þessara fyrirtækja – og stallbræður þeirra í öðrum ríkum löndum – hafa beitt sér hafa hlutirnir komist á hreyfingu. Gerist það dettur dauð og ómerk lífseigasta bábiljan um að ekki sé hægt að stunda ábatasöm viðskipti í Afríku. Þá réttir álfan mikla loks úr kútnum.

*Höfundur eru umdæmisstjóri Þróunarsamvinnustofnunar Íslands í Malaví.*

# Hedda Gabler tjáir sig

**UMRÆÐAN**
Leiklist


ELINE MCKAY

Fjalakötturinn sýnir nú Heddu Gabler eftir Henrik Ibsen í Tjarnarbíói. Ég undirrituð hef staðið að þessari sýningu og hef orðið mjög undrandi á viðbrögðunum við henni sem afhjúpa jafnframt sorglega staðreynd. Íslendingar þekkja ekki Ibsen. Þegar nemendur útskrifast úr menntaskóla á Íslandi hafa þeir mjög litla menntun í heimsbókmenntunum. Shakespeare er til dæmis ekki kenndur hér og hvers vegna ætti fólk að þekkja höfuðskáld Norðmanna? Þegar sett er upp „klassískt“ verk, er fólk dregið nauðugt í leikhús, viðbúið því að sitja undir einhverju mjög leiðinlegu og langdregnu.

Ég áttaði mig ekki á þessu fyrr en við fórum að fá áhorfendur í hús og meðal þeirra eru tveir brunaverðir sem við höfum orðið að ráða sérstaklega til varna því að ég kveiki í húsinu. Á hverju sýningarkvöldi hafa því mætt nýir slökkviliðsmenn sem hafa kannski engan sérstakan áhuga á leikhúsi, og undantekningalaust hafa þeir komið til okkar leikarana á eftir og sagt: „Ég er bara alveg hissa, ég vissi ekki að þetta væri svona skemmtilegt og spennandi.“

Aðrir leikhúsgestir hafa tjáð sig um það að þetta sé svolítið eins og að horfa á breskt sakamálaleikrit. Það má ekki missa af neinu í plottinu því verkið gerir þær kröfur til áhorfenda að fylgjast með til að missa ekki af neinu.

Og þar liggur hundurinn grafinn. Þegar sagt er að Ibsen hafi verið „faðir nútímaleikritunar“, þá er verið að meina það, að hann var með þeim fyrstu til að gera kröfur til leikara um algjört raunsæi, sem er til dæmis skilyrðið fyrir góðum kvikmyndaleik, og þess vegna hafa verk hans verið ákveðin fyrirmynd að handritsskrifum á tuttugustu öldinni.

Manneskjan er flókin. Fólk hugsar eitt, segir annað, og á sama tíma er það að reyna að breiða yfir það hvernig því líður, þó líkamsbeitingin komi yfirleitt upp um það, og þykjast einbeita sér að einhverju hversdagslegu eins og að strauja eða skrifa SMS.

*Þegar sagt er að Ibsen hafi verið „faðir nútímaleikritunar“, þá er verið að meina það, að hann var með þeim fyrstu til að gera kröfur til leikara um algjört raunsæi, sem er til dæmis skilyrðið fyrir góðum kvikmyndaleik, og þess vegna hafa verk hans verið ákveðin fyrirmynd að handritsskrifum á tuttugustu öldinni.*

Hvað varðar Heddu Gabler, þá er það algjör misskilningur að karakterarnir eigi að sýna greinilega sína eigin líðan. Þvert á móti þá eru karakterarnir að berjast fyrir því að koma ekki upp um sig gagnvart hinum á sviðinu. Leikritið er skrifað þannig að helmingurinn af því sem sagt er, er lygi og það er algjör hugarleikfimi fyrir lygara að muna hvað hann sagði og við hvern. Hinsvegar geta leikararnir sýnt eitt og annað en þó aðeins í tengslum við áhorfendur.

Þetta er ekki leikrit sem er matað ofan í áhorfendur. Það gerir þær kröfur að áhorfandinn sé á tánum allan tímann eins og leikararnir og fylgist með hvað er lygi og hvað ekki.

Þetta er saga sem gerist á sviðinu. Leikararnir, eins og karakterarnir, mæta bara á sviðið og við höfum ekki hugmynd um hvað mun gerast. Það eina sem við getum gert er að bregðast við því sem gerist, því verkið er allt í núinu, og gerist mjög hratt. Þetta hefur líka verið mjög lærdómsríkt fyrir okkur sem að þessu stöndum því við upplifum sýningarnar meira eins og æfingar því það er gjörólíkt í hvert skipti sem við sýnum það og við eigum engra annarra kosta völ en að vera í karakter og halda áfram. Við megum helst ekki klúðra einni setningu því þá hrynur uppbyggingin að sakamálaleikritinu. Engin setning er óþörf.

Það er leiðinlegt hvað markaðurinn er lítill hér á Íslandi því þetta er verk sem þyrfti að sýna fyrir áhorfendum í viku áður en það er frumsýnt því áhorfendur eru eina hálmstrá karakterana til að tjá sitt innra líf ef áhorfendur eru móttækilegir fyrir því.

Þetta er verk fyrir þá sem hafa áhuga á að stúdera fólk, og það er mjög eðlilegt að fólk gangi út og hugsi: „Ha, af hverju sagði hann eða hún þetta, hvað þýddi þetta?“

*Höfundur er leikkona.*










HÚSGAGNA LAGER SALA

LEÐUR SÓFASETT
HORNSÓFASETT
SÓFASETT MEÐ SKEMLI
TUNGUSÓFAR
TUNGU HORNSÓFAR
STAKIR SÓFAR
BORÐSTOFUBORÐ OG STÓLAR
SKENKAR
SÓFABORÐ
ELDHÚSBORÐ
RÚMGAFLAR
RÚM

VERÐDÆMI
LEÐURSÓFASETTT ÁÐUR ~~239,000~~
NÚ 89,900
HORNSÓFAR TAU ÁÐUR ~~198,000~~
NÚ 103,000
HORNSÓFAR LEÐUR ÁÐUR ~~249,000~~
NÚ 149,000

Dugguvogi 2. Sími 557-9510

vísir.is
Fyrstur með fréttirnar




Sonja gerði verkefni um hönnuð kjólsins í Listaháskólanum en óraði ekki fyrir því að hún myndi eignast kjól eftir hann.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Eignaðist draumakjólinn

***Sonja Bent er ekki í nokkrum vafa um að kjóll sem líkist fallhlíf sé uppáhaldsflíkin hennar. Hana dreymdi um kjólinn löngu áður en hún eignaðist hann og síðast var hann á sveimi í brúðkaupi Ingibjargar Pálmadóttur og Jóns Ásgeirs Jóhannessonar.***

Sonja Bent fatahönnuður keypti kjólinn í +365 Guerrilla store sem hún rak ásamt þremur öðrum í Slippnum við Reykjavíkurhöfn í fyrra. Fyrirtækið Comme Des Garçons rekur slíkar verslanir um allan heim en þær eru eingöngu opnar í ár á hverjum stað.

„Þegar ég byrjaði í Listaháskólanum gerði ég verkefni og hélt fyrirlestur um hönnuðinn Junya Watanabe sem hannar meðal annars fyrir Comme Des Garçons. Í tengslum við það rakst ég á þennan kjól eftir hann sem er úr svokallaðri parachutes-línu. Hann minnir á fallhlíf, með böndum og tilheyrandi. Hann er hvítur, alsettur bleikum blómum og mjög sætur. Ég féll algerlega fyrir honum og lét mig dreyma um að eignast hann en óraði ekki fyrir því að ég myndi fara að reka verslun í samstarfi við fyrirtækið,“ segir Sonja. Þegar hún fór svo að panta inn fyrir búðina óskaði hún eftir kjólnum en hann kom ekki með fyrstu sendingunni. „Ég hélt þá að hann væri búinn en svo birtist hann í næstu sendingu. Ég varð ótrúlega hamingjusöm og eignaði mér hann um leið,“ segir Sonja.

Aðspurð segist Sonja eingöngu nota kjólinn við mjög hátíðleg tilefni og fær hann stundum að prýða vegg í svefnherberginu til skrauts. „Vinkona mín fékk hann svo lánaðan um síðustu helgi til að fara í brúðkaupið hjá Jóni Ásgeiri og Ingibjörgu Pálma og má því segja að hann sé ennþá volgur,“ segir hún og hlær.

Sonja útskrifaðist sem fatahönnuður frá Listaháskólanum í vor og er nýjasti meðlimurinn í Kirsuberjatrénu. Þar selur hún meðal annars prjónapeysur sem byggja á japönskum origami-formum. Sonja hefur lengi leikið sér með þau form og prjónar úr þeim flókin munstur.

*vera@frettabladid.is*


Loksins raunhæfur valkostur í stað nagladekkja fyrir fólksbíla og jeppa

TOYO
VERÐLAUNA-MYNSTRIÐ
Stærri snertiflötur - aukið öryggi




TOYO
Harðskeljadekk
Frábær ending - Minna svifryk - Mjög hljóðlát

30 daga eða 800 km skilaréttur
Svo sannfærðir erum við um kosti TOYO harðskeljadekkjanna að við bjóðum 800 km eða 30 daga skilarétt ef þið eruð ekki fullkomlega sátt. Andvirðið gengur þá að fullu til kaupa á öðrum hefðbundnum vetrar- eða nagladekkum hjá okkur, við umfelgum fyrir þig hratt og örugglega.



561 4110
NESDEKK
Fiskislóð 30

TOYO TIRES
Umhverfisvænn valkostur í stað nagladekkja

Bílabúð Benna

Vagnhöfða 23 • 112 Reykjavík
Sími 590 2000 • www.benni.is
Opið virka daga frá kl. 8.00 - 18.00.
Laugardaga 11.00 - 14.00.



**Hlýir vettlingar** eru hið mesta þarfaþing á veturna og geta þeir oft verið sérdeilis fallega og haganlega gerðir. Prjónaðir vettlingar eru klassískir hvort sem þeir eru munstraðir, röndóttir eða einlitir.

## Svarti kjóllinn sívinsæll



LITLI SVARTI KJÓLLINN ER ALLTAF HEITUR OG LUMA FLESTAR KONUR Á EINUM SLÍKUM Í SKÁPNUM. YFIR HÁTÍÐIRNAR ÞEGAR HVERT BOÐIÐ REKUR ANNAÐ GETUR VERIÐ SNIÐUGT AÐ POPPA HANN UPP MEÐ ÝMSUM FYLGIHLUTUM. FYRIR VIKIÐ ER HÆGT AÐ NOTA HANN OFTAR EN EINU SINNI.

Gammosíur í öllum regnbogans litum eru það heitasta í dag og geta þær gefið kjólnum nýtt líf. Gull, silfur og glimmer er sérstaklega hátíðlegt. Þá geta stór silfurarmbönd og síðar hálsfestar haft mikið að segja. Litrík belti og veski geta einnig gefið kjólnum nýjan blæ og kápur eða skór með hlébarða- eða sebramunstri breyta honum umsvifalaust í tilvalinn áramótaklæðnað.

*- ve*



Gleraugu byggð á hönnun frá 1930-70 eru vinsæl, einkum hjá unga fólkinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Gleraugun hans afa í glænýjum búningi

***Í hinni nýju verslun Sjónlínunni í Strandgötu 39 í Hafnarfirði vekur athygli sérstakur veggur sem tileinkaður er tímabilinu 1930-1970.***

„Við höfum fengið mjög góðar viðtökur og fortíðarumgjarðirnar eru vinsælar, ekki síst af unga fólkinu," segir Kristín Dóra, verslunarstjóri í Sjónlínunni. Kristín er líka sjónfræðingur og kveðst leggja áherslu á þjónustu við viðskiptavini sem þurfi á margskiptum glerjum að halda. Hún kveðst fyrst á Íslandi til að bjóða upp á svokallaða 3D-greiningu sem aðlagar stærð og lögun viðkomandi sjónsviðs fullkomlega að þörfum hvers og eins. Sjónglerin eru frá þýska framleiðandanum Rodenstock og umgjarðirnar eru þýskar, amerískar og franskar. Í Sjónlínunni er líka sérstakt barnahorn með umgjörðum fyrir börn upp að tólf ára aldri. En hverfum aftur að fortíðarveggnum.

„Þetta eru vinsælustu umgjarðirnar en þær eru nýjar þótt þær séu byggðar á hugmyndum og hönnun frá liðnum áratugum," tekur Kristín Dóra fram. Í samstarfi við gleraugnanörda í Evrópu og Bandaríkjunum kveðst hún geta útvegað hvaða gleraugnastíl sem er og nefnir dæmi í lokin: „Ef einhvern langar í gleraugu eins og afi er með á fermingarmyndinni þá útvegum við umgjörðina á nokkrum dögum."

*gun@frettabladid.is*



„Þættir eins og beiting augna, atvinna og áhugamál viðskiptavina eru lagðir til grundvallar við smíðina," segir Kristín Dóra, sjónfræðingur í Sjónlínunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR


Tískuföt fyrir fasmiklar konur

StreetOne Uldahl

Stærðir 36-44

20% afsláttur af öllum vörum til 10. des.

YSJA

Grensásvegi 22 - 108 Reykjavík - Sími 553 4000 - Gsm 869 4131



Flexitol Heel Balm

NÝTT

Fáðu fæturna mjúka og fína á 2 vikum með Flextiol

Flexitol

Útsölustaðir: Fótaaðgerðastofurnar og Snyrtistofurnar Eygló, Paradís, Líf, Jóna og Aníta Vestmannaeyjum, Ásdísar í GB. Spar, Þín verslun Kópavogi, Fjarðarkaup HFJ og Lipurtá, Lyfja, Fótaaðgerðastofa Reykjavíkur.

Nýtt á Íslandi! NO STRESS pompea



Þægilegur, saumlaus og fallegur fatnaður. S. Gunnbjörnsson ehf.



IPL VARANLEG, SÁRSAUKALÍTIL HÁREYÐING

Greifynjan snyrtistofa s. 587 9310

NEMATILBOÐ -20% FIMMTUD. ANDLITMEÐFERÐ

Sérverslun með kvensilfur



Margar gerðir af búningasilfri.

**Þetta er ódýrasta mynstrið. Allt sem þarf á upphlutinn, settið frá 90.530, kr.**

Allar upplýsingar um hefð og gerðir búninga eru veittar á staðnum.

**Gullkistan - Frakkastíg 10 - Sími: 551-3160.**

Glæsilegir sparitoppar

Str. 36 - 56

Ríta

Bæjarlind 6 • s. 554 7030
Eddufelli 2 • s. 557 1730

Opið virka daga 10 - 18
Opið laugard. í Bæjarlind 10 - 16
og Eddufelli 10 - 14



## Úr háborg tískunnar

**BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS**

## Jesúmynd? En hvað Stína er gamaldags

Fegrunaraðgerðir verða æ algengari í þjóðfélagi útlitsdýrkunnar þar sem sífellt mikilvægara er að vera ungur og fallegur. Aðgerðirnar eru ekki lengur einungis fyrir konur því æ fleiri karlmenn láta skera burt poka undir augum eða slétta úr nokkrum hrukkum. Svo hefur auðvitað bótoxið slegið í gegn. Hér í landi tískunnar er nánast vonlaust fyrir manneskju sem þyrfti að léttast um 10-20 kíló að sækja um vinnu hjá einhverju af hinum fjölmörgu fínu tískuhúsum. Þeir sem eru of þungir eru útlægir úr heimi tískunnar þar sem fyrirsætur deyja úr vannæringu út af eilífum megrunum.

Brjóstastækkanir verða sífellt algengari fegrunaraðgerðir þó ekki sé hægt að tala um æði eins og vestanhafs. Samkvæmt lýtalæknum verður æ algengara að 18 ára stúlkur fái brjóstastækkun í afmælisgjöf. Kannski ekki svo skrítið í landi þar sem konur sem lesa fréttir í sjónvarpi eru gjarnan í ermalausum og flegnum efrihlutum svo aðeins eitt dæmi sé nefnt, langt frá okkar Eddu Andrésar eða Jóhönnu Vigdísi sem eru gjarnan kappklæddar í útsendingu í rúllukragabol og jakka. Kvennatískublöðin eins og Elle birta greinar með listum yfir þær spurningar sem þarf að svara áður en ákvörðun er tekin um að leggjast undir hnífinn, eins og ekkert sé eðlilegra í heimi en að láta laga á sér brjóstin. Best er að fara til skurðlæknisins sem besta vinkonan mælir með. Blöðin sýna einnig lesendum sínum myndir af mismunandi endurbættum brjóstum svo lesendur geti gert sér grein fyrir muninum, hvort þau eigi að vera fullkomlega löguð eins og epli, vísa upp (push up), eða að síga eðlilega niður og vera perulaga. Hins vegar er nánast ekkert talað um þær hættur sem geta fylgt brjóstaðgerðum eða vandamálum sem geta komið upp nema að skipta þurfi um sílikonpoka eftir 10-15 ár.

Í morgun las ég svo í dagblaðinu Libération um það nýjasta í brjóstaaðgerðum í Kaliorníu, fundið upp af fyrirtækinu Cytori Therapeutics. Sú aðgerð felst í að blanda saman virkum fitufrumum og frumum úr rasskinnum viðkomandi og sprauta í brjóstin. Fitufrumurnar stækka svo smám saman og brjóstin um leið. Árangurinn sést þó ekki að fullu fyrr en eftir 6 mánuði og því vissara að fara hægt í sakirnar hvað varðar sprauturnar ef barmurinn á ekki að líkjast barmi Pamelu Anderson eða Dolly Parton.



Þið munið eftir jólalaginu með Ríó tríóinu þar sem sem segir: „Eftir jólin aftur byrjar skólinn.“ Og seinna í textanum „...hvað fékkstu í jólagjöf? Jesúmynd og jólakort frá Stínu.“

En svarið verður kannski bráðlega: „Ég fékk brjóst!“

*bergb75@free.fr*

## Fyrir karlmenn

L'OCCITANE CADE




Frá franska fyrirtækinu L'Occitane kemur krem sérstaklega ætlað karlmönnum, sem vinnur gegn hrukkum. Concentré Jeunesse Cade Youth Concentrate styrkir húðina og dregur úr hrukkumyndun, vinnur gegn áhrifum mengunar og gefur raka. Cade Juniper Scrub kemur einnig frá L'Occitane og er skrúbb sem ætlað er að undirbúa húðina fyrir rakstur. Það mýkir húðina og kemur í veg fyrir rakstursbólur.

*- þlg*

## Asískir straumar í hátískuhúsum

ASÍSKUR KLÆÐNAÐUR MEÐ SÍN SÉRSTÖKU SNIÐ OG ALLA REGNBOGANS LITI ERU NÚ HELSTI INNBLÁSTUR HÁTÍSKUHÚSANNA.

Hönnuðir á borð við Dior, Berardi, Alexander McQueen, Rubin Singer, Jayson Brunsdon, Allegra Hicks, Yohji Yamamoto, Prada og Max Mara tóku sér kínverskan, japanskan og kóreanskan stíl til fyrirmyndar þegar vorlínan var á dögunum kynnt til leiks.

Þar sáust bæði maókragar, silkifatnaður með þrykktu munstri sem minnir á ritlist Asíu og silkikjólar í ætt við geisjukjóla. Við þetta blandaðist glamúrstíll fimmta áratugarins hjá hönnuðum eins Dior en andi hippanna sveif yfir hönnun Hicks. Prada var með afslappaðri stíl og Yamamoto fagnaði ári drekans á eigin vísu. Asískir straumar eru það sem koma skal í vor, svo kínakjólarnir eru enn í fullu gildi.

*- rh*



## Roberts hannar Armani-armband

ÁGÓÐI AF SÖLU ARMBANDSINS RENNUR TIL STYRKTAR BARÁTTUNNI GEGN ALNÆMI.

Leikkonan Julia Roberts hefur hannað armband fyrir tískuvörurisann Giorgio Armani. Ætlunin er að selja armbandið á alþjóðlega baráttudeginum gegn alnæmi.

Þetta er í fyrsta sinn sem hinn ítalski hönnuður vinnur með öðru þekktu nafni að vöru sem seld er undir merkjum hans. Julia Roberts er gömul vinkona Armanis og hefur klæðst fötum eftir hann á mörgum uppákomum um árum. Armbandið er úr rauðu og brúnu leðri en innan í því er lítið merki sem á stendur skammstöfunin J.R. Armani hefur tekið þátt í RED-átakinu frá árinu 2006 en það felur í sér að hluti ágóða af sölu varnings rennur til baráttunnar gegn alnæmi.

*- sgi*



## Eins og silkimjúkur barnsrass

ÞROSKAÐAR KONUR YFIR FIMMTUGT LEITA GJARNAN AÐ SNYRTIVÖRUM SEM BÚA YFIR NÆRANDI OG STYRKJANDI EIGINLEIKUM FYRIR LÍKAMANN.

Fyrir þær, og þá sem hafa þurra líkamshúð, hefur Lancôme sett á markað Nutrix Royal Body sem byggir upp varnir húðarinnar, breytir yfirborði hennar og er uppbyggjandi og nærandi.

Nutrix Royal Body inniheldur drottningarhunang og jurtaolíur sem endurbyggja húðþekjuna svo hún hlýtur hágæðanæringu, endingargóð þægindi og þéttleika. Extrakt af heslihnetu ver húðina gegn ytra áreiti svo hún þornar síður og húðin verður mjúk eins og barnsrass, þétt, rakafyllt og vel nærð.

*- þlg*




**Glæsilegar Ullarkápur Ullarjakkar**



BERNHARD LAXDAL

**Laugavegi 63 • s. 551 4422**




frábær föt frábært úrval

Vefta

Tískuföt Hólagarði

s: 557 2010

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki




Ás accessories heildverslun

RISA LAGERSALA

opið Fimmtudaga 12-19 og laugardaga 11-16

FATNAÐUR • SKART • TÖSKUR • GJAFAVARA • HÚFUR • VETTLINGAR OFL.

ERUM BEINT FYRIR AFTAN KFC HAFNARFIRÐI

DALSHRAUNI 17 • 220 HAFNARF. • SÍMI 865-6774



**Blússur ný sending**

Guðrún tískuverslun

Rauðarárstígur 1 • sími 561-5077

**Gleði** er heilsusamleg og því er mjög mikilvægt að reyna að tapa ekki gleðinni. Vissulega skiptast á skin og skúrir hjá öllum en heillavænlegast er þó að reyna að halda í bjartsýnina… sagði Pollýanna.










Breskar konur eru að ná breskum körlum í drykkju samkvæmt nýjustu niðurstöðum.

# Sprungnar blöðrur

***Konur sem drekka stíft eiga fleira á hættu en skorpulifur.***

Í nýjasta hefti British Medical Journal segja skurðlæknar við Pinderfield-sjúkrahúsið í Wakefield að konur eigi fleira á hættu en skemmda lifur ef þær drekka of mikið, en undanfarið ár hafi konur leitað á spítala með sprungna þvagblöðru. Hingað til hefur þetta vandamál verið karla, en ástæða þess að þvagblaðra springur er lítil sem engin tilfinning fyrir því að hún sé full, eins og getur gerst með deyfandi áhrifum áfengis.

Bresk heilbrigðisyfirvöld eyða árlega yfir 3 milljörðum punda í áfengistengd heilsutjón, en í þeirri tölu eru yfir 28 þúsund sjúkrahúsinnlagnir og 22 þúsund ótímabær dauðsföll af völdum áfengisneyslu. Samkvæmt nýjustu tölfræði eru breskar konur að ná körlum í áfengisdrykkju og þegar hafa þarlendar unglingsstúlkur náð unglingsstrákum í drykkju.

Mohantha Dooldeniya, skurðlæknir á Pinderfield-sjúkrahúsinu, hefur tekið á móti þremur konum á þessu ári sem allar voru með sprungna þvagblöðru og þurftu á skurðarborðið. Læknar báru ekki strax kennsl á vandamálið því þeir reiknuðu ekki með því hjá konum. Allar komu þær inn um morgun eftir dágott fyllirí og gátu óljóst sagt hvað hent hafði, en tvær kvennanna fengu auk þess sýklalyf vegna þvagfærasýkingar, meðan sú þriðja var grunuð um botnlangabólgu í kjölfarið.

Konur hafa styttri þvagrás en karlar og því var áður talið að þvagblaðran læki þegar hún yfirfylltist í stað þess að rofna en sú er ekki raunin. Dooldeniya segir því að læknar þurfi að vera meðvitaðir um að konur sem kvarti undan verk í neðanverðu kviðarholi geti verið með sprungna blöðru. *- þlg*

# Fjör hjá mæðgum

***Mæðgur á öllum aldri læra að efla jákvæð tengsl og auka gleðileg samskipti á námskeiði í Gerðubergi laugardaginn 24. nóvember frá 13-17.***

„Það hittist svo skemmtilega á að mæðgnanámskeiðið okkar mæðgnanna fellur inn í forvarnarviku og jákvæð tengsl mæðgna eru svo sannarlega forvarnir,“ segir Marta Eiríksdóttir í Púlsinum. Hún er forsprakki mæðgnanámskeiðsins, ásamt dóttur sinni, Hrafnhildi Ásu Karlsdóttur. „Við erum góðar vinkonur og viljum miðla því hversu gaman það er fyrir mæður að leika sér og fíflast saman öðru hverju,“ segir Marta og lýsir viðfangsefnum námskeiðsins. „Við dönsum, syngjum og leikum og að lokum er farið í léttar jógaæfingar.“ Skráningar eru á pulsinn.is og í síma 848 5366. *- gun*



Það er létt yfir mæðgnanámskeiðinu hjá Mörtu, sem verður á laugardaginn.



















**Dyramottu** er skynsamlegt að hafa við útidyrnar til að þurrka skítinn af skónum. Þá verða minni þrif inni við og einnig geta motturnar sett fallegan svip á innganginn.




# Sniðugt stáss í stofu

***Stofan er oft eitt helsta stolt heimilisins. Þar má finna glæsilegustu munina og fínustu húsgögnin haganlega uppstillt á vel völdum stöðum.***

Óneitanlega mótast stofurnar af eigendunum og smekk þeirra. Nútímahönnun er afar vinsæl þessa dagana en þrátt fyrir að vera frumleg getur hún þó oft tónað við fortíðina á smekklegan hátt. Hér gefur að líta nokkra listilega gerða muni sem sett geta sterkan svip á híbýlin og eru þeir allir lífstíðareign. Hlutirnir fást meðal annars í Saltfélaginu og eru þekktir hönnunargripir. *- hs*



Gauksklukkan er skemmtileg blanda af nútíð og fortíð og fæst hún í ýmsum litum. Hún er frá Diamantini & Domeniconi sem er ítalskt hönnunarfyrirtæki.



Dip-vasinn er frá Goods Design sem er hollenskt fyrirtæki. Hann ber nafn með rentu þar sem í honum eru mörg hólf til að dýfa í blómum og öðru skrauti. Hönnuður vasans er Robert Bronwasser.



Hinn klassíski Alvar Aalto-vasi sómir sér vel hvar sem er og ekki síður fylltur af fallegum blómum. Hann er bæði til í lit og glæru og setur punktinn yfir i-ið í hvaða stofu sem er.



Random-hillurnar eru einstaklega skemmtileg og praktísk hönnun. Hér má finna pláss fyrir bækur af ýmsum stærðum og gerðum sem og tímaritin. Þær eru frá MDF-hönnunarfyrirtækinu og líta sérstaklega vel út þegar fyllt er í þær.



Þessar stílhreinu koparljósakrónur eru hugarfóstur Toms Dixon. Þær hafa fallega lögun og virka eins og spegill. Þær minna sterklega á sjöunda áratuginn og sóma sér einstaklega vel fyrir ofan borðstofuborðið.



Í öllum betri stofum þarf að vera til kertastjaki. Gott er að eiga einn veglegan til að nota við hátíðleg tækifæri og er þessi silfraði stjaki hannaður af Marcel Wanders fyrir Goods Design og kallast Lucy.


Marretti



Hágæða Ítölsk vara

Gler eða harðviðar tröppur, burstað ryðfrítt stál eða pólerað.

B.Haraldsson
s. 897-8947 • bjorneh@simnet.is

Salerni með hæglokandi setu
kr. 9.900.-



BAÐHEIMAR
Skútuvogi 4 - s. 525 0800
Baðdeild Álfaborgar

vísir.is
Fyrstur með fréttirnar

Magnaða moppuskaftið

Dagar skúringafötunnar eru taldir

Alltaf tilbúið til notkunar
Gólfin þorna á augabragði
Fljótlegt og þægilegt



**Sölustaðir:**
Húsasmiðjan - Byko - Pottar og prik Akureyri - Áfangar Keflavík - Fjarðarkaup - Parket og gólf - Eyjatölvur - Miðstöðin Vestmannaeyjum - Litabúðin Ólafsvík - Skipavík Stykkishólmi - Rými - SR byggingavörur Siglufirði - Rafsjá Sauðárkróki - Nesbakki Neskaupsstað - Núpur Ísafirði - Vélaleiga Húsavíkur. **Heildsöludreifing: Ræstivörur ehf.**

WMF STEIKARPOTTUR

VILLEROY & BOCH / KRINGLUNNI / 533 1919



TILBOÐSVERÐ
10.900 KR.

WMF

White-Westinghouse



ÞVOTTAVÉL
· Topphlaðin
· 11 kg af þurrum þvotti.
· Vindur vel.
· Fljót að þvo.
· Sparneytin.
· Tekur heitt og kalt vatn.

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

# allt - sem þig vantar

**SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–17**

**SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**
**smaar@frettabladid.is / visir.is**

**AFGREIÐSLAN ER OPIN: VIRKA DAGA 8–17**

## BÍLAR & FARARTÆKI

X4 ehf


Nýr Daihatsu Terios jepplingur. 1.5L. 103 hp. eyðsla 7.5L./100km. Verð frá. 2.290.000. www. X4.is


Nýr Daihatsu Materia 1.3L. 91 hp., eyðsla 6.6L./100 km. Fæst einnig með 1.5L. vél og 4x4. Verð frá 1.990.000.- www. X4.is


Nýr Daihatsu Trevis 1.0L. 59 hp., eyðsla 4.8L./100km. Verð frá 1.690.000.- www. X4.is


Nýr Daihatsu Sirion2. 1.0L. 69 hp., eyðsla 5.0L./100km. Fæst einnig 1.3L. og 1.5L. vél. Verð frá. 1.590.000.- www. X4.is


Nýr Daihatsu Cuore. 1.0L. 69 hp., eyðsla 4.4L./100km. Verð frá 1.376.000.- www. X4.is

**X4 ehf**
**Malarhöfði 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 565 2500**
**Opið virka daga 10-18**
**www.x4.is**

HEIMSBÍLAR www.heimsbilar.is


HONDA ACCORD 2,4 EXECUTIVE, árg.'04. Ssk. Ek. 81 þ.km. Verð 2.390 þús. Áhvílandi 1.200 þús. Afb 31 þús. Rnr. 104144. Til sölu og sýnis hjá Heimsbílum, Kletthálsi 2, s. 567 4000. Sjá fleiri myndir www.heimsbilar.is


TOYOTA AVENSIS S/D TERRA, árg 9/2000. Beinsk. Ek. 166 þ.km. Verð 690 þús. Rnr. 103941. Til sölu og sýnis hjá Heimsbílum, Kletthálsi 2, s. 567-4000. Sjá fleiri myndir www.heimsbilar.is


HYUNDAI TRAJET 7 MANNA, árg 5/2002. Sjálfs. Ný tímareim. Ek. 86 þ.km. Verð 1.290 þús. Tilboð yfirtaka + 100 þús. Áhvílandi 950 þús. Afb 35 þús. Rnr. 103169. Til sölu og sýnis hjá Heimsbílum, Kletthálsi 2, s. 567-4000. Sjá fleiri myndir www.heimsbilar.is


VW POLO, árg 3/1999. Beinsk. Ek. 92 þ.km. Verð 350 þús. Rnr. 104119. Til sölu og sýnis hjá Heimsbílum, Kletthálsi 2, s. 567-4000. Sjá fleiri myndir www. heimsbilar.is


RENAULT MEGANE BERLINE, árg 2004. Beinsk. Verð 1.450 þús. Flottur bíll með góðan aukapakka. Rnr. 104102. Til sölu og sýnis hjá Heimsbílum, Kletthálsi 2, s. 567-4000. Sjá fleiri myndir www. heimsbilar.is

**Heimsbílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 567 4000**
**Til sýnis og sölu á Heimsbílum Kletthálsi 2 S: 567-4000. Sjá fleiri myndir á www.heimsbilar.is**
**www.heimsbilar.is**

## BÍLAR TIL SÖLU

Nissan Qasqai 2000cc,bensín, 141hö, Árgerð 2007 ekinn 16 þús, sjálfsk., fjórhjóladrif, cruise control, aksturstölva, bluetooth, ABS hemlar, aksturstölva, álfelgur og dráttarbeisli.



Topp bíll!! Ásett 2.790.000.- Uppl. í síma 864 6709

HEKLA Söluumboð í Reykjanesbæ sími 420 5000


NISSAN TERRANO II Árg.'99. Ek. 161 þ.km Nýsk. 2/99. Diesel, Ssk. 7 manna. Verð kr. 950.000 Einn eigandi.


BMW 3 320I Árg.'05. Ek. 10 þ.km Nýsk. 10/05. Ssk. Verð kr. 3.850.000. Áhv.3.800 þ. mán. afb. kr. 53 þ.


LEXUS IS200 Árg.'01. Ek. 110 þ.km Nýsk. 4/01. Ssk. Verð kr. 1.690.000


JEEP LIBERTY SPORT 4X4 Árg.'04. Ek. 28 þ.km Nýsk. 10/04. Ssk. Verð kr. 2.490.000

**Hekla Söluumboð**
**Njarðarbraut 13, 230 Reykjanesbæ**
**Sími: 420 5000**
**www.heklakef.is**

Arnarbílar www.arnarbilar.is


CHRYSLER SEBRING árg.'04, ek 106 þ. m, 2.4L Ssk, Nagladekk, Verð 1.100 þ FRÁBÆRT TILB. 850 þ Áhv 750 þ. Nánari uppl. á www.arnarbilar.is rn: 120417 S. 567 2700


MMC PAJERO BENSÍN V-6 LANGUR árg 8/95, ek 189 þ. 3.0L Ssk, 7 Manna, 2 Eigendur frá upphafi, V. 690 þ TILBOÐ 290 Þ STGR. Nánari uppl á www.arnarbilar.is rn: 140098 S. 567 2700

**Arnarbílar ehf**
**Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík**
**Sími: 567 2700**
**www.arnarbilar.is**

100 bílar.is bílasala


M.Benz ML350, árg. 2007, ek.14þús. km, Verð Tilboð 5790þús.kr, Verð áður 6150þús.kr.

**100 bílar ehf**
**Funahöfða 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.30 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu


Hyundai Getz 07-2006, ekinn 16 þús. Verð tilboð 1.030 þús. Kostar nýr 1430 þús. Sími 856 7466.



### AH ÖLL SKIPTI

BMW Z4 2003. Einn með öllu. td Sport og Premiumpakka. 17" felgur, ný vetrardekk. Leður.Cruise.M-Sportfjöðrun. Skriðvörn."Skotheld"blæja. ofl ofl. Tjón og reyklaus. ek 70þúskm. Þessi er ROSALEGUR!. Ásett verð 3590þús. Áhvílandi ca. 3mills, afb. 43 þús á mán. Fyrsta afborgun 15janúar 2008.Uppl. í s. 867 8797



Reyfarakaup á verksmiðjuútsölum með lægri dollar! 2007 Jeep Grand Cherokee, Ford Explorer, Dodge Durango. Jeppar frá 2690þús, pallbílar frá 1990þús. Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com


Benz E 220 diesel '96 skoðun 08 verð 470 þús mikið endurnýjaður sími 820 4340


Toyota Yaris T-Sport 1500 nýskr 12/2003 ekinn 71 þ km álfelgur spoiler sumar og vetrardekk verð 1,350,000- uppl í síma 861 7600



Nýr 2008 Toyota Highlander. Slær Landcruiser út með kraft og sparneytni. 270 hö, 7,5L/100km. Einnig 2006/2007 tilboðsbílar. Frá 3.500þús. Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com


Til sölu fallegur bíll. Skoda Octavia 05, ekinn 47 þús. km. Sjálfskiptur, ABS, 1595cc. Ásett verð 1.350 þús, áhvílandi 880 þús. Uppl. 822-6333


Til sölu VW Polo 04, 1,4 beinsk. Ekinn á vél 6 þús km en á mæli 40500. Útb. kr. 180 þús og yfirtaka á láni (810) Fallegur og góður bíll. Uppl. 822-6333


Dodge Ram 2500 Laramie Diesel 2007 ekinn 5Þ.Leður 6 manna Topplúga.35" Breyttur lok á palli.Einn með alveg öllu. S:898-2811



### 3xVW Golf

'98-'00 Seljast á 600 þ. Uppl. í s. 863 3224.



### Toppbíll!

Til sölu VW Vento 1600, 11/12 '97 ssk. Ek. 95 þús. Gott ástand. Verð 210 þús. Uppl. í s. 898 8835.


Ford Escape XLT Choice 4wd Árg. '04. Ek. 43 þ. Svartur. Ssk. 6. cyl. Ljóst leður áklæði, sumar/vetrardekk. V. 1.950 þ. Uppl. í s. 864 4612.

Honda Civic, 160 hö, árg. '98, ek. 130 þús. V. 650 þús. Uppl. í s. 857 8098.



### Góður bíll !!!

Nissan Almera '04. 1,8. Sjálfskiptur. Ekinn 47 þús. Dráttarkúla, Fjarstýrðar samlæsingar, Geislaspilari, Rafdrifnar rúður ofl, Vindskeið/spoiler. Listaverð 1150 þús. verð 990 þús. Áhvílandi 760 þús. Uppl. í s. 692 5577.


M- Bens C180 árg.'02. Ek. 58 þús. Silfurgrár, sérlega glæsilegur bíll, eins og nýr. Verð 2450 þús. Uppl. í s. 847 5000.



### Sjálfskiptur og leður!

Suzuki Grand Vitara 10/'05. Ek. 68 þ. Ssk. Leður, hiti í sætum, rafm. í rúðum CD, Toppbíll. ÁsettV. 2.1 mil. Tilboð 1.8 mil. Áhv. rúml. 1.6 mil. S. 691 9374.


Cerovelet Capries Classic '91. Leðurinnrétting, rafmagn í öll. Sk.'08. Verð 580 þús. Uppl. í s. 822 6554.

toms ehf.



### BMW 540IA

sjálfskiptur 04/97 e.140þ.286 hö Leður,sóllúga,rafm.í öllu.Frábært eintak. Tilboð 1.100þ Toms ehf. S. 892 6890 toms@toms.is


Toyota Land Cruiser 100 Turbo Diesel 4.2 sjálfskiptur árg.'99 e.254Þ. Leður,sóllúga,Tems,rafm.í öllu,þjónustubók frá upphafi .Gott eintak. Verð 2.890þ. Toms ehf. S. 892 6890 toms@toms.is

### www.bilapartar.is

Eigum nokkra Toyota fólksbíla og jeppa til sölu. Upplýsingar í síma 587-7659 Bílapartar ehf, Grænamýri 3 Mosfellsbæ.

Yaris árg. '05 Ek. 35 þ. V. 950 þ. 5 dyra Bsk Grár Uppl. í s. 475 1520 & 867 5870.

Til sölu Ford Fiesta árg '97 ek. 110 þús, í ágætis ástandi verð ca 120 þús, Uppl í S. 581 1963 og 698 7368 e kl 16 á daginn.

O&K Þjónusta

**Þjónustuaðili:**

Langendorf Fiat MSB New Holland NPK
Daewoo IR Montabert DEUTZ Kobelco

VélRás ehf.

Sérhæfð þjónusta við rafkerfi og glussakerfi

RAUÐHELLA 16 · 220 HAFNARFIRÐI · SÍMI 555 6670 · FAX 555 6671 · velras@velras.is

Slöngur og fittings á lager.

Smurþjónusta fyrir stóra bíla og vinnuvélar.

Setjum á og útvegum yfirbreiðslur á vagna.

# hafnarfjörður

FIMMTUDAGUR 22. NÓVEMBER 2007

Gizmo tískusýning

**haldin í tíunda sinn**

BLS. 4






FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




## HANDA YNGSTU KYNSLÓÐINNI

Bækur Todd Parr eru með vinsælustu bókum í Bandaríkjunum fyrir yngstu börnin. Þær eru fullar af gleði, mannlegum skilningi, umburðarlyndi og skærum litum, allt til þess fallið að gleðja og þroska börnin. Gyða Haraldsdóttir þýddi bækurnar.

**FRÁBÆRAR BÆKUR SEM ÖLL BÖRN ÞURFA AÐ KOMAST Í KYNNI VIÐ.**




## ÍSLENSKU JÓLASVEINARNIR

Síðustu daga fyrir jól koma jólasveinarnir þrettán til byggða. Þeir eru mestu prakkarar og það er enginn öruggur fyrir þeim. En þótt þeir séu þjófóttir eru þeir samt alveg sérlega skemmtilegur ræningjaflokkur. Grýla, Leppalúði og Jólakötturinn eru einnig persónur í þessari bráðskemmtilegu bók.

SKRUDDA
Eyjarslóð 9 – 101 Reykjavík
s. 552 8866 – skrudda@skrudda.is
www.skrudda.is



**Það er margt fram undan í Hafnarborg í Hafnarfirði, þar á meðal ýmsir tónlistarviðburðir.**

## Klassískir tónar

Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar, verður með ýmislegt á dagskránni á komandi mánuðum. Meðal annars spennandi tónlistarviðburði.

Tríó Reykjavíkur verður með tónleika í húsinu sunnudaginn 2. desember undir yfirskriftinni Klassísk við kertaljós, þar sem verk eftir Brahms, Rakhmanínov og Sjostakovitsj eru meðal annars á dagskránni. Þess má geta að Tríó Reykjavíkur er að hefja sitt átjánda starfsár í samvinnu við Hafnarborg.

Antonía Hevesi píanóleikari hefur staðið fyrir hádegistónleikum fyrsta fimmtudag hvers mánaðar síðan í ágúst, þar sem hún velur þá listamenn sem koma fram. Ingveldur Ýr Jónsdóttir messósópran verður gestur Antoníu fimmtudaginn 6. desember klukkan 12 á tónleikum sem bera yfirskriftina Sópran úr skápnum.

Allar nánari upplýsingar um viðburðina, listamennina og annað sem er á dagskrá Hafnarborgar er að finna á heimasíðunni www.hafnarborg.is



**Kvikmyndasýningar eru á þriðjudögum klukkan 20 og á laugardögum klukkan 16.** FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

## Í bíó með Bergman um helgina

Bæjarbíó tók til starfa árið 1945 og hefur frá fyrstu tíð staðið fyrir reglulegum kvikmyndasýningum, þótt hlé hafi nokkrum sinnum verið gert á starfseminni. Húsið er rekið af Kvikmyndasafni Íslands, sem hefur undanfarið sýnt þar hvert stórvirkið á fætur öðru.

Næst á dagskrá er kvikmynd frá árinu 1971 eftir meistara Ingmar Bergman, Snertingin eða Beröringen eins og hún heitir á frummálinu.

Þar segir af sænsku eiginkonunni og móðurinni Karenu sem tekur upp ástarsamband við nágranna sinn, David, en hann er gyðingur sem komst lífs af úr útrýmingarbúðum nasista. Sambandið veitir henni þó ekki hamingjuna sem hún vonaðist eftir og loks verður hún að ákveða hvort hún vill verja ævinni með David eða snúa aftur heim til fjölskyldu sinnar.

Með helstu hlutverk fara Elliott Gould, Bibi Anderson og stórleikarinn Max von Sydow sem lék í mörgum af eftirminnilegustu myndum Bergmans, þar á meðal í Sjöunda innsiglinu, Det Sjunde Inseglet.

Myndin verður sýnd í Bæjarbíói laugardaginn 24. nóvember klukkan 16.00. Miðaverð er 500 krónur. Allar nánari upplýsingar á www.kvikmyndasafn.is



**Systir Agnes kveikir á kerti í kapellunni í Karmelklaustrinu þar sem bænahald fer meðal annars fram. Nunnurnar verja miklum tíma í bænir og handavinnu þess á milli.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Allt gert í bænaanda

**Jólaundirbúningur er nú víða hafinn og er Karmelklaustrið í Hafnarfirði þar engin undantekning, en þar verja nunnurnar nú löngum stundum í undirbúning fyrir Jólaþorpið í Hafnarfirði sem verður opnað á laugardag.**

„Hafnarfjarðarbær hafði samband og bað okkur um að vera með fyrsta árið þegar Jólaþorpið fór af stað. Fólk tók svo vel á móti okkur að þetta er orðið að föstum lið. Við höfum tekið þátt frá byrjun," segir Systir Agnes í Karmelklaustrinu í Hafnarfirði, þar sem nunnurnar búa sig nú undir þátttöku í Jólaþorpinu í ár. Karmelsystur verða venju samkvæmt með handgerða muni í Jólaþorpinu, svo sem myndskreytt kerti og jólaskreytingar, sem hafa notið mikilla vinsælda um árin. „Ekkert af þessu er framleitt," tekur Systir Agnes skýrt fram. „Allt er handgert og sumt búið til úr íslenskri náttúru, svo sem hrauni, mosa og trjágreinum." Að sögn Systur Agnesar fer mikil vinna í handverkið sem allar nunnurnar inna af hendi ásamt bænahaldi, sem er daglegur hluti af klausturlífinu eins og algengt er og veitir íbúum þess mikla gleði.

Þess utan sinna nunnurnar meðal annars ýmsum húsverkum og garðvinnu, en umhverfis klaustrið er fallegur garður þar sem þær rækta grænmeti, ávexti, eins og jarðarber og rifsber, og blóm. Blómin nota nunnurnar meðal annars til að skreyta kapelluna en annars fara þær ekki mikið út og þá sjaldan meðal fólks.

Með hliðsjón af því vaknar sú spurning hvort ekki skapist mikil eftirvænting á meðal Karmelsystranna vegna þátttökunnar í Jólaþorpinu þar sem samneytið við umheiminn verður sjaldan meira en einmitt þá. „Jú," svarar Systir Agnes yfirveguðum rómi. „En við höldum þó alltaf okkar ró. Fylgjum okkar áætlum og gerum allt í bænaanda." - *rve*



**Ljóst er að mikill tími hefur farið í handavinnuna.**



**Meðal þess sem nunnurnar verða með á boðstólum eru þessi skrautlegu kerti.**

# Ilmandi kaffi og pólskar bækur

**Jóladagskrá Bókasafns Hafnarfjarðar, Kynstrin öll, er hafin og dagskráin fjölbreytt að vanda. Kennsla í borðsiðum, bókaupplestur og ilmandi kaffi eru meðal þess sem er í boði.**



**Anna Sigríður Einarsdóttir, Ingibjörg Óskarsdóttir, deildarstjóri barnadeildar á safninu, og Harpa Rut Harðardóttir og Linda Rós Arnardóttir sem halda utan um dagskrána.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Hér er yfirleitt skemmtileg og notaleg baðstofustemning. Ljósin dempuð niður og kveikt á kertum úti í glugga. Bókahillum ýtt til hliðar til að veita borðum og stólum pláss, sem fólk situr við úti um allan sal til að hlýða á bókaupplestur. Hér verður síðan rjúkandi kaffi sem Súfistinn selur."

Þetta segir Anna Sigríður Einarsdóttir, forstöðumaður Bókasafns Hafnarfjarðar, um jóladagskrá safnsins, Kynstrin öll, sem fer nú fram í fimmta sinn. Dagskráin hefur verið vel sótt síðustu ár þótt Anna Sigríður viðurkenni að aðeins hafi dregið úr henni í fyrra, hverjar svo sem ástæðurnar kunna að vera. Hún segist þó reikna með mikilli mætingu í ár.

„Þrjú kvenskáld lásu úr verkum sínum í þarsíðustu viku og Ragnheiður Gröndal söng. Hún sagðist ekki hafa sungið á jafn vel sóttri dagskrá og hjá okkur. Það er því viðbúið að það verði fullt hjá okkur í kvöld og eins í næstu viku. Ég held bara að Kynstrin öll séu að festa sig í sessi."

Óhætt er að segja að dagskráin í kvöld verði fjölbreytt en þá mun Edda Andrésdóttir lesa úr bókinn Í öðru landi – saga úr lífinu, Yrsa Sigurðardóttir úr Ösku og Þráinn Bertelsson úr Englum dauðans. Þá verður gert hlé en eftir það les Vigdís Grímsdóttir úr Sögunni af Bíbí Ólafsdóttur og Lóa Pind Aldísardóttir úr Sautjándanum. Vikuna á eftir mun Bergþór Pálsson flytja erindi um veislur og borðsiði í tilefni af útgáfu nýrrar bókar sinnar, Vinamót: veislur og borðsiðir.

„Svo má ekki gleyma sýningu í barnadeildinni sem kallast Börn og bókalestur," segir Anna Sigríður. „Hún er unnin í samstarfi við kennara og nemendur í Lækjarskóla sem hafa búið til skúlptúra af fólki að lesa. Sýningin er hluti af dagskránni, sem sýnir að Kynstrin öll stendur fyrir allt mögulegt. Hér ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi."

Í því samhengi bendir Anna Sigríður á að safninu hafi einmitt borist kassi af pólskum bókum. „Við höfum skammast okkur þegar Pólverjar kíkja hingað. Þeir nota mikið netið og langar til að lesa en hér hefur verið lítið úrval af bókum á pólsku. Við pöntuðum því bækur á pólsku og þær eru komnar í hús." Nánar á www.hafnarfjordur.bokasafn.is

- *rve*

# Sofðu vel um jólin

## Vaxtalaust jólatilboð, 6. mán.

JÓLATILBOÐ

**Hágæða hlífðardýnur, lök og konfektkassi fylgja öllum stillanlegum rúmum.**

### Mest selda stillanlega rúmið frá S&H.

**Frábær reynsla á Íslandi frá árinu 1999.**

- Sterkir og hljóðlátir þýskir mótorar.
- Stýring er einföld og þægileg.
- Mýkra axlasvæði og stillanlegt mjóbakssvæði.
- Hægt að fá stillanlega fætur sem ráð hæð rúmsins.
- 5 ára ábyrgð.

Hjónarúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu.
Dæmi: 2x 80x200 cm kr. **219.900** stgr.

**PROFLEX**






Hjónarúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu.
Dæmi: 2x 80x200 cm kr. **369.900** stgr.

### Sá nýjasti og besti frá Leggett

**S-CAPE WALLHUGGER dregst að veggnum eins og nafnið bendir til. Þannig helst þú við hlið náttborðsins.**

- Upplýst þráðlaus fjarstýring með öllum stillingum.
- Uppáhalds stilliminni á fjarstýringu.
- Sér stilling fyrir höfuðlag.
- Afar hljóðlátir og sterkir þýskir lyftumótorar.
- 2 öflugir nuddmótororar með sjálfvirkum tímarofa.
- Einn allra sterkasti stálgrindarbotn sem framleiddur er í dag.
- Öll liðamót úr næloni.
- 12 ára ábyrgð á mótor og grind.




Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00

www.svefn.is

# Gluggar & hurðir

Gluggar, hurðir, og svalahurðir úr viðurkenndu PVC-U hágæða efni frá REHAU



Kjarnagluggar hafa einstakt einangrunargildi og eru til í mörgum gerðum.
Íslensk framleiðsla og áratuga reynsla
Sparaðu tíma • leitaðu tilboða
netfang: gluggar@vortex.is

Ekkert viðhald

Kjarnagluggar
Skemmuvegi 46 • 200 Kópavogi
sími 564 4714 • Fax 564 4713
www.kjarnagluggar.is

E.Backman auglýsingastofa



HITAVEITA SUÐURNESJA HF








Ryðfríir neysluvatnshitarar, hitöld (element), hitastillar, hitastýringar, rafhitarar til húshitunar og flest annað til rafhitunar.

Við hjá Rafhitun erum sérfræðingar í öllu sem við kemur rafhitun. Við bjóðum einungis úrvals tæki sem hafa sannað sig með áranlangri reynslu.



Rafhitarar fyrir heita potta

Rafhitun

Kaplahrauni 7a • Hafnarfirði • Sími: 565 3265 • www.rafhitun.is




Gizmo er tískusýning nemenda við Lækjarskóla í Hafnarfirði, sem hófst sem módelkeppni fyrir tíu árum en er nú orðin að einum stærsta viðburði í félagslífi hafnfirskra unglinga sem fjöldi manns sækir ár hvert.

# Stórviðburður í félagslífi unglinga í Hafnarfirði

**Gizmo, árleg tískusýning nemenda í Lækjarskóla, fer fram í félagsmiðstöðinni Vitanum í Hafnarfirði 29. nóvember næstkomandi. Að sögn Páls Arnars Sveinbjörnssonar, forstöðumanns Vitans, er um stórviðburð að ræða.**

„Gizmo er tískusýning sem krakkarnir eru búnir að halda í tíu ár. Þeir hringja í tískuvöruverslanir og fá lánuð föt. Síðan skipta þeir sér upp í fimm manna hópa eftir búðum, semja dansa fyrir þær og sýna í fötunum. Sérstök dómnefnd verðlaunar síðan til dæmis út frá flottasta hárinu, brosinu, Gizmo-krútti og kroppi.“

Þetta segir Páll Arnar Sveinbjörnsson, forstöðumaður Vitans, og bætir við að sýningin sé orðin að einum helsta viðburði í félagslífi hafnfirskra unglinga sem allt að 200 manns sæki ár hvert.

Þemað í ár verður diskó og allt sem því við kemur og má því búast við mikilli skrautsýningu. „Undirbúningurinn er gríðarlega mikill og hefst yfirleitt einum og hálfum til tveimur mánuðum áður,“ bendir Páll á. „Nú standa yfir æfingar og í síðustu viku hófust búningamátanir. Um það bil 90 af 150 krökkum taka þátt, þannig að þetta er mikill fjöldi.“

Krakkarnir eru allt saman nemendur við Lækjarskóla og stunda félagsmiðstöðina Vitann. Þeir eru á aldrinum þrettán til fimmtán ára en að sögn Páls halda krakkar úr tíunda bekk mestmegnis utan um keppnina og njóta þar stuðnings frá starfsmönnum félagsmiðstöðvarinnar.

„Það er stofnað Gizmo-ráð tíundu bekkinga, tíu krakkar sem hringja meðal annars í búðir, skreyta salinn og velja dómarara í dómnefnd. Að þessu sinni munu meðal annars Haffi Haff, Frikki á Flash FM og ungfrú og herra Gizmo frá því í fyrra sitja í dómnefnd.

Svo safna krakkarnir vinningum. Þetta er slatti af verðlaunum, svo sem klippingar, hárvörur, föt og hitt og þetta sem tengist tísku, enda verið að verðlauna í mörgum flokkum. Skiljanlega fara ekki allir heim með verðlaun, en þó má fastlega gera ráð fyrir að góður hópur fái eitthvað í sinn hlut.“

Ekkert af þessu væri þó hægt ef krakkarnir nytu ekki góðvildar verslunareigenda, sem Páll segir yfirleitt taka vel á móti þeim og liðsinna eftir bestu getu. „Þeir lána náttúrlega föt upp á tugþúsundir króna, en krakkarnir passa vel upp á þau, merkja í bak og fyrir og skila svo daginn eftir sýningu.“

Allar nánari upplýsingar eru á heimasíðu Vitans, www.ofvitinn.is. *-rve*



Þemað á síðasta ári var hiphop. Í ár verður það diskó og allt sem því tengist.



Gizmo er blanda af dans- og tískusýningu þar sem hafnfirskir unglingar sýna föt úr helstu verslunum bæjarins og nágrenni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Páll Arnar Sveinbjörnsson, forstöðumaður Vitans, segir að skipulagning Gizmo sé mestmegnis í höndum krakkanna sjálfra, sem standi sig eins og hetjur.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hópurinn hefur æft stíft undanfarinn mánuð en undirbúningur hefur staðið yfir í einn og hálfan til tvo mánuði.


LÁN ÁN ÁBYRGÐARMANNA*
FRÍTT DEBETKORT
HÆRRI INNLÁNSVEXTIR
LÆGRI YFIRDRÁTTARVEXTIR
AFSLÁTTUR AF LÁNTÖKUGJÖLDUM
SÉRKJÖR Á BÍLAFJÁRMÖGNUN*
NÁMSKEIÐ OG RÁÐGJÖF Í FJÁRMÁLUM
Fáðu BYR undir báða vængi
Við lítum á viðskiptavini okkar sem mikilvægustu fjárfestinguna. Við aðstoðum þig við að sjá um fjármál heimilisins og fylgjumst með því að þú fáir alltaf það besta sem er í boði.
Með því að vera með allt á sama stað færð þú betri kjör og meiri fríðindi
*Útlán eru háð lánareglum.
BYR
SPARISJÓÐUR
BYR - sparisjóður | Sími 575 4000 | www.byr.is
DYNAMO REYKJAVÍK

# Náttúruamma með í Jólaþorpið

**Dóra Sólrún Kristinsdóttir selur umhverfisvæn barnaföt, sem hafa hingað til eingöngu verið fáanleg í gegnum netið, en verða nú seld í Jólaþorpinu í Hafnarfirði.**

„Þetta eru barnaföt og taubleiur, allt úr hundrað prósent lífrænt ræktaðri bómull. Svo liggja „fair trade“ eða sanngjörn viðskipti til grundvallar framleiðslunni, sem þýðir að eitthvað uppbyggilegt er á bakvið hana, engin barnaþrælkun eða önnur ánauð,“ segir Dóra Sólrún Kristinsdóttir um vörur frá Green Baby, sem hún flytur inn og ætlar að selja í Jólaþorpinu í Hafnarfirði um næstu helgi og í desember.

Sonarsonur Dóru sjálfrar er ástæða þess að hún hóf innflutninginn ásamt eiginmanni sínum, Guðbrandi Jónssyni. „Þegar barnið var sex mánaða þoldi það illa hefðbundnar bleiur og móðirin ákvað að prófa taubleiur frá Green Baby. Tengdadóttur minni fannst þessar vörur henta honum einstaklega vel og benti mér á þær, sem varð til þess að við hófum innflutning. Hún hefur síðan prófað allt fyrir mig og það hefur komið vel út.“



Green Baby-vörulínan er frá samnefndu bresku fyrirtæki og framleidd á Indlandi þar sem fyrirtækið styrkir heyrnardaufar og lausar stúlkur til náms með því að ráða þær til starfa. Green Baby framleiðir samfellur, galla og fleira á nýfædd börn og alveg upp í fimm ára aldur. „Aðeins eru notaðir jurtalitir og ekkert sem flýtir fyrir framleiðsluferlinu,“ útskýrir Dóra. „Efnin hafa því ekkert verið meðhöndluð, og eru því í raun betri og mýkri en tíðkast.“

Sérstaka athygli vekja taubleiurnar fyrrnefndu sem Dóra segir verða sífellt vinsælli. „Þær eru í sjálfu sér ákveðið afturhvarf til fortíðar en kostirnir eru ótalmargir. Þær eru náttúrulega umhverfisvænar þar sem ekki er verið að henda fleiri tonnum af bleium sem safnast upp í náttúrunni. Í þessu felst síðan auðvitað heilmikill sparnaður.“

En skyldi ekki vera mikið mál að þvo taubleiurnar? „Alls ekki,“ svarar Dóra. „Það er alls ekkert mál að þrífa þær. Maður skellir þeim bara í þvottavélina og lætur þær síðan þorna yfir nóttina.“

Fyrir utan fötin og bleiurnar hefur Dóra selt leikföng og krem fyrir börn. Hingað til hefur þetta allt saman eingöngu fengist í gegnum heimasíðu sem hún heldur úti á www.natturubarn.is. Með þátttökunni í Jólaþorpinu verður ákveðin breyting þar á. „Vonandi verður þetta til þess að mér tekst að kynna betur vörurnar,“ segir Dóra og bendir á að hún hafi valið Jólaþorpið til að kynna barnafötin, vegna þess að þar sé vöruúrvalið svo vandað. „Svo veit ég að stemningin er góð,“ segir hún. „Það verður bara spennandi að taka þátt í jólagleðinni. Er ekki allt skemmtilegt ef maður er jákvæður og í hátíðarskapi?“

*- rve*



Náttúruamman Dóra Sólrún Kristinsdóttir bætist í hóp seljenda í Jólaþorpi Hafnarfjarðarbæjar. Þar verður hún með umhverfisvæn barnaföt sem henta vel viðkvæmri húð. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




# Innan við Gaflinn

**Nýjum verslunum fjölgar við Strandgötu í Hafnarfirði og á meðal þeirra er kvenfataverslunin B Young.**

Ein þeirra verslana sem nýlega hafa hreiðrað hafa um sig í miðbæ Hafnarfjarðar er B Young. Hún er við Strandgötu 21 og þar er Hrefna Ósk Benediktsdóttir eigandi sjálf við afgreiðslu.

„Móttökurnar hafa verið virkilega góðar,“ segir hún ánægð. „Strandgatan var aðalverslunargatan á árum áður en á tímabili hurfu flestar búðirnar inn í Verslunarmiðstöðina Fjörð. Nú er Strandgatan öll að lifna við aftur og smátt og smátt að fyllast í eyðurnar.“

B Young selur kvenfatnað, mest er um föt til daglegra nota en Hrefna segir hátíðaföt bætast við fyrir jólin.

Þetta er önnur verslunin á landinu. Hin er í Bankastræti 11 í Reykjavík og á heimasíðunni byoung.is má lesa um sögu hússins sem hýsir hana.

Skyldi Strandgata 21 ekki eiga neina skráða sögu? „Ekki svo ég viti en hér var vinsæl skóbúð í eina tíð og ýmsir líta inn bara til að minnast hennar,“ segir Hrefna. „Einn viðskiptavinur nefndi líka við mig að hér væri gaflinn sem Gaflarar eru kenndir við. Ég sel þá sögu ekki dýrar en ég keypti hana.“

*- gun*



Hrefna Ósk er ánægð á Strandgötunni. FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL BERGMANN

# MAX

## OPIÐ TIL KL.22 Í KVÖLD



# 49.989 kr.

Fullt verð ~~69.989~~

**Jólabókardæmi um gott verð!**

20 STYKKI

**ASUS X51R-AP009A**

- 15.4" TFT WXGA breiðskjár
- Intel Celeron M520 1.6GHz örgjörvi
- ATI RADEON Express X1100 128MB skjákort
- 1GB DDRII 667MHz vinnsluminni (mest 2GB)
- 120GB 5400rpm SATA harður diskur
- Windows Vista Home Basic stýrikerfi
- Sound Blaster Pro hljóðkort og fl.

## Há MAX úrval Lág MAX verð



10 STYKKI

15 STYKKI

**Contructa CG345S2**

- 12 manna uppþvottavél
- Rafeindastýrður kerfisveljari
- Lætur vita ef gljáefni vantar
- Skolunarkerfi
- Sparnaðarkerfi 50°
- Venjulegt kerfi 65°
- Vatnsflæðivörn
- Þvotthæfni A
- Orkunýtni A
- Þurrkgeta A
- Utanmál (hxbxd): 86x60x60 sm

**60sm uppþvottavél**

# 39.989 kr.

Fullt verð ~~59.989~~



**2o lítra örbylgjuofn**

**United MWO7109**

- 800w örbylgjuofn
- 20 lítra
- Snúningsdiskur
- Afþýðingarmöguleiki

# 4.989 kr.

Fullt verð ~~7.989~~

**Gerið verðsamanburð!**




Páll Óskar - Allt fyrir ástina

# 1.489 kr.

**Opnunartími**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Mánudaga | kl. 11-19 | Fimmtudaga | kl. 11-22 |
| Þriðjudaga | kl. 11-19 | Föstudaga | kl. 11-19 |
| Miðvikudaga | kl. 11-19 | Laugardaga | kl. 11-18 |
| | | Sunnudaga | kl. 12-18 |

Fim

MAX / Kauptúni 1 / 210 Garðabæ
Sími 412 2200

**Við erum beint á móti IKEA**

MAX RAFTÆKI

# Philips CoolSkin rakvél



**Philips HQ6710**
- Philishave Cool Skin rakvél
- Með Nivea kremi eða geli
- Cool skin hnífar
- 45 mín hleðsla
- Vatnsheld - má nota í sturtu

**7.989 kr.**
Fullt verð ~~11.989~~

## Lofthreinsir



**DeLonghi DAP700E**
- Lofthreinsitæki með HEPA filter
- Hreinsar út 99,97% af loftryki
- Sótthreinsaður filter
- 3 hraða með næturstillingu
- Má festa á vegg

**9.989 kr.**
Fullt verð ~~12.989~~

## Hitapúði



**Melissa 631015**
- Þæginlegur hitapúði
- Með 3 stillingum

**1.989 kr.**
Fullt verð ~~2.989~~

## Ferða hárblásari





**Remington D2019**
- 1800W ferðahárblásari
- Tveggja hita - tveir hraðar
- Spenna - 120/230-240V
- Takki fyrir kalt loft
- Hitadreifari fyrir sítt hár
- Klær fyrir EUR/UK, EUR/USA

**2.489 kr.**
Fullt verð ~~3.989~~

## Gerið verðsamanburð!

## Baðvog



**OBHNordica 6201**
- Baðvog - hvít
- Sýnir allt að 150kg
- 100g kvarði
- Slekkur sjálfvirkt á sér

**2.989 kr.**
Fullt verð ~~3.989~~



**Kenwood TTP103**
- Fjögurra sneiða brauðrist
- Stillingar fyrir upphitun og afþýðingu
- Tímastillir og takki til að stoppa ristun
- Armur til að lyfta upp sneiðum
- Mylsnubakki

**3.989 kr.**
Fullt verð ~~4.989~~

## Eldavél



**Beko CM86002**
- 60sm eldavél
- 4 steyptar hellur
- 2 hraðsuðuhellur
- 61 lítra ofn
- Yfir- og undirhiti og grill
- Mál (hxbxd): 85-92x60x60

**49.989 kr.**
Fullt verð ~~64.989~~

## Bakarofn



**AEG B30004M**
- Ofn með stáláferð
- Með grilli
- Heitur blástur
- Orkuflokkur A
- Stærð (hxbxd): 60x59x56sm

**34.989 kr.**
Fullt verð ~~59.989~~

MAX RAFTÆKI

# OPIÐ TIL KL. 22:00 á fimmtudögum

*Tilboðin gilda frá 22. til 26. 11. '07 eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.*

## Digital tökuvél með 20GB hörðum diski

**Everio Share Station DVD brennari**
- Auðvelt að brenna á DVD disk án tölvu
- Hægt að horfa á DVD efni í gegnum skjáinn á tökuvélinni




**JVC GZMG47SHARE**
- Hágæða stafræn tökuvél
- 1,33 milljón punkta upplausn
- Vönduð F1.2 linsa
- Stór 2,7" LCD skjár ofl.

**49.989kr.**

## Margmiðlunar ljósakerfi



**24.989kr.**
Fullt verð ~~28.989~~

**Philips SGC5101BD**
- amBX ljós fyrir tölvur
- Ljós stjórnast af tölvuleik og magnar upplifun
- RGB LED ljós sem skila yfir 16 milljónum lita
- Ljósatilþrif með stafrænni tónlist
- Plug and Play USB tengi
- Fastar og ítarlegar stillingar
- Lágmarkskröfur: WindowsXP SP2, Pentium 4 1.4GHz eða sambærilegt, 512MB vinnsluminni, 150MB HDD pláss, USB 2.0 tengi, PC stereo hljóðútgangur

## 19" LCD tölvuskjár

**17.689kr.**
Fullt verð ~~29.299~~

**Acer AL1916WA**
- 19" LCD breiðskjár
- 5ms svartími
- 700:1 skerpa



## Hátalarar

**Creatvie 73VF0220**
- Margmiðlunarhátalarar

**8.989kr.**
Fullt verð ~~14.989~~



## Ljósmyndaprentari

**Canon iP2500**
- Hraðvirkur 4800x1200dpi prentari
- Ljósmyndgæði í 10x15 á u.þ.b. 55 sek.
- Skörp textaskjöl 22 bls. á mínútu
- Allt að 17 bls. á mín. í texta og grafík
- Skilar litmyndum sem endast í allt 100 ár
- Easy-Photo-, Easy-Layout-, og Easy-WebPrint
- Styður Windows og Mac með USB
- Canon Matte Photo pappír fylgir

**5.489kr.**
Fullt verð ~~6.989~~



## 2Gb MP3 með FM útvarpi

**SanDisk E250FM**
- 2GB MP3 spilari
- 1.8" LCD litaskjár
- Spilar MP3 og WMA
- FM útvarp
- Innbyggður diktafónn
- Sýnir ljós- og kvikmyndir
- Þolir högg og rispur
- Auðveldur í notkun
- Hleðslurafhlaða
- MicroSD kortalesari

**14.989kr.**
Fullt verð ~~17.989~~



## Þráðlaus Barbie vídeóvél

**Barbie VIDEO**
- Alvöru þráðlaus vídeo tökuvél
- Hljóðnemi
- Vídeóspóla til upptöku
- Þráðlaus sendir
- Spennubreytir
- Standur fyrir myndavél

**9.989kr.**
Fullt verð ~~14.989~~



**299.989kr.**
Fullt verð ~~379.989~~

EISA AWARD Best Product 2007-2008
FULL-HD LCD-TV
Philips 47PFL9732D

**37 tommur**

**Philips 37PFL9732D**
- 37" LCD Perfect Pixel HD breiðtjald
- Upplausn: 1920x1080 punktar
- Perfect Pixel HD myndtækni - eykur línufjölda og skerpu
- Ambilight Surround - baklýs
- HD Natural Motion og Progressive Scan
- HD Ready
- Skerpa: 8.000:1 og svartími: 3ms
- 100Hz Clear LCD - eykur skerpu
- Ljósskynjari og Active Control - minnkar glampa
- Innbyggður digital DVB-T móttakari
- 32w Nicam Stereó hljóðkerfi með wOOx bassa
- 2 Scart (með RGB), 3 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- Kortalesari og USB tengi
- Textavarp með 1.200 síðna minni



**79.989kr.**
Fullt verð ~~99.989~~

**26 tommur**

**Panasonic TX26LE7F**
- 26" V-Real LCD breiðtjaldsjónvarp
- Upplausn: 1366x768 punktar
- V-Real tækni - Einstök myndgæði
- HD Ready – Progressive Scan
- Skerpa: 3.000:1
- Backlight Control
- VIERA Link
- 16w Nicam stereó hljóðkerfi
- 2 x Scart (með RGB), HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi



## Ferða CD

**Lenco SCD24**
- Ferðatæki
- Útvarp
- Geislaspilari

**3.989kr.**
Fullt verð ~~4.989~~

**Mesta úrvalið**
**Besta verðið**

### Opnunartími

| | | | |
|---|---|---|---|
| Mánudaga | kl. 11-19 | Fimmtudaga | kl. 11-22 |
| Þriðjudaga | kl. 11-19 | Föstudaga | kl. 11-19 |
| Miðvikudaga | kl. 11-19 | Laugardaga | kl. 11-18 |
| | | Sunnudaga | kl. 12-18 |

Fim

MAX / Kauptúni 1 / 210 Garðabæ
Sími 412 2200

Við erum beint á móti IKEA

MAX RAFTÆKI

# DVD MYNDIR — ÞÚSUNDIR TITLA


















**1.989 kr.**

Fullt verð ~~2.299~~

*Jólabókardæmi um gott verð!*

# TÖLVULEIKIR
# HUNDRUÐIR GÓÐRA TITLA




**Nýtt á PS2**

**4.989 kr.**

Fullt verð ~~6.499~~

Einnig fáanlegur á PC, PS3 XBoox 360 og NDS.




**Nýtt á PS3**

**3.989 kr.**

Fullt verð ~~5.499~~

Einnig fáanlegur á PS2, XBox 360 og Wii. Fáanlegur með gítar.




Vilhjálmur Vilhjálmsson - Bestu lögin

**Nýtt á CD**

*Kemur á föstudag!*

**1.989 kr.**

Fullt verð ~~2.799~~



Hjálmar - Ferðasót




Lúxor




Ellen - Einhversstaðar einhverntímann aftur



Guðrún Gunnars og Friðrik Ómar




**1.489 kr.**

Fullt verð ~~1.999~~

*Jólabókardæmi um gott verð!*

# CD DISKAR — HUNDRUÐIR TITLA

MAX RAFTÆKI

OPIÐ TIL KL. 22:00 á fimmtudögum

Tilboðin gilda frá 22. til 26. 11. ´07 eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

# Hafnfirsk börn koma mjög vel út

**Rannsókn og greining framkvæmdi í vor könnun þar sem líðan og hegðan grunnskólabarna á landsvísu var skoðuð. Niðurstöður liggja nú fyrir og koma hafnfirsk börn vel út að mati Geirs Bjarnasonar, forvarnafulltrúa Hafnarfjarðarbæjar.**

„Þetta er hluti könnunar sem Rannsókn og greining gerði á öllu landinu, en menntamálaráðuneytið styður við hana. Líðan og hegðan barna í fimmta, sjötta og sjöunda bekk var rannsökuð. Rannsóknin er framkvæmd á þriggja ára fresti hjá þessum aldurshópi, en árlega hjá unglingadeildunum. Við fáum því sjaldan niðurstöður fyrir þennan aldurshóp,“ segir Geir Bjarnason, forvarnafulltrúi Hafnarfjarðarbæjar.

Að hans sögn taka niðurstöðurnar tillit til barna sem mættu í skólann þegar umrædd könnun var framkvæmd. Voru börnin til dæmis spurð hvort þau tækju þátt í íþróttum og þá hversu oft. Hvort þau mættu í félagsmiðstöðvar eða hvort þeim væri strítt. Ekki var þó spurt út í vímuefnaneyslu og þess háttar sökum ungs aldurs þátttakenda.

Vegna þess hversu langur tími líður á milli slíkra kannana fyrir þennan aldurshóp segir Geir ekki hægt að bera niðurstöðurnar saman við útkomu úr síðustu könnun sem var gerð árið 2004. Landsmeðaltalið sé eina viðmiðið og með hliðsjón af því sé Hafnarfjarðarbær í góðum málum að hans mati.

„Við erum mjög ánægð með niðurstöðurnar ef við horfum á þær hjá öðrum sveitarfélögum,“ segir Geir. „Okkur virðist sem okkar börn séu í góðum tengslum við foreldra sína. Foreldrarnir hafa greinilega áhuga á börnunum og félagsstarfi þeirra. Svo æfa þau oftar íþróttir en jafnaldrarnir annars staðar. Það hefur að okkar mati gríðarlegt forvarnargildi.“

Geir rekur þessa jákvæðu útkomu til viðamikils forvarnastarfs sem bæjaryfirvöld tóku að beita sér fyrir upp úr síðustu aldamótum. Þar var meðal annars lögð áhersla á auknar samverustundir fjölskyldna. Hann segir það hafa skilað góðum árangri hjá eldri unglingum gagnvart vímuefnaneyslu. Foreldrar þeirra eigi síðan yngri börn sem njóti góðs af.

„Svo reið sveitarfélagið á vaðið árið 2002 og niðurgreiddi íþrótta- og æskulýðsstarf fyrir börn tíu ára og yngri svo öll börn í Hafnarfirði gætu stundað íþróttir óháð efnahag,“ segir Geir. „Þetta aldursbil hækkar alltaf. Nú gildir þetta fyrir börn sextán ára og yngri. Við niðurgreiðum fyrir hvert barn um 20.000 krónur á ári og svo mega börnin vera skráð í margar íþróttagreinar; við niðurgreiðum allt. Líka félagsstarf eins og skátana og fleira. Miklum fjármunum hefur verið varið í að ýta börnunum út í jákvæðar og uppbyggilegar tómstundir.“

Geir segir könnunina hafa leitt fleira athyglisvert í ljós, meðal annars hvar börnum sé helst strítt. „Það þarf ekkert að túlka niðurstöðurnar til að skilja þær; börnum er strítt og þá yfirleitt í frímínútum og á skólalóðinni. Okkar starf er að breyta munstrinu, hvort sem það er með því að kenna börnum nýja leiki, bæta gæslu eða aðstöðu og svo framvegis, því öll viljum við að börnunum okkar líði vel.“

Geir tekur fram að auk þess sé margt í könnuninni sem eigi eftir að rýna betur í, vinna úr og læra af. „Við erum óvön að fá svona kannanir fyrir jafn unga krakka og erum því ekki orðin sérfræðingar í að vinna úr niðurstöðunum. Við munum þó dreifa þeim um Hafnarfjörð svo þeir sem vinna mikið með börnum verði varir við þær. Þetta fólk getur breytt svo miklu. Eins geta bæjaryfirvöld og aðrir hjá kerfinu nýtt þær til að breyta áherslum svo börnunum líði betur. Við erum jú að borga fyrir þessa könnun og værum ekki að því nema til að hagnast á henni fyrir börnin okkar.“

-rve



**Geir Bjarnason, forvarnafulltrúi Hafnarfjarðarbæjar, segir nýja könnun hafa leitt í ljós að bærinn hafi unnið gott forvarnastarf undanfarin ár.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



# Eigum að trúa að jörðin sé lifandi og bera virðingu fyrir náttúrunni

**Mikil uppbygging hefur átt sér stað í Hafnarfirði síðastliðin ár. Sjáandinn Erla Stefánsdóttir óttast að hún kunni að raska byggðarlagi álfa og annarra ósýnilegra vera sem þegar búi á svæðinu.**



Erla Stefánsdóttir segir alls konar verur búa í Hafnarfirði sem mannsaugað fái yfirleitt ekki greint. Hún hefur gefið út bókina Örsögur Erlu sem eins og heitið gefur til kynna inniheldur örsögur sem fjalla um þessar verur, álfa, dverga og fleiri. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Undandarin ár hefur mikil uppbygging átt sér stað í Hafnarfirði og heilu hverfin risið á skömmum tíma. Flestir telja þessar breytingar vera til hins góða. Aðrir óttast umhverfisslys og þeirra á meðal er sjáandinn og tónlistarkennarinn Erla Stefánsdóttir, sem telur að vistkerfi þeirra tuga ósýnilegu vera sem fyrir eru kunni að raskast.

„Ég hef nú ekki spurt verurnar sjálfar út í þetta. Enda sofna þær yfirleitt á þessum árstíma. Þetta er sú hlið náttúrunnar, sjáðu til. Þær hverfa svolítið á veturna, að minnsta kosti frá mínum augum. Þegar náttúran vaknar að nýju fara þær aftur á stjá,“ segir Erla og bætir við að þarna búi margar ólíkar tegundir, allt frá ljósálfum upp í dverga. Verurnar séu eins fjölbreyttar og náttúran sjálf.

Erla segir þessar verur þrífast á mismunandi tíðnum. Því skynji aðeins sumar þeirra framkvæmdirnar, aðrar ekki. Í því samhengi bendir hún á að margir eigi erfitt með að trúa því en þeim finnst þó afskaplega eðlilegt að nota farsíma þótt tíðnin sjáist ekki með berum augum. Enda hefur hún margsinnis verið spurð hvort hún trúi virkilega á álfa.

„Ég segi þá bara nei, nei, ég trúi ekki á álfa,“ segir Erla. „Ekki frekar en á menn. Ég bara sé þá og finnst skemmtilegt hvað guð hefur verið góður að leyfa mér að sjá veröldina í svona fallegu ljósi. Maður sér náttúrlega ekki bara álfa heldur útgeislun manna og hluta. En mér finnst alveg að við megum trúa að jörðin sé lifandi og bera virðingu fyrir henni og því sem þar þrífst. Þar á meðal hverju öðru,“ bætir hún við og hefur sjálf sterkar skoðanir á uppbyggingunni sem hefur átt sér stað í Hafnarfirði og víðar.

„Auðvitað er skiljanlegt að menn vilji hafa hlutina fallega. Það má náttúrlega moka burt náttúrunni ef það er vel gert. En oft er svo mikil græðgi í mannfólkinu. Helst vill það gína yfir öllu. Í sambandi við verurnar hef ég oft sagt að við myndum ekki vilja vakna einn sunnudagsmorgun við jarðýtu sem væri komin á húsið okkar. Þess vegna finnst mér að við ættum að bera virðingu fyrir náttúrunni og hugleiða aðeins málin.“

En má nokkuð búast við að verurnar grípi til hefndaraðgerða í sumar þegar þær vakna af dvala og verða varar við hvers kyns er, líkt og greint er frá í þjóðsögum? „Nei, ekki á ég von á því,“ svarar Erla en bætir við að best sé þó að fara varlega enda varinn alltaf góður eins og segir í þjóðtrúnni. *-rve*




Gæði glersins skipta öllu máli

Með notkun **Suncool™ HP** gæðaglers frá Glerborg er auðvelt að halda kjörhita innandyra og hitaútstreymið er lítið.

argus - 06-0185

GLERBORG

Dalshrauni 5 | 220 Hafnarfirði | Sími 555 3333 | www.glerborg.is

Sæl á jólanótt

# *Svíf þú inn í svefninn*

## Hágæða sælurúm



**Það er ekki að ástæðulausu sem við köllum þessi rúm sælurúm.**

Þessi geysivinsælu rúm eru mjög fullkomin, með **nuddi og þráðlausri fjarstýringu** sem hefur minni fyrir hinar ýmsu stillingar.

Þú getur valið um margar stærðir og mismunandi stífleika á springdýnum.

**Allir fá þá eitthvað fallegt!**

Sængurverasett,
sængur og koddar,
rúmteppi, náttborð og
margt fleira til að gleðja
þá sem að þér þykir vænt um.

## Allt eftir þínum óskum!

**Bólstraðir höfðagaflar og botnar í mörgum litum og margs konar áklæðum.**

**Íslensk hönnun – Íslensk framleiðsla – Íslenskt, já takk!**





Hágæðarúm á góðu verði. Sjá nánar á www.rbrum.is

**Opið alla virka daga frá kl. 8 –18 og á laugardögum frá kl. 10–14.**

**RB-rúm** Dalshrauni 8 220 Hafnarfirði Sími 555 0397 rbrum@rbrum.is www.rbrum.is

RB RÚM
Stofnað 1943

# Púttað og vippað í ísbjarnargryfjunni

**Sjálfsagt minnast margir Sædýrasafnsins í Hafnarfirði með söknuði, en því var lokað snemma á níunda áratugnum. Margir glöddust þegar golfklúbburinn Keilir tók síðan yfir svæðið, en þar er nú verið að ljúka framkvæmdum sem hafa staðið í ein fimmtán ár.**

„Við erum þessa daga að ljúka við breytingar á svæðinu sem hafa staðið yfir síðastliðin fimmtán ár. Þetta er komið í endanlegt horf hvað okkar notkun varðar," segir Ólafur Þór Ágústsson, vallarstjóri golfklúbbsins Keilis í Hafnarfirði, sem er nú þar sem Sædýrasafnið stóð áður, en því var sem kunnugt er lokað snemma á níunda áratugnum.

Ólafur minnist þess tíma og segir ísbirnina hafa verið með fyrstu dýrunum sem fengu að fara. „Þeir voru helsta aðdráttaraflið. Sem barni fannst mér þeir og hvalirnar langöflugastir. Eftir að birnirnir fóru lognaðist þetta smám saman út. Hér voru þó dýr örugglega í heil sjö ár eftir að lokað var, síðast kengúrur og hvalir."

Nú eru fáar minjar um Sædýrasafnið, nema helst þrjú hús sem forsvarsmenn Keilis hafa á síðustu árum unnið að því að laga að starfssemi golfklúbbsins. „Við höfum verið að breyta þeim," segir Ólafur. „Þar sem apar og ljón voru eru nú áhaldahús og verkstæði. Ísbjarnargryfjan er upphitunarpúttflötur og aðstaða fyrir ræsa við fyrsta teig. Fólk gengur því um og púttar í skjólinu sem þeir höfðu."

Ein róttækasta breytingin var þó gerð á hvalalaug, sem var umbreytt í stóra innanhúss golfaðstöðu. „Hún var endurbyggð frá grunni í fyrravetur. Þannig að nú er hægt að æfa pútt og vipp inni í 20 stiga hita, sem er einstakt á Íslandi," segir Ólafur. „Þar sem Keiko synti áður pútta golfarar í dag."

Forsvarsmenn Keilis vildu þó ekki eyða öllum ummmerkjum um safnið og sem dæmi fannst þeim við hæfi að halda eftir skilti þar sem á stendur „Ekki gefa dýrunum að éta, þau geta bitið". „Við hengdum það upp á kaffistofunni í áhaldahúsinu, enda hefur öpunum í raun bara verið skipt út," segir Ólafur hlæjandi. „Það er líka á ensku og vekur gríðarlega athygli. Ferðamenn mynda það í gríð og erg."

Að öðru leyti er fátt sem minnir á dýragarð, nema ef vera skyldi hróp og köll ofan af golfvellinum sem hljóma svolítið í vindinum eins og apaskrækir. Svæðið er glæsilegt á að líta og segir Ólafur mikla ánægju vera með að klúbburinn skyldi fá það.

„Þetta er náttúrulega flottasta heilsárs golfæfingasvæði sem hér fyrirfinnst í dag og svæðin sem hægt er að slá á úti eru einstök," segir hann og bætir við að klúbburinn hafi óneitanlega notið góðs af því að hafa afnot af svæðinu. *- rve*



Þar sem ísbirnir höfðust áður við pútta kylfingar í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Ísbirnir voru á sínum tíma eitt helsta aðdráttarafl Sædýrasafnsins. Gryfjunni hefur nú verið breytt í útivistarsvæði fyrir kylfinga. Mynd birt með leyfi Hafnarfjarðarbæjar.



Hvalasundlauginni hefur verið breytt í innanhúss golfaðstöðu sem á sér engan sinn líka á Íslandi að sögn Ólafs.



Hér sést Jón Kr. Gunnarsson, sem var á sínum tíma forstjóri Sædýrasafnsins, gefa hval í gömlu lauginni. Mynd birt með leyfi Hafnarfjarðarbæjar.

# Þurfti á einhverri áskorun að halda

**Karen Marie Jensen er fardönskukennari sem kennir dönsku í Áslandsskóla. Hún segir að löngunin til að upplifa eitthvað nýtt og spennandi hafi lokkað hana til landsins. Þær væntingar hafi staðist.**

Karen Marie Jensen er fardönskukennari sem kennir í Áslandsskóla en kenndi þar á undan í Setbergsskóla og Hvaleyrarskóla í haust. Þetta er í þriðja sinn sem dönskukennari kemur hingað á vegum menntamálaráðuneytanna á Íslandi og í Danmörku, sem hafa átt samstarf um verkefnið frá árinu 1995. Hlutverk Karenar er margþætt, meðal annars að bæta færni nemenda í munnlegri og skriflegri dönsku.

Hver skyldi reynsla hennar vera af kennslunni? „Ég hef unnið með verulega góðum kennurum hér, en ég held að það sé erfitt að vera kennari á Íslandi," segir Karen. „Mér finnst þó ekki nógu mikið af úrræðum fyrir börn sem eru greind með hegðunarvandamál og allt of algengt að þau séu sett í bekk með börnum sem ekki eiga við vanda að etja."

Karen bætir við að íslensku börnin hafi verið örlítið feimin í upphafi þar sem hún tali enga íslensku. „En svo verða þau mjög hissa á að geta tjáð sig á dönsku," bætir hún við. „Það hversu góðir kennararnir þeirra eru hefur hjálpað til. En ég tel að eina leiðin til að læra tungumál sé að hlusta á það og tala það."



Karen Marie Jensen ásamt nemendum í Áslandsskóla þar sem hún kennir dönsku. Hún segir börnin verða hissa þegar þau átti sig á því hversu auðvelt þau eigi með að tala dönsku. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hvað skyldi hafa orðið til þess að Karen ákvað að koma hingað? „Ég þurfti á einhverri áskorun að halda. Fannst tímabært að rífa mig úr viðjum vanans og kanna nýja möguleika. Ísland er vinsæll ferðamannastaður og mikið til umfjöllunar í Danmörku. Danir eru betur að átta sig á hvað er að gerast hér. Ekki vegna þess að Íslendingar hafa verið duglegir við að kaupa fyrirtæki í Danmörku, heldur skynjum við að hér er mikið að gerast. Mig langaði til að upplifa það."

Þetta er í tólfta sinn sem dönskufarkennari kemur til Íslands en fyrsta heimsókn Karenar, sem segist vera mjög hrifin af náttúrunni. „Ég hef ferðast yfir þveran og endilangan hnöttinn, en ekki séð neitt í líkingu við hana. Fjöllin eru einstök. Ekki það að mig langi til að klífa þau," segir hún og hlær, „heldur finnst mér þau bara svo falleg."

Karen er sömuleiðis hrifin af höfuðborgarsvæðinu og þá meðal annars vegna þess hversu margt er í boði. „Það eru svo margir menningarlegir viðburðir, núna síðast Airwaves-hátíðin. Síðan er allt svo aðgengilegt fyrir útlendinga, hvort sem það er vegna fjölmiðla eða ekki. Það er mjög auðvelt að vita hvað er á seyði."

Karen finnst Hafnarfjörður sérlega fallegur bær og minna hana um margt á heimahagana, Esbjerg í Danmörku. „Esbjerg er líka hafnarborg," segir hún. „Svo finnst mér athyglisvert að í Hafnarfirði virðist allt saman vera lítið, þótt hér búi margir, og allir virðast þekkja alla."

En hvernig skyldi Karen verja frítímanum? „Við dönskukennararnir hittumst og prjónum íslenskar lopapeysur, eða reynum það að minnst kosti" segir hún hlæjandi. „Um helgar könnum við síðan náttúruna. Svo finnst mér frábært að geta synt og farið í heitu pottana undir berum himni. Ég les þess á milli bækur eftir íslenska höfunda, Einar Má Guðmundsson, Kristínu Marju Baldursdóttur og fleiri."

Karen ætlar að vera hér fram á sumar við kennslu og mun eftir það snúa heim til Danmerkur. Hún stefnir á að koma hingað aftur næsta vetur. „Ekki spurning. Það er bara aldrei að vita nema ég kaupi mér lítið sumarhús í nágrenni við Hafnarfjörð." *- rve*


Teriyaki
VIKA
Allir réttir í teriyaki útgáfu
þessa vikuna... og þú borgar
ekkert aukalega.
Prófaðu teriyaki töfrabragð
KFC®
PEPSI MAX
PIPAR • SÍA • 72332


ÞETTA ER LÍFIÐ
GEIR ÓLAFSSON
ÁSAMT 20 MANNA STÓRSVEIT
Hljómsveitarstjórn: Vilhjálmur Guðjónsson
Trommur: Jóhann Hjörleifsson
Bassi: Gunnar Hrafnsson
Gítar: Jón Páll Bjarnason
Píanó: Kjartan Valdemarsson
Vibe: Ludvik Kári Forberg
Congas: Guðmundur „Papa jazz“ Steingrímsson
Alto Sax/Flute: Sigurður Flosason
Alto Sax/Flute: Stefán S. Stefánsson
Tenor Sax: Ólafur Jónsson
Tenor Sax: Steinar Sigurðsson
Tenor Sax: Þorleifur Gíslason
Barintone Sax: Kristinn Svavarsson
Trombone: Oddur Björnsson
Trombone: Edward Frederiksen
Trombone: Sigurður Þorbergsson
Bass Trombone: David Bobroff
Trompet: Einar Jónsson
Trompet: Ásgeir H. Steingrímsson
Trompet: Eiríkur Örn Pálsson
Trompet: Snorri Sigurðarso
NÝJA PLATAN KOMIN Í VERSLANIR
„Það er greinilegt að Geir er í miklu stuði
á þessum diski og lögin eru frábær“
– Gunnar Þórðarson, tónlistarmaður
ZONET


Fíton/SÍA
Allt sem þú þarft...
Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins og það eina sem kemur út alla daga vikunnar. Lesendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir opna Fréttablaðið.
FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
ÞRIÐJUDAGUR
...alla daga
2.790000 kr.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

NOVOS
Erum með flottar íbúðir á góðu verði til leigu í Keflavík.
Kíkið á heimasíðu okkar:
www.novos.is
eða hafið samband í síma 420-9515 á skrifstofutíma.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til sölu ný standsett 50 fm. 2. herb. íbúð í Efstasundi 85. V. 17,4 m. Komið og skoðið hjá Gunnari í s. 861 5777.

4 HERBERGJA 125 FM ÍBÚÐ TIL LEIGU í Grafarholti. Jarðhæð. Allt sér. Laus strax. Reyklaus. Lágmarksleiga 155 þús. á mánuði. Leigist 3 mánuði í senn. Tilboð sendist á: svarnetfang@gmail.com

4 Herb. íbúð til leigu á Kleppsveginum með eða án húsgagna. Langtíma leiga. Tryggingavíxill + 2 mán. Fyrirframm. Leiga 150 þús. Uppl. í s. 821 9812 Gunnar.

**Langtímaleiga!**
Gullfalleg 2ja-3ja herb. 75 fm íbúð á Neshaga í vesturbæ Rvk. er til leigu frá 3. jan. Verð 110 þús. á mánuði. Tilvalin fyrir háskólanema! Hafið samband á audurz@gmail.com

## Húsnæði óskast

**Íbúð óskast til leigu sem fyrst.**
**Sölu og Markaðstjóri leitar að snyrtilegri 2-3 herb. íbúð á höfuðborgarsvæðinu. Árs leigusamningur Öruggar greiðslur með ábyrgð fyrirtækis. Reglusemi og Snyrtimennska. ATH! Kjallaraíbúðir eða bílskúrar koma ekki til greina. Þeir húseigendur sem hafa áhuga, vinsamlega hringið í Gsm 860 5418 eða 520 1220, Kristinn.**

Íbúð eða hús óskast til leigu á Egilsstöðum eða nágreni minnst 3 herb. S. 862 8668.

Studio eða 1 herb. íbúð óskast til leigu á höfuðborgarsvæðinu. Greiðslugeta í kringum 30-65 þús á mánuði. Uppl. í s. 696 1387.

## Geymsluhúsnæði

Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 20 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

# SKEMMTANIR

**Jóli.is**
Syngjandi kátir jólasveinar með nikku og gítar.
Álfar og tröll, Grýla og leppalúði og fjöldinn allur af þekktum söngvurum, tónlistarfólki og skemmtikröftum..
Allir með bros á vör, tilbúnir að skemmta þér og þínum.
Hafið samband við eina elstu og reyndustu jólasveina og skemmtanaþjónustu landsins.




**Fellihýsi - Fornbílar!**
Eigum nokkur pláss eftir í upphituðu fyrsta flokks húsnæði á Eyrarbakka. Vefmyndavélar. S. 564 6500.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Tónlistarkennsla**
**Í tilefni af brúðkaupi mínu næsta sumar óska ég eftir þolinmóðum aðila til að kenna mér eitt til tvö lög á gítar eða píanó ásamt smávægilegri söngkennslu. Er frekar lagvís og kann vinnukonugripin á gítar. Svör með upplýsingum óskast send á Fréttablaðið, Skaftahlíð 24, 105 Rvk eða á smaar@frett.is merkt „tónlistarkennsla“**

**SETJUM UPP JÓLASKREYTINGAR**
Stéttafélagið
Sími 866 8125

DÝRARÍKIÐ

**Starfsfólk óskast**
**Okkur vantar starfsfólk í heilsdags og/eða hálfsdagsstarf. Viðkomandi þarf að hafa staðgóða þekkingu á fiskum og/eða brennandi áhuga á fiskum. Við leitum að fólki til lagerstarfa, afgreiðslu í verslun og við umhirðu á fiskum. Nánari upplýsingar í síma 56 87170 eða í versluninni.**

**Ísbúðin Áfheimum**
**Óskar eftir að ráða starfsfólk í kvöld- og helgarvinnu. Einungis traust og heiðarlegt starfsfólk kemur til greina. Uppl. í s. 899 9495, Jónína.**

**Bílstjóri - Lagermaður**
**Búr ehf óskar eftir að ráða bílstjóra sem einnig sinnir lagerstörfum. Framtíðarstarf. Ekki yngri en 20 ára. Góð Íslenskukunnátta og kurteisi skilyrði. Upplýsingar í síma 896 2836 á skrifstofutíma. Umsóknir einnig á staðnum, Bæjarflöt 2, Grafarvogi.**

**Bakaríið Brauðberg Hraunbergi 4**
**Óskar eftir að ráða starfskraft í útkeyrslu. Vinnutími frá kl. 6.30-10.30. Nánari uppl. veita Gunnar í s. 897 8101.**

**Jarðkraftur ehf Meiraprófsbílstjórar**
**Óskum eftir að ráða bílstjóra á vörubíl. Einnig óskum við eftir vélamönnum. Næg vinna framundan. Uppl. í s. 892 7673, Karel og 868 4043 Þórarinn.**

**Garðabær - Okkar Bakarí**
**Okkar Bakarí vantar hresst og duglegt starfsfólk. 60% vinna. Uppl. hjá Þóru í síma 891 8258 eða á staðnum 565 8070.**

Bakarameistarinn

**Villtu ganga til liðs við okkur?**
**Bakarameistarinn á smáratorgi leitar eftir hressum og skemmtilegum einstaklingum til starfa. Í boði eru bæði hlutastörf og fullt starf. Skemmtilegur vinnustaður og góð laun í boði fyrir rétt fólk. Upplýsingar gefur Steinunn í S. 555 6100 eða á staðnum milli kl. 07 og 16**

**Cafe Conditori Copenhagen**
**Við óskum eftir hressu og góðu fólki í fullt starf strax og í hlutastarf á kaffihús okkar. Unnið er á vöktum og fá allir starfsmenn kennslu í kaffigerð. Nánari upplýsingar veitir Silvía í síma 699 8827.**

**Hrói Höttur**
**Hringbraut 119. Óskar eftir starfsfólki í sal,útkeyrslu og grill. Um er að ræða bæði dag, kvöld og helgarvinnu. Upplýsingar í síma 844 6292, Eva, eftir kl 14 eða sendið umsókn á eva@hroi.is**

Pizza Hut

**Vantar þig vinnu með skólanum í vetur?**
Pizza Hut Hótel Nordica leitar að duglegu og stundvísu hluta starfólki í vetur. Um er að ræða störf í veitingasal og í eldhúsi. Lágmarksaldur er 18 ára. Umsóknir sendist á www.pizzahut.is eða hafið samband við Birgir veitingastjóra í síma 694 8022 og 533 2002.

Pizza Hut

**Vaktstjóri á Pizza Hut Nordica**
Pizza Hut leitar að vaktstjóra í veitingasal á Pizza Hut Hótel Nordica. Um er að ræða framtíðarstarf. Starfið felst í: stjórnun vakta, þjónustu og mannastjórnun í samráði við veitingastjóra. Hæfniskröfur: Þjónustulund, samviskusemi, reglusemi, hæfni í mannlegum samskiptum. Lágmarks aldur er 22 ár. Áhugasamir sendi inn umsókn á www.pizzahut.is . Nánari uppl. hjá Birgir veitingastjóra Pizza Hut Nordica 694-8022 og 533-2002.

SUBWAY

**Ert þú að leita að skemmtilegri vinnu með skóla?**
**Subway óskar eftir jákvæðu og duglegu fólki með mikla þjónustulund. Um er að ræða vaktavinnu um kvöld og helgar. Breytilegar vaktir í boði sem henta vel með skóla. Hægt er að sækja um á subway.is. Nánari upplýsingar veitir starfsmannastjóri í síma 530-7004. Aldurstakmark er 16 ár.**

**Keiluhöllin í Öskjuhlíð**
**Óskar eftir starfsmanni í afgreiðslu í kvöld og helgarvinnu. Upplýsingar í síma 864 6112 og á www.keiluhollin.is**

RIZZO PIZZERIA Óskar eftir starfsfólki í afgreiðslu og í síma. Upplýs gefur Diddi í s 840-6670

Húsasmíðameistari óskar eftir smiðum og verkamönnum við nýsmíði og viðhald. Uppl. í s. 894 0031.

Lítið byggingafyrirtæki óskar eftir smiðum. Uppl. í s. 848 5215 Elías.

**Bakarí - kaffihús, Skipholti**
Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa. Vinnutími eftir hádegi og annan hvorn laugardag. Góð laun í boði fyrir rétta fólkið. Helst reyklaus. Íslenskunnátta æskileg. Uppl. í s. 820 7370.

Múlakaffi leitar að bílstjóra á bíl fyrirtækisins. Mikil vinna í boði. Uppl á staðnum og í síma 5536737, 6607889, Múlakaffi, Hallarmúla, 108 Reykjavík

Vantar háseta á beitningavélabát sem rær frá Kópaskeri. Uppl. í s. 866 9918.

SUSHIBARINN, Laugavegur 2, óskar eftir brosm. starfsm. sem kann að gera sushi sem fyrst. Uppl á staðnum

Kokkur eða matráður óskast í dagvinnu frá kl. 7-14 á veitingastað í Hafnarfirði. Uppl. í s. 897 6096.

Borgargrill óskar eftir að ráða fólk í vinnu. í boði er dagvinna ásamt kvöld og helgarvinnu. Góð laun fyrir duglegt fólk. Uplýsingar í símum 695-6869 og 820-5851

**HENDUR.IS**
Vantar starfsmann í bókhald; merking og færsla fylgiskjala, útskrift reikninga og afstemmingar. 25-50% starfshlutfall. uppl. á www.hendur.is

Sölubörn óskast til að selja jólakort f. Félagsst. fatlaðra. Góð sölulaun. S. 824 4768.

**Starfskraftur óskast.**
Helst vanur. Hjólbarðaverkstæði Grafarvogs. S. 567 4468.

## Atvinna óskast

**HENDUR.IS**
Þarft þú eða þitt fyrirtæki aðstoð í jólavertíðinni. Erum með hundruð manna á skrá. Fáðu tilboð. uppl. www.hendur.is

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar



**Þetta skrímsli er 17 ára í dag, við sendum þér innilegar hamingjuóskir á afmælisdaginn. Vertu stilltur! Knús í klessu, Mamma og Kristó.**

## Einkamál

**18plús.is**
Sýndu þig, sjáðu aðra. Íslenskur afþreyingarvefur fyrir fullorðna.

**Takk!**
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

# ATVINNA

FERSKAR KJÖTVÖRUR

## Starfsmaður óskast

Ferskar Kjötvörur Og Furðufiskar óska eftir starfsmanni í kjötborði okkar í Smáralind.

Um er að ræða fullt starf.

Nánari upplýsingar veitir Ómar í s: 6606300 eða Rúnar s:6994000

KOKKARNIR VEISLUÞJÓNUSTA



**Byggingarfélag Gylfa og Gunnars**
**auglýsir eftir kranamanni.**

Nánari upplýsingar veitir Eyþór í síma 6937382

*Hjá okkur er virkt starfsmannafélag og góður aðbúnaður. Við leitum eftir fólki á öllum aldri.*

BYGG
Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf.
Borgartún 31. 105. Reykjavík.
www.bygg.is

## Asparfell 12
111 Reykjavík
Einstakt útsýni

**Stærð: 70,3 fm**
**Fjöldi herbergja: 2**
**Byggingarár: 1974**
**Brunabótamat: 10.000.000**
**Bílskúr: Nei**

RE/MAX Skeifan




**Fimmtudag 22 nóv. 17,00 til 18,00**
**Verð: 15.900.000**

Falleg íbúð á 6 hæð. Sér inngangur af svölum í íbúðina. Komið inn í forstofu með nýlegum flísum og fatahengi. Lítið hol góð og björt stofa með eikarparketi. Eldhús innaf stofu með upprunalegri eldhúsinnréttingu og korkflísum á gólfi. Baðherbergi upprunalegt með dúk á gólfi og flísar á veggjum. Stórt og rúmgott svefnherbergi með stórum skápum og parket á gólfi. Sameiginlegt þvottahús er á hæðinni. Húsið er allt ný standsett að utan, nýmálað og klætt. Afhending möguleg við kaupsamning.

Agnes Matthíasd.
Sölufulltrúi
**8631800**
agnes@remax.is

Ólafur Geir
Sölufulltrúi
**6921649**
oligeir@remax.is

Elísabet Agnarsd.
Lögg. fasteignasali
elisabet@remax.is

**RE/MAX Skeifan - Faxafen 8 - 108 Reykjavík - Sími: 412 3400 - www.remax.is**

## Klukkuberg 39
220 Hafnarfjörður
Laus við kaupsamning

**Stærð: 75,5 fm**
**Fjöldi herbergja: 3**
**Byggingarár: 1992**
**Brunabótamat: 10.600.000**
**Bílskúr: Nei**

RE/MAX Skeifan




**Opið hús í dag kl.17:00 - 18:00**
**Verð: 21.500.000**

Falleg mikið endurnýjuð 3ja herbergja, 75,5 fm íbúð með einstöku útsýni. Gengið er inn í flísalagða forstofu, geymsla innaf forstofu með góðum hillum. Stofa og herbergi með gegnheilu stafaparketi frá Ítalíu. Bjart eldhús með nýrri eldhúsinnréttingu og nýjum flísum á gólfi, gólfhiti. Baðherbergi með flísum í hólf og gólf. Stofa með stórum gluggum, útgengi út á 12 fm pall sem snýr til vesturs. Mögulegt að kaupa stæði í bílageymslu. Íbúðin er laus við kaupsamning.

Ólafur Geir
Sölufulltrúi
**6921649**
oligeir@remax.is

Agnes Matthíasd.
Sölufulltrúi
**8631800**
agnes@remax.is

Elísabet Agnarsd.
Lögg. fasteignasali
elisabet@remax.is

**RE/MAX Skeifan - Faxafen 8 - 108 Reykjavík - Sími: 412 3400 - www.remax.is**

**Auglýsingasími**
**512 50 50**
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið

HÚSAVÍK FASTEIGNASALA

BORGARTÚN 29
SÍMI 510 3800
FAX 510 3801
WWW.HUSAVIK.NET
REYNIR BJÖRNSSON
ELÍAS HARALDSSON
LÖGG. FASTEIGNASALAR

## Beykihlíð - Suðurhlíðar - Reykjavík





Frum

Um er að ræða mjög skemmtilega og sérstaka eign sem samanstendur að tveimur sérstæðum íbúðarhúsum á sömu lóð. **Stærra húsið** er 200,1 fm á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Neðri hæðin skiptist í forstofu, geymslu (inng. í bílskúr), gesta wc, hol, stofu, borðstofu og eldhús. Efri hæð. Fimm svefnherbergi og baðherbergi. Nýtt eikarparket á öllum gólfum fyrir utan baðherbergi, gesta wc og geymslum. **Minna húsið** er 82,0 fm á tveimur hæðum og er í útleigu í dag (130 þús. per/mán). Neðri hæðin skiptist í anddyri, hol, baðherbergi, eldhús og stofu. Efri hæðin skiptist í hol, tvö svefnherbergi og geymslu. Frábært útsýni. Sér bílastæði.

***Uppl. veitir Elías Haraldsson lögg. fasteignasali. símar 510 3800 eða 898 2007***

HÚSAVÍK – GOTT ORÐSPOR – TRAUST VIÐSKIPTI




EIGNAMIÐLUN
Síðumúla 21 • eignamidlun@eignamidlun.is • Fax 588 9095
www.eignamidlun.is • Opið Mánud. – Föstud. 9-17
Félag Fasteignasala
Sími 588 90 90
Sverrir Kristinsson löggiltur fasteignasali

OPIÐ HÚS Í DAG KL. 17:00–17:30
BIRKIMELUR 6 – 3. HÆÐ T.V.

Frum



3ja herbergja 77,7 fm endaíbúð auk herbergis í risi (sem fyrir utan uppgefinn fm. fjölda hjá FMR). Eignin skiptist í forstofugang, eldhús, baðherbergi, tvær stofur og svefnherbergi. Sér geymsla er í kjallara. Herbergi ca. 6 fm er í risi. **Áhv. 17,5 millj. Verð 24,5 millj.**

*EIGNIN VERÐUR TIL SÝNIS Í DAG, FIMMTUDAG FRÁ KL. 17:00-17:30.*

visir.is
Fyrstur með fréttirnar

# FASTEIGNIR & FYRIRTÆKI

Fyrirtækjasala Íslands

Valgeir Kristinsson, hrl., lögg. faseignasali

Síðumúla 35 • 108 Reykjavík • Sími 517 3500 • www.fyrirtaekjasala.is

## Versl. SAUMASPORIÐ er til sölu

Frum

Af sérstökum ástæðum er rekstur versl. til sölu í einu lagi eða í eftirfarandi einingum.

1. *Saumavélar, umboð, innflutningur og smávörur.*
2. *Rennilásar, heildsala, smásala.*
3. *Viðgerðaþjónusta Saumasporsins á fatnaði o.fl.*

**Óskað er eftir tilboðum í ofangreindar eimingar.**

***Allar nánari upplýsingar á skrifstofu okkar og í símum 517 3500 eða 824 2480 Óskar.***

# STÓRBORG fasteignasala

Kirkjustétt 4 - 113 Reykjavík - Sími 534 8300

Frum



**Laugarnesvegur, 105 Reykjavík** Um er að ræða 73 fm íbúð með góðri geymslu og þvottahúsi í kjallara. Íbúðin er 2ja herbergja íbúð á annarri hæð við Laugarnesveg í Reykjavík. **Laus strax! Verð 17,9 millj.**

*Stefán Hrafn Stefánsson hdl. Löggiltur fasteignasali*

## Opið hús í dag á milli kl. 17:00 og 18:00
## Núpalind 4 - íbúð 201

Frum





Til sýnis í dag glæsileg og vel skipulögð 3-4 herbergja, 117 fm íbúð á 2. hæð í viðhaldslitlu fjölbýli í Lindarhverfinu í Kópavogi. Hornibúð með suðursvölum út frá stofu. Eikarparket á gólfum nema á baðherbergi og þvottahúsi sem eru flísalögð. Innréttingar og skápar úr kirsuberjaviði, frá Brúnás. Stutt í alla þjónustu, verslanir og fleira. **Íbúðin er laus STRAX. Verð 29,9 millj.**

**Íbúðin er til sýnis í dag frá kl. 17 til 18. Bjalla merkt Kristín og Trausti.**

HÖFÐI

Suðurlandsbraut 20
Sími 533 6050
Bæjarhrauni 22
Sími 565 8000

Runólfur Gunnlaugsson lögg. fast.sali – Kristín Pétursdóttir, lögg. fast.sali

## Kvistavellir 2-8

221 Hafnarfjörður
Leggið leið ykkar á vellina!

**Stærð: 191,3 fm**
**Fjöldi herbergja: 5**
**Byggingarár: 2007**
**Brunabótamat: 0**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Lind







Páll Guðmundsson
Sölufulltrúi
**861 9300**
pallb@remax.is



Gylfi Gylfason
Sölufulltrúi
**693 4085**
gylfi@remax.is



**Opið hús í dag á milli kl 17:30 og 18**

**Verð: 28.900.000**

Glæsilegt 163,9 fm raðhús á tveimur hæðum ásamt 27,4 fm bílskúr. Neðri hæðin skiptist í forstofu, snyrtingu, stofu, borðstofu, eldhús, sjónvarpshol, þvottahús, geymslu og bílskúr. Efri hæðin skiptist í fjögur svefnherbergi, baðherbergi og gang. Gengið er út á svalir úr hjónaherbergi. Húsið afhendist fullbúið að utan og fokhelt að innan. Lóð grófjöfnuð. Umframbyggingarefni og rusl er fjarlægt af lóð. Dyrasími og útiljós fylgja ekki. Afhendist fullbúið að utan en fokhellt að innan.

Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
thorarinn@remax.is



**RE/MAX Lind - Bæjarlind 14-16 - 201 Kópavogur - Sími: 5209500 - www.remax.is**

## Kvistavellir 57

221 Hafnarfjörður
Raðhús a besta stað !

**Stærð: 185,7 fm**
**Fjöldi herbergja: 0**
**Byggingarár: 2007**
**Brunabótamat: 0**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Lind







Páll Guðmundsson
Sölufulltrúi
**861 9300**
pallb@remax.is



Gylfi Gylfason
Sölufulltrúi
**693 4085**
gylfi@remax.is



**Opið hús í dag á milli kl 17:30 og 18**

**Verð: 34.900.000**

Einstaklega fallegt og vel skipulagt raðhús á einni hæð með innbyggðum bílskúr. Húsið verður afhent fullbúið að utan, steinað og filtað í ljósum lit. Húsið er tilbúið til innréttinga að innan með hlöðnum milliveggjum. Að utan verður húsið steinað og filtað í ljósum lit. Vandaðir gluggar og hurðir. Mikil lofthæð er í húsinu. Gert er ráð fyrir gólfhita. Eignin er til afhendingar. Gott skipulag er á húsinu og eru teikningar og allar nánari upplýsingar hjá Páli s. 8619300 og Gylfa s. 6934085.

Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
thorarinn@remax.is



**RE/MAX Lind - Bæjarlind 14-16 - 201 Kópavogur - Sími: 5209500 - www.remax.is**

# HÉR BYGGIR STÁLBYGGÐ EHF

## 2000 FM IÐNAÐAR– / VERSLUNARHÚSNÆÐI





Frum





Mjög vandað iðnarað- / verslunarhúsnæði á tveimur hæðum.
1. hæð 200 fm. 2. hæð 100 fm sem auðvelt er að stækka í 200 fm.
Vegghæð 6,5 m og 4 m upp undir 2. hæð sem er steinsteypt.
Innkeyrsluhurðir er 4,3 m x 4 m.
Húsnæðið skilast með gólfhita, rafmagnstöflu og vatnsinntökum.

Plan verður malbikað með snjóbræðslu.
Afhending 1. febr. 2008
200 fm gólfflötur + 100 fm milliloft samt. 300 fm kr. 95.000 pr. fm.
**Verð frá 28.5 millj.**

**Söluaðilar:**

**Umboðsaðili:**

**Stálbyggð / Gónhól 16**
**260 Njarðvík**
**S. 899 9008 / 863 9008 / 898 6959**

Ásberg Fasteignasala asberg.is
**S: 421 1420**

FASTEIGNAHÖLLIN
**S: 420 3700**

STÁLFÉLAGIÐ

# Eru Svíþjóð og Holland paradís þjófa?

**UMRÆÐAN**
Ólöglegt niðurhal



SNÆBJÖRN STEINGRÍMSSON

Margir netverjar sem stunda ólögmætt niðurhal telja að þjófar á höfundarvörðu efni njóti lagaverndar í Svíþjóð og Hollandi eða séu að minnsta látnir afskiptalausir. Þetta er að sjálfsögðu á fáfræði eða misskilningi byggt. Það eitt að ThePirateBay vefurinn er enn starfræktur er það sem margir benda á og vissulega hefði átt að vera búið að loka þeim vettvangi ræningja fyrir löngu.

Í Svíþjóð voru höfundarlög hræðilega léleg og ekki hefur verið bætt fyllilega úr enn. Á sænska þinginu liggur þó fyrir frumvarp sem mun heldur betur reka slyðru-orðið af Svíþjóð, þ.e. að það sé griðland fyrir ræningja á höfundarvernduðu efni. Undirritaður var á ráðstefnu í Stokkhólmi þar sem þetta nýja frumvarp var rætt, en það naut þá stuðnings meirihluta þingmanna. Þarna voru komnir saman allir helstu lögfræðingar, saksóknarar og aðrir fulltrúar sem hafa sérhæft sig í höfundarrétti frá Íslandi, Noregi, Danmörku og Finnlandi. Markmiðið var að fara yfir þetta nýja frumvarp Svía, koma með tillögur og ræða við saksóknara og hina nýju deild innan sænsku lögreglunnar sem er sérhæfð í höfundarrétti.

Opinbert mál gegn ThePirateBay verður tekið fyrir í janúar næstkomandi og verður áhugavert að fylgjast með. Sænsk yfirvöld hafa áður reynt að loka ThePirateBay án árangurs en ætla má að menn hafi lært af reynslunni og með sterkari löggjöf hafi betur í þetta sinn.

Eigendur ThePirateBay hafa áður þurft að flýja frá Svíþjóð með sína miðlara og fóru til Hollands. Efnahagsbrotadeild sænsku lögreglunnar grunar þá um stórfelld skattsvik. Fyrirtæki í Ísrael aflar þeim auglýsingatekna sem þeir fela í löndum sem taka á móti svörtum peningum. Einn af þeim sem standa að síðunni hefur að vísu verið kærður fyrir vanskil á sköttum og annar er bendlaður við nýnasisma þannig að þarna er nú ekki eftirsóknarverður félagsskapur sem sumir hérlendis sækja í.

Af hverju eru miðlarar ThePirateBay, Mininova o.fl. staðsettir í Hollandi? Árið 2005 var almennt talið að rekstur torrent-síðu væri löglegur í Hollandi og margar netveitur og hýsingarþjónustur spruttu upp sérstaklega í þeim tilgangi að veita þjónustu til þjófanna og meina rétthöfum aðgang að upplýsingum um eigendur þeirra.

Mjög margt hefur breyst síðan þá. Ein stærsta hýsingarþjónusta fyrir ræningja var fyrirtæki að nafni Leaseweb sem barðist með kjafti og klóm gegn rétthöfum til að verja viðskiptavini sína – þjófana. BREIN, hollenski armurinn af samtökum rétthafa, fór í mál við þá bæði í þeim tilgangi að láta loka síðum á borð við Demonoid og til að fá allar upplýsingar um eigendur vefsins, sem enginn hafði fram að þessu vitað hverjir voru. BREIN vann stórsigur og Leaseweb var skipað að framvísa öllum upplýsingum meðan Demonoid flúði til Kanada, þar sem er reyndar búið að loka hjá þeim eins og er. Í kjölfarið hafa stjórnendur Leaseweb gefið út yfirlýsingu um að þeir ætli að framvísa öllum upplýsingum um eigendur vefsvæða sé þess óskað af hálfu yfirvalda eða BREIN.

„Eigendur á torrent-síðum eru þeirrar trúar að þeir séu ekki að gera neitt rangt þar sem efnið sem þeir hjálpa til við að miðla er ekki geymt á þeirra miðlurum heldur í tölvum notenda þeirra," var haft eftir Tim Kuik, framkvæmdastjóra BREIN. „Hins vegar er ólöglegt í Hollandi fyrir vefsíður að notfæra sér á kerfisbundinn hátt aðgengi að efni sem varið er höfundarrétti. Það skiptir því engu máli að efnið sé vistað á öðrum stað, tiltekin síða væri alltaf ólögleg samkvæmt hollenskum lögum."

Það sem af er ári hefur BREIN lokað yfir 200 p2p-síðum og bíður staðfestingar hæstaréttar á fyrri dómum áður en stærri síðum verður lokað. Í ljósi fjölda dóma sem hafa fallið rétthöfum í hag í Hollandi má binda vonir við niðurstöðu hæstaréttar. Þá er bara að sjá hvort farið verður á eftir PRQ, sem er hýsingarþjónusta fyrir ThePirateBay, TorrentSpy og Mininova meðal annarra. BREIN hefur beðið með ThePirateBay þar sem málið er í opinberri rannsókn í Svíþjóð en ef það skyldi bregðast er lítill vafi á að hægt verður að loka á vefinn frá Hollandi. Nú síðasta laugardag var síðunni Sumotorrent, sem Leaseweb hýsir, lokað. Sú síða var komin með 350.000 notendur sem voru virkir daglega með yfir 700.000 skrár til að skipta á milli sín.

Það er því alveg ljóst að draumur þjófa um að fá að starfa óáreittir í þessum löndum er byggður á fávisku eða misskilningi. Að lokum vil ég taka fram að þeir sem ég kalla þjófa eru þeir sem vísvitandi aðstoða aðra við eða taka sjálfir með beinum hætti þátt í að niðurhala eða deila efni sem þeir hafa ekki leyfi rétthafa eða löggjafar til að sækja eða miðla.

*Höfundur er framkvæmdastjóri SMÁÍS - Samtaka myndrétthafa á Íslandi.*







# Sælgætisverslun ríkisins

**UMRÆÐAN**
Ríkiseinkasala

Ég held ég sé súkkulaðifíkill. Er reyndar mjög svag fyrir flestu sælgæti. Allir vita að óhófleg neysla þess er heilsuspillandi, því það er næringarsnautt, fitandi og fer illa með húð og tennur. Og ég þekki fólk sem orðið er holdmikið og tannveikt sökum óhóflegrar nammineyslu. Sjálfur á ég satt að segja fullt í fangi með að halda mig réttu megin við línuna. En ég er að reyna að taka mig taki. Mér finnst því óþægilegt að ganga um verslanir sem bjóða upp á mikið úrval og magn sælgætis. Sér í lagi er erfitt að ganga framhjá gotterísgöngunum í Hagkaupum, því þar er úrvalið slíkt og aðgengi það gott, að ég þarf á öllum mínum viljastyrk að halda til að láta ekki glepjast og kippa með mér hraunbitum eða nokkrum hlaupkörlum.


STEFÁN HILMARSSON

En ég er því miður fráleitt sá eini sem á erfitt með sig innan um nammi. Þess vegna tel ég að það yrði heillaráð, ef vel meinandi þingmenn tækju sig saman og leggðu fram lagafrumvarp sem fæli í sér bann við sölu á sælgæti í almennum verslunum, svo sem í matvöruverslunum og söluturnum. Slíkt myndi ekki aðeins bæta lýðheilsu, heldur auka fjárráð heimilanna og bæta heimilisfriðinn, því börn hættu að heimta sælgæti, ef það blasti ekki sífellt við þeim.

Ekki má skilja mig svo, að ég sé beinlínis á móti sælgæti eða vilji alfarið banna það. Ég er þrátt fyrir allt umburðar- og frjálslyndur og veit að sumir geta neytt þess í hófi. Því legg ég til að frumvarpið feli jafnframt í sér að sett verði á stofn Sælgætisverslun ríkisins, sem gæti svipað til þeirra áfengisverslana sem ríkið rekur nú af myndarskap. Eflaust hljómar nafnið „SVR“ betur, en ég hygg að sú skammstöfun sé einmitt á lausu. Embættismönnum ríkisins ætti að vera betur treystandi fyrir svo viðkvæmum vöruflokki, en kaupmönnum, sem ég er hræddur um að ekki beri ekki alltaf hag almennings fyrir brjósti.

Skynsamlegt væri að opnunartími þessara verslana yrði svipaður og hjá áfengisverslunum, svo neytendur, sér í lagi börn og unglingar, glepjist ekki þangað inn að kvöldlagi. Það myndi að auki spara launagjöld að hafa verslanirnar ekki opnar of lengi. Og auðvitað alls ekki á sunnudögum. Þá yrði þjóðráð að taka aftur upp brúnu bréfpokana, því glæru nammipokarnir sem nú tíðkast eru svolítið glannalegir.

Þegar fram líða stundir mætti einnig koma fyrir í verslunum SVR svokölluðu „snakki“, sem margir eiga erfitt með að neita sér um. Það ætti að verða hægðarleikur, því svona verslanir yrðu að bjóða upp á gott úrval og þyrftu þar af leiðandi að vera plássgóðar. En til að gæta jafnræðis og í forvarnarskyni mætti síðan hafa í verslununum bása með ríkulegu úrvali tannbursta og tannkrema. Og kannski sápu og sjampó líka, jafnvel einnig eyrnapinna, til að nýta plássið og til þæginda fyrir viðskiptavini. Möguleikarnir eru margir, sér í lagi ef verslanirnar eru smekklegar, vel hannaðar og aðgengilegar, eins og verslanir ÁTVR.

*Höfundur er tónlistarmaður.*


Léttu þér lífið




vilborga@centrum.is

Sorpkvarnir
Minna sorp - betri lykt

GE sorpkvarnirnar eru öflugar og einfaldar í notkun og henta í flesta vaska. Með því að nota sorpkvörn minnkar ummál heimilissorpsins um allt að 30%. Notkun sorpkvarna auðveldar flokkun og endurvinnslu sorps til muna.

Verð frá kr: 24.900

General Electric

EIRVÍK
-hágæðaheimilistæki
Suðurlandsbraut 20, Reykjavík
Baldursnes 6, Akureyri
Sími 588 0200 - www.eirvik.is


# Forvarnardagurinn 2007

**UMRÆÐAN**
Forvarnir

Forvarnardagurinn var haldinn í annað sinn, hann er haldinn að frumkvæði forseta Íslands. Með honum felst viðurkenning á mikilvægi forvarna, samstarfs og virkri þátttöku. Áhersla er lögð á að vekja umræðu um þætti sem geta haft afdrifarik áhrif á líf barna og ungmenna og þar með fjölskyldna þeirra.

Hvatt er til samveru foreldra og barna, þátttöku barna og ungmenna í skipulögðu tómstundastarfi og ábyrgrar afstöðu til áfengisneyslu. Rannsóknir hafa sýnt að þessir þættir skipta máli og með því að leggja áherslu á þá er hægt að draga úr líkum á að börn eða ungmenni ánetjist vímuefnum. Enginn er óhultur og töfralausn er ekki til, en ef vitað er hvaða þættir draga úr líkum á að börn ánetjist er þess virði að efla þá. Foreldrar eru lykilaðilar í forvörnum, án þeirra þátttöku vinnst lítið.

*Þeir unnu einnig með spurningar varðandi áfengisneyslu og hvernig hægt sé að stuðla að því að unglingar hefji ekki neyslu á unga aldri.*

Það að rannsóknir sýni að samvera foreldra og barna skipti máli verður vonandi hvatning til þess að henni verði forgangsraðað ofarlega, þar skiptir tíminn máli. Einnig hefur komið fram mikilvægi þátttöku barna í skipulögðu tómstundastarfi. En til að þau geti tekið þátt þurfa þau hvatningu og stuðning foreldra. Þátttaka margra sveitarfélaga, m.a. Reykjavíkurborgar, í kostnaði til að auka möguleika fleiri til að taka þátt er til fyrirmyndar, það er góð fjárfesting.

Einnig hefur verið sýnt fram á að það er mikilvægt fyrir börn að sniðganga áfengi, því lengur sem þau gera það því betra, það getur haft áhrif á hvort þau ánetjist vímuefnum. Þetta eru mikilvægar upplýsingar og nauðsynlegt að umræða um þetta fari fram í skólum, á vinnustöðum og inn á heimilum, að foreldrar og börn ræði þessi mál.


STEFANÍA SÖRHELLER

Á sl. ári unnu 9. bekkingar með grundvallarspurningar út frá þema dagsins, Taktu þátt – hvert ár skiptir máli. Niðurstöðurnar eru fjársjóður og þarft innlegg í umræður um forvarnir. Unglingarnir höfðu sterkar skoðanir á því sem skiptir máli og komu með gagnlegar ábendingar til fullorðinna, sem er vert að hugleiða. Unglingarnir voru spurðir um hvað þeir gætu gert til að vera meira með fjölskyldu sinni og koma með tillögur að góðum samverustundum. Einnig hvers vegna unglingar hætta oft í skipulögðu tómstundastarfi og hvernig hægt væri að auka þátttöku. Þeir unnu einnig með spurningar varðandi áfengisneyslu og hvernig hægt sé að stuðla að því að unglingar hefji ekki neyslu á unga aldri. Niðurstöðurnar sýna einfaldlega hvað unglingarnir eru snjallir, ábyrgir og með margar góðar lausnir. Það kom fram að þeir vilja stuðning, hvatningu og mörk. Þær staðfesta að það er grundvöllur að efla þá þætti sem skipta máli til samræmis við rannsóknarniðurstöður og mikilvægi þess að tala við börnin og eiga við þau samræðu. Ég hvet foreldra og aðra sem láta sig þessi mál varða að skoða þessar niðurstöður, þær er að finna á: www.forvarnardagur.is

Í niðurstöðum rannsókna sem lagðar hafa verið fyrir undanfarin ár í efstu bekkjum grunnskólans, kemur fram að neysla áfengis hefur dregist saman og sl. vor mældist hún í sögulegu lágmarki. Vonandi mun sú þróun halda áfram, en því miður eru of margir sem fara út af sporinu og þurfa stuðning, þeirra fórnarkostnaður er oft mikill, til að minnka þann hóp þarf öflugar forvarnir. En forvarnir beinast ekki eingöngu að því að börn neyti ekki vímuefna, heldur að þau lifi heilbrigðu lífi og hafi styrk og forsendur til að hafna líferni sem rýrir lífsgæði þeirra.

Leiðarsljós forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar er: „Að skapa öllum börnum og ungmennum uppeldisaðstæður og umhverfi sem eflir sjálfstraust þeirra og sjálfsmynd, sem einkennist af samkennd og býr yfir viðeigandi stuðningsúrræðum þegar þörf krefur.“

Í forvörnum eru margir samverkandi þættir sem skipta máli og er samstarf eitt af lykilþáttum. Í öllum hverfum borgarinnar eru samstarfs- og samráðshópar starfandi á sviði forvarna. Víða eru samstarfshópar og samtök sem beita sér í forvörnum en alltaf má gera betur. Allir þessir aðilar þurfa að taka höndum saman og efla enn frekar það samstarf sem fyrir er, við foreldra, milli stofnana, frjálsra félagasamtaka og einkaaðila.

Í áðurnefndri samantekt var ein ábending svohljóðandi: „Forvarnir eru snilld, því að við skiptum máli.“ Þetta er viðhorf sem skiptir máli, öll börn og ungmenni þurfa að fá að alast upp í þeirri vissu að þau skipti máli.

*Höfundur er verkefnastjóri á Velferðarsviði Reykjavíkurborgar.*

## AF NETINU

### Össur ósammála?

Kl. 15 hófst fundur á Alþingi á óundirbúnum fyrirspurnum til ráðherra þar sem ég spurði Össur Skarphéðinsson, iðnaðarráðherra, út í skoðun hans á ummælum Þórunnar Sveinbjarnardóttur, umhverfisráðherra, um að ekki séu forsendur nú til að ræða um hvort viðhalda eigi íslenska ákvæðinu í Kyoto-bókuninni. Það sem vakti athygli í svörum Össurar var að hann lét vera að taka undir ummæli Þórunnar, þ.a væntanlega styður hann þau ekki.

**Siv Friðleifsdóttir**
siv.is

### Áhrifalaus meistari

Svo langt er liðið frá hátíð Jónasar Hallgrímssonar, að gæsahúðin er farin að sléttast. Menntavitar tóku til máls og spúðu froðu yfir mannskapinn. Í hefðbundnum stíl viðurkenndra skólaritgerða. Munurinn á málfari þeirra og skáldsins skar í augu. Tveimur spurningum er í huga mínum ósvarað: Hvernig gat langt leiddur alkóhólisti ort svona vel? Viðurkennda ævisagan er langt leidd af meðvirkni og skilur ekki, að mikill ferðadugnaður er eitt einkenna alkóhólisma. Hin spurning mín er nærtækari: Hvernig stendur á, að þjóð, sem elskar skáldið sitt svona heitt, hefur alls ekkert getað lært af því?

**Jónas Kristjánsson**
jonas.is

### Áfram Valur

Kara tók á móti mér við innganginn og fór með mig í glæsilegt móttökuherbergi Gummersbach þar sem boðið var upp á mat og drykk auk þess sem útsýni var gott yfir leikvöllinn. Höllin tekur um 19 þúsund manns í sæti og er afar tilkomumikil. Seinni hálfleikur var rétt hafinn og Valur var nokkrum mörkum undir. Ég sá að tengdasonurinn var í stuði og skoraði ein 3 mörk á meðan ég horfði á leikinn. Vissulega tapaði Valur í þessum leik en kannski var ekki við öðru að búast. Til þess að forðast allan misskilning þá stóð ég með Val þó að ég horfði á leikinn úr herbúðum Gummersbach.

**Valgerður Sverrisdóttir**
valgerdur.is




# NÝ VERSLUN Á AKRANESI

**NÝ TÖLVULISTAVERSLUN OPNAR Í DAG KL: 13:00 Í VERSLUNARKJARNANUM ÞJÓÐBRAUT Á AKRANESI, AF ÞVÍ TILEFNI ERU FRÁBÆR OPNUNARTILBOÐ Í DAG OG NÆSTU DAGA, HLÖKKUM TIL AÐ SJÁ ÞIG!**




FRÁ 3.547 KR Á MÁNUÐI

## ACE OPNUNARTILBOÐ

2.66GHz Intel Core 2 Duo E6750 örgjörvi með 4MB flýtiminni 2GB Dual DDR2 667MHz minni • 500GB SATA II harður diskur 18xDVD±RW DL skrifari • 20" LCD Acer 2051W Gamer skjár 256MB GeForce8 NX8600GT viftulaust skjákort • 2.1 hátalarakerfi Lyklaborð og mús • Windows Vista Home Premium

**VERÐ 109.900**




FRÁ 3.247 KR Á MÁNUÐI

## ACER ASPIRE 5720G FARTÖLVA

1.5GHz Intel Core 2 Duo T5250 örgjörvi með 2MB flýtiminni 1GB DUAL DDR2 667MHz minni • 160GB SATA harður diskur 8xDVD±RW DL skrifari • 15.4" WXGA CrystalBrite skjár 128MB ATI Radeon HD2300 skjákort • 5 in1 kortalesari Gigabit netkort • Windows Vista Home Premium

**VERÐ 99.900**




ÁBYRGÐ 5 ár

## 500GB HARÐUR DISKUR

500GB SATA2 Special Edition harðdiskur frá Western Digital sem er 7200RPM, 16MB buffer og Fluid Dynamic Bearing tækni sem skilar mun hljóðlátari og endingarbetri hörðum diskum. Western Digital eru mest seldu hörðu diskanir í dag

**VERÐ 9.990**




## 1GB 667MHZ VINNSLUMINNI

Viðskiptavinum Tölvulistans á Akranesi býðst Corsair 1GB 667MHz DDR2 Value Select vinnsluminni á frábæru opnunartilboði Lífstíðarábyrgð er á öllum minnum frá Corsair. Margverðlaunað og 100% áreiðanlegt vinnsluminni

**VERÐ 2.490**




**TÖLVULISTINN ALLTAF BETRA VERÐ**

**REYKJAVÍK** • NÓATÚNI 17 • S: 414 1700 | **AKUREYRI** • STRANDGÖTU 9 • S: 414 1730 | **EGILSSTAÐIR** • MIÐVANGI 2-4 • S: 414 1735
**KEFLAVÍK** • HAFNARGÖTU 90 • S: 414 1740 | **KÓPAVOGUR** • HLÍÐASMÁRA 10 • S: 414 1760 | **AKRANES** • SMIÐJUVÖLLUM 32 • S: 414 1765

Öll verð og tilboð gilda aðeins í verslun Tölvulistans á Akranesi í Þjóðbraut og eru birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl. *Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og er miðað við 48 mánaðarlegar jafnar afborganir. 3% stimpil og lántöku-gjald ásamt vöxtum er innifalið. Vextir eru samkvæmt ákvörðun TL á hverjum tíma og eru núna 19,5%.



*Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Halldór B. Ólason**

rafvélavirki, Framnesvegi 62, Reykjavík,

lést á Landspítalanum Fossvogi, þriðjudaginn 20. nóvember.

**Hulda Heiðrún Eyjólfsdóttir**
**Valgerður Halldórsdóttir** **Helgi H. Steingrímsson**
**Sigríður Halldórsdóttir** **Gylfi Þorkelsson**
**Óli F. Halldórsson** **María Björk Daðadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Einar Valdimar Ólafsson,**

Lambeyrum, Laxárdal,

andaðist á sjúkrahúsi Akraness mánudaginn 19. nóvember. Jarðarförin fer fram frá Hjarðarholtskirkju 1. desember kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hins látna er bent á minningarkort Sjúkrahússins á Akranesi. Sérstakar þakkir til starfsfólks á lyflæknisdeild Sjúkrahúss Akraness.

**Daði, Jónína, Skúli, Lilja, Valdimar, Valdís, Ólöf Björg, Svanborg, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabarn.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Anna Helga Sigurðardóttir,**

Naustahlein 12, Garðabæ,

lést hinn 11. nóvember sl. á Landspítala – háskólasjúkrahúsi. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við fráfall hennar. Sérstakar þakkir til starfsfólks á deild B4 í Fossvogi.

**Sigurður Jónsson**
**Elín Jónsdóttir**
**Unnur G. Jónsdóttir** **Brynjar Haraldsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**Sigurður Grétarsson**

framkvæmdastjóri, Skipalæk, Fellahreppi,

lést sunnudaginn 4. nóvember síðastliðinn. Útförin fer fram í kyrrþey. Kveðjustund, sem öllum er velkomið að vera við, verður á íþróttavellinum í Fellahreppi laugardaginn 24. nóvember kl. 15.00. Minningarathöfn verður í Reykjavík í Neskirkju fimmtudaginn 29. nóvember kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Umhyggju, félag til stuðnings langveikum börnum.

**Gréta Jóna Sigurjónsdóttir**
**Sigurjón Torfi Sigurðarson**
**Þórunn Gréta Sigurðardóttir**
**Kristín Arna Sigurðardóttir**
**Grétar Þór Brynjólfsson**
**Þórunn A. M. Sigurðardóttir**
**Sigurjón Jónsson**
**og aðrir aðstandendur.**




**Legsteinar og fylgihlutir**

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

*MOSAIK* Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is


**SCARLETT JOHANSSON KVIKMYNDALEIKKONA ER 23 ÁRA.**

*„Eitt af því besta sem kona heyrir er að hún sé kynþokkafull.“*

***Scarlett Johansson byrjaði kvikmyndferil sinn aðeins tólf ára í The Horse Wispherer. Í dag er hún eitt helsta uppáhald Woodys Allen.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST: 22. NÓVEMBER 1963**

## *John F. Kennedy myrtur*



John F. Kennedy, 35. forseti Bandaríkjanna, var myrtur í Dallas í Texas þennan dag fyrir 44 árum. Forsetinn sat í opnum blæjubíl, ásamt eiginkonu sinni, Jacqueline, þegar skotið var á þau úr launsátri.

Hinn meinti morðingi, Lee Harvey Oswald, skaut þremur skotum ofan af sjöttu hæð í nálægri byggingu og Kennedy var úrskurðaður látinn hálftíma síðar. Lyndon Johnson varaforseti tók samstundis við völdum.

Fjölmargar samsæriskenningar hafa verið á lofti um morðið og margir velt vöngum yfir því hvort Oswald hafi verið keyptur til verksins. Oswald var fæddur árið 1939 og gekk til liðs við bandaríska herinn sautján ára að aldri. Síðan fór hann til Sovétríkjanna árið 1959 og sumir héldu að hann hefði starfað fyrir kúbönsk og rússnesk stjórnvöld. Það fékkst aldrei staðfest. Oswald var skotinn til bana þegar verið var að færa hann í fangelsi. Morðingi hans, Jack Ruby, var dæmdur til dauða en lést úr lungnabólgu á meðan hann beið eftir ákvörðun áfrýjunardómstóls.

ÓSKAR J. SIGURÐSSON, VITAVÖRÐUR: SJÖTUGUR

# Byrjaði veðurathugun 15 ára



**VITAVÖRÐURINN.** „Ég get ekki vanist vindinum á Stórhöfða. Hann þreytir mig æ meira eftir því sem ég eldist,“ segir Óskar. MYND/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

„Þetta var miklu meira tilstand en ég hafði búist við. Það var haldin heilmikil veisla,“ segir Óskar Sigurðsson, vitavörður á Stórhöfða í Vestmannaeyjum, um sjötugsafmælið hinn 19. nóvember.

Hann segir bjargveiðimenn undir forystu Marinós Sigursteinssonar pípulagningameistara hafa haft veg og vanda af afmælisfagnaðinum. „Marinó er einn af svokölluðum Elliðaeyingum,“ bætir hann við til skýringar. En skyldi Óskar fara á veiðar með strákunum?

„Ég er nú svolítið sér á báti. Er ekki í veiðifélaginu en hef mikil samskipti við veiðimenn því ég hef merkt lunda síðustu fimm áratugi og árangur þess starfs byggist á því að tilkynnt sé um veidda merkta fugla. Margir hafa gert það samviskusamlega og mig langar að koma á framfæri þökkum til þeirra fyrir áratuga samvinnu í þessu efni.“

Þegar blaðamaður kveðst hafa dregið það fram eftir morgni að hringja í Óskar svo hann gæti sofið út eftir veisluna svarar hann hress. „Það var ágætt. Ég þurfti öðru að sinna í morgun. Athugaði til dæmis veðrið klukkan níu. Það er gert á þriggja tíma fresti allan sólarhringinn og við erum hér tveir feðgar sem skiptum því með okkur. Ég fór klukkan þrjú og níu en sonurinn klukkan sex.“

Óskar er fæddur og uppalinn í Stórhöfða og kveðst þar mjög rótfastur. Hann byrjaði árið 1952 að athuga veðrið klukkan þrjú að nóttu. „Faðir minn, Sigurður Valdimar Jónatansson, var hér vitavörður á undan mér og ég tók formlega við árið 1965. Þá var mikið breytingatímabil hjá mér því foreldrar mínir dóu með stuttu millibili og ég varð einn eftir,“ segir hann. Óskar segir tæknina sem hann umgengst daglega hafa tekið miklum breytingum í tímans rás. „Það var komið rafmagnsljós í vitann þegar ég tók við honum en ég man þegar þar var olíulampi og þá þurfti hann mikla umhirðu. Gangverkið var dregið upp með sveif á hverjum sólarhring eins og klukka.“

Þegar forvitnast er um tómstundaiðju vitavarðarins svarar hann: „Til dæmis það sem við byrjuðum á að tala um, fuglamerkingar. Ég hef lagt mikla vinnu í þær. Nú er athyglin farin að beinast að þeim gögnum sem ég hef safnað gegnum tíðina og tölvurnar auðvelda úrvinnslu þeirra.“

Hann segir snjótittlingana aufúsugesti í höfðanum enda gefi hann þeim vel en kveðst ekkert sérlega vinveittur hrafninum. Hann taki svo mikið af eggjum á vorin. Mesta ókostinn við staðinn segir Óskar vera rokið. „Ég hef ekki vanist vindinum. Hann þreytir mig æ meira eftir því sem ég eldist.“

Í lokin er Óskar spurður hvað sé honum efst í huga á þessum tímamótum. „Ja, ég get ekki verið annað en þakklátur forsjóninni fyrir að fá að halda heilsu fram að þessu,“ svarar hann og bætir við: „Maður sér það betur eftir því sem tíminn líður hvað það er mikils virði að geta verið sjálfstæður og ekki upp á aðra kominn.“

**gun@frettabladid.is**



*Elskulegur faðir okkar, afi, sonur og bróðir,*

**Sveinbjörn Bjarkason,**

verður kvaddur frá Bústaðakirkju á morgun, föstudaginn 23. nóvember, klukkan 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeir sem vilja minnast hans er bent á Samhjálp. Bankareikningur 1163-26-777, kennitala: 551173-0389.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Katrín Sjöfn Sveinbjörnsdóttir** **Jósef Zarioh**
**Axel Jósefsson Zarioh** **Aðalheiður Lára Jósefsdóttir**
**Guðrún Lára Sveinbjörnsdóttir** **Þorsteinn Bjarnason**
**Bjarki Elíasson** **Ásthildur Sigurjónsdóttir**
**Björk Bjarkadóttir** **Kristján Friðriksson**
**Stefán Bjarkason** **Þorbjörg Garðarsdóttir**
**Þórunn María Bjarkadóttir** **Róbert S. Róbertsson**
**Þórdís Cortellino Björnsdóttir** **Ruggiero Cortellino**
**Árni Haukur Björnsson** **Þórey Bjarnadóttir**
**og fjölskyldur.**



*Okkar ástkæri sambýlismaður, faðir, tengdafaðir, afi, sonur og bróðir,*

**Hjörtur Hjartarson**

Professorsgatan 2b, 215-53 Malmö, Svíþjóð,

sem lést miðvikudaginn 7. nóvember verður jarðsunginn frá Seltjarnarneskirkju föstudaginn 23. nóvember kl. 13.00.

**Vilborg Arinbjarnar**
**Hjörtur Hjartarson** **Geirþrúður María Kjartansdóttir**
**Matthías Hjartarson**
**Eygló Arinbjarnar** **Christopher John Kerr**
**Sigurður Arinbjarnar**
**Kristbjörg Karen Hjartardóttir**
**Matthías Hjörtur Hjartarson**
**Hjörtur Hjartarson** **Jensína Guðmundsdóttir**
**Drífa Hjartardóttir** **Skúli Lýðsson**
**Ingibjörg Hjartardóttir** **Sigurður Ólafsson**
**Anna Ásta Khan Hjartardóttir** **Hrafn Sabir Khan**
**Björn Grétar Hjartarson**
**Guðmundur Ingi Hjartarson** **Sigríður Sigmarsdóttir**


NÓVEMBER
TILBOÐ
Frábær tilboð á tölvum og tölvubúnaði
STÚTFULLUR 8BLS BÆKLINGUR AF SPENNANDI TILBOÐUM
TILBOÐ MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
1GB MINNI
2.990
1GB OCZ DDR2 667MHz vinnsluminni
ER MEÐ 500GB HÖRÐUM DISK
LÆGSTA VERÐ Á ÍSLANDI
500GB INOi SPILARI
19.900
SJÓNVARPSFLAKKARI MEÐ 720P
TILBOÐ MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
25DVD DISKAR
1.890
Verbatim 16x DVD+R spindill
FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ
500GB HARÐDISKUR
8.990
Western Digital Caviar SE16 SATA2
HVERGI LÆGRA VERÐ!
Strax
á meðan birgðir endast
ACER 2480 FARTÖLVA
46.900
ACER FARTÖLVUR Í MIKLU ÚRVALI
TÖLVUTEK
Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
VE - Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og miðuð við Visa/Euro skuldabréf með hagstæðum vöxtum, stimpil og lántökugjaldi inniföldu.












## STUÐ MILLI STRÍÐA Einkaþotur og kápuklæddir chihuahua-hundar

**ROALD VIÐAR EYVINDSSON** VELTIR FYRIR SÉR HVORT GÓÐÆRIÐ SÉ EINGÖNGU TIL GÓÐS



Þegar ég var lítill vann stóra systir mín myrkranna á milli og oft færði hún mér pakka þegar hún kom þreytt heim úr vinunni. Fyrst var ég ofsaglaður, dótið átti hug minn allan og ég lék mér með það næstu daga.

En eftir því sem pökkunum fjölgaði varð sælan skammvinnari og loks komst ekkert annað að en tilhugsunin um næsta pakka. Systur minni varð síðan loks ofboðið þegar ég beið hennar kvöld eitt með útrétta hönd og spurði heldur frekjulega: Hvað fæ ég núna? Gjafirnar urðu ekki fleiri eftir það.

Þetta atvik rifjast iðulega upp fyrir mér þegar ég heyri af fólki sem rýkur til að kaupa sér demantsskreytta síma, flatskjái, heita potta, jeppa, einkaþotur, kápuklædda chihuahua-hunda og uppáhaldshljómsveitina til að spila í afmælum sínum og annað sem þykir mælikvarði á íslenska góðærið.

Flest finnst mér þetta vera einkenni nýríkrar þjóðar, þjóðar sem ekki alls fyrir löngu lék sér með leggi og skel og bjó í torfbæjum. Þjóðar sem fékk skyndilega sand af seðlum upp í hendurnar og veit hreinlega ekki hvað hún á að gera við þá. Hvernig er annars hægt að útskýra 70 milljóna króna eyðslu á opnunarhelgi leikfangaverslunar?

Þessi hegðun minnir mig líka um margt á barn sem kann ekki að njóta alls þess sem það á, heldur bíður með útrétta hönd eftir einhverju nýju og spennandi. Einhverju sem veitir því álíka skammvinna sælu og hluturinn á undan og gleymist jafn skjótt. Afurðir sauðkindarinnar eru löngu gleymdar og sjálfsagt ekki langt þar til bílarnir og bangsarnir gleymast líka.

Ef til vill væri gott að einhver slægi á höndina, að hér riði yfir eins og ein lítil kreppa. Kannski kynnum við þá betur að meta það sem við höfum, eins og samverustundir með fjölskyldu og vinum sem við eigum skuldlaust.

Kvöldið sem systir mín hætti gjafastandinu neyddist ég til að finna gamla dótið og læra að njóta þess upp á nýtt. Góðærinu var lokið í bili. En lífið hélt áfram sinn vanagang.

# myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






# Sköpunarsögur

Pétur Blöndal Kristinn Ingvarsson

## Hvernig verða skáldverk til?

**Sjón** skrifar helst á Eyrarbakka en **Guðrúnu Evu** er sama hvort staðurinn heitir Reykjavík eða Djúpivogur. **Vigdís Grímsdóttir** hefur tilhneigingu til að söngla við skriftir en **Kristín Marja** gengur aftur á móti um gólf og talar hástöfum við sjálfa sig. **Einari Kárasyni** þætti fínt að skrifa á brautarstöð og þó að **Steinunn Sigurðardóttir** hati að skrifa innan um fólk, lætur hún sig hafa það í lestum og flugvélum. **Kristján Karlsson** gengur um gólf og þylur þegar hann yrkir og það sama gerði **Þorsteinn Gylfason**. **Guðrún Helgadóttir** segir að sköpunin minni svolítið á að leika djass. **Elías Mar** þurfti þögn og næði og sömu söguna má segja um **Hannes Pétursson** sem hættir til að vera afundinn sé hann ónáðaður ...

**Viðtöl við tólf rithöfunda um sköpun og skriftir með glæsilegum ljósmyndum sem veita glögga innsýn í líf og störf höfundanna.**

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is




# menning

menning@frettabladid.is

**Kl. 20.30**

*Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson les upp úr nýútkominni ljóðabók sinni Hjartaborg og úr ýmsum eldri verkum sínum í bókaversluninni Iðu, Lækjargötu 4, í kvöld kl. 20.30. Sigurður Flosason verður honum til fulltingis á saxófón.*

## Fjallað um fornminjar og rannsóknir

Vel ber í veiði fyrir áhugafólk um sögu okkar örsmáu þjóðar í dag kl. 17 en þá heldur Ragnheiður Traustadóttir fornleifafræðingur fyrirlestur um fornleifauppgröft og rannsóknir að Hólum í Hjaltadal á vegum Minja og sögu.

Í fyrirlestrinum fjallar Ragnheiður um fornleifauppgröft og rannsóknir á Hólum í Hjaltadal og sýnir myndir frá uppgreftrinum.

Ragnheiður talar af mikilli þekkingu enda er hún stjórnandi Hólarannsóknarinnar. Að rannsókninni koma innlendir og erlendir sérfræðingar úr flestum greinum menningarsögulegra rannsókna. Markmið Hólarannsóknarinnar er meðal annars að fá heildarmynd af þróun staðarins og svæðinu umhverfis hann og enn fremur að afla nýrra gagna um sögu Íslands og samskipti Íslendinga til forna við umheiminn. Hólar í Hjaltadal voru höfuðstaður Norðurlands um aldir. Þar var biskupsstóll og fræðasetur og því gefur auga leið að staðurinn geymir í jörðu miklar upplýsingar um sögu kirkju og þjóðar.



**FORNLEIFAUPPGRÖFTUR Á HÓLUM**

Ragnheiður starfaði við Þjóðminjasafn Íslands frá árinu 1994 til 2006, Árbæjarsafn og Byggðasafn Skagfirðinga. Hún lauk fil.kand. prófi frá Stokkhólmsháskóla og er í meistaranámi við háskólann í Uppsölum.

Fyrirlesturinn fer fram í Þjóðminjasafninu og er öllum opinn á meðan húsrúm leyfir. - vþ

### > Ekki missa af...

Fjórða Súfistakvöldi vetrarins sem fer fram í kvöld á samnefndu kaffihúsi í bókabúð Máls og menningar, Laugavegi 18. Einar Már Guðmundsson, Sigrún Eldjárn, Unnur Jökulsdóttir og Pétur Blöndal lesa úr nýútkomnum bókum sínum sem verða á tilboði í tilefni kvöldsins. Upplesturinn hefst kl. 20.

Þjóðleikhúsið um helgina

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Afgreiðsla miðasölu á Hverfisgötu er opin frá kl. 12.30–18.00 mán. og þri. Aðra daga frá kl. 12.30–20.00. Símapantanir frá kl. 10.00 virka daga.

Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is




# Tvö íslensk tónskáld

**Verk tveggja virtra íslenskra tónskálda, þeirra Jóns Leifs og Páls Ísólfssonar, fá að óma á tónleikum í Laugarneskirkju á morgun.**

Á tónleikunum syngur Gerður Bolladóttir sálma og lög við undirleik þeirra Jóns Bjarnasonar, organista í Seljakirkju, og Júlíönu Rúnar Indriðadóttur píanóleikara. Gerður er jafnframt hugmyndasmiður tónleikanna og hefur séð um alla skipulagningu þeirra.

„Ég fékk þá hugmynd að leika verk eftir þessi tvö merku tónskáld á einum og sömu tónleikunum. Þeir Jón Leifs og Páll Ísólfsson voru samtímamenn og líkast til áhrifamestu íslensku tónskáldin á fyrri hluta tuttugustu aldarinnar. Því þótti mér merkilegt hve sjaldan tónlist þeirra hafði verið leikin hlið við hlið á tónleikum, ekki síst vegna þess að gaman er að bera þá saman. Þeir voru ákaflega ólík tónskáld; Páll var mikill meistari í orgelleik og einn af fyrstu Íslendingunum sem hlaut ítarlega menntun í þeirri list. Tónverk hans eru frekar hefðbundin og rómantísk. Svo samdi Jón Leifs þessi óvenjulegu tónverk sem þó hafa afar íslenskan blæ. Hann var ómstríður framúrstefnumaður og er enn deilt um hvort hann hafi verið snillingur eða sérvitringur.“

Dagskráin á tónleikunum verður blanda af verkum eftir þessi tvö tónskáld, en verkin eru öll með trúarlegum blæ. „Við hefjum leikinn á fimm sálmum eftir Pál. Þeirra á meðal verða bæði sálmar sem Páll samdi við texta Davíðs Stefánssonar og svo flytjum við líka jólasálm við texta Freysteins Gunnarssonar. Þessi sálmur hefur afar sjaldan verið fluttur og því gaman að leyfa honum að heyrast. Úr smiðju Jóns Leifs leikum við þrjú kirkjulög við ljóð eftir Hallgrím Pétursson og fremur ómstrítt og óvenjulegt Faðirvor, en texti þess er samnefnd bæn,“ segir Gerður.

Tónleikunum lýkur svo á flutningi tónlistar Páls Ísólfssonar við sex vers úr Ljóðaljóðunum sem koma fyrir í Gamla testamentinu. Gerður segir verkið vera fallegan óð til ástarinnar. „Ljóðaljóðin fjalla um ástina eins og hún kemur fyrir í mannlífinu í öllum sínum margbreytilegu myndum. Ég hef sérstaka ánægju af að flytja þessa tónlist, ekki síst vegna þess hve skáldskapurinn er magnaður.“

Tónlistarunnendur ættu ekki að láta þessa forvitnilegu tónleika fram hjá sér fara enda tækifæri til þess að heyra tónlist eftir tvö af okkar ástsælustu tónskáldum. Tónleikarnir hefjast annað kvöld kl. 20.30 og er miðaverð 1000 kr. Miðasala fer fram við innganginn. vigdis@frettabladid.is



**ÍSLENSK TRÚARLEG TÓNLIST** Júlíana Rún Indriðadóttir píanóleikari, Jón Bjarnason organisti og Gerður Bolladóttir söngkona. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

www.volkswagen.is



Sportpakki á nýju og enn betra verði **190.000 kr.** Verð áður ~~280.000~~ kr.

• 16" álfelgur • sóllúga • leðurstýri • þokuljós • armpúði milli framsæta • samlitur

Volkswagen – kolefnisjafnaður útblástur

# Nýr útgefandi Agöthu

Útgáfufélagið sem heldur um réttinn á sögum Agöthu Christie hefur gert samning við bókaútgáfu Jakobs Ásgeirssonar, Uglu, og er fyrsta nýþýðing komin út á þess vegum, Ráðgátan um jólabúninginn, sem geymir þá kunnu sögu Poirot, auk fjögurra sagna þar sem þau deila gátum, Belginn góðkunni og ungfrú Marple.



Jakob segir nær sjötíu ár síðan tekið var að þýða sögur Agöthu hér á landi en sú fyrsta kom út 1941, Dularfullur atburður. Hafa sögur hennar komið út á íslensku í 54 útgáfum en nokkrar hafa komið út oftar en einu sinni. Þýðendur skýla sér bak við nafnleysið á köflum en í hópi hinna nafnkunnu eru mektarmenn: Elías Mar, Magnús Rafnsson, Jóhanna Erlingsdóttir, Skúli Bjarkan, Garðar Baldvinsson, Álfheiður Kjartansóttir og faðir útgefandans, Ásgeir Jakobsson. Síðustu tólf ár hefur Ragnars Jónasson lögfræðingur verið einn um að koma Agöthu á íslensku en hann á þýðingarnar í nýju útgáfunni. Hann heldur einnig úti heimasíðu um drottningu sakamálasögunnar http://www.simnet.is/jonasson/agatha/.



**BÓKMENNTIR** Agatha Christie, drottning sakamálasögunnar.

Jakob segir standa til að koma verkum Agöthu hér á landi í kilju, en sjónvarpsefni eftir sögum hennar hefur í hartnær tuttugu ár verið afarvinælt, tvær mektarleikkonur breskar hafa leikið hana og David Suchet hefur mótað hugmyndir manna um Poirot til langs tíma. **- pbb**

# Tröll í myndum

Jólasýning Hafnarborgar hefur verðið sett upp en það er sýning á myndskreytingum eftir Brian Pilkington úr bókinni Tryggðatröll sem er nýútkomin. Höfundur texta bókarinnar er Steinar Berg. Sýningin mun standa til jóla og er sýningin tilvalin fyrir barnunga listunnendur enda um að ræða vandaðar tröllamyndir.

Brian Pilkington er fæddur í Englandi en hefur búið á Íslandi í marga áratugi. Hann er þekktur fyrir snjallar bókaskreytingar og hefur skrifað og myndskreytt fjölda barnabóka, bæði fyrir íslenskan og erlendan markað. Meðal þeirra má nefna Örkina hans Nonna og Afa gamla jólasvein sem Brian bæði samdi og myndskreytti. Af þeim bókum þar sem Brian lagði fram myndskreytingar við texta annarra má nefna Ástarsögu úr fjöllunum, Hundrað ára afmælið og Blómin í túninu.

Á síðustu árum hafa bækur Brians um íslenska þjóðtrú og vættir vakið athygli bæði innan lands og utan. Alfræði íslenskra trölla, Allt um tröll hlaut viðurkenningu ferðamálaráðs sem besta hugmynd að minjagrip frá Íslandi og hefur þegar komið út á nokkrum tungumálum.

Árið 2003 hlaut Brian íslensku myndskreytiverðlaunin Dimmalimm fyrir bók sína Mánasteinar í vasa.

Hafnarborg er opin alla daga nema þriðjudaga frá kl. 11 til 17 og á fimmtudögum er opið til kl. 21. Aðgangur að safninu er ókeypis. **- vþ**



**ÍSLENSK FJALLA-TRÖLL** Eitt af verkum Brians Pilkington.

# Söguheimur í Gerðubergi

**Einn af okkar ástælustu barnabókahöfundum og myndlistarmönnum, sjálf Sigrún Eldjárn, situr fyrir svörum á Ritþingi Gerðubergs á laugardag á milli kl. 13.30 og 16.**

Stjórnandi þingsins er Sigþrúður Gunnarsdóttir og spyrlar eru þau Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson og Margrét Tryggvadóttir. Þegar þinginu lýkur er gestum boðið í heimsókn á heimili Málfríðar, en hún má líklega teljast til þekktari sögupersóna Sigrúnar. Heimilið er hluti af sýningu sem veitir gestum innsýn í söguheim Sigrúnar.

Sigrún hefur ritað og myndskreytt fjölda barnabóka en vinnur auk ritstarfa við olíumálverk, grafík og teikningu. Meðal þekktustu bóka Sigrúnar eru myndabækur fyrir ólæs börn og svo lengri sögur fyrir eldri börn, fjörlegar spennusögur og vísindaskáldsögur.

„Ég var búin að myndskreyta nokkrar barnabækur áður en ég fékk þá flugu í höfuðið að skrifa bók sjálf. Mig langaði til þess að prófa það og varð útkoman bókin Allt í plati. Ég hef svo haldið áfram á þeirri braut og er afraksturinn orðinn töluverður. Í bókunum mínum er það gjarnan þannig að myndirnar eru meira en bara myndskreytingar; þær fléttast inn í söguna og drífa hana jafnvel áfram,“ segir Sigrún.



**SIGRÚN ELDJÁRN** Hún situr fyrir svörum á Ritþingi Gerðubergs á laugardag.

Sýningin í Gerðubergi býður gestum sínum upp á ferðalag um ævintýraheima höfundarverks Sigrúnar, en hún kom reyndar ekki sjálf að uppsetningunni. „Höfundar sýningarinnar eru ungt myndlistarfólk, Anik Todd og Una Stígsdóttir. Þau fengið alveg frjálsar hendur hvað uppsetningu varðar. Þetta verður því ekki hefðbundin myndlistarsýning með myndir á veggjum heldur mun verða hægt að hitta þarna fyrir ýmsar persónur, skoða líkön af tækjum og tólum og upplifa heiminn sem kemur fyrir í bókunum mínum á nýstárlegan hátt.“

Samhliða ritþinginu og sýningunni úr söguheimi Sigrúnar verður opnuð í Gerðubergi sýningin Þetta vilja börnin sjá! Á henni má sjá verk eftir þá myndlistarmenn sem tilnefndir eru til Íslensku myndskreytiverðlaunanna í ár. Sýningin úr söguheimi Sigrúnar stendur fram til 13. janúar.

Aðgangur að málþinginu og sýningunni er ókeypis.

**vigdis@frettabladid.is**

# Sprengiefni í leikhúsinu

Frumsýningin er eftir rúma viku. Leikritið er ekki tilbúið, enn verið skrifa það og aðalpersónan er ekki komin með nafn. Michael Boyd var ráðinn leikhússtjóri hjá Konunglega Shakespeare-flokknum fyrir fimm árum og sagðist þá ætla að koma með Semtex, sprengiefnið, inn í flokkinn. Ekki fór mikið fyrir því: flokkurinn setti upp öll verk meistarans, hefur leitað uppi nýja sýningarstaði í London og eflt böndin við ung leikskáld. Eitt þeirra er Antony Neilsson sem íslenskir leikhúsgestir hafa kynnst lítillega í verkum á borð við Penetrator og Lísu í Sundralandi. Og þá kom sprengiefnið til.



**LEIKLIST** Antony Neilsson leikskáld ber sprengiefni í virðulegan leikarahóp.

Neilson var falið að semja nýtt verk, hann fékk nítján vikur til æfinga og ellefu karla hóp. Neilson viðurkennir að hann njóti sín best undir pressu, hann lét leikarana spinna en þótti lítið til koma og hafði meira gaman af spennu í hópnum sem hann hafði engin kynni haft af áður. Hann sagðist reyndar helst vilja vinna með vinum sínum. Hópurinn ber honum líka misjafna sögu. Leikararnir eru á barmi örvæntingar, þeir vita ekki enn hvað leikritið fjallar um og höfundurinn og leikstjórinn hjálpar þeim ekki mikið.

Verkið er svokallað „devised theatre“ byggt upp af spunnum senum um tiltekið efni. Hér á landi voru það Sveinn Einarsson, Pétur Einarsson og Stefán Baldursson sem leiddu slíka vinnu inn í leiklistina: Sveinn með nemendasýningum fyrir Litla leikfélagið, Stefán og Pétur með poppleiknum Óla og svo Stefán síðar með Grænjöxlum. Það var um 1970, nær fjörutíu árum áður en unga leikhúskynslóðin á Íslandi taldi sig vera að skapa fyrstu „devised“-verkin.

Guð í rúst – God in ruins – verður frumsýnt 29. nóvember í Soho-lewik-húsinu. Höfundurinn og leikstjórinn er pollrólegur, segist aldrei aftur þurfa svona langan tíma og enn sé verkið „frekar lítið töfrandi“. Hann sé heldur ekki hrifinn af karlmönnum, þótt flestir leikaranna séu ágætir og þeir hafi farið á eitt gott fyllerí.

Áhorfendur suður í London bíða spenntir og búast eins við hneyksli. Ef til vill var það hneykslið sem leikhússtjórinn var að sækjast eftir: hann er að hætta. **- pbb**





Verðið á Volkswagen Golf hefur aldrei verið hagstæðara. Taktu gæðin og glæsileikann með í reikninginn og þú sérð að þetta er tækifæri sem borgar sig að grípa. Komdu, reynsluaktu og tryggðu þér Golf.

Golf Trendline kostar aðeins 20.100 kr. á mánuði miðað við 30% útborgun og bílasamning SP til 84 mánaða. Árleg hlutfallstala kostnaðar er 6,88%.

HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi
HEKLA

# Þráðlaus bók í jólapakkann

Jólabókaflóðinu fylgja ýmis vandamál. Lesendur þurfa ekki einasta að takast á við valkvíða varðandi hvað þeir vilja lesa, heldur þurfa þeir einnig að finna tíma til lestursins. Síðast en ekki síst þarf að finna pláss í bókahillunum fyrir allan þann fjölda bóka sem dæmigerðum lestrarhesti áskotnast á aðfangadagskvöld.

Stærsti bóksalinn á veraldarvefnum, Amazon, hefur nú sett á markað tæki sem kann að ráða bót á síðastnefnda vandamálinu. Fyrirtækið hefur þróað þráðlausa rafbók sem gerir notendum sínum kleift að lesa texta af skjá. Útlit skjásins líkir fremur eftir bókarsíðu en tölvuskjá og eykur þannig þægindi við lesturinn. Fyrirbærið kallast Kindle og getur geymt allt að 200 bækur í einu í minni sínu. Tækið er á stærð við meðalstóra kilju en er töluvert léttara. Enn sem komið er fæst það eingöngu hjá bandarískri vefsíðu Amazon.



**KINDLE** Tækið er handhægt eins og sjá má á þessari mynd.

Kindle er langt því frá að vera fyrsta rafbókin sem reynir að festa sig í sessi sem arftaki hins prentaða orðs. Risafyrirtæki á borð við Microsoft og Sony hafa árum saman reynt að fá lesendur til þess að snúa baki við bókum, en árangurinn hefur látið á sér standa.

Jim Bezos, stofnandi Amazon, hefur viðurkennt að erfitt sé að markaðssetja rafbækur. „Bækur hafa verið ótrúlega þrautseigar þrátt fyrir aukin umsvif stafrænna miðla. Það er líklega vegna þess að bækur eru í raun afar þróaðir miðlar sem erfitt er að bæta,“ sagði hann nýverið á kynningarfundi fyrir Kindle.

Amazon vill þó meina að grundvallarmunur sé á nýja tækinu og fyrri rafbókum. Kindle notast við



**BÓK ÁN BLAÐA** Jim Bezos, stofnandi Amazon.com, sést hér halda á eintaki af þráðlausu bókinni.

þráðlausa tækni og gerir notendum því kleift að hlaða niður bókum án þess að tengja tækið við tölvu. Amazon hefur fengið bandarískt farsímafyrirtæki í lið með sér til þess að notendur geti nálgast bækur hvar og hvenær sem er með Kindle.

Amazon býður notendum Kindle einnig upp á þann möguleika að vera í áskrift að ýmsum blöðum og tímaritum sem send verða í tækið um leið og þau koma út.

Nú er bara að bíða og sjá hvort Kindle verði innan nokkurra ára efst á óskalista íslenskra bókaorma.

**- vþ**

# Heilræði í hérvist

**BÓKMENNTIR**

**Hlaupár**

Þór Stefánsson

★★

Niðurstaða: aðgengilegur og hrekklaus kveðskapur

Í Hlaupári eru 366 vísur eða örljóð sem skiptast í fjóra kafla er bera heiti árstíðanna og hefst ferðalagið að hausti með tilheyrandi spurn um feigð og dauða: „Hvort deyjum við drottni okkar eða sjálfum okkur?“ (7) er fyrsta vafamálið og það stærsta. Vísurnar eru allar ortar undir sama „brag“, hafa allar sama knappa formið; þrjár örstuttar braglínur (þríkvæð erindi), eitt til þrjú orð hver lína. Fyrirmyndin er japanska ljóðformið hæka; „hófstillar hækur“ segir í vísu 302.

Hækan er bundið ljóðform og búningur hennar með eindæmum knappur og krefjandi, verðgildið (hversu dýrt er ort) ræðst hins vegar ekki af ágætum íþróttar og bragþrauta – ekkert rím til dæmis, frjáls stuðlun, atkvæðafjöldi og áherslur fljótandi – heldur efniskjarnanum og uppbyggingu hans á augabragði með einu örskoti (og ósýnilegum iðandi tóni). Galdurinn felst í því að opna spurn og/eða opinbera einhver sannindi, þar sem hvort heldur spurningin eða svarið er ávísun á (nýja) visku. Góð hæka er því einsog spakmæli eða málsháttur; „stutt setning sprottin af langri reynslu“ (Cervantes), en rúin öllu ytra tildri og treystir því á viskuna eina (auk hljóms sem svo er tær að hann á sér ekkert efni).

Áhlaup skáldsins – að afhjúpa daglega nýja lífsvisku (krafa formsins) – er því vitaskuld atlaga að ósigrandi marki og afraksturinn eðlilega út og suður.





Um það bil þriðjungur vísnanna er frísklegur skáldskapur og einstaka vísa er bæði snörp og skemmtileg, ekki síst orðaleikirnir – t.d. nr. 22, 65, 82, 86, 98, 122, 141 og 148 – en alltof margar vísur eru bæði efnisrýrar og snauðar að skáldskaparmáli; „viska“ þeirra gömul og léttvæg, slagkrafturinn lítill og tónninn sprakur.

En þetta er aðgengilegur og hrekklaus kveðskapur, auðskilinn og fylgir gildum sem nánast allir geta sæst á, viðurkennd sannindi víðast og gamalkunnir grandalausir þankar. Vísurnar eru þrautalausar, skáldskapurinn sjálfur leysir jafnóðum allar slaufur sem hann bindur (þótt ýmsum spurningum sé þar ósvarað)og fátt sem kemur á óvart eða þarfnast frekari útleggingar. Yrkisefnin eru hversdagurinn, vindurinn og veðrið, tilveran, tilvistin, náttúran, skáldið og eilífðin.

Allt er þar með kyrrum kjörum; veðrabrigði eru t.d. helsta togstreita náttúruaflanna og heimurinn válaus þótt hann sé guðlaus, lögmál lífsins gott þótt dauðinn sé óviss. Skáldið er lærisveinn náttúrunnar, ölvað krafti hennar varar skáldið við öfgum og „bætir líf“ – og þá ekki síst sitt eigið; málsvörn skáldskaparins á vorum dögum er ávísun hans á ódauðleik sem annars fæst engin trygging fyrir: „Engu öðru til að dreifa yfir hjarnið en orðum okkar“ (nr. 109) (hvorki Aristótelesi, Longínusi, Philip Sydney né Shelley kom það til hugar).

Án listarinnar (því sem gæti gerst, sagði Ari) glatar maðurinn sannleikanum (því sem gerðist eða gerist, sagði Ari) sagði Nietzsche ungur. Nú er öldin þessi: Með skáldskap bjargar skáldið sjálfu sér frá glötun – en býður lesanda sínum heilræði í hérvist.

Verðleikar bókarinnar felast í hógværð hennar og lítillæti, ágallinn er hins vegar sá að fátt er þar óvænt og vísnasmíðin er víða ansi lítil fyrir sér.
















# Myrkt og íslenskt baðstofukvöld

Crossing Border-hátíðin í Den Haag býður upp á íslenskt baðstofukvöld nú á föstudaginn kemur. Markmið hátíðarinnar er að leiða saman tónlist, bókmenntir og kvikmyndagerð og á hverju ári býður hún tveimur rithöfundum að setja saman dagskrá sem fangar kjarnann í list heimalands þeirra. Að þessu sinni fólu þeir skáldinu Sjón að velja saman listamenn frá Íslandi.

Með íslenska veturinn og baðstofuskemmtanir sem útgangspunkt sinn stefnir hann saman nokkuð myrkum en áhrifamiklum listamönnum. Fyrstan má nefna rithöfundinn Guðberg Bergsson sem mun lesa úr sögu sinni Svanurinn. Söngvaskáldið Ólöf Arnalds kemur fram og flytur tónlist af rómaðri hljómplötu sinni Við og við. Sigurður Guðjónsson myndlistarmaður sýnir kvikmynd sína Bleak við lifandi undirleik. Jesse Ball og Þórdís Björnsdóttir lesa úr bók sinni Vera and Linus.

Enn er ónefnd nútímatónlistarsveitin Adapter sem flytur verk eftir Atla Ingólfsson og Asmus Traucht og frumflytur ásamt Ásgerði Júníusdóttur nýtt verk eftir Þuríði Jónsdóttur sem nefnist „Í dag er kvöld“. Verkið er samið við ljóð eftir Guðberg Bergsson og var samið sérstaklega fyrir baðstofukvöldið í tilefni af 75 ára afmæli skáldsins.

Skipuleggjandi kvöldsins, sjálfur Sjón, les þvínæst úr sögu sinni Skugga-Baldur. Kvöldinu lýkur með leik hljómsveitarinnar Ghostigital.

Dagskráin er sannarlega spennandi og er það ljóst að allir íslenskir listunnendur vildu eflaust vera staddir í Den Haag nú á föstudagskvöldið. - vþ



**SJÓN** Skáldið fékk að velja íslenska listamenn á Crossing Border-hátíðina.



**ÞÓRDÍS BJÖRNSDÓTTIR** Einn þeirra listamanna sem koma fram á hátíðinni.




Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið



**BERGLIND MARÍA TÓMASDÓTTIR**
Umsjónarmaður Hlaupanótunnar.

# Útvarpað frá tónleikum

Útvarpsþátturinn Hlaupanótan, sem er á dagskrá Rásar 1, og 12 Tónar bjóða til tónleika í húsnæði verslunarinnar á Skólavörðustíg 15 á morgun.

Þar mun stíga á svið tónlistarmaðurinn hæfileikaríki Davíð Þór Jónsson. Hann leikur tónlist sína fyrir gesti og gangandi og ekki síst fyrir hlustendur Rásar 1 sem heyra beint frá tónleikunum að fjögurfréttum loknum.

Tónleikarnir hefjast stundvíslega kl. 16.13 og standa til kl. 17. Aðgangur er ókeypis og eru allir velkomnir. - vþ



# Sigur Rós í Alliance

**Fréttir hafa birst hér í Fréttablaðinu af því að Flood, samstarfsmaður U2, sitji nú með Sigur Rósarmönnum við upptökur á nýju efni. Þeir eru horfnir úr Álafosskvosinni og sestir að í hljóðveri þeirra Orra og Dags Kára í Alliancehúsinu við Ánanaust. Það er orðinn býsna hip-staður eftir að Saltfélagið var sett þar upp og húsinu bjargað af Reykjavíkurborg og Ingunni Wernersdóttur.** - pbb

# Rokkráðgjafi Stones látinn

Paul Wasserman, fyrrverandi upplýsingafulltrúi The Rolling Stones, Bob Dylan og The Who, er látinn, 73 ára að aldri. Wasserman, sem var þekktur undir nafninu Wasso, starfaði í fjörutíu ár í bransanum og þótti afar góður í sínu fagi. „Hann var mikilvægasti upplýsingafulltrúi rokkara í bænum,“ sagði tónlistargagnrýnandinn Robert Hilburn í viðtali við The Los Angeles Times. „Hann var frábær ráðgjafi og hjálpaði rokkinu að öðlast meiri virðingu. Honum tókst einhvern veginn að færa rokkið til meginstraumsins.“ Á meðal fleiri kúnna Wasserman voru Paul Simon, Neil Diamond, Tom Petty og James Taylor.



# Síðustu tímarit ársins

Tímaritin virtust á tímabili vera að lognast út af: gömlu jálkarnir Skírnir og Andvari voru einir á ferð, TMM lenti í höndum lýtalækna sem vildu breyta því í annað. Sem var bannað. Íhaldssamir lesendur hótuðu öllu illu, Silja Aðalsteinsdóttir var sett í einkarekstur við að halda í því lífi: nú er fjórða og síðasta hefti þess árs komið út og er helgað Jónasi: Í fyrsta hefti ársins var viðtal við Dick Ringler, þann sem helst heldur uppi orðstír skáldsins á alþjóðavísu með þýðingum sínum og glæsilegri heimasíðu. Í nýja heftinu er grein þar sem Ringler fer í saumana á hinni sívinsælu Dalvísu og rekur með samanburði og margvíslegum rökum snilld þess kvæðis sem okkur finnst svo einfalt.

Gunnarshólmi hefur hins vegar aldrei þótt einfaldur. Hallgrímur Helgason gerir vandaða athugun á þessu kvæði, línu fyrir línu, í því augnamiði að sannfæra lesendur um að það sé í raun og veru glæsilegasta kvæði ort á íslensku. Loks stillir Guðmundur Sæmundsson þeim Jónasi og Megasi upp hlið við hlið og kannar skyldleika þeirra.

Jón Karl Helgason á í heftinu kafla í óskrifaða lokaritgerð sína um Halldór Laxness í íslenskum skáldskap. Hér tekur hann fyrir leikrit Ólafs Hauks Símonarsonar, „Halldór í Hollywood“. Þórarinn Hjartarson gerir athugasemdir við skrif Þórs Whitehead og Guðna Th. Jóhannessonar um sérstakar aðgerðir gegn íslenskum sósíalistum. „Gamla efnið“ í heftinu er óborganlegt kvæði Jóhanns S. Hannessonar, „Langsóttir fuglar“.

Smásaga heftisins er eftir Arndísi Þórarinsdóttur, „Hnupl“, sem hlaut önnur verðlaun í smásagnasamkeppni TMM og MENOR, meinfyndin glæpasaga úr menningargeiranum. Bragi Ólafsson á flaggskip heftisins, prósaljóðið „Peruvín“; annar skáldskapur í heftinu er eftir Sigurlínu Bjarneyju Gísladóttur, Jóhann Hjálmarsson, Kristian Guttesen, Óskar Árna Óskarsson og Stefán Snævarr. Þá eru í heftinu ritdómar.

Jónas er líka fyrirferðarmikill í Andvara, tímariti Þjóðvinafélagsins (132. ári): ritstjórinn Gunnar Stefánsson hefur umræðuna í inngangi: Guðmundur Andri Thorsson skrifar merka grein um hábrag og lágbrag eða notkun Jónasar á bragarháttum, Birna Bjarnadóttir fjallar um hópinn í Jena og áhrif hans á Fjölni, Páll Bjarnason skoðar hinn kunna Borðsálm Jónasar sem er upportur úr kvæði eftir Heiberg. Hjalti Hugason veltir fyrir sér ævisögunni með sérstöku tilliti til bókar Þórunnar Erlu Valdimarsdóttur um Matthías Jochumsson og Stefán Pálsson skrifar hugleiðingar um vísindasagnaritun með dæmi af Guðmundarsögu Finnbogasonar.













Þórir Óskarsson tekur upp þráðinn eftir Kall tímans eftir Kristján Jóhann Jónsson sem fjallaði um bókmenntaskrif Gríms Thomsen. Eysteinn Þorvaldsson fjallar um trúardeilur Vestur-Íslendinga og hvernig þær birtast í kveðskap. Þá er grein eftir Hannes H. Gissurarson um fátækt og ójöfnuð. Að vanda er í Andvara ritgerð um merkan íslending: ferill Katrínar Thoroddsen læknis og frömuðar er rakinn af Kristínu Ástgeirsdóttur í langri ritgerð. Andvari er að vanda fjölbreyttur að efni.

Ritið silast út: fyrsta hefti ársins er komið út helgað tungumálinu. Verður ritstjórn að taka sér tak og komast í takt við tímann. Þar er löng hugleiðing Guðna Elíssonar um orðræðuna um umhverfisvandann. Unnur Dís Skaftadóttir skrifar um afstöðu innflytjenda til íslenskrar tungu og Birna Arnbjörnsdóttir um samfélag málnotenda.

Rannveig Sverrisdóttir ræðir viðhorf til táknmáls og Hanna Óladóttir um viðhorf íslendinga til eigin máls. Þá er birt grein eftir Noam Chomsky. Annað efni er meginefnið er dreift: Sigurður Pétursson skrifar um slóðir húmanista á Íslandi í upphafi, Kristin Loftsdóttir lítur til Silvíu Nætur og Magna í grein um útrásina og hnattvæðingu þess þjóðlega. Ritstjórar Ritsins eru þeir Gauti Kristmannsson og Ólafur Rastrick.

Annað hefti af Stínu þessa árs er komið út. Þar sitja í ritstjórn Guðbergur Bergsson, Kristín Ómarsdóttir og Kormákur Bragason sem er gamalt skáldheiti Braga Jósefssonar sem er drifkrafturinn bak við þetta rit sem er ný jurt á tímaritamarkaðnum, metnaðfullt og skemmtilegt bókmenntatímarit: þar birtist laust og bundið mál, ljóð og sögur eftir Thor, Guðrúnu Mínervu, Kristján Karlsson, Hallgrím Helgason, Jóhann Hjálmarsson, Kormák, Ingólf Gíslason, Huldar Breiðfjörð, Gerði Kristnýju og Sigurborgu Þrastar, og Halldóru Thoroddsen. Þá birtir Guðbergur skemmtilega grein um daga Gunnlaugs Scheving í Grindavík og fjallar að auki í stuttu máli um Sigurlaug Elíasson. Lungi heftisins er löng grein Kormáks Bragasonar um atómljóðið og ungskáldin sem hófu það til virðingar svo samfélagið skalf af vandlætingu.

- pbb

# Sagnameistarar ræða málin

Undafarin sumur hefur vesturíslenska skáldið og rithöfundurinn Bill Holm setið í Brimnesi, húsi sínu í fjörunni á Hofsósi, horft yfir fjörðinn á Drangey og Tindastól og ort og skrifað.



**BILL HOLM** Vestur-Íslendingur sem yrkir um Ísland.

Árið 2004 kom út ljóðabókin Playing the Black Piano þar sem hann yrkir um Skagafjörð, tónlistina og dauðann.

Nú er komið út ritgerðasafnið Windows of Brimnes: An American in Iceland þar sem hann horfir ekki einungis yfir fjörðinn út um gluggann á Brimnesi, heldur einnig á heimaland sitt Bandaríkin og gagnrýnir þau af tilfinningu, krafti og mælsku.

Næstkomandi laugardag kl. 12 verða þeir Bill og sagnameistarinn Einar Már Guðmundsson í Norræna húsinu en nýjasta skáldsaga Einars Más, Rimlar hugans er nýkomin út. Þeir munu lesa úr verkum sínum og spjalla við gesti og gangandi.

Allir eru velkomnir meðan húsrúm leyfir og aðgangur er ókeypis.

-vþ

# Trafakefli í boði

Íslenskt trafakefli frá 18. öld er til sölu á uppboði Bruun Rasmussen í Kaupmannahöfn. Matsverð á því er um hálf milljón íslenskra króna. Það gerist ekki ósjaldan að íslenskir nytjahlutir eru seldir hjá Bruunuppboðshúsinu en þeir eru víða til í Danmörku sem eðlilegt má telja: hér voru um aldir danskir menn og því ekki skrýtið að vandaðir íslenskir gripir frá fyrri tíð dúkki þar upp stöku sinnum.



**MENNING** Íslenskt trafakefli frá átjándu öld.

Trafakefli voru notuð til að slétta lín, nokkurs konar straujárn þeirra tíma. Þetta kefli er úr beyki og skreytt eins og tíðkaðist á endum. Það er með áletrun og má líklega lesa úr henni nafn fyrsta eigandans en ekki gefa uppboðshaldarar neitt uppi um hver hann er, kunna líklega ekki að lesa skriftina í höfðaletri.

Uppboðið er þann 5. desember og er keflið til sýnis í Breiðgötu fram að því. Mögulegt er að bjóða í það á netinu kjósi menn að komast yfir þriggja alda gamalt íslenskt verkfæri.

- pbb



## SINNEP
**Atli Ingólfsson**

# *Væmni*

Oft rugla menn saman hversdagslegri merkingu orðsins fallegur og hugmyndinni um listræna fegurð. Í tónlist lýsir þetta sér þannig að talið er fallegt það sem í raun er bara væmið, upptekið af snoturleik yfirborðsins. Trúin á sérstaka listræna fegurð var reyndar á undanhaldi á síðustu öld. Fyrr má samt rota en dauðrota.

1) Við hljótum að fallast á að listaverk búa yfir einhverri orku, einhverjum sannleika sem ekki takmarkast við yfirborðið eitt. Við getum kallað þetta fyrirbæri hvað sem við viljum. Ég hef yfirleitt kosið að notast við orðið fegurð.
2) Fallegt yfirborð eða viðmót hefur aldrei verið eina markmið listamanns. Það getur jafnvel dregið úr trúverðugleika verksins, rétt eins og pjátur eða smeðjulegt viðmót dregur oft úr trausti okkar til manna. Það er því ekki nægilegt að skynjun verks veiti einhverja nautn, Það er jafnvel ekki nauðsynlegt. Hefðu Monteverdi eða Beethoven verið „fagurkerar“ væru þeir öllum gleymdir í dag. Þá þekkjum við það mæta vel úr list samtímans að ófrýnilegt yfirborð dregur ekki endilega úr gildi verks. Listræn fegurð er handan við yfirborðið þótt hún skíni í gegn um það.
3) Tilfinningin sem listræn fegurð vekur líkist meira ánægjunni af einhverju sem gengur upp: Sókn í fótbolta, brandara, stærðfræðisönnun, maklegum málagjöldum.
4) Samt gengur gott listaverk aldrei upp eins og reikningsdæmi. Það magnar upp eitthvert ójafnvægi sem situr síðan í okkur.
5) Galdurinn er hins vegar sá að þetta ójafnvægi virðist rétt og nauðsynlegt þegar við skynjum verkið. Frekar vandasamt væri að lýsa nánar hvað hún er þessi nauðsyn. Stundum auðveldara að svara því eftir á en fyrirfram.
6) Listræn fegurð felst sem sagt í nauðsynlegu ójafnvægi.
7) Þetta rímar síðan við lífið sjálft. Í lífinu er ekkert til sem heitir jafnvægi. Það er hins vegar þrungið af nauðsyn.
8) Nauðsynin í verkinu helgast af kunnáttu höfundarins, ójafnvægið af innblæstri eða innsæi. Það er því kunnátta og innsæi sem getur af sér gott listaverk.
9) Því má bæta við að strangt til tekið myndast fegurðin – þetta nauðsynlega ójafnvægi – í sambandi okkar við verkið, ekki í því sjálfu. Þess vegna er erfitt að bera verk saman og gera upp á milli þeirra svo algilt sé. Þetta er eins og með ástina. Hún myndast líka í sambandi tveggja. Annaðhvort er hún eða ekki og enginn kvarði gildir víst um magnið.
10) Eða er hún dauð, fegurðin, og einlæg væmnin ein það sem eftir er?


Saga Klepps




**Fyrsti sjúklingurinn lagðist inn á Kleppsspítala fyrir réttum 100 árum og æ síðan hefur Kleppur verið óaðskiljanlegur hluti íslensks veruleika. Óttar Guðmundsson læknir segir hér sögu stofnunarinnar sem er öðrum þræði saga íslensks samfélags og geðmeðferðar í heila öld.**

*Bókin er ríkulega myndskreytt.*

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is



# „HÉR ER KJARKMIKIL KONA Á FERÐ.“

Úr Reykjavíkurbréfi Morgunblaðsins 17. nóvember 2007




„Clare Dickens hefur skrifað merkilega bók um mikilvægt málefni, sem snertir ótrúlega margar fjölskyldur en fæstir treysta sér til að tala um.“

Úr Reykjavíkurbréfi *Morgunblaðsins* 17. nóvember 2007

„Veitir hrollvekjandi innsýn inn í heim þess sem lendir í vítahring geðveiki og vímuefnanotkunar.“

Jón Viðar Jónsson / *DV*

„Clare á þakkir skildar fyrir að segja þessa sögu – til þess þurfti hugrekki, ástúð og óbilandi von um að finna megi veg sem ekki endar í blindgötu.“

Gunnar Hersveinn / *Morgunblaðið*

Titus Dickens greindist sextán ára gamall með geðhvörf. Clare móðir hans gafst aldrei upp í glímunni við sjúkdóminn og kerfið en að því kom þó að sjúkdómurinn varð honum ofviða eins og rakið er í þessari áhrifamiklu sögu mæðginanna.

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

> **FRUMSÝND UM HELGINA**

Grínkóngurinn Steve Carell leikur aðalhlutverkið í gamanmyndinni Dan in Real Life en hún fjallar um dálkahöfund sem verður ástfanginn af kærustu bróður síns. Juliet Binoche og Emily Blunt auk Dane Cook styðja við Carell.



# bíó

bio@frettabladid.is

# Verðlaunahátíðir í vandræðum

Hollywood hefur aldrei leiðst að rúlla út rauða teppinu og bjóða prúðbúnar stjörnurnar velkomnar að viðstöddum ljósmyndurum og aðdáendum. En nú gæti verkfall handritshöfunda sett strik í reikninginn. Kvikmyndabiblían Variety greinir frá því að menn hafi áhyggjur af næstu Óskarsverðlaunum og Golden Globe enda sé þar rík hefð fyrir því að brugðið sé á leik með þeim sem afhenda verðlaunin. Þær línur eru víst allar fyrirfram ákveðnar af teymi handritshöfunda og því ljóst að ef verkfallið heldur áfram verða stjörnurnar að leika af fingrum fram.



**FRESTAÐ** Nýjustu mynd Johnnys Depp, Shantaram, hefur verið frestað vegna verkfallsins.

Og þá hefur ekki verið minnst á þau vandræði sem skapast fyrir kynni Óskarsins, Jon Stewart. Hann getur ekki verið með þáttinn sinn sökum verkfallsins og því ólíklegt að hann gæti flutt „vönduð“ gamanyrði um stjörnurnar í byrjun Óskarsverðlaunanna eins og venjan er. Fyrsta verðlaunahátíðin sem haldin verður á meðan verkfallið stendur er Sunday American Music Awards og ætlar kynnir hennar að notast við skrýtlur sem skrifaðar voru fyrir viku.

Og angar verkfallsins virðast þegar vera farnir að teygja sig inn í kvikmyndaheiminn því sífellt fleiri kvikmyndum hefur verið frestað, nú síðast bættust við kvikmyndirnar Shantaram með Johnnny Depp og Nine með Javier Bardem og Penolope Cruz í hópinn með Pinkville Olivers Stone og Englum og djöflum Rons Howard sem báðum tveim hefur verið ýtt aftar í goggunarröðina.



**EKKERT GAMANMÁL** Jon Stewart getur ekki verið með þáttinn sinn sökum verkfallsins og ætti því að eiga erfitt með að segja brandara á Óskarnum.



**NÆSTI ÞRJÓTUR?** Mathieu Amalric þykir líklegur til að verða næsta Bond-illmenni.

# Illmennið í Bond

Framleiðendur 22. Bond-myndarinnar eru komnir á fullt, þokkagyðjan Jewel hefur verið nefnd sem næsta Bond-pía og nú bendir allt til þess að Mathieu Amalric verði næsti þrjótur sem leyniþjónustumaðurinn þarf að kljást við.

Amalric er franskur að uppruna og virðast Fransmennirnir vera brjóta sér leið inn í illmennabransann í Bandaríkjunum, kannski ekki að undra enda hefur löngum andað köldu á milli Kanans og Frakkanna eftir að hinir síðarnefndu neituðu að styðja Írakstríðið. Amalric gæti orðið á hvers manns vörum eftir næstu Óskarsverðlaun en hann hefur verið sterklega orðaður við styttuna góðu fyrir frammistöðu sína í kvikmyndinni The Diving Bell eftir Julian Schnabel.






# Gruber verstur allra

**Kvikmyndanjörðum þykir fátt jafn skemmtilegt og að búa til topplista yfir það besta og það versta í bíómyndum. Kvikmyndavefur Empire tilnefndi nýlega verstu glæpamenn sögunnar á hvíta tjaldinu og hinum versta þeirra allra tókst næstum því að murka lífið úr John McClane.**

Athygli vekur að nostalgían er allsráðandi á lista kvikmyndavefjarins því „ný“ illmenni lúta í lægra haldi fyrir þeim sígildu. Sá yngsti er væntanlega Danny Ocean í meðförum George Clooney enda þótt sá hafi nú verið hálfgerður Hrói höttur, skaut ekki úr byssu og misþyrmdi bara auðjöfri í spilavíti með því að ræna hann aleigunni. Danny kemst engu að síður í fimmtánda sætið og skýtur þar öðru „nýju“ illmenni ref fyrir rass en það er raðmorðinginn John Doe úr hryllingstrylli Davids Fincher sem Kevin Spacey túlkaði á eftirminnilegan hátt.



**SÖGULEGT HLUTVERK** Marlon Brando tróð bómull upp í sig og skapaði einhverja eftirminnilegustu persónu kvikmyndasögunnar fyrr og síðar.

## De Niro tvisvar

Topp tíu listinn er ákaflega merkilegur og hefst á sjálfum Tony Montana eða Scarface. Al Pacino var stórkostlegur í hlutverki þessa smávaxna dópsala sem lýkur ævi sinni eftir ótrúlegan skotbardaga á kókaíni. Í níunda sæti lista Empire er síðan að finna góðkunningja lögreglunnar, nefnilega hinn smáa og ákaflega skapbráða Tommy DeVito úr GoodFellas. Joe Pesci tókst þar loksins að nýta sína skræku rödd. Í áttunda sætinu er Jules Winnfield úr Pulp Fiction sem skaut Samuel L. Jackson loksins á toppinn og sjöunda sætið vermir sjálfur Al Capone en eins og frægt er orðið lifði Robert De Niro eingöngu á hamborgurum fyrir þá rullu sína. Í sjötta sætinu eru hjónakornin Clyde Barrow og Bonnie Parker sem Warren Beatty og Fay Dunaway gerðu nánast ódauðleg og rétt fyrir ofan þau er Neil McCauley og þar er De Niro aftur á ferðinni en að þessu sinni úr Heat eftir Michael Mann. Kevin Spacey á einnig tvær persónur á listanum því í fjórða sæti lista Empire yfir versta glæpalýð kvikmyndasögunnar er Verbal Kint, hinn hraðlygni glæpaforingi sem dró heilt lögreglulið á asnaeyrunum í Usual Suspect.

## Þjófur slær út mannætu

Bronsverðlaunin fær hins vegar mannætan Hannibal Lecter og þá fyrir frammistöðu sína í Silence of the Lambs. Anthony Hopkins þurfti ekki að vera lengi í mynd en á einhvern undarlegan hátt hékk ára hans alltaf yfir Clarice Sterling og leit hennar að Buffalo Bill. Þau eru ófá sígild atriðin úr þessari sígildu kvikmynd Jonathans Demme og Lecter verður að öllum líkindum einhver elskaðasta mannæta kvikmyndasögunnar fyrr og síðar.

Silfurverðlaunin falla í skaut Vitos Corleone, mafíuforingjans sem öllu réði í New York. Persónusköpun Marlons Brando er orðin að hálfgerðri goðsögn í kvikmyndaheiminum, bómullin sem fyllti kjaftinn og þessi óskiljanlega rödd eru einfaldlega hluti af kvikmyndasögunni. Tvær fyrstu Godfather-myndirnar eru án nokkurs vafa einhverjar bestu kvikmyndir sögunnar og þrátt fyrir að ferill leikstjórans Francis Ford Coppola sé nánast fallinn í gleymskunnar dá verður hans alltaf minnst fyrir kvikmyndaþríleikinn um Corleone-fjölskylduna.

Sá sem hampar hins vegar titlinum „versta illmenni sögunnar“ að mati kvikmyndavefs Empire er enginn annar en Hans Gruber, hin ofurgáfaði og málglaði þjófur sem komst nær því en nokkurn annar að leika á sjálfan John McClane. Alan Rickman fór gjörsamlega á kostum í hlutverki þessa harðsvíræða glæpamanns sem reyndist vera fyllilegur jafningi lögreglumannsins frá New York og virtist hafa einstaklega gaman af því sem hann var að gera. Sem jú grundvöllurinn að velgengni í öllu. Gruber varð þó að láta sér lynda að falla niður af efstu hæð Nakatomi-byggingarinnar en þá hafði honum tekist að koma tveimur FBI-fulltrúum fyrir kattarnef og sprengja þakið á háhýsinu, sem verður að teljast ansi gott dagskverk.



**MANNÆTAN VINSÆLA** Hannibal Lecter verður að öllum líkindum einhver elskaðasta mannæta kvikmyndasögunnar.

freyrgigja@frettabldid.is



**OFARLEGA** Tony Scarface Montana kemst ofarlega á lista yfir verstu þrjóta kvikmyndasögunnar.

**JIBBÍ** Gruber tókst næstum því ætlunarverk sitt en var stöðvaður af John og Holly McClane.



nokia on ice
Föstudaginn 23. nóvember
Tónlistarhátíð á Gauki á Stöng og Organ
Tónleikarnir hefjast kl. 22.30
Húsin opna kl. 22.00
Forsala á midi.is
Verð kr. 2000 - armbönd gilda á báða staðina
midi.is
Organ
Bloodgroup
Ultramegatechnobandið Stefán
DJ Ghozt
DJ Cuellar
Gaukur á Stöng
Sprengjuhöllin
Motion Boys
Hjaltalín
Dikta
DJ Matti
Náðu þér í miða strax
NOKIA
SMIRNOFF
nokiaonice.is
PIPAR • SÍA • 72336



**Skiptu …**

*… einhverjum af eftirréttum næsta mánaðar út fyrir góðan kaffidrykk. Það má blanda kryddi eins og kanil, múskati og kardimommum í kaffið, ásamt sykri. Þeytið svo rjóma með dálitlum flórsykri og skvettu af líkjör og eftirrétturinn verður ljúffeng tilbreyting frá smákökunum.*

**matur&vín**

maturogvin@frettabladid.is

MATGÆÐINGURINN LILJA GUÐRÚN ÞORVALDSDÓTTIR LEIKKONA

# *Ekkert eftirsóknarvert við þorramat*



**Hvaða matar gætirðu síst verið án?**
Það er íslenska lambakjötið. Og svo hrein ab-mjólk.

**Besta máltíð sem þú hefur fengið:**
Íslenskt lífrænt lambakjöt sem ég keypti af bóndanum á Brekkulæk fyrir jólin í fyrra. Það koma engin aukaefni nálægt því kjöti og þetta er bragðgott og dásamlegt kjöt sem bráðnar uppi í manni, besta kjötið sem ég hef fengið síðan að ég var lítil.

**Er einhver matur sem þér finnst vondur?**
Ég er ekki hrifin af þorramatnum. Mér finnst ekkert gott og ekkert eftirsóknarvert við hann. Þetta var fínt í gamla daga þegar fólk hafði ekki möguleika á að fá nýmeti, en ég sé enga ástæðu til að borða þetta núna.

**Leyndarmál úr eldhússkápnum?**
Ég á dásamlega pönnu sem mér áskotnaðist frá bróður mínum og mágkonu. Það er svona rönd í pönnunni sem maður setur smá olíu ofan í, og svo steikir maður það sem maður vill. Það er allt gott sem kemur af henni, sama hvort það er grænmeti eða egg.

**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?**
Ég er náttúrlega algjör sælgætisgrís og hef komist upp á bragðið með að kaupa lífrænt súkkulaði í heilsubúðum. Svo eru lífrænar gulrætur frá Hæðarenda þvílíkt lostæti að meira að segja barnabörnin byrja á að spyrja um þær þegar þau koma.

**Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?**
Gulrætur, hreina ab-mjólk, lífræn epli og eplasafa, sýrðan rjóma og grænmetissafa.

**Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?**
Ég geri ráð fyrir að það sé hreint og gott vatn þar. Þá tæki ég með mér kaffikönnu og pönnuna góðu. Svo steiki ég bara það grænmeti sem þar er að finna.

**Hvað er það skrýtnasta sem þú hefur borðað?**
Froskalappir. Þetta er svo lítill og rándýr réttur. Ég skildi ekki af hverju væri verið að drepa alla þessa froska til að reyna að seðja fólk. Mér fannst þetta ekkert vont, en hefði bara frekar viljað hnetur.

# Ítalskar tvíbökur

Smákökutíminn nálgast óðfluga dag frá degi. Þeir sem eru ekki alveg tilbúnir í vanilluhringi og súkkulaðibombur geta hins vegar þjófstartað með biscotti-kökunum ítölsku. Biscotti þýðir eiginlega tvíbaka á ítölsku, og kemur til af því að kökurnar eru einmitt bakaðar tvisvar. Fyrir vikið eru þær þurrar að gerð, enda ætlaðar til þess að dýfa í vín eða kaffidrykki.



**ÞJÓFSTARTAÐ MEÐ BISCOTTI** Ítölsku biscotti-kökurnar geymast vel og henta því vel í ýmiss konar tækifærisgjafir á aðventunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Af sömu ástæðu geymast þær ansi vel og voru því á árum áður hluti af nestispökkum sjómanna í langferðum.

Biscottideigið er fyrst bakað í lengju. Þá er það kælt, skorið skáhallt til að búa til aflangar kökur, og þær svo bakaðar áfram. Biscotti voru upprunalega bragðbættar með möndlum en í dag eru þær til í mun fjölbreyttari útgáfum: með súkkulaðibitum, hnetum, fræjum, kryddi eða þurrkuðum ávöxtum. Á netinu er að finna aragrúa af uppskriftum að kökunum, meðal annars á matseld.is, fyrir þá sem ekki leggja í að þýða úr ensku.

Þar sem kökurnar geymast vel og lengi, sérstaklega þær sem ekki innihalda smjör, er ekki heldur úr vegi að eiga þær innan seilingar í tækifærisgjafir á aðventunni. Fallegur poki af heimabökuðum biscotti og gott kaffi ætti að gleðja hvaða gestgjafa sem er. **- sun**

# Leiðbeiningar um hátíðarvín ársins

Bæklingur um hátíðarvín er nú fáanlegur í Vínbúðum landsins. Í honum er að finna uppýsingar sem ættu að auðvelda mörgum val á víni með hátíðamatnum, sem margir leggja mikið upp úr. Vínin eru flokkuð niður eftir því hvaða hráefni á að nota í eldamennskuna, og þar er að finna uppástungur að drykkjum með fiski, lamba- eða nautakjöti, villibráð, reyktu kjöti eða ljósu.

Í bæklingnum er þar að auki að finna uppástungur að fordrykkjum og eftirréttavínum, sem fá kannski að sitja á hakanum á öðrum tímum árs og því eflaust einhverjir sem fagna því að fá smá hjálp að halda í þeim efnum.



**ÁBENDINGAR UM VAL Á VÍNI** Í Vínbúðum landsins er nú hægt að nálgast bækling með leiðbeiningum um val á hátíðarvíni. NORDICPHOTOS/GETTY








**SKREYTT FYRIR ÞAKKARGJÖRÐ** Karen Mellk og fjölskylda hennar hafa haldið þakkargjörðardaginn hátíðlegan hér á landi í um tvo áratugi. Mikið er lagt upp úr því að skreyta húsið fyrir veisluhöldin. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Hefðbundin þakkargjörð

**Karen Mellk og fjölskylda hennar halda þakkargjörðardaginn hátíðlegan á hverju ári, með tilheyrandi veislumáltíð. Hann ber upp á daginn í dag.**

Karen á íslenska móður en ólst upp í Bandaríkjunum ásamt systkinum sínum tveimur. „Mamma og pabbi áttu sumarhús hér og við komum alltaf hingað á sumrin,“ segir Karen, sem flutti til landsins árið 1979. „Við komum hingað eitt á eftir öðru, og móðir okkar líka eftir að pabbi lést. Nú búum við öll hér,“ segir hún.

Fjölskyldan hefur því haldið upp á þakkargjörðardaginn í um tuttugu ár. „Okkur fannst þetta gott tækifæri til að hittast og til að halda í þessa skemmtilegu hefð. Í Bandaríkjunum flýgur fólk landshluta á milli til þess að vera saman á þessum degi, sem það gerir ekki einu sinni á jólunum,“ segir Karen. „Þetta er svo falleg hátíð, hún tengir fólk saman án þess að blanda trú inn í það. Það finnst mér alveg yndislegt,“ bætir hún við.

Karen og fjölskylda nota sömu uppskriftirnar á hverju ári, sem flestar eru með hefðbundnu sniði. „Það er vissulega mikil fjölbreytni í þessu hjá Bandaríkjamönnum, en kjarninn er yfirleitt alltaf kalkúnn, sætar kartöflur, villihrísgrjón, grasker og trönuberjasósa,“ útskýrir Karen. Hún deilir hér meðal annars uppskrift að kartöflurétti fjölskyldunnar, sem hún segir jafngilda brúnuðum kartöflum á íslenskan máta. „Hann er mjög sætur,“ segir hún og kímir.

Þó að hátíðina beri upp á daginn í dag ætlar Karen að bjóða til veislu um helgina, enda er dagurinn ekki frídagur hér á landi. Hún á von á um sautján matargestum á sunnudag og er því að hefjast handa við undirbúning. „Þetta er léttur undirbúningur í nokkra daga. Og svo þarf að skreyta húsið, það er oft mikið lagt upp úr því að punta,“ segir hún og hlær.

**Sætar kartöflur með sykurpúðum**
- 2 kg sætar kartöflur, soðnar og afhýddar
- 1 bolli smjör
- 1 bolli púðursykur
- 1 dós ananaskurl með safa
- Kanill, negull, allspice eða engifer – notið ¼ til ½ tsk af 2-3 þessara krydda
- 1 stór poki sykurpúðar

Hitið ofn í 170 gráður. Þeytið saman kartöflur, smjör og sykur í hrærivél, þar til blandan er frekar slétt. Bætið ananasi út í og kryddið eftir smekk. Hellið blöndu í smurt eldfast mót og bakið í um 45 mín.

Takið mótið úr ofninum nokkrum mínútum fyrir framreiðslu og þekið yfirborðið með sykurpúðum. Ýtið þeim aðeins ofan í blönduna.

**New England fylling fyrir 5 kg kalkún**
- 2 brauðhleifar
- 2 bollar laukur, saxaður smátt
- 1 bolli smjör
- ¾ tsk timjan
- ¾ tsk salvía
- 1 msk salt
- 1-1/2 tsk hvítur pipar
- ¼ tsk lárviðarlaufsduft
- 2 bollar sellerí, saxað smátt
- 1 bolli sellírlauf, saxað gróft
- 1 bolli græn epli, gróft söxuð
- Smá mjólk ef þarf

Grillið við hærri hita í um 5 mín. eða þar til sykurpúðarnir eru vel brúnir. Fylgist vel með.

Skorpulaust brauð skorið í teninga. Best er að skera það 2-3 dögum áður og geyma í plastpoka í kæli.

Laukurinn steiktur í smjöri þar til glær. Bætið kryddi við, helst í duftformi, og blandið vel. Bætið í selleríi, sellerílaufi og eplum, eldið í 3-5 mínútur. Takið af hita og bætið brauði út í. Má bæta örlítilli mjólk út í ef blandan er of þurr.

Karen mælir með að fyllingin sé útbúin deginum áður og geymd í kæli yfir nótt. Það sparar tíma og bragðið magnast.

**sunna@frettabladid.is**

# Texture fær frábæra dóma

Veitingastaður Agnars Sverrissonar og Xavier Rousset í London, Texture, hefur hlotið afar góðar viðtökur frá því að hann var opnaður í byrjun september. Á síðustu vikum hafa dagblöð ytra birt hvern frábæran dóminn á fætur öðrum og hefur veitingastaðurinn hlotið fjórar stjörnur af fimm í bæði Independent og Evening Standard.

„Dómarnir hafa verið að koma í þessari viku og þeirri síðustu. Um daginn vorum við svo kosnir besti nýi veitingastaðurinn í Bretlandi árið 2007, og komumst líka á lista yfir topp tíu bestu veitingastaðina í landinu,“ segir Agnar, sem er eðlilega afar ánægður með móttökurnar. „Þetta gengur betur en við þorðum að vona, sem er alveg meiri háttar. Það er fullt hjá okkur á hverju kvöldi,“ segir hann.



**FRAMAR VONUM** Agnar Sverrisson, annar eigenda veitingastaðarins Texture, segir viðtökur hans hafa verið framar vonum.

Agnar segir þá Xavier vera farna að velta framhaldinu fyrir sér og er ekki frá því að þeir muni færa út kvíarnar. „Við ætlum að reyna að koma Texture almennilega á legg áður, en það gæti eitthvað farið að gerast eftir svona ár,“ segir hann. „Við höfum talað um svipaðan stað, með léttara sniði. Það yrði stærri staður sem tæki fleira fólk í sæti, með meiri barstemningu, kampavín og léttum mat. Hann yrði opinn allan daginn,“ segir Agnar.

Texture er að finna á 34 Portman Square í London.




TÓNASTÖÐIN
Allt fyrir tónlistarmanninn

Tónastöðin • Skipholti 50d • Reykjavík • sími: 552 1185 • www.tonastodin.is



**>BLÁTT BANN**

„Ef ég eignast dóttur einhvern daginn sem myndi langa til að verða fyrirsæta, myndi ég aldrei leyfa henni það!" Victoria's Secret-engillinn Adriana Lima vill ekki eiga dóttur sem fetar í fótspor hennar eftir sýningarpallana.

**Fólk**

folk@frettabladid.is

# Brynjar við hlið Avril Lavigne

Nýjasta smáskífulag Brynjars Más Valdimarssonar, eða BMV, er komið inn á heimslistann The World Chart Show sem er spilaður á fleiri hundruð útvarpsstöðum um heim allan.

Lagið heitir Forget About Me og er merkt á listanum sem lag líklegt til vinsælda ásamt því nýjasta frá söngkonunni Avril Lavigne, Hot. „Bara að komast þarna er alveg geðveikt. Það er greinilegt að menn eru að finna aðeins fyrir „singlinum"," segir Brynjar. „Að vera stillt upp við hliðina á Avril Lavigne er mjög sérstakt og ef maður kíkir yfir listann þá er enginn ópekktur þar. Þetta eru allt stórir listamenn úti í heimi. Það er mjög skrítið að vera þarna en ég er mjög ánægður með þetta," segir hann. „Ég þorði aldrei að búast við að þetta gæti gerst svona hratt. Þetta sýnir bara hvað heimurinn er lítill að maður sé að gera þetta frá Íslandi."

Áður hafði Forget About Me komist í tíunda sæti á vinsældalista í Indónesíu auk þess sem lagið hefur hljómað ótt og títt í Belgíu, Svíþjóð, Makedóníu og víðs vegar hér á landi.

Brynjar hefur ekkert fylgt laginu eftir enda hefur hann verið önnum kafinn við upptökur á sinni nýjustu plötu. Hann ætlar sér að vanda til verks við plötuna þrátt fyrir þrýsting um að gefa hana út. „Maður er að reyna að spýta í lófana en að sama skapi verður þetta að ganga sinn veg. Um mitt næsta ár verður allt tilbúið," segir hann. - fb



**AVRIL LAVIGNE** Nýjasta lag Avril Lavigne, Hot, þykir álíka flott og Forget About Me.



**BMV** Brynjar Már Valdimarsson er að gera góða hluti með sitt nýjasta lag.

# Læknamistök ógna lífi barna Quaids

Bandaríski leikarinn Dennis Quaid berst nú fyrir lífi tveggja vikna gamalla barna sinna.

Tvíburarnir Thomas Boone og Zoe Grace fengu hættulega stóran skammt af blóðþynningarlyfinu Heparin á Cedars-Sinai sjúkrahúsinu í Los Angeles. Börnunum blæddi nánast út en þau fengu þúsundfaldan þann skammt sem vaninn er að gefa ungabörnum.

Þessi skelfilegu mistök áttu sér stað þannig veg að starfsmaður spítalans hafði sett lyfið á rangan geymslustað svo að hjúkrunarfræðingur greip í flýti vitlausan lyfjaskammt. Tvíburarnir nýfæddu voru ekki einu sjúklingarnir sem fengu of stóran skammt af lyfinu en þykja í mestri hættu vegna ungs aldurs þeirra.

Yfirmaður sjúkrahússins hefur gefið út yfirlýsingu þar sem hann segir enga afsökun fyrir slíkum harmleik. Um sé að ræða mannleg mistök sem hefði auðveldlega mátt forðast hefði starfsfólk fylgt ströngum reglum spítalans.

Dennis Quaid og kona hans, Kimberly Buffington, eignuðust tvíburana í gegnum staðgöngumóður hinn 8. nóvember. Quaid á einnig fimmtán ára gamlan son með leikkonunni Meg Ryan.



**DENNIS QUAID OG KONA HANS** Nýfæddir tvíburar leikarans berjast nú fyrir lífi sínu eftir að læknar gáfu þeim of stóran lyfjaskammt.

# O.J. Simpson vill flýja til Kúbu

Leikarinn og fyrrverandi ruðningshetjan O. J. Simpson hefur beðið kommúnistaleiðtogann Fidel Castro að leyfa sér að flytja til Kúbu og komast þannig hjá fangelsisdóm í Bandaríkjunum. Þetta kemur fram í tímaritinu The National Enquirer.

Simpson var grunaður um morð á fyrrverandi eiginkonu sinni og vini hennar árið 1994, en sem frægt er sýknaður af ákærum. Nú á hann yfir höfði sér réttarhöld vegna vopnaðs ráns og mannráns í september. Hann segist saklaus af þessum ákærum, en þrír af fimm glæpafélögum hans hafa játað á sig sök og vitnað gegn honum. Simpson gæti því séð fram á áratuga fangelsisvist.

Kunnugir segja Simpson eyða heilu nóttunum í að skipuleggja flótta sinn og lítist best á kommúnistaríkið Kúbu sem griðastað. Kúba og Bandaríkin hafa ekki skrifað undir milliríkjasáttmála um framsal fanga. „Þeir myndu aldrei ná mér þaðan og Castro myndi koma fram við mig eins og kóng," er haft eftir Simpson.

Hann hafi því skrifað til kommúnistaleiðtogans og bent honum á að þetta væri fyrirtaks tækifæri til að gera gys að bandarískum stjórnvöldum, nokkuð sem Simpson er viss um að Castro hefði gaman af.



**O.J. SIMPSON** Á réttarhöld yfir höfði sér og vill forðast fangelsisvist af gömlum vana.

# Litlaust á rauða dreglinum

**Verðlaunahátíðin American Music Awards fór fram í Los Angeles síðastliðinn sunnudag. Tónlistarstjörnurnar sem glitruðu á rauða dreglinum voru þó frekar hefðbundnar í klæðavali í þetta skiptið. Þessar stóðu þó upp úr.**




## LITLI SVARTI KJÓLLINN SÍVINSÆLL

Rauði dregillinn fyrir utan Nokia-leikhúsið í Los Angeles vann litagleðikeppnina á American Music Awards. Svartir kjólar voru afar áberandi, eins og Alicia Keys, Rihanna og Fergie færa sönnur á. Kjóll Rihönnu vakti þó mikla athygli, enda ansi efnislítill að framan. Beyoncé Knowles klæddist gylltum kjól sem talið er að komi úr House of Dereon-línunni, sem móðir hennar hannar. Hún leit út fyrir að hafa verið saumuð inn í kjólinn, sem ýkti allar línur sem söngkonan er svo stolt af. Idol-stjarnan Carrie Underwood var passlega sakleysisleg í hvítum blúndukjól með skemmtilegu hálsmáli. Leikkonan Christina Applegate, sem afhenti ein verðlaunanna á hátíðinni, bauð hins vegar upp á velkomna tilbreytingu frá hlutlausu litunum í gullfallegum, fagurbláum kjól.

LÉTTÖL
Auglýsandi: ÓES



DRAUMADEILD EGILS GULL
Enski boltinn er farinn að rúlla...
Spilaðu með frá byrjun og settu saman þitt draumalið í enska boltanum!
www.visir.is/draumadeild

Glæsileg verðlaun í boði fyrir bestu þjálfarana:
1. verðlaun: 100.000 kr ferðaávísun + stór glaðningur frá Egils Gull
2. verðlaun: PS3 leikjatölva + glaðningur frá Egils Gull
3. verðlaun: Gjafabréf frá Argentínu Steikhús
Auk fullt af aukavinningum frá Egils Gull og Ölgerðinni

LEIKURINN ER HAFINN!
vísir.is



# BIOTHERM KYNNING Í LYF & HEILSU AUSTURVERI OG JL-HÚSI, HRINGBRAUT

## FIMMTUDAGINN 22. OG FÖSTUDAGINN 23. NÓVEMBER

## Multi Recharge Ginseng • E vítam. • SPF 15

Nýtt krem sem blæs nýju lífi í húðina. Kremið, sem er orku- og rakagefandi, gefur húðinni frísklegan litarhátt og lætur hana geisla af heilbrigði.

Biotherm snyrtivörurnar eru ferskar, girnilegar og byggjast upp á hátækni formúlum þar sem hvert og eitt innihaldsefni er vandlega valið. Hvernig sem húðgerð þín er, þurr, feit eða farin að slakna, þá er Biotherm með svarið. Snyrtifræðingur frá Biotherm ráðleggur viðskiptavinum út frá óskum og þörfum hvers og eins.

*Biotherm býður einnig upp á einstakt úrval líkamsvara sem móta og fegra líkamann. Frábært úrval af gjafaöskjum fyrir jólin. Líttu við á Biotherm kynningu og fáðu sérfræðiráð sem skila þér fallegri húð og líkama.*




BIOTHERM

Lyf & heilsa

*Við hlustum!*

# Framhaldi frestað

Frumsýningu kvikmyndarinnar Angels & Demons, sem er framhald hinnar vinsælu The Da Vinci Code, hefur verið frestað um hálft ár vegna verkfalls handritshöfunda í Hollywood.

Bæta þarf handrit myndarinnar og því hefur frumsýningunni verið frestað frá jólum á næsta ári þangað til í maí 2009. Tvær vikur eru síðan handritshöfundarnir fóru í verkfall vegna höfundarlauna fyrir framlag sitt til DVD-mynddiska og efnis á netinu. Viðræður þeirra við kvikmyndaverin hefjast aftur 26. nóvember.

Óskarsverðlaunahafinn Akiva Goldman, sem var verðlaunaður fyrir A Beautiful Mind, er handritshöfundur Angels & Demons. Fær hann ekki að bæta handritið á meðan verkfallið stendur yfir. Tom Hanks fer á ný með hlutverk Robert Langdon í Angels & Demons, sem er byggð á skáldsögu Dan Brown eins og The Da Vinci Code. Leikstjóri er Ron Howard.



**ROBERT LANGDON** Tom Hanks endurtekur hlutverk sitt sem Robert Langdon í Angels & Demons.

# Hjartnæmir tónleikar Kanye

Kanye West kom fram á tónleikum í París síðastliðinn laugardag, en það var í fyrsta skipti sem hann kom fram á opinberum vettvangi frá því að móðir hans, Donda West, lést. Tónleikagestir segja tónleikana og framkomu Kanyes hafa verið afar hjartnæma. Í lok tónleikanna reyndi hann að tileinka móður sinni lagið Hey Mama, en gat ekki klárað setninguna.

„Hann bara brotnaði saman," segir einn tónleikagesta við People. Annar skýrir frá því að einn bakraddasöngvari, plötusnúðurinn og gítarleikari hafi hópast að Kanye til að styðja við bakið á honum. „Það leit út fyrir að hann myndi brotna saman. Hann gat ekki haldið áfram. Hann stóð bara þarna í sviðsljósinu og grét á meðan hljómsveitin hélt áfram að spila," segir hann.

Tónleikagestir sýndu Kanye þá stuðning sinn með hrópum og dynjandi lófataki, þar til hann hvarf af sviðinu um stund. Þegar hann sneri aftur flutti hann lagið Stronger, við góðar undirtektir gesta, en textinn inniheldur meðal annars línuna „það sem drepur mig ekki gerir mig sterkari". „Hann var mjög stressaður, virtist hafa náð tökum á sér en var mjög orkumikill. Hann kallaði endurtekið til áhorfenda: „Ég þarfnast ykkar!" og áhorfendur kölluðu til baka. Þetta voru töfrar," skrifar einn tónleikagagnrýnenda.

Kanye aflýsti tónleikunum sem áttu að fara fram í Amsterdam í gær og hugðist í staðinn snúa aftur til Bandaríkjanna. Jarðarför Dondu West fer fram í Oklahoma City í dag.



**BROTNAÐI SAMAN** Kanye West kom fram á hjartnæmum tónleikum í París, viku eftir að móðir hans lést. Jarðarför hennar fer fram í Oklahoma í dag.

# Réttu bækurnar, réttu höfundarnir

**Það stefnir í metár í bókaútgáfu fyrir þessi jól og flóran hefur sennilega aldrei verið jafn fjölbreytt. Á einhvern undarlegan hátt virðast bókatitlarnir hins vegar hafa ruglast en svo heppilega vill til að Fréttablaðið komst yfir listann yfir rétta höfunda bókanna og innihald þeirra og færir lesendum hér þá á silfurfati.**



### Huldufólk?

Dr. Gunni afhjúpar í þessari stórmerkilegu bók leyndarmálið sem enginn vissi um en allir héldu að hefði virkilega gerst. Hver er hugmyndin á bak við Friðarsúluna? Er þetta merki fyrir geimverur? Komu Yoko Ono og Ringo Starr einhvern tímann til landsins? Hvaða huldufólk var þetta sem lét þjóðina segja I Love You, I Love You?

„Ótrúleg opinberun. Dr. Gunni er Michael Moore okkar Íslendinga." (Ástþór Magnússon)



### Hnífur Steingríms

Fornleifafræðingurinn Björn Ingi Hrafnsson kemst á snoðir um faldan fjársjóð á Arnarnesinu. Í ljós kemur að þetta er hnífur Steingríms Hermannssonar sem hann notaði til að sprengja ríkisstjórnina 1989. En Björn Ingi er ekki einn um hituna því fast á hæla hans fylgja sjö riddarar Bláu handarinnar. Ótrúleg spennusaga sem gefur bókum Dan Brown ekkert eftir.



### Vasast í öllu

Ferðasaga forseta Íslands og frúar. Frá því að vera viðstödd samningaviðræður um orkuiðnað í að fljúga heimshornanna á milli með auðjöfrum. Og frá degi íslenskrar tungu til brúðkaups ársins. Forsetinn er alltaf, alls staðar. Og frúin með.



### Minnisbók

Fyrrverandi borgarstjórinn Vilhjálmur Vilhjálmsson gefur út bók sem hann man ekki einu sinni eftir að hafa skrifað sjálfur. Öll minnisblöðin sem Villi sá aldrei og man ekki eftir að hafa séð í þessari stórskemmtilegu bók. Sem er einstök í sinni röð enda byggð á algjöru minnisleysi.



### Óreiða á striga

Eyjólfur Sverrisson útskýrir leikskipulag landsliðsins í þessari 200 síðna bók sem ber nafn með rentu. Óreiða á striga er einstaklega einlæg frásögn landsliðsþjálfarans sem tapaði bæði fyrir Liechtenstein og Lettlandi.

### Dauði trúðsins



Gísli Marteinn Baldursson hefur aldrei verið svona einlægur. Í þessari mögnuðu bók segir hann frá andláti Eurovisionkynnisins og spjallþáttastjórnandans Gísla Marteins sem verður að alvöru stjórnmálamanni í hita leiksins. Dauði trúðsins er mögnuð reynslusaga næsta krónprins Sjálfstæðisflokksins.

„Dauði trúðsins snerti mig á þann hátt sem engin bók hefur gert. Gísli er ekki lengur trúðurinn." (Logi Bergmann Eiðsson)

### Leyndarmálið hans pabba

Börn Dags B. Eggertssonar afhjúpa leyndarmálið á bak við krullur borgarstjórans í máli og myndum. Alveg einstaklega persónuleg en um leið stórskemmtileg bók fyrir alla fjölskylduna.

„Þetta veitti mér nýja sýn. Dagur er brautryðjandi á þessu sviði." (Þorgrímur Þráinsson)

### Englar dauðans

Reykjavík. 2007. Nafnlausir menn hringja inn í Ríkisútvarpið og Morgunblaðið og greina frá verðsamráði lágvöruverðsverslana. Í kjölfarið hefst brjálæðislegur eltingarleikur forstjóra Bónuss og Krónunnar við Engla dauðans, andlitslausa og stórhættulega menn sem gætu uppljóstrað einu mesta leyndarmáli íslensks samfélags. Háspenna lífshætta og ekki fyrir viðkvæma.





### Í felulitum

Kristinn H. Gunnarsson sýnir svo ekki verður um villst að hann kann manna best þá list að vera í felulitum. Frá Alþýðubandalaginu yfir í Framsókn og þaðan yfir til Frjálslyndra. Enginn veit hvar Kristinn skýtur upp kollinum næst. Kannski í Vinstri grænum? Sleggjan fer á kostum í þessari stórskemmtilegu bók.

### Öll trixin í bókinni

Loksins, loksins. Davíð Oddsson veitir ungu fólki sem gengur með stjórnmálamanninn í maganum innsýn inn í hvernig á að halda völdum á Íslandi. 28 trix Davíðs er eitthvað sem enginn stjórnmálamaður má missa af og þar er að finna skemmtilegar frásagnir af því hvernig á að stjórna stuttbuxnadeildinni, byggja Perluna og Ráðhúsið og skála í Bermúdaskálinni og halda samt völdum. Að ógleymdri smjörklípuaðferðinni sem er útskýrð rækilega í lokatrixinu. Davíð, eins og hann gerist bestur.

„Þessa mun ég lesa, aftur og aftur." (Sigurður Kári Kristjánsson)





### Hliðarspor

Ótrúlegar reynslusögur Kastljóssfólks sem á það til milli alvörugefinna viðtala um magahjáveituaðgerðir og lesblindu að ganga á höndum baksviðs í stúdíóinu eða fara í spígatkeppni rétt fyrir útsendingu. Taugatrekkjandi tryllir um loftfimleikafólk í sífelldri keppni við klukkuna. „Við lærðum ótrúlega margt." (Vesturport)



### Hvernig gerirðu konuna þína hamingjusama?

Handbók Jóns Ásgeirs fyrir auðjöfrana í landinu. Rolls Royce, teppalögð Fríkirkja og Hafnarhúsið fyrir brúðkaupið og Ný dönsk og Gus Gus spila fyrir dansi eru bara brotabrot af því sem auðmaðurinn þarf til að gera konuna sína hamingjusama og loksins vita þeir hvernig á að gifta sig með stæl. Björgólfur Thor skrifar formála um listina að halda gott fertugsafmæli.

„Bókin á náttborðinu mínu." (Hannes Smárason)


MARGMIÐLUNAR
SPILARAR
TVIX M-4100SH MARGMIÐLUNARSPILARI
BEINT Í SJÓNVARP
Horfðu á kvikmyndir í sjónvarpi, ljósmyndir úr fríinu eða hlustaðu á tónlist allt saman án tölvu
ÖRUGG VINNSLA
DViCO TViX spilarinn er í hæsta gæðaflokki og virkar með öllum venjulegum 3.5″ SATA harðdiskum
BEINT Í GRÆJUR
Með fjarstýringunni getur þú spilað tónlist beint úr TViX spilaranum án tölvu eða sjónvarps
EINNIG 3.5″ HÝSING
Virkar einnig sem venjulegur harðdiskaflakkari og tengist þá beint í USB tengi tölvunnar
AUÐVELD Í NOTKUN
Spilar án vandræða alla mögulega staðla eins og H.264, AVI, DivX3-5, MPEG, VOB, MP3, WMA, OGG og JPEG
TENGIMÖGULEIKAR
HDMI, S-VHS, RGB, Component, Coaxial, Optical og LAN 10/100 tengi. Tengist einnig innraneti heimilisins
VERÐ 39.900
MARGMIÐLUNAR-SPILARI ER FRÁBÆR JÓLAGJÖF, ÞÚ FÆRÐ ALLA HÖRÐU PAKKANA Í TÖLVULISTANUM
Öll verð og tilboð eru birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl.
TVIX M-4000SA
TViX M-4000SA SATA margmiðlunarspilarinn hefur alla kosti eldri spilara en býður að auki upp á HD video allt að 1920x1080, tengist beint við netið, spilar bíómyndir og tónlist allt saman án tölvu. Fjarstýring fylgir
VERÐ 29.900
TVIX 3100U
TviX 3100U 3.5″ PATA margmiðlunarspilarinn er frábær jólagöf. Horfðu á kvikmyndir, ljósmyndir úr fríinu eða hlustaðu á tónlist, allt saman án tölvu. Spilarinn virkar einnig eins og venjuleg flakkari. Fjarstýring fylgir með
VERÐ 17.900
QNAP TS-100 NAS
QNAP TS-100 All in One NAS Fullkominn netþjónn, Torrent, FTP, HTTP, UPnP, WEB, iTunes ofl. þjónustur, allt án tölvu
VERÐ 24.900
120GB PASSPORT
120GB Western Digital 2.5″ Passport2 ferðahýsing með 5400rpm Scorpio harðdisk tilbúin til notkunar, USB2
VERÐ 12.900
500GB MY BOOK
500GB WD My Book Essential er flott 3.5″ hýsing frá WD, geymdu öll gögnin þín á einum stað, USB2
VERÐ 19.900
500GB WD NAS
500GB My Book World Edition 3.5″ NAS hýsing frá Western Digital. Tengdu hýsinguna þína við staðarnet, USB2, GB LAN og Mionet
VERÐ 24.900
2.5″ TVIX HÝSING
Glæsileg 2.5″ lítil DViCO TViX sjónvarps ferðahýsing, fyrir gögnin þín, flott fjarstýring fylgir með
VERÐ 14.900
TVIX TASKA
Passaðu upp á hýsinguna þína þegar þú ert á ferðinni. Flott taska fyrir TViX 3100U, 4000PA/SA og 4100SH
VERÐ 2.990
ZYXEL NSA-220
ZyXEL NSA-220 Network Storage hýsing og afritunar þjónn. Styður Torrent, FTP, HTTP, UPnP, WEB, DLNA, iTunes ofl. Raid 0,1 og JBOD. Gigabit LAN
VERÐ 29.900
TVIX M-4000PA
TviX HD PATA sjónvarpshýsingin tengist beint í græjur eða sjónvarp og spilar bíómyndir eða tónlist án tölvu
VERÐ 24.900
TÖLVULISTINN ALLTAF BETRA VERÐ
REYKJAVÍK • NÓATÚNI 17 • S: 414 1700 | AKUREYRI • STRANDGÖTU 9 • S: 414 1730 | EGILSSTAÐIR • MIÐVANGI 2-4 • S: 414 1735
KEFLAVÍK • HAFNARGÖTU 90 • S: 414 1740 | KÓPAVOGUR • HLÍÐASMÁRA 10 • S: 414 1760 | AKRANES • SMIÐJUVÖLLUM 32 • S: 414 1765

# Gaf fæðingargjafir barnsins

Leikkonan Nicole Richie er greinilega bæði hjartahlý og umhugað um náungann. Haldin var stór veisla í Beverly Hills í tilefni af því að hún á von á barni, líkt og hefð er fyrir í Bandaríkjunum. Þemað var Galdrakarlinn í Oz. Gestir komu að sjálfsögðu með stórar og miklar gjafir en Nicole ákvað að gefa þær til fjölskyldna sem ekki hafa mikið á milli handanna. „Hundrað fjölskyldur fá að njóta þessa, það er mjög sætt,“ sagði einn gestanna, Rashida Jones, sem leikur í The Office-þáttunum vestanhafs. „Nú til dags eru allir að drukkna í dóti. Við fáum svo mikið af drasli að það er næstum synd. Það er fallegt af Nicole að gefa gjafirnar áfram til einhvers annars sem þarf á þeim að halda.“

Margir vinanna brugðu á það ráð að koma ekki bara með eina gjöf heldur tvær, eina fyrir Nicole og eina fyrir unnusta hennar Joel Madden, sem þau gætu haldið eftir og aðra sem þau gætu gefið öðrum. Hver einn og einasti gestur kom til að mynda með bók að gjöf svo hægt væri að búa til bókasafn fyrir barnið. Þó það nú væri.



**UMHUGAÐ UM FÁTÆKA** Nicole Richie gaf allar fæðingargjafir barnsins síns til fátækra.

# Olsen-tvíburi með nýrnasýkingu

Ungstirnið Mary-Kate Olsen var lögð inn á sjúkrahús með sýkingu í nýrum á dögunum. Hún var lögð inn á sjúkrahús í New York og kunnugir segja að leikkonan þurfi að slappa af um tíma. „Mary-Kate fékk nýrnasýkingu,“ sagði talsmaður hennar, Nicole Caruso. „Hún er að hvílast og mun útskrifast á næstu dögum.“

Mary-Kate er aðeins 21 árs gömul og lét nýlega hafa það eftir sér í viðtali að hún væri við góða heilsu. „Andlega, líkamlega. Mér líður ótrúlega vel,“ sagði hún í september síðastliðnum en þá var hún að undirbúa sig fyrir hlutverk í þáttunum Weeds. „Talið við mig í næstu viku, þá verður staðan kannski önnur. En mér líður mjög vel akkúrat núna.“



**MARY-KATE OLSEN** Annar Olsen-tvíburanna hefur verið lagður inn á sjúkrahús með sýkingu í nýrum.



**HEROES** Fyrsta þáttaröðin af Heroes naut mikilla vinsælda.

# Biður aðdáendur Heroes afsökunar

Tim Kring, höfundur sjónvarpsþáttarins Heroes, hefur beðið aðdáendur sína í Bandaríkjunum afsökunar á hægri byrjun annarrar þáttaraðarinnar. Segir hann að mistök hafi verið gerð varðandi söguþráðinn en lofar að þátturinn komist aftur á skrið.

„Við héldum að áhorfendur vildu sjá það sama og í fyrstu þáttaröð, að fylgjast með persónunum átta sig smám saman á hæfileikum sínum. Þess í stað vildu þeir adrenalín,“ sagði Kring. Sér hann jafnframt eftir því að hafa bætt rómantík við söguþráðinn. „Þegar maður lítur til baka held ég að rómantík passi ekki vel fyrir þennan þátt.“

Mjög hefur dregið úr áhorfi á Heroes í Bandaríkjunum og lenti þátturinn nýverið í þrítugasta sæti í áhorfskönnun. Búið er að sýna átta þætti þar í landi og eru aðeins þrír eftir þar til þáttaröðin klárast. Framleiðsla á þeim þáttum hefur legið niðri vegna verkfalls handritshöfunda í Hollywood.




# Hjálpartæki piparsveinsins

**Sara Karlsdóttir vill leiðbeina piparsveinum landsins í gegnum gryfjurnar sem geta leynst í eldhúsinu. Bókin sem hún er með í smíðum verður mörgum eflaust gott hjálpartæki í þeim efnum.**

Matreiðslubókin Leiðarvísir piparsveinsins í eldhúsinu skýrir sig sjálf að einhverju leyti. Henni er ætlað að auðvelda piparsveinum lífið og leiða þá í gegnum matseldina.

### Deitréttir og þynnkumatur

„Þetta verður frekar alhliða matreiðslubók fyrir stráka. Henni er skipt niður í flokka eins og deitrétti, þynnkumat, heimsóknarmöns, fiskrétti, kjötrétti og kokkteila,“ útskýrir Sara, höfundur og útgefandi bókarinnar. „Uppskriftirnar verða allar mjög auðveldar viðureignar og það verða góðar leiðbeiningar með þeim svo menn þurfa ekki að kunna mikið fyrir sér í eldhúsinu til að nota þær,“ bætir hún við. Sara hefur sjálf mikinn áhuga á matreiðslu og þykir sérstaklega gaman að dekra við vini og vandamenn, en hugmyndin að bókinni er eiginlega sprottin úr slíku dekri. „Ég er að vinna á ferðaskrifstofu á sumrin og vann með einum piparsveini sem var alveg hræðilegur í að elda. Við tókum nokkrar kennslustundir í vinnunni, þar sem er eldunaraðstaða, og ég fór að skrifa niður uppskriftir til að gefa honum. Hann var að kaupa sér íbúð og ég vildi líka leiðbeina honum í að bjóða kvenmanni í mat og svona. Svo vatt þetta upp á sig og við ákváðum að fara bara alla leið og gefa út bók,“ útskýrir hún.

### Flokkað eftir fegurð

Að bjóða draumadísinni í mat getur verið snúið en Sara hefur fundið ráð við því. „Deitréttum er skipt niður í nokkra flokka, eftir því hversu álitlegur matargesturinn er. Réttirnir fara eftir því hvort stelpan er allt í lagi, fín, eða algjör aðaldama,“ segir Sara og hlær við. Allt-í-lagi stelpu er hægt að bjóða upp á kjúkling í bbq-sósu og ís með marssósu en fín stelpa fær ofnsteiktan lax og ávaxtaeftirrétt, samkvæmt bókinni. „Ef þú ert kominn með aðaldömuna er það hins vegar parmaskinkupitsa, humarpasta og Irish coffee og eplapæ í eftirrétt,“ útskýrir Sara brosandi.

### Karlvæn myndskreyting

Hún gefur bókina út sjálf, með aðstoð Jóns Sigurðar Ingasonar, piparsveinsins heppna sem fékk fyrsta eintakið. „Við ætlum að reyna að klára þetta eftir áramót. Mér fannst spennandi að fá að gera þetta alveg á mínum forsendum,“ segir Sara, sem hyggst til dæmis ekki myndskreyta með matarmyndum. „Það verður væntanlega eitthvað karlvænna, myndir af sætum stelpum til dæmis,“ segir hún og hlær við.



**LEIÐARVÍSIR AUÐVELDAR LÍFIÐ** Sara Karlsdóttir er með matreiðslubók fyrir piparsveina í smíðum. Þar verður að finna deitrétti, þynnkumat og fleiri nauðsynjar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Fimm leikir í einum pakka

**TÖLVULEIKIR**

**Half-Life 2: The Orange Box**

Pc, Xbox 360 og væntanlegur á Ps3

★★★★

Einn af betri leikjum ársins. Skyldukaup.

Half-Life 2: The Orange Box er einn athyglisverðasti leikur sem hefur komið út síðustu árin. Í stað eins leiks, eins og vaninn er, færðu fimm! Væntanlega færðu hvergi eins mikið fyrir peninginn.

Half-Life nafnið ætti að vera öllum aðdáendum fyrstu persónu skotleikja vel þekkt. Fyrsti leikurinn kom út 1998 og gjörbreytti þessari tegund leikja með flottri grafík og gervigreind sem hafði ekki verið upplifuð áður.

Half-Life 2 segir sögu Gordon Freeman. Eftir að hafa verið týndur í tæp 20 ár birtist hann í City 17 með smá aðstoð hins dularfulla G-Man. Heimurinn hefur breyst gríðarlega á þessum tíma sem hann hefur verið týndur, heimurinn var gjörsigraður af Combine-geimverunum og allt mannkynið er fast undir hæl þeirra. Flest allt fólk býr í borgum sem eru lítið annað en fangabúðir. Eins og við er að búast breytir koma Freemans miklu og er hún keðjuverkun á mikilli uppreisn.

Þegar HL2 er búin bíða eftir þér tveir aukapakkar sem halda áfram sögu leiksins, Episode 1 fjallar að mestu um flóttann úr City 17. Episode 2 byrjar að kanna söguna nánar og svara ósvöruðum spurningum og á sama tíma stilla upp hlutunum fyrir Episode 3 sem á að koma út á næsta ári og mun klára þessa söguörk.

Eftir að hafa klárað þennan gríðarlega stóra einmenningspart bíður eftir þér Team Fortress 2 sem er fjölspilunarpartur Orange Box. TF2 eins og hann kallast er liðaskiptur fjölspilunarleikur. Eitt af því sem maður tekur eftir strax og maður er kominn inn í TF2 er útlit leiksins, það minnir helst á Pixar-mynd. Leikurinn er einn af betri netleikjum sem völ er á í augnablikinu.

Til að klára þennan meiri háttar pakka er í lokin Portal. Það er erfitt að lýsa Portal án þess að spilla honum. Best er að lýsa þessu sem fyrstu persónu púsluleik með óvæntum atburðum og skemmtilegri sögu sem kemur verulega á óvart. Til að leysa þrautir leiksins hefur þú engin vopn heldur portalbyssu sem býr til inngang og útgang, síðan er það hugvit spilarans að leysa þrautir leiksins og sleppa lifandi.




**Sveinn A. Gunnarsson**


VesturPort
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Þökkum frábærara viðökur á Hamskiptunum.
Eingöngu 3 sýningar eftir áður en sýningin heldur aftur til London.
24. nóvember
30. nóvember
1. desember
Leikgerð og leikstjórn:
Gísli Örn Garðarsson og David Farr
Tónlist:
Nick Cave og Warren Ellis
Leikmynd:
Börkur Jónsson
Leikarar:
Elva Ósk Ólafsdóttir, Gísli Örn Garðarsson, Ingvar E. Sigurðsson, Ólafur Egill Egilsson og Nína Dögg Filippusdóttir
www.vesturport.is
Ógleymanleg SA TMM
...greinilega vandað vel til verka ÞES Víðsjá
Fimm stjörnur The Guardian, Michael Billington
85 mínútna meistaraverk Daily Mail
Tilnefnd til Evening Standard verðlaunanna 2006
Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is



**I ADAPT** Hljómsveitin I Adapt heldur útgáfutónleika á laugardagskvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Fagna sinni nýjustu plötu

Rokksveitin I Adapt heldur útgáfutónleika á Grand Rokk á laugardagskvöld til að fagna plötunni Chainlike Burden. Hljómsveitirnar Momentum og Retron koma einnig fram.

Chainlike Burden, sem hefur fengið mjög góða dóma, verður til sölu á tónleikunum á tilboðsverði, eitt þúsund krónur. Þeir sem ekki hafa eignast plötuna geta einnig hlustað á hana á www.mammat-hin.net. Föt merkt hljómsveitinni verða jafnframt til sölu á tónleikunum gegn vægu gjaldi.

Tónleikarnir hefjast klukkan 22 og kostar 500 krónur inn.



**FRIÐRIK OG GUÐRÚN** Friðrik Ómar og Guðrún Gunnarsdóttir koma fram á tónleikum á Akureyri.

# Jólastemning á Akureyri

Söngparið Friðrik Ómar og Guðrún Gunnarsdóttir kemur fram á tónleikum í Íþróttahöllinni á Akureyri í kvöld ásamt tólf manna stórsveit Ólafs Gauks.

Þau ætla að flytja lög af nýjustu plötu sinni, Ég skemmti mér um jólin, sem fór beina leið í þriðja sæti Tónlistans aðeins örfáum dögum eftir útgáfudag. Einnig verða flutt lög af hinum „Ég skemmti mér“-plötunum. Tónleikarnir hefjast klukkan 21 og verður boðið upp á hangikjöt í hléi ásamt malti og appelsíni.



**ÁHUGASÖM** Lourdes ku hafa mikinn áhuga á hlutverkinu í Harry Potter.

# Lourdes í Harry Potter

**Samkvæmt heimildum breskra fjölmiðla hefur dóttur Madonnu, hinni ellefu ára gömlu Lourdes, boðist hlutverk í næstu mynd um galdrastrákinn Harry Potter sem kennd er við blendingsprinsinn. Warner Brothers hafa boðið Lourdes hlutverk í myndinni, en hún ku vera mikill aðdáandi þeirra, samkvæmt heimildarmanni The Sun.**

**Lourdes hefur verið áberandi að undanförnu og í kjölfarið hefur tilboðum rignt yfir hana. Þar á meðal er boð um að hanna eigin fatalínu fyrir H&M. Madonna er hins vegar ekki hrifin af tilboðaflóðinu þó að Lourdes sé sátt. „Hún vill að hún eigi eins eðlilega æsku og hægt er,“ segir heimildarmaðurinn.**

# Enginn tími fyrir jólaflóðið

Útgáfu fyrstu plötu Gunnars Ólasonar úr Skítamórtal og Sigurjóns Brink hefur verið frestað fram yfir áramót. „Við höfum ekki haft tíma til að sinna þessu eins og við ætluðum að gera,“ segir Gunnar. „Það er svo mikið að gera að við höfum ekki tíma til að taka þátt í þessu jóladiskaflóði.“

Gunnar, sem starfar sem fasteignasali, segir að engin lognmolla sé í fasteignabransanum þrátt fyrir að aðrir hafi viljað halda því fram. Þess vegna hafi platan orðið að bíða, auk þess sem Sigurjón hefur verið upptekinn í söngnum að undanförnu.

Þeir félagar, sem gefa plötuna út sjálfir, hafa spilað töluvert saman á Hverfisbarnum á fimmtudagskvöldum og náð mjög vel saman. „Við erum búnir að vera saman í þrjú ár og spilað hingað og þangað út um allt á alls konar „eventum“.



**NÁ VEL SAMAN** Félagarnir Gunnar Ólason og Sigurjón Brink hafa spilað saman undanfarin þrjú ár við góðar undirtektir.

Annar spilar örvhent og hinn rétthent, þannig að það eru jöfn skipti,“ segir Gunnar. „Ég settist inn í fyrsta gítartímann sem örvhentur spilari en var snúið við,“ segir hann. Sigurjón hefur aftur á móti alltaf spilað örvhent.

Gunnar segist ekkert ætla að svekkja sig á frestun plötunnar. „Við ætluðum að vera búnir að þessu mikið fyrr en við eigum þetta bara eftir. Við fáum að njóta góðs af því að jóladiskaflóðið verður búið og getum þá einbeitt okkur betur að okkar málum. Þetta verður íslensk partíplata með bæði „cover“-lögum og frumsömdu efni. Þetta verður eins hrátt og hægt verður að hafa það.“ - fb






DAY
BIRGER et MIKKELSEN

Við erum að leita að duglegum einstaklingum í fullt starf, hlutastarf. og jólastarf
Starfið felst í almennum verslunarstörfum og ráðgjöf til viðskiptavina.

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla í þjónustu
- Áhugi á tísku
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði í starfi

**Ferilskrá sendist á netfangið hulda@hbu.is**

DAY | Kringlunni | www.day.dk



## > Aganefnd KKÍ veitti áminningu

Aganefnd Körfuknattleikssambands Íslands hefur tekið fyrir kæru sem henni barst á dögunum vegna atvita sem áttu sér stað í leik Stjörnunnar og Keflavíkur í Iceland Express deild karla. Dimitar Karadzovski, leikmaður Stjörnunnar, fékk tvær villur fyrir óíþróttamannslega hegðun í leiknum og var því samkvæmt reglum vikið af leikvelli. Aganefndin ákvað fyrir vikið að veita honum áminningu en ekki leikbann. „Það er í reglugerð að þegar svona gerist í fyrsta skipta á tímabili skuli ekki veita leikbann og óíþróttamannslegar villur geta líka verið misjafnar og í þessu tilviki tel ég að leikbann sé of hörð refsins,“ sagði Friðrik Ingi Rúnarsson, framkvæmdastjóri KKÍ, í viðtali við Fréttablaðið.



# sport

sport@frettabladid.is

**KRISTJÁN ÓLI SIGURÐSSON, HVÖT:** SAGÐI SKILIÐ VIÐ LANDSBANKADEILD TIL AÐ GERAST SPILANDI ÞJÁLFARI Í 2. DEILD

## *Reikna með því að spila sjálfur ef ég kemst í liðið*



Kristján Óli Sigurðsson, 27 ára, var í fyrradag tilkynntur sem nýr þjálfari 2. deildarliðs Hvatar frá Blönduósi, en Kristján ólst upp á Blönduósi og spilaði með yngri flokkum Hvatar þangað til hann gekk til liðs við Breiðablik árið 1997. Kristján Óli hefur verið lykilmaður hjá Breiðabliki undanfarin ár og á að baki 54 leiki með liðinu í efstu deild. Þar af eru 13 leikir í deildinni síðasta sumar, þar sem hann skoraði þrjú mörk.

„Það stóð í raun alltaf til hjá mér að ég yrði bara um kyrrt hjá Breiðabliki. Það voru reyndar tvö önnur lið í efstu deild sem höfðu samband við mig, en það náði aldrei neinu flugi. Hvatarmenn voru búnir að hringja nokkrum sinnum í mig og þeir náðu á endanum að plata mig út í að taka við liðinu,“ sagði Kristján Óli og kvaðst spenntur fyrir verkefninu.

„Ég hef náttúrlega aldrei þjálfað á ævi minni og þetta verður því krefjandi verkefni og vonandi gaman. Þetta er eins árs samningur sem ég skrifaði undir og ég ætla að sjá til hvernig mér líst á þetta. Ég mun stýra æfingum í Reykjavík til að byrja með þar sem flestir leikmenn liðsins eru eins og er og þeir sem eru fyrir norðan fá bara æfingarplan frá mér og ég verð svo búsettur á Blönduósi næsta sumar,“ sagði Kristján Óli og kvaðst ekki búinn að leggja skóna á hilluna sjálfur, enda á besta aldri.

„Ég reikna fastlega með því að spila sjálfur, ef ég kemst í liðið, og verð því með einhvern aðstoðarmann með mér á bekknum,“ sagði Kristján Óli, sem telur möguleika Hvatar ágæta næsta sumar.

„Hvöt tókst loksins að vinna sig upp úr þriðju deildinni síðasta sumar og sú bið var búin að vera býsna löng. Næsta verkefni er því að gera Hvöt að stöðugu annarrar deildar liði sem verði svo reiðubúið að taka næsta skref. Það eru sóknarfæri í annarri deild næsta sumar þar sem þrjú lið komust upp úr deildinni í fyrra og fimm lið komu upp úr þriðju deildinni í þeirra stað og ég veit ekki til þess að önnur lið í deildinni, fyrir utan Hvöt, hafi verið að styrkja sig mikið undanfarið.“



**GUÐJÓN VALUR** Ákvörðun hans um að fara til Rhein-Neckar fór ekki vel í forráðamenn Gummersbach.

Þýski handboltinn:

## Gummersbach og Rhein-Neckar í hár saman

**HANDBOLTI** Yfirvofandi félagaskipti Guðjóns Vals Sigurðssonar frá Gummersbach til Rhein-Neckar Löwen hafa ekki gengið hljóðalaust fyrir sig.

Forráðamenn Gummersbach urðu mjög reiðir þegar ljóst var að Guðjón hefði samið við Rhein-Neckar frá og með árinu 2009 og sendu þeim tóninn um leið og þeir tóku fram að ekki kæmi til greina að Guðjón færi fyrr en 2009.

Thorsten Storm, framkvæmdastjóri Rhein-Neckar, hefur svarað Gummersbach-mönnum fullum hálsi og segir þá kasta grjóti úr glerhúsi. Máli sínu til stuðnings nefnir Storm að Gummersbach hafi samið við Alfreð Gíslason löngu áður en hann kláraði sinn samning hjá Magdeburg.

Guðjón hefur sjálfur kosið að blanda sér ekki í deilurnar og segir sjálfsagt mál að klára samninginn við Gummersbach þurfi hann þess. Hann muni halda áfram að leggja sig allan fram fyrir félagið á meðan hann spili fyrir það.

Rhein-Neckar Löwen stefnir enn á að kaupa Guðjón Val næsta sumar en hann mun eflaust kosta skildinginn. - hbg

# Eiður Smári var heima hjá sér en ekki í Dubai

**Danska sjónvarpsstöðin TV2 hélt því fram á þriðjudag að ástæðan fyrir fjarveru Eiðs Smára gegn Dönum væri sú að hann væri í fríi í Dubai. Talsmaður Eiðs Smára segir það rangar fréttir þar sem hann hafi verið heima hjá sér.**

**FÓTBOLTI** Mikið hefur verið rætt um ástæður þess að Eiður Smári Guðjohnsen gaf ekki kost á sér í landsliðshópinn sem spilaði gegn Dönum í gærkvöldi. Eiður Smári bar fyrir sig persónulegum ástæðum sem ekki voru útskýrðar frekar.

Hann æfði ekki um síðustu helgi með Barcelona enda var þeim fáu sem voru ekki að spila með landsliðum sínum gefið frí frá æfingum yfir helgina að því er fram kom á heimasíðu Barcelona. Á heimasíðu félagsins má einnig sjá að Eiður var mættur aftur til æfinga á mánudeginum. Íslenska landsliðið kom aftur á móti saman síðasta laugardag og hóf undirbúning fyrir Danaleikinn.

Danska sjónvarpsstöðin TV2 hélt því síðan fram í frétt á þriðjudag að ástæðan fyrir fjarveru Eiðs Smára væri sú að hann hefði verið í fríi í Dubai. Var minnst á þetta í viðtali sem var birt við Ólaf Jóhannesson landsliðsþjálfara.

Fréttablaðið hafði samband við sjónvarpsmanninn sem var með fréttina en sá heitir Thomas Sønnichsen. Hann tjáði Fréttablaðinu að upplýsingarnar hefðu ekki komið úr herbúðum íslenska landsliðsins.

„Þessar upplýsingar koma annars staðar frá en ekki frá neinum í kringum íslenska hópinn. Ég man ekki nákvæmlega hver sagði þetta en minnir að það hafi verið einhver í kringum danska hópinn. Ég spurði reyndar íslenska blaðamenn sem ég hitti hér úti hvort þeir vissu eitthvað um málið en þeir sögðust ekki hafa hugmynd um hvar Eiður væri,“ sagði Sønnichsen við Fréttablaðið í gær.



**FÓRNARLAMB GRÓUSAGNA TV2** Eggert Skúlason, talsmaður Eiðs Smára, segir ekkert hæft í fréttaflutningi TV2 um að Eiður Smári hafi farið í frí til Dubai á meðan íslenska landsliðið undirbjó sig fyrir Danaleikinn. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Eggert Skúlason, talsmaður Eiðs Smára á Íslandi, sagðist harma fréttaflutning dönsku sjónvarpsstöðvarinnar sem væri kolrangur.

„Þessi frétt TV2 er úr lausu lofti gripin. Eiður var heima hjá sér alla helgina. Ég get staðfest það. Það er meira að segja hægt að fara inn á veftíví Barcelona-síðunnar þar sem Eiður sést fylgjast með syni sínum vera að spila um helgina,“ sagði Eggert. „Þetta er því miður ekki fyrsta ranga fréttin sem birtist um Eið Smára.“

henry@frettabladid.is



**BRETT FAVRE** Endurskrifar sögubækurnar í nánast hverjum einasta leik. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Ameríski fótboltinn:

## Tekur Favre eitt ár í viðbót?

**NFL Hinn goðsagnakenndi leikstjórnandi Green Bay Packers, Brett Favre, hefur ekki útilokað að spila áfram á næsta ári en hann hefur íhugað að leggja skóna á hilluna síðustu ár.**

**Favre, sem orðinn er 38 ára gamall og hefur spilað ein 17 ár í deildinni, hefur sjaldan eða aldrei leikið betur en í ár og frammistaða hans er talin ein sú magnaðasta í sögu deildarinnar.**

**Packers-liðið hefur unnið níu leiki en aðeins tapað einum það sem af er. Favre er búinn að kasta fyrir flestum metrum allra leikstjórnenda í deildinni og leikur við hvurn sinn fingur á gamals aldri.**

**„Ég þarf að skoða mín mál mjög alvarlega. Ég átti aldrei von á að endast í fimm ár, hvað þá sautján. Við erum með krakka í háskóla og barnaskóla og því er að mörgu að hyggja. Líkamlega líður mér mjög vel en ég geri mér grein fyrir því að mér myndi eflaust ekki líða eins vel á næsta tímabili,“ sagði Favre.** - hbg




ALLIR ERU AÐ HLUSTA!
ÍVAR GUÐMUNDS
alla virka daga kl. 9
SIMMI OG JÓI
laugardaga kl. 9
REYKJAVÍK SÍÐDEGIS
alla virka daga kl. 16
ENN Á TALI
sunnudaga kl. 16
RÚNAR RÓBERTS
alla virka daga kl. 13
VALDÍS GUNNARS
sunnudaga kl. 9
Í BÍTIÐ
alla virka daga kl. 7
KVÖLDSÖGUR
fimmtudagskvöld kl. 22
MÚSÍK OG SPORT
laugardaga kl. 16
BYLGJAN
989
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!




# Öll pressan í þessum leik er á Fotex Veszprém

**Valur mætir ungversku meisturunum í Fotex Veszprém í lokaleik sínum í riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu í handbolta í Vodafone-höllinni í kvöld kl. 19.30.**

**HANDBOLTI** Íslandsmeistarar Vals mæta ungversku meisturunum í Fotex Veszprém í síðasta leik sínum í riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu í Vodafone-höllinni að Hlíðarenda kl. 19.30 í kvöld. Valsmenn unnu síðasta heimaleik sinn í keppninni gegn Celje Pivovarna Lasko og eru því til alls líklegir gegn Ungverjunum.

Valsmenn eiga sjálfir ekki möguleika á því að komast upp úr riðlinum en þeir geta aftur á móti haft talsverð áhrif á lokastöðu hans, því ungversku meistararnir þurfa að vinna leikinn gegn Val og treysta jafnframt á að þýska liðið Gummersbach vinni slóvenska liðið Celje Pivovarna Lasko í lokaumferðinni. Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Vals, sagði sína menn hvergi bangna fyrir leikinn.

„Það ríkir alltaf gríðarleg spenna og eftirvænting hjá okkur fyrir leikina í Meistaradeildinni og þessi leikur er engin undantekning,“ sagði Óskar Bjarni og kvað ungverska liðið geysisterkt.

„Af þeim leikjum sem við höfum spilað í keppninni finnst mér Fotex Veszprém hafa verið erfiðasti mótherjinn, sem og erfiðasti útivöllurinn að spila á. Það var ótrúleg upplifun að spila ytra í sannkallaðri gryfju þar sem áhangendur liðsins taka mikinn þátt í leiknum og standa á öskrinu allan tímann.

Þetta félag hefur líka mikla sigurhefð, bæði í heimalandinu og í Evrópu, en það varð síðast Evrópumeistari árið 2002 og ég held að þar séu þrettán af fimmtán manna kjarna sem spila reglulega með landsliðum,“ sagði Óskar Bjarni en kvað sína menn tilbúna í verkefnið.



**SPENNTUR** Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Vals, segir talsverða eftirvæntingu ríkja í herbúðum sinna manna fyrir leikinn í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

„Okkar styrkur felst í því að við höfum verið að spila á mörgum leikmönnum og ég tel að við verðum að halda því áfram.

Öll pressan er á ungverska liðinu og við sjáum bara til hvernig leikurinn þróast, en ég myndi gjarnan vilja að við myndum ná að stjórna hraðanum í leiknum og refsa þeim með hraðaupphlaupum þegar tækifæri gefast því Ungverjarnir eru mun stærri og þyngri en við. Ég hef séð hvernig Meistaradeildarleikirnir hafa hjálpað okkur með að spila hraðari leik og það er mjög jákvætt ef við náum að flytja hann með okkur í deildina hér heima,“ sagði Óskar Bjarni.

omar@frettabladid.is

Íslenska U-21 landsliðið gerði góða ferð til Brussel og vann Belga í fyrrakvöld:

# Lúkas Kostic segir framtíðina bjarta hjá íslenska landsliðinu

**FÓTBOLTI** U-21 árs landslið Íslands vann Belgíu, 2-1, í undankeppni Evrópumótsins í Brussel í fyrrakvöld, en Birkir Bjarnason og Arnór Smárason skoruðu mörk íslenska liðsins sem komst með sigrinum í þriðja sæti riðilsins með sex stig eftir fimm leiki.

Búist var við hörkuleik á milli Íslands og Belgíu í fyrsta leik seinni umferðar riðlakeppninnar, en liðin skildu jöfn í markalausum leik á Akranesi fyrr á árinu. Lúkas Kostic, þjálfari U-21 landsliðs Íslands, sagði liðið hafa hins vegar gjörsamlega yfirspilað Belgíu í fyrri hálfleik.

„Við náðum algjörum draumahálfleik hvað spilamennsku varðar og boltinn gekk hratt á milli strákanna sem spiluðu frábæran einnar snertingar fótbolta. Við skoruðum tvö mörk í fyrri hálfleiknum og mörkin hefðu getað orðið fleiri ef dómari leiksins hefði dæmt eins og maður.

Við áttum tvær sterkar kröfur um vítaspyrnu sem dómarinn kaus að veita ekki og í annað skiptið hefði markvörður Belga átt að fá rauða spjaldið þegar hann tæklaði Birki Bjarnason, en í staðinn fékk Birkir að líta gula spjaldið fyrir leikaraskap.

Ég veit að maður ætti kannski ekki að væla út af dómaranum eftir góðan sigurleik, en hann var hins vegar nálægt því að eyðileggja leikinn með slakri frammistöðu sinni,“ sagði Lúkas pirraður en kvað þó allt gott sem endaði vel.



**GÓÐUR SIGUR** Arnór Smárason, annar markaskorara Íslands gegn Belgíu, pressar hér leikmann Belga í leiknum í fyrrakvöld. NORDICPHOTOS/AFP

„Sem betur fer náðum við að verjast nógu vel í seinni hálfleik til þess að vinna leikinn og ég er mjög stoltur af strákunum og það eru algjör forréttindi að fá að vinna með þeim,“ sagði Lúkas og kvað framtíðina bjarta fyrir íslenskan fótbolta.

„Strákarnir eru bæði skemmtilegir utan vallar og síðan er efniviðurinn í liðinu mjög góður og þetta eru sannarlega leikmenn sem eiga framtíðina fyrir sér í boltanum. Það er ánægjulegt að nú strax séu þrír leikmenn U-21 árs liðsins komnir með tærnar inn fyrir þröskuldinn hjá A-landsliðinu og það eiga örugglega fljótlega fleiri eftir að fylgja þeim eftir.

Það er alla vega að mínu mati óhætt að segja að framíðin sé björt fyrir íslenskan fótbolta og íslenska landsliðið,“ sagði Lúkas. **- óþ**

# „Bíbí er brillíant.“

Katrín Jakobsdóttir og Gerður Kristný / Mannamál, Stöð 2

## „Stórmerkileg saga ... Þær renna svo glæsilega saman, Vigdís og Bíbí, í þessari sögu.“

Katrín Jakobsdóttir / Mannamál, Stöð 2

## „Ég spændi þessa bók upp.“

Gerður Kristný / Mannamál, Stöð 2

**Mest selda ævisagan***




„... **virkilega fallega skrifuð** þroskasaga og rödd Bíbíar afar persónuleg.“
Kristrún Heiða Hauksdóttir / Fréttablaðið

„Þetta er **mikil örlagasaga**, óhemjuvel skrifuð.“
Guðríður Haraldsdóttir / gurrihar.blog.is

„Fólk fær mikinn kraft við að lesa þessa bók. **Frábær hvatningarsaga** ... **mögnuð**.“
Arnþrúður Karlsdóttir / Útvarp Saga

„**Ákaflega athyglisverð** ævisaga ... ótrúlegri en margar skáldsögur.“
Þóra Sigríður Ingólfsdóttir / Samfélagið í nærmynd, Rás 1

KEMUR EINNIG ÚT SEM HLJÓÐBÓK

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

*Metsölulisti Eymundsson / Handb., fræðib., ævisögur 20. nóv.




**BARÁTTA** Theódór Elmar er hér í baráttunni í leiknum í gær

NYHEDSAVISEN/MARTIN SYLVEST

Theódór Elmar Bjarnason:

## Mikill munur á íslenska liðinu

**FÓTBOLTI Theódór Elmar Bjarnason var besti leikmaður íslenska liðsins á Parken í gær.**

**„Þetta eru hundleiðinleg úrslit og það er alltaf leiðinlegt að tapa fyrir nágrönnunum. Þeir voru bara aðeins of sterkir fyrir okkur í dag. Það var margt jákvætt hjá okkur í dag. Við börðumst mikið, stemningin var góð fyrir leikinn og æfingarnar voru frábærar,“ sagði Theódór Elmar sem sá mikinn mun frá því í vor.**

**„Það var mikill munur á liðinu, stemningin er orðin betri og það er mikil barátta í öllum mönnum frá markverði til sóknarmannanna,“ sagði Theódór sem nýtti tækifæri sitt vel. „Ég er fullkomlega tilbúinn og Ólafur og Pétur sýndu mér það traust að láta mig byrja inn á. Ég vona að ég hafi ekki brugðist þeim. Ég gerði mitt besta og ég held að allir aðrir í liðinu hafi einnig gert það,“ sagði Theódór sem var einnig harður fyrir.**

**„Maður þurfti að láta þá finna fyrir sér því þeir voru að henda sér í jörðina í tíma og ótíma,“ sagði Theódór um tæklinguna á Christian Poulsen sem hann hlaut gula spjaldið fyrir. Það eru ekki allir sem myndu leggja í hörkutólið á dönsku miðjunni en þessi ungi leikmaður var óhræddur við það. Theódór er framtíðarmaður í íslenska liðinu og hann ætlar sér mikið í framtíðinni. „Ég bíð spenntur eftir næstu keppni,“ sagði Theódór að lokum.** - óój

Hermann Hreiðarsson, fyrirliiði Íslands, var ósáttur með úrslitin í gær en fannst margt jákvætt við leikinn:

# Fengum á okkur of mörg klaufamörk

**FÓTBOLTI** Hermann Hreiðarsson, fyrirliði Íslands, var ekki sáttur með úrslit leiksins en var þó sáttur með ýmislegt í gær. „Það er glatað að tapa 3-0 en það var ótrúlega margt jákvætt í þessu hjá okkur,“ sagði Hermann Hreiðarsson, fyrirliði íslenska liðsins, sem var ánægður með vinnsluna á liðinu í leiknum. „Menn vissu hvað þeir áttu að gera og okkur leið ágætlega inni á vellinum þegar þeir voru með boltann,“ segir Hermann sem fannst að liðið hefði átt að geta komið í veg fyrir fyrstu tvö mörkin. „Í fyrsta markinu dettur boltinn inn fyrir og í öðru markinu þá átti ég bara að sópa hann niður á miðjunni og taka hann úr umferð því þá hefði ekkert gerst,“ sagði Hermann sem lét þá Nicklas Bendtner teyma sig út úr sinni stöðu. „Það var hörku barátta í liðinu og mönnum leið ágætlega með boltann sem var mikil framför frá því í síðustu leikjum. Við verðum að fara að halda hreinu og fara að fá á okkur færri mörk. Þar þurfum við að byrja,“ sagði Hermann sem er hrifinn af danska liðinu. „Þeir spila ótrúlegan skemmtilegan fótbolta og klúðruðu því bara að komast á EM. Þetta er stórskemmtilegt knattspyrnulið og við náðum að verjast þeim ágætlega en þeir nýttu bara sín færi,“ sagði Hermann rétt áður en hann rauk upp í rútu. - óój

**HERMANN HREIÐARSSON** Leggur sig allan fram að venju.



# Verk að vinna fyrir nýja þjálfarann

**Ísland tapaði 0-3 fyrir Dönum í lokaleik sínum í undanriðli EM í gær. Arsenal-ungstirnið Nicklas Bendtner sá um að afgreiða íslenska landsliðið með því að skora fyrsta markið og leggja upp seinni tvö mörkin.**

**FÓTBOLTI** Danir létu ekki harða gagnrýni og vonbrigði helgarinnar hafa áhrif á sig þegar þeir unnu öruggan og sannfærandi 3-0 sigur á Íslandi í gær. Íslenska landsliðið í knattspyrnu endaði því undankeppni Evrópumótsins í Sviss og Austurríki með sömu seinheppninni og úrræðaleysinu og hafði einkennt liðið í flestum leikjum undankeppninnar.

Íslenska liðið gaf reyndar ekkert eftir í byrjun og náði frábærri sókn á tíundu mínútu þegar laglegt hlaup Emils Hallfreðssonar og sniðug sending Veigars Páls Gunnarssonar sköpuðu skotfæri fyrir Gunnar Heiðar Þorvaldsson sem hitti boltann ekki nægilega vel og Thomas Sörensen varði auðveldlega í markinu. Íslenska liðið átti nokkrar fleiri skyndisóknir og það brást ekki að Veigar Páll var maðurinn á bak við þær allar. Leikur íslenska liðsins lofaði góðu framan af en þegar leið á hálfleikinn voru Danir komnir með öll tök á leiknum og íslensku leikmennirnir voru búnir að bjóða hættunni heim.

Íslenska liðið varð reyndar fyrir áfalli strax í upphafi leiks þegar Kristján Örn Sigurðsson lenti í samstuði við Grétar Rafn Steinsson og varð að yfirgefa völlinn í kjölfarið. Sverri Garðarssyni var því hent út í djúpu laugina í sínum fyrsta landsleik og íslenska vörnin stuðaðist við þessa breytingu.

Dönum óx ásmegin og markið lá í loftinu. Jon Dahl Tomasson fékk algjört dauðafæri eftir hálftíma leik þegar hann stóð aleinn á fjærstöng eftir aukaspyrnu. Fjórum mínútum síðar kom síðan fyrsta markið þar sem umrædd seinheppni lék enn á ný stórt hlutverk.

Danir höfðu þá heppnina með sér. Stefán Gíslason skallaði þá slappa fyrirgjöf Christians Poulsen inn fyrir íslensku vörnina þar sem Nicklas Bendtner hafði nægan tíma og nægt pláss til þess að skora fram hjá Árna Gauti Arasyni. Bendtner var einnig maðurinn á bak við annað markið þegar hann teymdi Hermann Hreiðarsson út úr sinni stöðu og stakk síðan boltanum inn fyrir vörnina á Dennis Rommedahl sem líkt og í fyrri leiknum í Laugardal lagði boltann fyrir fyrirliða sinn, Jon Dahl Tomasson, sem skoraði í autt markið.

Seinni hálfleikur var síðan aðeins framhald af þessum lokakafla fyrri hálfleiks. Þriðja markið kom eftir að Emil Hallfreðsson ætlaði sér of mikið og tapaði boltanum á versta stað. Nicklas Bendtner var fljótur að átta sig og lagði upp fyrir varamanninn og átti hann ekki í miklum vandræðum með að skora framhjá Árna Gauti Arasyni.

Danir héldu fengnum hlut það sem eftir var leiks og íslenska liðið náði ekki að ógna dönsku vörninni af neinni alvöru. Íslensku landsliðsmennirnir gáfust þó ekki upp og létu ekki valta yfir sig eins og í undanförnum leikjum og börðust til síðustu mínútu.

Ólafur Jóhannesson á mikið verk fyrir höndum og verður því ekki dæmdur af þessum fyrsta leik en nær vonandi að búa til nýtt lið á næstu vikum og mánuðum.




**LJÓS PUNKTUR** Theódór Elmar Bjarnason, leikmaður Celtic, stóð fyllilega fyrir sínu í landsleiknum gegn Dönum í gær og sýndi og sannaði að hann á vel heima í liðinu. Theódór var mjög líflegur og mikil hætta skapaðist í kringum hann á köflum.

NYHEDSAVISEN/MARTIN SYLVEST



DANMÖRK - ÍSLAND
**ÓSKAR ÓFEIGUR JÓNSSON**
skrifar frá Kaupmannahöfn
ooj@frettabladid.is

**3-0**

Danmörk – Ísland

*1-0 Nicklas Bendtner (35.)*
*2-0 Jon Dahl Tomasson (44.)*
*3-0 Thomas Kahlenberg (59.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 18–6 (8–3) |
| Varin skot | Sörensen 3 – Árni Gautur 4 |
| Horn | 10–4 |
| Aukaspyrnur fengnar | 21–8 |
| Rangstöður | 2–0 |

## EINKUNNIR ÍSLANDS

**BYRJUNARLIÐIÐ**

| | |
|---|---|
| Árni Gautur Arason, markvörður | 5 |
| Greip ágætlega inn í og gat lítið gert við mörkunum þremur. | |
| Grétar Rafn Steinsson, hægri bakvörður | 5 |
| Lét finna fyrir sér eins og Kristján Örn fékk að kynnast en það kom lítið út úr honum í sókninni. | |
| Kristján Örn Sigurðsson, miðvörður | - |
| Spilaði aðeins í tæpar fjórar mínútur en varð síðan að yfirgefa völlinn vegna höfuðmeiðsla. | |
| Ragnar Sigurðsson, miðvörður | 6 |
| Spilaði af öryggi, vann marga bolta og reyndi ávallt að spila boltanum út úr vörninni. | |
| Hermann Hreiðarsson, vinstri bakvörður | 5 |
| Gaf allt sitt að venju en gerði stór mistök þegar hann lét Bendtner teyma sig út úr sinni stöðu í öðru markinu. | |
| Theodór Elmar Bjarnason, hægri vængmaður | 7 |
| Var ógnandi og óhræddur við að sækja á dönsku varnarmennina. Hékk þó aðeins of mikið á boltanum. | |
| Brynjar Björn Gunnarsson, tengiliður | 5 |
| Var ekki eins mikið í boltanum og í undanförnum leikjum en vann á þegar leið á leikinn. | |
| Stefán Gíslason, tengiliður | 4 |
| Gerði klaufaleg mistök í fyrsta markinu og var alltaf á eftir Dönunum á miðjunni. | |
| Veigar Páll Gunnarsson, miðjumaður | 5 |
| Var aðalmaðurinn í öllum hættulegustu sóknum íslenska liðsins framan af en hvarf í seinni hálfleik. | |
| Emil Hallfreðsson, vinstri vængmaður | 3 |
| Var ekki með í leiknum, fékk ekki boltann og engin svæði til að vinna á. Gerði stór mistök í þriðja markinu. | |
| Gunnar Heiðar Þorvaldsson, framherji | 5 |
| Hljóp mikið að venju og var duglegur að bjóða sig. Var hins vegar aldrei líklegur til að skapa alvöru færi fyrir sjálfan sig. | |

**VARAMENN**

| | |
|---|---|
| 8. mín. Sverrir Garðarsson fyrir Kristján Örn Sigurðsson | 4 |
| 73. mín. Eggert Gunnþór Jónsson fyrir Emil Hallfreðsson | - |
| 84. mín. Ásgeir Gunnar Ásgeirsson fyrir Veigar Pál Gunnarsson | - |

Ólafur Jóhannesson var ánægður með færslurnar í varnarleik Íslands í gærkvöld:

# Erfiðasta verkefnið til þessa

**FÓTBOLTI** Ólafur Jóhannesson var allt annað en ánægður með úrslitin á Parken í gær en sá hins vegar ljósa punkta í leik íslenska liðsins. „Úrslitin voru ekki góð, ég verð að viðurkenna það. Ég hefði viljað fá betri úrslit og þau eru auðvitað því ákveðin vonbrigði. Það voru ákveðnir þættir í leiknum sem ég var ánægður með og síðan aðrir sem ég var óánægður með. Það voru fleiri jákvæðir hlutir í leik liðsins en neikvæðir en úrslitin voru ekki góð. Ég er óánægður með að tapa leiknum 3-0 því mér fannst hugarfarið í vikunni vera mjög fínt og eins og leikmennirnir væru tilbúnir í leikinn,“ sagði Ólafur Jóhannesson, eftir sinn fyrsta leik sem landsliðsþjálfari.

Ólafur var ánægður með innkomu Sverris Garðarssonar sem leysti Kristján Örn Sigurðsson af sem meiddist í upphafi leiks. „Það var erfitt að missa Kristján því hann er einn af lykilmönnum þessa liðs. Það er slæmt að missa svo leiðis menn útaf en Sverrir stóð sig mjög vel og ég var ekkert óánægður með hann,“ sagði Ólafur.



**ERFITT** Ólafur Jóhannesson, landsliðsþjálfari Íslands, á mikið verk fyrir höndum. NYHEDSAVISEN/MARTIN SYLVEST

Ólafur segir lokakafla fyrri hálfleiks hafa farið með leikinn. „Við fáum á okkur mark og það er ekki mikið sjálfstraust í liðinu. Strákarnir brotna svolítið við að fá á sig þetta mark og Danir skora síðan annað mark áður en við förum inn í hálfleik. Það hafði gríðarlega mikil áhrif því þessi mörk tóku mikið sjálfstraust úr liðinu,“ sagði Ólafur sem fékk verðugt verkefni í fyrsta leik. „Ég held að Danirnir hafi hugsað meira um sjálfan sig heldur en okkur. Það var búið að drulla yfir þá og þeir voru bara að vinna stoltið sitt til baka.“

Ólafur var ánægður með baráttuna og kraftinn í íslensku leikmönnunum. „Það voru allir frískir inni á vellinum og menn voru að leggja sig fram. Thedór Elmar stóð sig mjög vel. Þetta er samt versti tíminn fyrir okkur að spila landsleik því allar Norðurlandaþjóðirnar eru farnar í frí og það hafði örugglega einhver áhrif á okkur,“ sagði Ólafur sem veit að hann hefur mikið verk að vinna. „Það verður tvímælalaust að halda áfram að reyna að snúa við skútunni. Það verður reynt að vinna áfram í því og ég fæ góðan tíma til þess núna, reyndar fáa leiki en góðan tíma,“ sagði Ólafur að lokum. - óój

# ÚRSLIT

*Undankeppni EM:*

**A-RIÐILL:**

| | |
|---|---|
| **Armenía-Kasakstan** | **0-1** |
| **Aserbaídsjan-Belgía** | **0-1** |
| **Portúgal-Finnland** | **0-0** |
| **Serbía-Pólland** | **2-2** |

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Pólland | 14 | 8 | 4 | 2 | 24:12 | 28 |
| **Portúgal** | **14** | **7** | **6** | **1** | **24:10** | **27** |
| Finnland | 14 | 6 | 6 | 2 | 13:7 | 24 |
| **Serbía** | **13** | **5** | **6** | **2** | **21:11** | **21** |
| Belgía | 14 | 5 | 3 | 6 | 14:16 | 18 |
| **Kasakstan** | **13** | **2** | **4** | **7** | **11:20** | **10** |
| Armenía | 12 | 2 | 3 | 7 | 4:13 | 9 |
| **Aserbaídsjan** | **12** | **1** | **2** | **9** | **6-28** | **5** |

**B-RIÐILL:**

**Georgía-Litháen** 0-2

**Ítalía-Færeyjar** 3-1

Frodi Benjaminsen (sjálfsm.), Luca Toni, Giorgio Chiellini - Rógvi Jacobsen.

**Úkraína-Frakkland** 2-2

Andriy Voronin, Andreiy Shevchenko - Thierry Henry, Sidney Govou.

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Ítalía | 12 | 9 | 2 | 1 | 22:9 | 29 |
| **Frakkland** | **12** | **8** | **2** | **2** | **25:5** | **26** |
| Skotland | 12 | 8 | 0 | 4 | 21:12 | 24 |
| **Úkraína** | **12** | **5** | **2** | **5** | **20:16** | **17** |
| Litháen | 12 | 5 | 1 | 6 | 11:13 | 16 |
| **Georgía** | **12** | **3** | **1** | **8** | **16:19** | **10** |
| Færeyjar | 12 | 0 | 0 | 12 | 4:43 | 0 |

**C-RIÐILL:**

**Malta-Noregur** 1-4

Michael Mifsud - Steffen Iversen 3, Morten Gamst Pedersen.

**Tyrkland-Bosnía** 1-0

**Ungverjaland-Grikkland** 1-2

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Grikkland | 12 | 10 | 1 | 1 | 25:10 | 31 |
| **Tyrkland** | **12** | **7** | **3** | **2** | **25:11** | **24** |
| Noregur | 12 | 7 | 2 | 3 | 27:11 | 23 |
| **Bosnía** | **12** | **4** | **1** | **7** | **16:22** | **13** |
| Moldavía | 12 | 3 | 3 | 6 | 12:19 | 12 |
| **Ungverjal.** | **12** | **4** | **0** | **8** | **11:22** | **12** |
| Malta | 12 | 1 | 2 | 9 | 10:31 | 5 |

**D-RIÐILL:**

**Kýpur-Tékkland** 0-2

- Daniel Pudil, Jan Koller.

**Þýskaland-Wales** 0-0

**San Marínó-Slóvakía** 0-5

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Tékkland | 12 | 9 | 2 | 1 | 27:5 | 29 |
| **Þýskaland** | **12** | **8** | **3** | **1** | **35:7** | **27** |
| Írland | 12 | 4 | 5 | 3 | 17:14 | 17 |
| **Wales** | **12** | **4** | **3** | **5** | **18:19** | **15** |
| Kýpur | 12 | 4 | 2 | 6 | 17:24 | 14 |
| **Slóvakía** | **12** | **5** | **1** | **6** | **33:23** | **16** |
| San Marínó | 12 | 0 | 0 | 12 | 2:57 | 0 |

**E-RIÐILL:**

**Ísrael-Makedónía** 1-0

**Andorra-Rússland** 0-1

- Dmitri Sychev.

**England-Króatía** 2-3

Frank Lampard, Peter Crouch - Niko Kranjcar, Ivica Olic, Mladen Petric.

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Króatía | 12 | 9 | 2 | 1 | 28:8 | 29 |
| **Rússland** | **12** | **7** | **3** | **2** | **20:9** | **24** |
| England | 12 | 7 | 2 | 3 | 24:7 | 23 |
| **Ísrael** | **12** | **7** | **2** | **3** | **21:12** | **23** |
| Makedónía | 12 | 4 | 2 | 6 | 12:12 | 14 |
| **Eistland** | **12** | **2** | **1** | **9** | **5:21** | **7** |
| Andorra | 12 | 0 | 0 | 12 | 2:42 | 0 |

**F-RIÐILL:**

**Danmörk-Ísland** 3-0

**Spánn-Norður Írland** 1-0

Xavi.

**Svíþjóð-Litháen** 2-1

Marcus Allback, Kim Kallström - Juris Laizans.

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Spánn | 12 | 9 | 1 | 2 | 23:8 | 28 |
| **Svíþjóð** | **12** | **8** | **2** | **2** | **23:9** | **26** |
| Danmörk | 12 | 6 | 2 | 4 | 21:11 | 20 |
| **N.Írland** | **12** | **6** | **2** | **4** | **17:14** | **20** |
| Lettland | 12 | 4 | 0 | 8 | 15:17 | 12 |
| **Ísland** | **12** | **2** | **2** | **8** | **10:27** | **8** |
| Lichtenst. | 12 | 2 | 1 | 9 | 9:32 | 7 |

**G-RIÐILL:**

**Rúmenía-Albanía** 6-1

**Hvíta-Rússland-Holland** 2-1

Vitalyi Bulyga, Vladimir Korytko - Rafael van der Vaart.

**Slóvenía-Búlgaría** 0-2

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Rúmenía | 12 | 9 | 2 | 1 | 26:7 | 29 |
| **Holland** | **12** | **8** | **2** | **2** | **15:5** | **26** |
| Búlgaría | 12 | 7 | 4 | 1 | 18:7 | 25 |
| **Hv.Rússland** | **12** | **4** | **1** | **7** | **17:23** | **13** |
| Albanía | 12 | 2 | 5 | 5 | 12:18 | 11 |
| **Slóvenía** | **12** | **3** | **2** | **7** | **9:16** | **11** |
| Lúxemborg | 12 | 1 | 0 | 11 | 2:23 | 3 |

Englendingar töpuðu 2-3 í lokaleik undankeppni EM:

# England ekki á EM

**FÓTBOLTI** Englendingar töpuðu 2-3 fyrir Króötum á heimavelli sínum í gærkvöldi og misstu þar með af farseðlinum í hendur Rússa.

Gestirnir byrjuðu leikinn af miklum krafti og þegar stundarfjórðungur var liðinn af leiknum var staðan orðin hvorki meira né minna en 0-2 fyrir Króatíu. Niko Kranjcar, leikmaður Portsmouth í ensku úrvalsdeildinni, kom gestunum yfir strax á 9. mínútu og Ivica Olic bætti öðru marki við rétt um fimm mínútum síðar og útlitið orðið svart fyrir Steve McClaren og menn hans. Staðan hafði ekki breyst þegar dómari leiksins flautaði til loka fyrri hálfleiks.

Í seinni hálfleik mættu Englendingar grimmari til leiks og á 56. mínútu minnkaði Frank Lampard leikinn fyrir heimamenn og von kviknaði á nýjan leik. Peter Crouch jafnaði svo leikinn um tíu mínútum síðar, en jafntefli dugði Englendingum til þess að komast áfram úr B-riðlinum. Króatarnir voru þó ekki af baki dottnir og ætluðu greinilega að gera frændum sínum Rússum góðan greiða. Mladen Petric kom Króötum yfir með marki á 77. mínútu og þegar hér var komið sögu voru Rússar komnir yfir gegn Andorra og jafnframt komnir upp fyrir Englendinga í E-riðli og það var raunin þegar upp var staðið. **- óþ**



**LÍKLEGA REKINN** Það er ekki alltaf sólskin í starfi landsliðsþjálfara Englendinga og Steve McClaren fær líklega að fjúka í kjölfar slaks gengis. NORDICPHOTOS/GETTY


# Upp úr dúrnum
## lög Ólafs Hauks Símonarsonar




**Plata 1**

1. Hárfinnur hárfíni - Eggert Þorleifsson
2. Eniga meniga - Olga Guðrún
3. Töfrasöngur - Edda Heiðrún Backman
4. Súpermann – Eiríkur Hauksson
5. Við erum fuglar - Olga Guðrún
6. Það hafa allir hnöppum að hneppa - Gísli Rúnar Jónsson og Árni Blandon
7. Ryksugulagið - Olga Guðrún
8. Ofurmennið - KK
9. Ég heyri svo vel - Olga Guðrún
10. Ingi sjóræningi - Stefán Karl Stefánsson
11. Kötturinn sem gufaði upp - Olga Guðrún
12. Gaggalagú - Heiða
13. Það hafa allir eitthvað til að ganga á - Olga Guðrún
14. Allir eiga drauma - Olga Guðrún
15. Tærnar - Gísli Rúnar Jónsson og Árni Blandon
16. Vonarstræti - Ólafur Haukur Símonarson
17. Fótgöngulag - Edda Heiðrún Backman
18. Það rignir - KK
19. Hvað þig dreymdi? - Heiða
20. Góða nótt - KK

**Plata 2**

1. Þitt fyrsta bros - Pálmi Gunnarsson
2. Fólkið í blokkinni - Eggert Þorleifsson
3. Sunnudagsmorgunn - Jón Ólafsson
4. Vetrarsól - Björgvin Halldórsson
5. Ég þekki strák - Katla Þorgeirsdóttir
6. Gaggó vest - Eiríkur Hauksson
7. Hafið - Björgvin Halldórsson
8. Í síma - KK
9. Ljósvíkingur - Egill Ólafsson
10. Harmsöngur Tarzans - Eggert Þorleifsson
11. Melavöllur - Björgvin Halldórsson
12. Er hann sá rétti? - Steinunn Ólína
13. Ef harpa þín þagnar - Björgvin Halldórsson
14. Á næstu hæð - Jón Ólafsson
15. Vögguvísa - Edda Heiðrún Backman
16. Lyftan - Eggert Þorleifsson
17. Vesturgata - Björgvin Halldórsson
18. Viltu halda mér fast - Sigrún Edda Björnsdóttir
19. Komdu birta - Jón Ólafsson
20. Allur á iði - Ólafur Haukur Símonarson

## Öll helstu lög og textar Ólafs Hauks Símonarsonar á tvöfaldri safnplötu!

## Komin í verslanir!

góða skemmtun! ►

sena
okkar heimur // þín skemmtun

# Erfitt kvöld hjá Íslendingum

Það gekk erfiðlega hjá íslenska knattspyrnulandsliðinu á Parken í gærkvöldi. Það er ljóst að Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari á verk að vinna.



**SVONA, SVONA KALLINN MINN** Bjarni Sigurðsson markvarðaþjálfari sést hér hughreysta Ólaf Jóhannesson landsliðsþjálfara á Parken í gær. NYHEDSAVISEN/MARTIN SYLVEST





**ERFITT** Gunnar Heiðar Þorvaldsson (minni mynd) var duglegur í gær. Hermann Hreiðarsson sést svo senda Dönum tóninn á stærri myndinni. NYHEDSAVISEN/MARTIN SYLVEST

Akureyringar töpuðu enn einum leiknum á heimavelli í gær, nú gegn HK:

## Sama gamla sagan hjá Akureyri

**HANDBOLTI** Akureyringum tókst ekki að hirða stig af HK norðan heiða í DHL-deild karla í handbolta í gær. Gengi þeirra hefur verið dapurt í vetur og það var einkennandi fyrir liðið í 27-26 tapinu í gær að Magnús Stefánsson skyldi brenna af góðu færi á lokasekúndunum fyrir Akureyri.

Leikurinn var hraður en röð mistaka gerði vart við sig fyrir vikið, þá sér í lagi hjá gestunum sem misstu boltann klaufalega í sókninni hvað eftir annað. Akureyri komst í 4-1 áður en HK-ingar vöknuðu og réttu úr kútnum.

Þeir þéttu vörnina og heimamönnum gekk hreinlega illa að láta reyna á Petkevicius þar sem vörn HK varði fjölda skota.

Akureyringar byrjuðu síðari hálfleikinn afspyrnuilla og engu líkara var en HK ætlaði að jarða þá strax í upphafi. HK komst í fimm marka forskot en markvarsla Akureyrar fram að þeim tímapunkti var ömurleg. Heimamenn gáfust þó ekki upp og minnkuðu muninn með baráttu og eljusemi í eitt mark.

Lokasekúndurnar voru spennandi. HK gerði röð mistaka og Akureyri gat jafnað leikinn þegar fimmtán sekúndur voru eftir. Magnúsi brást þá aftur á móti bogalistin og leikmenn HK fögnuðu tæpum sigri, 27-26, og eru því aðeins einu stigi á eftir Haukum á toppi deildarinnar.

„Ég var orðinn skíthræddur um að við myndum klúðra þessu. Við vorum klaufar undir lokin og hleyptum þeim aftur inn í leikinn en ég er virkilega ánægður með að klára þetta og þetta sýndi karakterinn í liðinu okkar," sagði Gunnar Magnússon, þjálfari HK, í símaviðtali við blaðamann þar sem HK-ingar hlupu í sturtu til að ná fluginu sínu til Reykjavíkur.

Sævar Árnason, þjálfari Akureyrar, var ómyrkur í máli í leikslok. „Þetta er sérstaklega sárt af því að við vorum svo rosalega nálægt því að fá eitthvað út úr þessu. Maður er gráti næst. Ég er orðinn leiður á þessu og það er ekki gaman að tapa svona," sagði Sævar sem hrósaði einnig Einari Loga, verðskuldað, fyrir góðan leik. - hþh

**AKUREYRI-HK 26-27**

**Mörk Akureyrar (skot):** Einar Logi Friðjónsson 7 (10), Magnús Stefánsson 5/1 (10/2), Goran Gusic 3/1 (6/2), Ásbjörn Friðriksson 3 (9), Heiðar Þór Aðalsteinsson 2 (3) Rúnar Sigtryggsson 2 (6), Jónatan Magnússon 2 (6), Nikolaj Jankovic 1 (1), Andri Snær Stefánsson 1 (3), Björn Óli Guðmundsson 0 (2).

**Varin skot:** Hörður Flóki Ólafsson 8 (16) 33%

Sveinbjörn Pétursson 1 (11) 10%

**Hraðaupphlaup:** 2 (Heiðar, Jankovic)

**Fiskuð víti:** 4 (Einar Logi 2, Magnús, Ásbjörn)

**Utan vallar:** 4 mínútur

**Mörk HK (skot):** Árni Björn Þórarinsson 6 (7), Ragnar Hjaltested 5 (6), Augustas Strazdas 5 (7), Ólafur Bjarki Ragnarsson 5 (8), Gunnar Steinn Jónsson 3/2 (6), Sergey Petraytis 2 (3), Ragnar Snær Njálsson 1 (3), Tomas Eitutis 0 (1), Arnar Sæþórsson 0 (1).

**Varin skot:** Egidijus Petkevicius 12/1 (26) 32%

**Hraðaupphlaup:** 5 (Ragnar 4, Árni)

**Fiskuð víti:** 2 (Arnar Þór, Árni )

**Utan vallar:** 4 mínútur



**MARK** Augustas Strazdas skorar hér fyrir HK í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PEDROMYNDIR.IS



**GLAUMGOSI** Adriano hefur verið þekktur fyrir að stunda skemmtanalífið að fullu utan vallar og er nú búinn að missa neistann innan vallar. NORDICPHOTOS/AFP

Ítalski fótboltinn:

## Adriano að átta sig á hlutunum

**FÓTBOLTI** Adriano Leite Ribeiro, 25 ára leikmaður Inter í ítölsku Serie A deildinni og brasilíska landsliðsins, þvertók fyrir það að eiga í vandræðum með áfengisneyslu sína í nýlegu viðtali við brasilíska blaðamenn. Adriano er staddur við æfingar í Sao Paolo í Brasilíu um þessar mundir.

„Ég er staddur í heimalandi mínu til þess að finna neistann og byrja að brosa aftur þannig að ég geti byrjað að spila góðan fótbolta á nýjan leik og það hefur ekkert að gera með að ég eigi við einhvern drykkjuvanda að etja," sagði Adriano. „Ég kann Inter aftur á móti bestu þakkir fyrir að leyfa mér að átta mig á hlutunum og ég er þakklátur félaginu fyrir allt sem það hefur gert fyrir mig."

Adriano er nú orðaður við lið Sao Paolo í brasilískum fjölmiðlum og þar er talið líklegt að eitthvað muni gerast í þeim efnum þegar félagsskiptaglugginn verður opnaður í janúar þrátt fyrir ítrekaðar staðhæfingar Massimo Moratti, forseta Inter, síðast í gær í viðtali við Corriere dello Sport, að Adriano sé alls ekki á förum frá félaginu. - óþ



**ÖFLUG** Ragnheiður Ragnarsdóttir, KR, var valin besta sundkona ársins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Uppskeruhátíð SSÍ:

## Örn og Ragnheiður best

**SUND Uppskeruhátíð Sundsambands Íslands var haldin á Broadway á dögunum þar sem fagnað var góðum árangri á bæði nýafstöðnu Íslandsmeistaramóti og árinu í heild og fremsta sundfólk landsins verðlaunað.**

**Sundmaður ársins var valinn Örn Arnarson, SH, en hann náði bestum samanlögðum árangri í 25 og 50 metra laug á líðandi sundári, en hann hlaut jafnframt verðlaun fyrir besta afrek karla á Íslandsmeistaramótinu þegar hann synti 100 metra skriðsund á tímanum 48,42 sekúndur. Ragnheiður Ragnarsdóttir, KR, var valin sundkona ársins en hún fór til að mynda miklum hamförum á Íslandsmeistaramótinu um síðustu helgi. Erla Dögg Haraldsdóttir, ÍRB, hlaut hins vegar verðlaun fyrir mesta afrek kvenna á Íslandsmeistaramótinu þegar hún synti 100 metra fjórsund á tímanum 1:02,71 sekúndu og setti nýtt Íslandsmet.**

**Meðal annarra verðlauna á uppskeruhátíðinni má nefna að Steindór Gunnarsson, þjálfari hjá ÍRB, var valinn þjálfari ársins annað árið í röð og Haraldur Hreggviðsson hjá ÍRB var valinn dómari ársins. Sunddeild Breiðabliks fékk svo hvatningarverðlaun fyrir að hafa endurskipulagt æfingarumhverfi sitt og innri starfsemi.** - óþ



**NEI TAKK** Marcello Lippi bíður eftir rétta liðinu til þess að taka við, en hann afþakkaði boð Birmingham á dögunum. NORDICPHOTOS/GETTY

Enska úrvalsdeildin:

## Lippi neitaði Birmingham

**FÓTBOLTI** David Sullivan, meðeigandi enska úrvalsdeildarliðsins Birmingham, staðfesti í viðtali við staðarblaðið Birmingham Mail að Birmingham hefði boðið þjálfara heimsmeistaraliðs Ítala, Marcello Lippi, stöðu knattspyrnustjóra hjá liðinu.

„Ég get staðfest að Lippi neitaði boði okkar. Þetta er engin fjölmiðlabrella, hann er á lausu og við viljum fá stjóra á hans mælikvarða til þess að taka við Birmingham," sagði Sullivan en Martin Jol, fyrrverandi stjóri Tottenham, neitaði einnig boði um að taka við Birmingham-liðinu fyrir stuttu. - óþ

David Winnie:

## Snýr sér að lögfræðistörfum

**FÓTBOLTI David Winnie, fyrrverandi leikmaður og þjálfari KR, hefur snúið sér að lögfræðistörfum og hafið störf sem lærlingur hjá lögmannsstofu í Skotlandi.**

**Winnie hefur verið að læra lögfræði og hagfræði síðustu ár og er nú kominn í fullt starf.**

**Hann spilar enn fótbolta með liði í hverfinu sínu.** - hbg




**MICHAEL VICK** Á enn dygga stuðningsmenn sem styðja hann í blíðu og stríðu. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Michael Vick:

## Farinn í fangelsi

**NFL** Michael Vick, fyrrum leikstjórnandi Atlanta Falcons, hóf afplánun síns í fangelsi á mánudag af fúsum og frjálsum vilja þó svo það sé ekki enn búið að dæma hann til fangelsisvistar.

Dómur yfir Vick verður kveðinn upp 10. desember næstkomandi en hann á yfir höfði sér allt að fimm ára fangelsi fyrir slæma meðferð á hundum og ólöglega veðmálastarfsemi. Með því að hefja afplánun snemma vonast Vick til þess að fá vægari dóm en almennt er talið að hann verði dæmdur í 12-18 mánaða fangelsi.

Ákæruvaldið hefur síðan farið fram á að allt að 1 milljón dollara af fé Vicks verði fryst og notað í þágu hundanna sem Vick og félagar fóru illa með á sínum tíma. - hbg


Ellen
er komin í Hagkaup
Ellen
Ellen
1. Einhversstaðar einhverntímann aftur
2. Ferjumaðurinn
3. Litla systir
4. Gamall maður
5. Lifði og dó í Reykjavík
6. When I think of angels
7. Labyrinth
8. Línudans
9. Passíusálmur nr. 51
10. Þú ert mér allt
11. Gamla húsið
ÖLL HENNAR VINSÆLUSTU LÖG Í NÝJUM BÚNINGI.
ALLT NÝJAR UPPTÖKUR.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## > Rob Lowe

Rob hóf fyrirsætustörf á barnsaldri og sem unglingur var hann farinn að leika. Á áttunda áratugnum var hann meðlimur í leiklistarhópnum The Brat Pack, ásamt leikurunum Charlie Sheen og Demi Moore. Árið 1988 fannst myndbandsupptaka af Rob hafa kynmök við tvær stúlkur og var önnur þeirra 16 ára. Hann var dæmdur fyrir athæfið og látinn inna af hendi 20 klukkustunda samfélagsþjónustu. Í framhaldinu fór Rob í meðferð við áfengisneyslu og kynlífsfíkn og hefur haldið sér hreinum síðan. Rob leikur í þáttunum Bræður og systur í Sjónvarpinu í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ BERGSTEINN SIGURÐSSON VAR DREGINN NIÐUR Á HAFSBOTN

# *Vampyroteuthis infernalis í stofunni*

Eitthvert kvöldið – vikudagurinn er svo sem ekki höfuðatriði – lá ég heima með ljósin slökkt – og horfði á eina af þessum náttúrulífsrásum sem fjölvarpið býður upp á. Eina birtan í herberginu stafaði af skerminum, í rauninni væri meira viðeigandi að segja að myrkrið hafi lýst upp herbergið því myndefnið var hversdagslífið á fimmhundruð faðma dýpi einhvers úthafsins. Þar niðri búa alls kyns kynjaverjur sem rata sjaldan upp á yfirborðið. Í þessum þætti var í aðalhlutverki stórmerkilegur smokkfiskur sem á latínu heitir Vampyroteuthis infernalis. Mér hefur ekki tekist að hafa uppi á íslensku heiti þessarar furðuveru. Þulurinn kallaði hann upp á ensku „Vampire Squid“ og þar til einhver góðhjartaður sjávarlíffræðingur hefur bent mér á betra heiti ætla ég að kalla hann vampírusmokkinn.



VAMPÍRUSMOKKUR Skyggnið er ekkert sérstakt á fimmhundruð faðma dýpi.

Vampírusmokkurinn er meinleysisgrey, verður lengstur þrjátíu sentímetrar. Armar hans eru tengdir saman með fit svo að í vissum stellingum lítur hann út eins og misheppnuð regnhlíf. Kostirnir eru hins vegar ótvíræðir; „pokinn“ veitir honum sprengikraft, hann getur notað hann til að klófesta fæðu eða til að blekkja rándýr með því að snúa sér á rönguna og breyta þannig ásýnd sinni.

Myndatakan var í sjálfu sér listaverk út af fyrir sig, gerði kolsvart hyldýpið bara nokkuð aðlaðandi og vistlegt, og minnti á hvað sjónvarpsmiðillinn getur verið áhrifamikill þegar hann kafar undir yfirdjúpið.

## EKKI MISSA AF



▶ 21.30 Trúður SJÓNVARPIÐ



▶ 21.35 Numbers STÖÐ 2



▶ 22.05 Dark Water STÖÐ 2 BÍÓ



▶ 20.25 Talk Show With Spike Feresten SIRKUS



▶ 21.00 House SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**15.50 Kiljan** e.

**16.35 Leiðarljós**

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Fjársjóðsleitin** (6:6)

**18.00 Stundin okkar**

**18.25 Skemmtiþáttur Catherine Tate** (4:6) e.

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

**20.15 07/08 bíó leikhús** Í þættinum er púlsinn tekinn á kvikmynda- og leikhúslífinu. Ritstjóri er Þorsteinn J. og aðrir umsjónarmenn eru Andrea Róberts, Ásgrímur Sverrisson og Elsa María Jakobsdóttir. Jón Egill Bergþórsson sér um dagskrárgerð.

**20.45 Bræður og systur** (16:23) Bandarísk þáttaröð um hóp systkina, viðburðaríkt líf þeirra og fjörug samskipti.

▶**21.30 Trúður** (4:10) Dönsk gamanþáttaröð um uppistandarann Frank Hvam og líf hans. Höfundar og aðalleikarar þáttanna eru þeir Frank Hvam og Casper Christensen sem hafa verið meðal vinsælustu grínara Dana undanfarin ár.

**22.00 Tíufréttir**

**22.25 Soprano-fjölskyldan** (18:21) Lokasyrpa myndaflokksins um mafíósann Tony Soprano og fjölskyldu hans. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**23.20 Mótorsport**

**23.50 Aðþrengdar eiginkonur** (67:70) e.

**00.35 Kastljós**

**01.05 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 House of Sand and Fog**

**08.05 Bride & Prejudice**

**10.00 The Terminal**

**12.05 the Sisterhood of the Traveling Pants**

**14.00 Bride & Prejudice**

**16.00 The Terminal**

**18.05 the Sisterhood of the Traveling Pants**

**20.00 House of Sand and Fog**

▶**22.05 Dark Water**

**00.00 Hood Rat**

**02.00 Chain Reaction** (e)

**04.00 Dark Water**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**

**08.10 Beauty and the Geek** (7:9)

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 The Bold and the Beautiful**

**09.30 Wings of Love** (69:120)

**10.15 Numbers** (20:24)

**11.10 Veggfóður**

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.45 Nágrannar**

**13.10 Forboðin fegurð** (107:114)

**13.55 Forboðin fegurð** (108:114)

**14.40 Pirate Master** (5:14)

**15.25 Osbournes 3** (6:10)

**15.50 Barnatími Stöðvar 2**

**17.28 The Bold and the Beautiful**

**17.53 Nágrannar**

**18.18 Ísland í dag og veður**

**18.30 Fréttir**

**19.25 The Simpsons** (20:22)

**19.50 Friends 4** (6:24)

**20.15 Ítalíuævintýri Jóa Fel** (5:10) Á búgarðinum La Selva hitti Jói Gianni Ficulle kokk, en hann ferðast út um allan heim og kennir ítalska matargerð. Gianni bjó til mjög einfalda og frábæra ítalska rétti. Fyllt tortellini með ricotta osti með salvíu. 2007.

**20.45 Two and a Half Men** (14:24)

**21.10 Til Death** (14:22) Glæný gamanþáttaröð með Brad Garrett, úr Everybody Loves Raymond. 2006.

▶**21.35 Numbers** (6:24) Bræðurnir Charlie og Don Eppes snúa aftur í þessari hörkuspennandi þáttaröð um glæpi og tölfræði. 2006.

**22.20 Silent Witness** (3:10) Dr. Sam Ryan er snúin aftur í tíunda sinn en hún hefur engu gleymt þegar kemur að rannsókn flókinna sakamála. Bönnuð börnum.

**23.15 Tekinn 2** (10:14) Stuðmaðurinn Jakob Frímann ekki í miklu stuði þegar hann mætir í myndatöku þar sem hann fær engu að ráða um útlit myndanna. 2007.

**23.45 Næturvaktin** (10:13) 2007.

**00.15 Damages** (7:13)

**01.00 Clint Eastwood: Líf og ferill**

**02.30 Bordello of Blood** (e)

**03.55 Cold Case** (12:23)

**04.40 Silent Witness** (3:10)

**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

**06.30 Tónlistarmyndbönd frá PoppTíVí**

## SÝN besta sætið

**17.20 Chelsea - Everton** Útsending frá leik Chelsea og Everton í ensku úrvalsdeildinni sem fór fram sunnudaginn 11. nóvember.

**19.00 English Premier League 2007/08**

**20.00 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.

**20.30 PL Classic Matches** Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**21.00 PL Classic Matches**

**21.30 Goals of the season** Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.

**22.30 4 4 2** Þáttur sem er ekkert minna en bylting í umfjöllun um enska boltann á Íslandi. Tvíeykið, Heimir Karlsson og Guðni Bergsson, standa vaktina ásamt vel völdum sparkspekingum, og saman skoða þeir allt sem tengist leikjum dagsins á skemmtilegan og nákvæman hátt.

**23.55 Coca Cola mörkin 2007-2008**

## SÝN 2

**07.00 EM 2008 - Undankeppni** (Danmörk - Ísland)

**14.05 Sumarmótin 2007** (Pæjumótið)

**14.50 EM 2008 - Undankeppni** (England - Króatía)

**16.30 EM 2008 - Undankeppni** (Danmörk - Ísland)

**18.10 Undankeppni HM 2010** (Brasilía - Úrúgvæ) Útsending frá leik Brasilíu og Uruguay í undankeppni HM 2010 sem fór fram laugardaginn 17. nóvember.

**19.50 Meistaradeild Evrópu í handknattleik** (Valur - Veszrem) Bein útsending frá leik Vals og Veszrem í riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu í handknattleik. Tekst Val að fylgja frábærum sigri á Celje Lasko eftir í kvöld?

**21.20 Mayweather/Hatton 24/7**

**21.50 NFL Gameday**

**22.20 Íslenska landsliðið**

**23.20 World Series of Poker 2007**

**00.15 Meistaradeild Evrópu í handknattleik** Útsending frá leik Vals og Veszrem í Meistaradeild Evrópu í handknattleik sem fór fram 22. nóvember.

## SKJÁREINN

**07.00 Innlit / útlit** (e)

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Vörutorg**

**16.25 Vörutorg**

**17.25 7th Heaven** (e)

**18.15 Dr. Phil**

**19.00 Dýravinir** (e)

**19.30 Game tíví** (8:12) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum.

**20.00 Rules of Engagement** (4:7) Bráðfyndin gamanþáttaröð um skrautlegan vinahóp með ólíkar skoðanir á ástinni og samböndum. Audrey er ekki sátt við að Jeff sýnir körfubolta meiri áhuga en mikilvægu verkefni sem hún er að vinna að.

**20.30 30 Rock** (10:21) Bandarísk gaman_sería þar sem Tina Fey og Alec Baldwin fara á kostum í aðalhlutverkunum. Jenna bíður spennt eftir frumsýningu myndar sem hún leikur í en samstarfsfólkið er ekki alveg jafnspennt.

▶**21.00 House** (12:24) Bandarísk þáttaröð um lækninn skapstirða, dr. Gregory House og samstarfsfólk hans. House fær öll leiðinlegu verkefnin en einn sjúklingur setur hann úr jafnvægi og fær hann til að horfast í augu við leyndarmál fortíðar.

**22.00 C.S.I. Miami** (4:24) Bandarísk sakamálasería um Horatio Caine og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í Miami. Karlkyns fyrirsæta er myrt og það var fegurðin sem kostaði hann lífið. Þegar annar fyrirsetill er myrtur þurfa Horatio og félagar að hafa hraðar hendur áður en fleiri falla frá í þessum hættulega bransa.

**23.00 Fyrstu skrefin** Frábær þáttaröð um börn, uppeldi þeirra og síðast en ekki síst hlutverk foreldra og annarra aðstandenda.

**23.25 Silvía Nótt**

**23.50 America's Next Top Model** (e)

**00.50 Backpackers** (e)

**01.20 C.S.I.**

**02.10 Vörutorg**

**03.10 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4.** Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

### SÝN KL. 19.50
### Valur - Veszprem

Bein útsending frá leik Vals og Veszprem í riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu í handknattleik. Valsmenn fóru á kostum í leik sínum við Celje Lasko á dögunum þegar þeir unnu fyrrverandi Evrópumeistarana með einu marki. Spennandi verður að sjá hvort liðinu takist að halda sigurgöngunni áfram í leiknum gegn Veszprem.



### ▶VIÐ MÆLUM MEÐ
### Rules of Engagement
### Skjár einn kl. 20.00

Bráðfyndin gamanþáttaröð um skrautlegan vinahóp með ólíkar skoðanir á ástinni og samböndum. Audrey er ekki sátt við að Jeff sýni körfubolta meiri áhuga en mikilvægu verkefni sem hún er að vinna að. Adam og Jennifer eru ekki sátt við hvernig þau eiga að fara með peningamálin eftir að þau byrjuðu að búa saman.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Á tónsviðinu
**15.03** Útvarpssagan: Skáldað í skörðin
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Seiður og hélog
**19.27** Sinfóníutónleikar
**22.15** Útvarpsleikhúsið: Milli skinns og hörunds - þríleikur
**23.30** Kvöldtónar
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**16.00 Hollyoaks** (63.260)
**16.30 Hollyoaks** (64.260)
**17.25 Talk Show With Spike Feresten** (12.22)
**17.50 Arrested Development 3**
**18.15 Tru Calling** (3.6)
**19.00 Hollyoaks** (63.260)
**19.30 Hollyoaks** (64.260)
**20.25 Talk Show With Spike Feresten** (12.22) Spike Feresten er einn af höfundum Seinfeld og Simpsons. Nú er hann kominn með sinn eigin þátt þar sem hann fær til sín góða gesti.
**20.50 Arrested Development 3** Óborganlegir gamanþættir með mörgum af helstu gamanleikurum heims.
**21.15 Tru Calling** (3.6) Dularfullir og spennandi þættir um unga konu sem hefur einstaka hæfileika. Hún getur átt samskipti við fórnarlömb morða og slysa og komið í veg fyrir að örlög þeirra nái fram að ganga. 2005.
**22.00 Grey´s Anatomy** (3.22) Komið er að fjórðu seríu Grey´s Anatomy. Ungu læknanemarnir eru orðnir að fullnuma og virðulegum skurðlæknum. 2007.
**22.45 The Closer NÝTT** (1.15) Það er komið að þriðju seríu þessara geysilega vinsælu þátta þar sem Kyra Sedgwick fer á kostum í hlutverki yfirlögreglukonunnar Brendu Leigh Johnson sem þarf stöðugt að glíma við íhaldssemi og ofríki karlanna í lögreglunni. 2007. Bönnuð börnum.
**23.45 Windfall** (1.13) Ný bandarísk þáttaröð um 20 manna hóp vina og kunningja sem dettur í lukkupottinn og vinnur 386 milljónir dollara í lottói.
**00.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Ingvi Hrafn Jónsson skoðar málefni landans frá Florida og ræðir við gesti í myndveri ÍNN.
**20.30 Óhreinu börnin hennar Evu** Kolfinna Baldvinsdóttir sviptir hulunni af „þessu fólki", fólkinu sem við viljum helst ekkert vita af.
**21.00 Reynslunni ríkari** Ásdís Olsen fær til sín gesti sem hafa reynt sitt lítið af hverju og sumir hreinlega breytt um líf.

## DR 1

**11.25** Aftenshowet **11.50** DR1 Dokumentaren **12.50** Hvad er det værd **13.20** Ildsjæle - Pastorens party **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Liga **15.00** Boogie Update **15.30** Musen og Løven **15.35** Frikvarter **16.00** Brødrene Løvehjerte **16.30** Solens børn i Fandango **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Rabatten **19.00** VQ - Videnskabsquiz **19.30** Tvunget af tanker **20.00** TV Avisen **20.25** Task Force **20.50** SportNyt **21.00** En særlig sag **22.25** Liga **23.10** Boogie Update

## NRK 1

**11.45** Spekter: Prosessen mot Krekar **12.40** 'Allo, 'Allo! **13.05** Vinbaronen **13.50** Creature Comforts: hvordan har vi det? **14.00** Fabrikken **14.30** Guttegærne jenter **14.50** Grusomme grøss **15.00** Erstatterne **15.25** Kid Paddle **15.35** Ninjaskolen 16.00 NRK nyheter **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Jan i naturen **16.40** Mánáid-TV - Samisk barne-tv **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Pipalina **17.05** Uhu **17.35** Magga og Lille-Bobs **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Schrödingers katt **18.55** Tilbake til 90-tallet: 1999 **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Forbrytelsen **21.30** Hjemme hos Bye & Rønning **22.00** Kveldsnytt **22.15** Keno **22.20** Urix **22.50** Columbo

## SVT 1

**11.35** Sista cigaretten **14.30** Mitt i naturen **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Karamelli **16.30** Pi **16.45** Sagoträdet **17.00** Bolibompa: Cirkuskiosken **17.25** Pingu **17.30** Expedition vildmark **18.00** Lilla Aktuellt **18.15** Bobster **18.30** Rapport **19.00** Solens mat **19.30** Vrakletarna **20.00** Örnen **21.00** Argument **22.00** Rapport **22.10** Kulturnyheterna **22.20** Uppdrag Granskning **23.20** Toppform **23.50** Out of Practice **0.15** Sändningar från SVT24




Lágmúli - Smáratorg - Laugavegur - Smáralind - Spöngin - Garðatorg - Setberg - Keflavík - Grindavík - Selfoss - Laugarás - Borgarnes - Stykkishólmur
Grundarfjörður - Búðardalur - Ísafjörður - Bolungarvík - Patreksfjörður - Sauðárkrókur - Blönduós - Hvammstangi - Skagaströnd - Húsavík - Kópasker
Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstaðir - Seyðisfjörður - Fáskrúðsfjörður - Höfn - Neskaupstaður - Reyðarfjörður - Eskifjörður

www.lyfja.is

LYFJA
- Lifið heil

**Vectavir** krem er áhrifaríkt lyf til meðferðar á frunsu af völdum Herpes Simplex. Vectavir virkar á öllum stigum frunsunnar frá sting eða æðasláttar til blöðru. Í Vectavir er virka efnið penciklóvír sem stöðvar framgang veirunnar. Vectavir er ætlað fullorðnum og börnum eldri en 12 ára. Berið Vectavir á frunsusvæðið á 2 klst fresti í 4 daga. Berið á rétt fyrir svefn og um leið og vaknað er. Dæmigert er að frunsa komi fram við ofreynslu, kvef eða inflúensu eða í mikilli sól (t.d. á skíðum). Ekki á að nota lyfið ef að áður hefur komið fram ofnæmi fyrir penciklóvír, famciklóvír eða öðrum innihaldsefnum. Með Vectavir grær frunsan hraðar, verkir minnka og smittími styttist. Vectavir kremið 2 g fæst án lyfseðils. Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

**Otrivin** nefúðinn og nefdroparnir innihalda xýlómetasólin sem vinnur gegn bólgu, nefstíflu og slímmyndun vegna kvefs og bráðrar bólgu í ennis- og kinnholum. Otrivin virkar fljótt og áhrifin vara í 6-10 klst. Otrivin getur valdið aukaverkunum, s.s. ertingu í slímhúð og sviðatilfinningu. Einnig ógleði og höfuðverk. Otrivin má nota þrisvar á dag en ekki lengur en í 10 daga í senn. Varúð: Langtímanotkun Otrivin getur leitt til þurrks í nefslímhúð. Sjúklingar með gláku eða þeir sem hafa ofnæmi fyrir xýlómetasólin ættu ekki að nota Otrivin. Kynnið ykkur vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

**Strepsils** töflur eru látnar renna í munni og leysast þar hægt upp. Þannig nást fram staðbundin sótthreinsandi áhrif í munni og koki. Auk þess hafa bragðefnin væg kælandi áhrif sem slá á ertingu. Venjulega er ein tafla látin leysast hægt upp í munni á 2-3 klst fresti. Lyfið þarf venjulega að nota í 3-4 daga og stundum í allt að eina viku. Einnig má leysa upp 1-2 töflur í heitu vatni og drekka sem heitan drykk. Notkun lyfsins hefur engin áhrif á önnur lyf sem notuð eru samtímis. Ofnæmi eða ofnæmislík viðbrögð geta komið fyrir en eru afar sjaldgæf. Hver pakki af Strepsils inniheldur 24 munnsogstöflur, sem eru í hentugum þynnupakkningum. Hverri pakkningu fylgja viðurkenndar leiðbeiningar á íslensku um notkun lyfsins, sem gott er að kynna sér vel. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

**Voltaren Dolo®** (díklófenak kalíum) 12,5 mg töflur. Notaðar við vægum eða frekar vægum verkjum, svo sem höfuðverk, tannpínu og tíðaþrautum. Verkar einnig hitalækkandi. Dragi ekki úr einkennum á nokkrum dögum, skal leita til læknis. Þeir sem eru með eða hafa haft sögu um maga- eða skeifugarnarsár eða skerta lifrarstarfsemi ættu að ráðfæra sig við lækni áður en lyfið er notað. Þeir sem þola ekki acetýlsalisýru, íbuprófen eða önnur bólgueyðandi lyf eða eru með astma eiga ekki að nota Voltaren Dolo®. Notið lyfið ekki á meðgöngu nema í samráði við lækni, en aldrei á síðasta þriðjungi meðgöngu. Leitið ráða læknis eða lyfjafræðings um milliverkanir við önnur lyf. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

**Markaðsleyfishafi: Novartis Healtcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Kirkjulundi 17, 210 Garðabæ.**

## MORGUNMATURINN



*„Oft borða ég ristað brauð með osti og marmelaði, og helli upp á te með hunangi. Fæ mér líka stundum „hash browns“ kartöflukökur sem er svona hefðbundinn enskur morgunmatur.“*

Birgir Ísleifur Gunnarsson söngvari

# Friðrik Weisshappel er sigurviss

Vinsældakosningunni Byens bedste lýkur á hádegi á morgun. Fyrir mánuði síðan var Laundromat Café, kaffihús Friðriks Weisshappel, með gott forskot á næsta keppinaut um besta „brönsinn“, en ekki er lengur hægt að sjá stöðu í kosningunni. „Síðast þegar ég vissi vorum við með 11 prósentum fleiri atkvæði en næsti maður, og ég hugsa að það nægi til sigurs,“ segir Friðrik, sem ætlar að senda starfsfólk sitt á verðlaunaafhendinguna 1. desember. „Það hefur unnið til þessara verðlauna,“ segir Friðrik, sem kveðst hafa orðið var við aukinn gestafjölda frá því að kosningin hófst. „Það er greinilegur munur,“ segir Friðrik, sem biður fyrir sérstakar þakkir til Íslendinga. „Ég held að atkvæði þaðan séu ófá,“ segir hann og hlær við. „Áfram Ísland, segi ég svo bara,“ bætir hann við, enda landsleikur fram undan þegar Fréttablaðið náði tali af honum í gær.



**AUGLÝSA EFTIR STUÐNINGI** Dóra Dúna og Dóra Takefusa auglýsa eftir íslenskum stuðningi en kosningu lýkur á morgun.

Dóra Takefusa og Dóra Dúna Sighvatsdóttir, sem eiga og reka barinn Jolene, voru í fjórða sæti af sjö þegar síðast var gáð. „Ég auglýsi bara eftir íslenskum stuðningi,“ segir Dóra Takefusa, sem hyggst mæta á verðlaunaafhendinguna ásamt Dóru Dúnu, en samstarfskona þeirra, Djuna Barnes, spilar á hátíðinni. „Dóra Dúna á afmæli 2. desember, svo við ætlum að halda upp á það þarna eftir miðnætti. Það væri ekki verra að geta gefið henni verðlaunin í afmælisgjöf,“ segir Dóra og hlær við.

Kosningin fer fram á byensbedste.aok.dk. Nauðsynlegt er að skrá sig til að öðlast kosningarétt. - sun



**ÁFRAM ÍSLAND** Friðrik Weisshappel er sigurviss, enda hafði hann gott forskot á næsta keppanda.



**LÁRÉTT**
**2.** lofttegund **6.** tveir eins **8.** þrí **9.** gljúfur **11.** tveir eins **12.** laust bit **14.** ísrhoði **16.** hvort **17.** tunnu **18.** fát **20.** gangþófi **21.** íþróttafélag.

**LÓÐRÉTT**
**1.** bein **3.** tveir eins **4.** hagnaður **5.** óhróður **7.** endalaus **10.** prjónavarningur **13.** af **15.** gola **16.** bókstafur **19.** skóli.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** etan, **6.** ee, **8.** trí, **9.** gil, **11.** ðð, **12.** glefs, **14.** ísrek, **16.** ef, **17.** ámu, **18.** fum, **20.** il, **21.** fram.

**LÓÐRÉTT: 1.** legg, **3.** tt, **4.** arðsemi, **5.** níð, **7.** eilífur, **10.** les, **13.** frá, **15.** kula, **16.** eff, **19.** ma.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8.

1 Hlíðaskóli
2 Bhut Jolokia chilipipar
3 Al Gore


**Auglýsingasími**
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið


ÓLAFUR JÓHANN: SKRIFAR HANDRITIÐ AÐ A JOURNEY HOME

# Bille August hreifst af handriti Ólafs

Billy August mun leikstýra Slóð fiðrildanna sem gerð er eftir samnefndri bók Ólafs Jóhanns Ólafssonar. Tekur hann við verkinu af Liv Ullman sem jafnframt hafði skrifað handrit. Því hefur nú verið hent og hefur Ólafur Jóhann sjálfur skrifað nýtt handrit. Þetta staðfesti rithöfundurinn í samtali við Fréttablaðið.

Handrit Ólafs var samkvæmt heimildum Fréttablaðsins kveikjan að því að leikstjórinn August kemur nú að verkinu en hann hreifst strax af skrifum Ólafs, kom með nokkrar athugasemdir og vildi í kjölfarið ólmur koma um borð. August er feikilega virtur leikstjóri, hefur hlotið gullpálmann í Cannes tvívegis og gerði síðast Goodbye Byfana sem fjallaði um ævi Nelson Mandela.

Erfiðlega hefur gengið að koma Slóð fiðrildanna á koppinn. Saga Film, með Jón Þór Hannesson fremstan í flokki, byrjaði með myndina innan sinna vébanda fyrir nokkrum árum en eins og Fréttablaðið greindi frá fyrir nokkru urðu töluverð læti þegar Baltasar Kormákur og fyrirtækið hans, Blue Eyes, tók við keflinu. Og sakaði Jón Þór meðal annars leikstjórann um að hafa stolið því af sér. Þeim ásökunum var vísað aftur til föðurhúsanna af bandarískum framleiðanda myndarinnar, Steven Haft, en hann á kvikmyndaréttinn að bókinni. En nú er Baltasar horfinn á braut og True North hefur tekið við og fær það verðuga verkefni að láta myndina verða að veruleika. Baltasar sagðist í samtali við Fréttablaðið láta verkefnið í góðar hendur, ekki væri um nein leiðindi að ræða heldur hefði hann einfaldlega ekki tíma til að sinna þessu verkefni jafn vel og hann vildi. „Þetta er allt í góðu á milli okkar Ólafs Jóhanns,“ ítrekar Baltasar.



**SKRIFAR SJÁLFUR HANDRITIÐ** Rithöfundurinn sjálfur hefur skrifað handritið að kvikmyndinni eftir að Liv Ulman heltist úr lestinni.

**HAFÐI EKKI TÍMA** Baltasar Kormákur sagði sig frá verkefninu sökum anna við önnur störf.

**SPENNANDI VERKEFNI** Leifur B. Dagfinnsson segir A Journey Home spennandi verkefni en málið sé á algjörum byrjunarreit.

Leifur B. Dagfinnsson, framleiðandi hjá True North, staðfestir að fyrirtækið hafi verið að lóðsa August um höfuðborgarsvæðið í leit að hentugum tökustöðum en með August í för var Anna Asp sem hlaut Óskarsverðlaun fyrir þátt sinn í Bergman-myndinni Fanny och Alexander. „Honum leist bara mjög vel á það sem hann sá,“ segir Leifur en August hefur dvalist hér síðan á mánudag og fer heim í dag. „Þetta er allt á algjörum upphafsreit en þetta er vissulega mjög spennandi verkefni, handritið er gott en það er ekkert farið að ræða um neina leikara eða hvenær verður hafist handa.“

Upphaflega stóð til að Jennifer Connelly og Paul Bettany myndu leika aðalhlutverkin en ljóst þykir að með nýjum mönnum fylgja nýjar áherslur. Og því ekki ólíklegt að August komi með ferskt blóð þegar stórmyndin fer loks í tökur. - fgg

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Þráinn Bertelsson** þakkar Jóni Yngva Jóhannssyni kærlega fyrir dóm sem bókmenntarýnir Íslands í dag birtir á heimasíðu sinni. Jón Yngvi gefur bók Þráins, Englar Dauðans, eina og hálfa stjörnu og skrifar Þráinn í athugasemdakerfinu að hann sé þakklátur fyrir að Jón Yngvi sé ekki að refsa sér. „Það gladdi mig [...] að þú virðist ekki erfa það við mig þótt ég hafi verið að setja út á að þú værir í óeðlilegum tengslum við bókaforlag meðan þú varst að dæma bækur í Kastljósi. Ég er svo paranojd að ég þá reiknaði ég með að þú reyndir að finna einhverja leið til að ná þér niður á mér þótt síðar yrði.



Gott að sá ótti var ástæðulaus. Fyrirgefðu tortryggnina,“ skrifar Þráinn í athugasemdakerfinu.

Anna og Skapsveiflurnar, sem stórstjörnurnar **Stefán Karl Stefánsson**, Björk og Damon Albarn tala inn á, verður í hópi 33 stuttmynda sem koma til greina fyrir Óskarsverðlaunin. Frá þessu er greint á vefsíðu logs.is. Anna og skapsveiflurnar er eftir Gunnar Karlsson og hlaut meðal annars Edduna í fyrra sem besta stuttmyndin. Samkvæmt logs.is verður þessi hópur síðan skorin niður í tíu myndir og munu þær berjast um tilnefningarnar fimm. Ekki er langt síðan kvikmynd Rúnars Rúnarssonar, Síðasti bærinn í dalnum, komst alla leið í Kodak-höllina og því skyldi enginn útiloka að stuttmynd Gunnars kæmist alla leið að þessu sinni.



**Paul Nikolov** flutti jómfrúarræðu sína á Alþingi í gær og var það mál manna hversu góða íslensku þessi amerísk/íslenski þingmaður talaði. Sumir höfðu lýst yfir áhyggjum sínum af afdrifum móðurmálsins vegna innreiðar Pauls á þings en þær áhyggjur virðast hafa verið byggðar á sandi. Og þykir nú ljóst að Paul hefur gott vald á íslenskri tungu og mun sennilega gæta sín betur á því en margir aðrir að tala rétt og án allra enskuslettna. - fgg/bs




FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.
Opið 10-18:15 laugardaga 11-14.

**Þú færð aðeins það besta hjá okkur**

**STÓR HUMAR, HÖRPUSKEL, LÚÐA**
**RISARÆKJUR, SKÖTUSELUR, LAX**
**NÝLÖGUÐ SJÁVARRÉTTASÚPA.**




# Naviator-perla seld á 300 þúsund

„Við vorum ekki búin að reikna með neinu og vonuðum í raun ekki annað en að hún færi á sómasamlegu verði,“ segir Bjarney Lúðvíksdóttir um perlu sem var boðin upp á fundi Naviator, félags áhugafólks um norræna þróunarsamvinnu, og seldist fyrir 300 þúsund krónur. Perlan var gjöf til Naviator frá skartgripahönnuðinum Gabriele Weinemann sem varð fyrst kvenna til þess að fá aðgang að perluköfurum á Tahítí. Síðan hefur hún sérhæft sig í að „græða“ perlur en Gabriele var meðal fyrirlesara á fundinum. „Hún tekur perlur sem eru annað hvort ekki alveg hringlaga eða með „sárum“ í eins og hún kallar það,“ segir Bjarney. „Í flestum tilfellum er þessum perlum fleygt en Gabriele fyllir upp í sárin með eðalsteinum, gulli og fleiru. Þannig skapar hún einstök listaverk og verðmæti úr því sem aðrir töldu einskis virði. Auk þess skapar hún atvinnu og leggur til fjármuni í hina og þessa sjóði. Perlan sem var boðin upp var eins og sköpuð fyrir Naviator, björt og með grænan stein í sárinu - eins og norðurljós.“ Hún segir það hafa komið sér á óvart að fleiri karlmenn en konur hafi boðið í gripinn. Hæstbjóðandi var Aðalsteinn Bjarnason hjá Orkuvinnslunni sem bauð 100 þúsund krónum betur en næsti maður. „Þessi upphæð fer í Navia-sjóðinn sem Naviator heldur utan um,“ segir Bjarney en eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu er Navia samnorrænt verkefni sem ætlað er að hjálpa þeim sem minna mega sín í heiminum, meðal annars með framleiðslu sjónvarps-þátta og útgáfu tónlistar með þátttöku norrænna söngkvenna. Dísella Lárusdóttir tekur þátt í verkefninu fyrir hönd Íslands. - sók



**FULLTRÚI ÍSLANDS** Dísella Lárusdóttir tekur þátt í Navia verkefninu fyrir hönd Íslands. Á þriðjudag fengust 300 þúsund krónur í Navia-sjóðinn þegar perla var boðin upp.




# OUTLET 10

+++ merki fyrir minna +++

**Jólin hafa aldrei kostað jafn lítið**

**Jakkaföt**
**Skyrta**
**Bindi**
**Skór**

**14.990,-**

**Nýjar vörur komnar í hús**
**- Nýtt kortatímabil!**

**Smart að spara – Outlet10**

**Faxafeni 10**

**Opið alla virka daga**
**og á laugardögum frá 11 til 18**

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



**LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ ORATORS**
**- félag laganema við Háskóla Íslands**

Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.




**BAKÞANKAR**
Dr. Gunna

## *Íslenskulöggan*

Það er yndislega svalt að nota sjónvarp, síma og tölvu á meðan púkalegir nágrannar okkar smjatta á television, telephone og computer með glötuðum hreim. Helst ætti okkur öllum að þykja ýkt hallærislegt að nota slettur og fá óstöðvandi hláturskast þegar einhver aulinn lætur nappa sig með slettu á vör. Það á að vera eðlilegt forgangsatriði að tala gullfallega og tandurhreina íslensku.

**FRÁBÆRAST** væri ef stofnuð yrði sérstök íslenskudeild hjá löggunni. Hún fengi þjálfun hjá Nirði P. Njarðvík og gúmmíkylfur, rafbyssur og víðtækar handtökuheimildir til að berjast gegn enskum áhrifum. Fyrst væri að hreinsa landið af erlendum fyrirtækjanöfnum. McDonald's og Kentucky Fried Chicken yrði vísað úr landi með starfsemi sína nema þau breyttust í Maggaborgara og Dalvíkur djúpsteiktan kjúkling.

**SÉRSTAKA** vakt þyrfti fyrir gáfumannaþætti eins og Silfur Egils. Gestir fengu stuð í geirvörturnar í hvert skipti sem þeir reyndu að slá um sig með statistík, mentalítet og öðrum forljótum slettum sem vilja velta út í hita leiksins.

**TAKA** þyrfti sérlega fast á poppurum. Enskir popptextar hafa farið í og dottið úr tísku með jöfnu millibili síðustu áratugina. Framan af var íslenskan einráð en í kringum 1970 þótti hössuðum hárboltum snögglega sem enskan væri málið. Um 1980 sungu allir á íslensku nema þungarokkarar, sem hafa alltaf litið á ensku sem „tungumál rokksins“. Nú er ástandið sorglegt og sáralítill metnaður fyrir hönd móðurmálsins sjáanlegur. Allir eru jú með meik í kringum bláu augun og telja það forskot að syngja á ensku, og auðvitað líka að nefna sig á ensku – Motion Boys, Bloodgroup, Luxor... Íslenskulöggan þyrfti að snúa upp á hendurnar á þessu fólki og knýja fram Hreyfipilta, Blóðflokkinn og Launsyni Lúsifers.

**ÞEGAR** maður heyrir í helstu vonarglætu íslenskunnar í poppi um þessar mundir, hinni metnaðarfullu Sprengjuhöll, fattar maður enn og aftur hversu miklu meira gefandi það er að hlusta á tónlist með góðum textum á íslensku. Það er eins og aukavídd bætist við. Hjá íslenskulöggunni þyrfti því poppið að vera forgangsmál, enda er popp mikilvægara en bæði ljóð og drepleiðinlegar hátíðardagskrár. Ég veit til dæmis ekkert um Jónas Hallgrímsson og hef aldrei nennt að pæla í þeim pakka, en Bjöggi og Gunni Þórðar voru hreint magnaðir þegar þeir Stóðu úti í tunglsljósi.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er fimmtudagurinn 22. nóvember, 326. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10.17 | 13.14 | 16.10 |
| Akureyri | 10.20 | 12.58 | 15.36 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


